

# **Árbók kirkjunnar 2012-2013**

**1. júní 2012 – 31. maí 2013**

**Forsíðumynd:  
Gengið til Prestastefnu í  
Háteigskirkju 2013.  
Ljósmyndari Árni Svanur Daníelsson**

**Árbók kirkjunnar 2012-2013** 1. júní 2012 - 30. júní 2013

**Október 2013**

**Útgefandi: Biskupsstofa, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, s. 528 4000**

**Umsjón: Guðrún Finnbjarnardóttir og Þorvaldur Víðisson (ábm.)**

**Umbrot: Guðrún Finnbjarnardóttir**

**Prentun Oddi ehf.**

**ISBN 978-9935-456-01-4**

# Efnisyfirlit

<b>Prestastefna Íslands 2013</b> .....	5
<b>Setningarræða biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur</b> .....	5
<b>Ávarp innanríkisráðherra, Ögmundar Jónassonar</b> .....	10
<b>Synodusárið 2012-2013</b> .....	13
<b>Aukakirkjuþing II 2012</b> .....	16
<b>Setningarræða forseta kirkjuþings, Margrétar Björnsdóttur</b> .....	16
<b>Kirkjuþing unga fólksins 2012</b> .....	20
<b>Ávarp forseta kirkjuþings unga fólksins, Jónínu Sifjar Eypórsdóttur</b> .....	20
<b>Kirkjuþing 2012</b> .....	22
<b>Ávarp forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar</b> .....	22
<b>Ávarp innanríkisráðherra, Ögmundar Jónassonar</b> .....	26
<b>Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur</b> .....	28
<b>Kirkjuþing unga fólksins 2013</b> .....	32
<b>Störf kirkjuráðs</b> .....	34
<b>Fjármálasvið Biskupsstofu</b> .....	37
<b>Leikmannastefna þjóðkirkjunnar 2013</b> .....	41
<b>Vígslubiskup Hólastiftis</b> .....	45
<b>Vígslubiskup Skálholtsstiftis</b> .....	50
<b>Starfið á árinu 2012-2013</b> .....	53
Fræðslumál – Fræðsluþing – Starfs- og leikmannaskóli þjóðkirkjunnar – Kærleikspjónusta – Fjölskylduþjónusta kirkjunnar – Samskipta- og upplýsinga- mál – Alþjóðatengsl og þvertrúarlegt samstarf – Kvikmyndastarf kirkjunnar – Helgisiðir/helgihald – Helgihald og þjóðmenning	
<b>Stofnanir, nefndir, ráð og félag</b> .....	76
Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar – Fagráð um meðferð kynferðisbrota – Hjálparstarf kirkjunnar – Hópslysanefnd – Kirkjugarðaráð – Kirkjuhúsið Skálholtsútgáfan – Kirkjumiðstöð Austurlands við Eiðavatn – Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri – Holt iðnundafirði-Friðarsetur – Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf – Samband íslenskra kristniboðsfélaga – Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi – Starfsþjálfun djáknaefna/djárnanefnd – Tónskóli þjóðkirkjunnar	

<b>Sérþjónustuprestar</b> .....	<b>109</b>
Fangaprestur þjóðkirkjunnar – Prestur fatlaðra – Kirkja heyrnarlausra – Prestur innflytjenda – Prestur Íslendinga í Noregi – Prestur Íslendinga í Svíþjóð – Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri	
<b>Starfið í prófastsdæmunum</b> .....	<b>139</b>
Suðurprófastsdæmi – Kjalarnessprófastsdæmi – Reykjavíkprófastsdæmi eystra – Reykjavíkprófastsdæmi vestra – Vesturlandsprófastsdæmi – Vestfjarðaprófastsdæmi – Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi – Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi – Austurlandsprófastsdæmi	
<b>Mannfjöldi eftir trúfélögum</b> .....	<b>173</b>
<b>Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir</b> .....	<b>175</b>
<b>Prestar í sérþjónustu</b> .....	<b>191</b>
<b>Djákna­r í sérþjónustu</b> .....	<b>192</b>
<b>Félög og stofnanir</b> .....	<b>193</b>
<b>Stjórnir og starfsnefndir</b> .....	<b>195</b>
<b>Biskupsstofa og aðrar stofnanir</b> .....	<b>197</b>

# Prestastefna Íslands 2013

## Setningarræða biskups

Ráðherra kirkjumála, Ögmundur Jónason, vígslubiskupar, prestar, djáknar, gestir. Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin við setningu prestastefnunnar í dag. Ég vil nota tækifærið og þakka fólkinu hér í Háteigskirkju fyrir fundaraðstöðuna og allan undirbúninginn. Ég vil þakka sr. Gunnari Sigurjónssyni fyrir prédikunina við guðsþjónustuna og þeim er þjónuðu með einum eða öðrum hætti. Einnig vil ég þakka vígslubiskupum og starfsfólki Biskupsstofu fyrir þeirra framlag við undirbúninginn, sem og þeim er erindin flytja.

### Efni stefnunnar og ábyrgð kirkjunnar

Á þessari prestastefnu verður rætt um prestsembættið í sögunni og í samtíðinni. Hlutverk prestsins hefur breyst í aldanna rás og hafa breytingar verið hraðar síðustu áratugin. Einnig hafa fjölskyldumynstur tekið á sig aðra mynd og aðstæður breyst eins og fjallað var um í gær á menntadegi Prestafélagsins. Nútíminn gerir miklar kröfur til fagmennsku og samvinna stétta hefur aukist. Einnig hefur samstarf aukist á milli sókna, þar sem þær mynda samstarfssvæði. Samstarfssvæðin eru nú 31 á landinu og voru hugsuð til að jafna þjónustubyrði og tryggja betur þjónustuna við fólkið í landinu.

Það er einnig mikilvægt að ræða stöðu Kirkjunnar og þjóna hennar í samfélaginu og gera sér grein fyrir mikilvægi erindis Kirkjunnar inn í þann heim sem við lifum í. Erindi hennar er

að feta í fótspor meistarans frá Nasaret, sem er í senn fyrirmynd okkar og frelsari. Þannig hefur Kirkjan ekki aðeins áhrif á líf einstaklinga heldur á samfélagið allt, hugsunarhátt og framkvæmdir allar og lætur sér ekkert mannlegt óviðkomandi. Á þeim forsendum hefur Kirkjan boðist til að leiða söfnun fyrir tækjakaupum á Landspítalanum því traust og góð heilbrigðisþjónusta varðar okkur öll og velferð okkar. Nú stendur yfir undirbúningur þeirrar söfnunar og opnaður hefur verið reikningur sem þegar hefur verið lagt inn á af félagasamtökum og einstaklingum. Söfnuðir landsins eru hvattir til að leggja sitt af mörkum og munu nánari upplýsingar og útfærsla verða kynntar á stefnunni.

Kirkjan hefur skyldur við samfélagið og þær skyldur vill meirihluti þeirra sem greiddu atkvæði um ákvæði í nýrri stjórnarskrá að hún hafi áfram. Þeim skyldum er þjóðkirkjan reiðubúin að sinna og axla þá ábyrgð er því fylgir. Skyldum fylgir ábyrgð og viljum við sem kirkjunni þjónum gera allt til þess að Kirkjan reynist traustsins verð með fagmennsku og kærleiksþjónustu að leiðarljósi. Það er einlægur vilji kirkjustjórnarinnar að stuðla að umræðu, fræðslu og þjálfun þjóna sinna og starfsfólks alls til að takast á við erfið mál af fullri virðingu, sanngirni og skilningi.

### Samþykktar stefnur kirkjunnar

Kirkjan hefur samþykkt stefnur í hin-



Agnes M.  
Sigurðardóttir

um ýmsu málum sem hafa verið samþykktar á kirkjupingi. Ég tel mikilvægt að fylgja þeim málum eftir er kirkjuping samþykkir, þar á meðal stefnumum. Þær eru fræðslustefna, fasteignastefna, fjölskyldustefna, jafnréttisstefna, kristni-boðsstefna, samskiptastefna, starfsmannastefna, stefna í málefnum fatlaðra, umhverfisstefna og vímuvarnastefna. Því miður hefur niðurskurður komið í veg fyrir að unnt sé að fylgja öllum þessum stefnumálum eftir af fullum krafti. Kirkjan starfar um allt land og sú leið var farin síðast liðið haust að tengja framkvæmdina betur út í dreifinguna og fela presti að framkvæma jafnréttisstefnuna í samvinnu við jafnréttisráð. Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir í Reykhólaprestakalli er jafnréttisfulltrúi kirkjunnar.

Þó stefnumálum hafi í gegnum tíðina oftast verið framfylgt af starfsfólki Biskupsstofu þá er vert að minnst þess ætíð að kirkjunnar þjónar og starfsfólk safnaðanna er fjölbreytilegur hópur með margskonar hæfileika og þekkingu. Við skulum halda á lofti einingu fjölbreytninnar og minnst þess að öll erum við að vinna að sama marki við útbreiðslu fagnaðarerindisins þó starfsstöðvarnar séu margar og verkefni mismunandi. Á þetta erum við minnt þegar við komum saman hér á synodus og munum í hádeginu á morgun hitta starfssystkini okkar á Biskupsstofu sem sinna þjónustu við söfnuðina út um allt land.

## Samstarf

Við getum lært af öðrum fagstéttum og af samstarfsfólki í systurkirkjunum því Þjóðkirkjan er ekki eyland, hún er í samstarfi við aðrar kirkjur í gegnum Lútherska heimssambandið,

Alkirkjuráðið, Þorvoo samkomulagið og lúterskar kirkjur Norðurlandanna. Samstarf milli kirkna er gagnlegt og endurspeglar þátttaka biskupa frá öllum Norðurlöndunum og frá Bretlandseyjum í biskupsvígslu minni á Jónsmessunni í fyrrasumar gagnkvæman áhuga á samstarfinu. Vegna þessa samstarfs var mér boðið að taka þátt í innsetningu Justin Welby í embætti erkibiskupsins af Kantaraborg í síðasta mánuði, en þar voru saman komin fulltrúar allra helstu kirkjudeilda heims sem og trúarbragða heims.

Mér bauðst að ferðast til Malaví og Kenía í febrúar. Þar kynnti ég mér starf Hjálparstarfs Kirkjunnar og Kristni-boðssambandsins í þessum löndum. Í ferðinni skynjaði ég að við erum ekki aðeins hluti af stærra kirkjusamfélagi heldur berum ríka ábyrgð sem kirkja og kristnir einstaklingar gagnvart öðrum þjóðum. Vatnsverkefni Hjálparstarfsins í héraðinu Chicwawa í Malaví hefur gjörbreytt lífi fólks. Vatnið gerir fólkinu einnig kleift að rækta grænmeti, brynna skepnunum og vökva þurran jarðveginn. Auk þess er Hjálparstarfið samstarfsaðili að því að auka jafnrétti og berjast gegn kynbundnu ofbeldi sem öðru ofbeldi og misrétti. Konurnar gegna lykilhlutverki í samfélaginu og þær vinna hörðum höndum að því að bæta lífskjörin og þurfa hjálp til þess. Þannig er Hjálparstarf kirkjunnar aðili að því að bæta kjör og taka þátt í þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem eru í 23 liðum og miða að því að berjast gegn fátækt, auka jafnrétti og minnka misskiptingu.

Þúsaldarmarkmiðin varða samfélagið á hnettinum okkar, hjálparstarf og þróunarstarf.

Kristni-boðssambandið hefur starfað í Þókot héraði í Kenýa í 35 ár. Kristnu fólk

fjölgar mjög á svæðinu og lífsgæðin hafa aukist. Þar blasti við vandamál sem við eigum ekki að venjast hér á landi. Ör og mikil fjölgun í söfnuðunum kallar á fleiri kirkjubyggingar og fleiri presta og hefur Kristniboðssambandið stutt við hvorutveggja m.a. með því að senda kennara til Pókot. Sambandið vinnur líka að þúsaldarmarkmiðunum með því að vinna að og styðja kirkjuleg og samfélagsleg verkefni er lúta að menntun og bættum hag. Kristniboðssambandið vinnur einnig að beinum tengslum safnaða íslensku Þjóðkirkjunnar og kristinna safnaða í Pókot sem byggjast á ráðgjöf, miðlun fréttar, heimsóknnum og aðstoð. Það var gaman að fá spurningar um það hvort ég þekkti ákveðinn prest eða söfnuð hér á landi sem var systursöfnuður. Þannig vinnum við að bættum heimi með því að auka þekkingu á aðstæðum hvers annars og biðja fyrir hvert öðru.

## Vígðir

Á synodusárinu hafa fjórir prestar hlotið vígslu í kirkju okkar og einn djákni.

Þau eru:

Cand theol. Gunnar Stígur Reynisson, sem var vígður 8. júlí 2012. Hann var skipaður prestur í Bjarnanesprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 15. júlí 2012.

Cand theol. Anna Eiríksdóttir, var vígð þann 9. september 2012. Hún var skipuð sóknarprestur í Dalaprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi frá þeim degi.

Cand theol. Sunna Dóra Möller, var vígð þann 16. september 2012 og ráðin æskulýðsprestur í Akureyrarprestakalli, Eyjafjarða- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Cand theol. Haraldur Örn Gunnarsson, var vígður 24. febrúar 2013. Hann var ráðinn sem prestur í Kristiansundi, í Noregi.

Guðmundur Sveinbjörn Brynjólfsson var vígður djáknavígslu þann 18. nóvember 2012. Hann var ráðinn til að sinna barnastarfi, æskulýðsstarfi og félagsstarfi fullorðinna í Guðríðarkirkju í Reykjavík.

Við þökkum Guði fyrir að hafa kallað þau til þjónustu á akrinum og biðjum þeim blessunar Guðs.

Tveir biskupar voru vígðir á synodusárinu. Sú er hér stendur, séra Agnes M. Sigurðardóttir. Ég var vígð biskupsvígslu á Jónsmessunni, 24. júní 2012 skipuð biskup Íslands frá 1. júlí 2012.

Séra Solveig Lára Guðmundsdóttir var vígð biskupsvígslu 12. ágúst 2012 og skipuð vígslubiskup á Hólum í Hjaltadal frá 1. september 2012.

Við biðjum Drottinn um að leiða okkur í þjónustunni, kirkjunni til blessunar og söfnuðunum til farsældar.

## Erindisbréf

Oft hefur verið rætt um það í kirkjunni að setja hverjum presti erindisbréf. Töluverð vinna var lögð í undirbúninginn fyrir nokkrum árum. Allir prestar fá vígslubríf þar sem minnt er á starfsskyldurnar. Í starfsreglum um presta kemur fram að hverjum presti sé sett erindisbréf er lýsi almennum og sérstökum starfsskyldum prestsins, í samræmi við vígslubríf, ráðningarsamning og starfslýsingu er því er að skipta. Einnig kemur fram í starfsreglunum til hvaða atriða erindisbréfið taki. Unnið er að því að hrinda þessu í framkvæmd. Byrja á þeim er skipta um starfsvettvang eða eru nýir í starfi. Biskupsritari leiðir þá vinnu, en nýr biskupsritari sr. Þorvaldur Víðisson var ráðinn frá 1. október 2012.

Nokkrar skipanir hafa farið fram í embætti á synodusárinu, töluvert fleiri en mörg undanfarin ár:

Séra Sigfús Kristjánsson, var skipaður sóknarprestur í Hjallaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. júlí 2012.

Séra Hildur Inga Rúnarsdóttir, var skipuð sóknarprestur í Þingeyrarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 15. júlí 2012.

Séra Kjartan Jónsson, var skipaður sóknarprestur í Tjarnaprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. ágúst 2012.

Séra Ásta Ingibjörg Pétursdóttir, var skipuð sóknarprestur í Bolungarvíkurprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 15. ágúst 2012.

Séra Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, var skipuð prestur heyrnarlausra frá 1. september 2012.

Séra Þorgeir Arason, var skipaður héraðsprestur í Austurlandsprófastsdæmi frá 1. september 2012.

Séra Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, var skipuð prestur í Hjallaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 15. september 2012.

Séra Guðbjörg Jóhannesdóttir, var skipuð sóknarprestur í Langholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. október 2012.

Séra Bjarni Þór Bjarnason, var skipaður sóknarprestur í Seltjarnarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. október 2012.

Séra Þorvaldur Karl Helgason, sem áður var biskupsritari, sinnir í hálfu starfi þjónustu við Skálholtsstað og Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, frá 1. janúar 2013.

Þá var Séra Magnús Erlingsson, sóknarprestur í Ísafjarðarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi skipaður prófastur í Vestfjarðaprófastsdæmi frá 1. júlí 2012.

Við biðjum þeim öllum blessunar Guðs á nýjum starfsvettvangi.

## Starfið í söfnuðunum

Síðast liðna tíu mánuði hef ég farið víða og tekið þátt í hátíðum kirkna og safnaða í flestum prófastsdæmum landsins. Nú stendur yfir vísitasía í Kjalarnessprófastsdæmi, sem lýkur 9. júní. Það hefur verið fróðlegt að kynnast því mikla og góða starfi sem unnið er í söfnuðunum, hitta fólkið bæði þar og í stofnunum og fyrirtækjum samfélagsins. Hvarvetna hefur kirkjunnar þjónum verið vel tekið og þjónusta Kirkjunnar við samfélagið vel metin. Kirkjan stendur fyrir starfi fyrir fólk og með fólk á öllum aldri. Ég þakka fyrir þær góðu móttökur sem ég hef fengið í þeim sóknum sem ég hef heimsótt hingað til. Á einum leikskólanum frétti ég að barn eitt hafi verið orðið leitt að bíða og spurt: Hvenær kemur eiginlega páfinn?

## Lausn frá embætti

Nokkrir prestar hafa fengið lausn frá embætti á synodusárinu. Þau eru: Séra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands sem fékk lausn frá embætti sínu 30. júní 2012. Séra Karl er fæddur 5. febrúar 1947. Hann lauk embættisprófi í guðfræði 1973. Skipaður sóknarprestur í Vestmannaeyjaprestakalli frá 1974, skipaður sóknarprestur í Hallgrímsprestakalli, Reykjavík frá 1. janúar 1975. Séra Karl hlaut biskupsvígslu í nóvember 1997 og skipaður biskup Íslands frá 1. janúar 1998.

Séra Íris Kristjánsdóttir, fékk lausn frá embætti sóknarpresti í Hjallaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. júlí 2012.

Séra Miyako Þórðarson, fékk lausn frá embætti prests heyrnarlausra frá 1. september 2012.

Séra Sigurður Grétar Helgason,



fékk lausn frá embætti sóknarprests í Seltjarnarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. október 2012.

Séra Jón Helgi Þórarinnsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Langholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. október 2012.

Við þökkum þeim þjónustuna og biðjum þeim blessunar í lífi og starfi og bjóðum þau aftur velkomin til starfa ef hugur þeirra stendur til þess.

## Andlát

Einn prestur lést á synodusárinu, séra Hjörtur Hjartarson. Hann var fyrirverandi sóknarprestur í Ásaprestakalli í Skaftártungum og lést 27. júlí 2012. Hjörtur var fæddur 8. desember 1930. Lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1990. Eftirlifandi eiginkona hans er Unnur Axelsdóttir.

Frú Dómhildur Jónsdóttir, ekkja séra Péturs Þ. Ingjaldssonar, fyrirverandi sóknarprests í Höskuldsstaðaprestakalli og prófasts í Húnavatnsprófastsdæmi, lést 18. október 2012.

Við þökkum Guði fyrir trúa þjónustu þeirra í kirkjunni og biðjum Guð að helga minningu þeirra og blessa ástvini þeirra. Rísum úr sætum og lútum höfðum í hljóðri bæn.

## Þjóðkirkjan og samfélagið

Kirkjan á að vera öðrum stofnunum fyrirmynd í vinnubrögðum og verklagi. Hún á að sýna það í verki að hún fetar í fótspor Jesú Krists, sem sýndi fólki umhyggju og stóð með þeim sem brotið var á. Hann benti líka á það sem betur mátti fara í samfélaginu og kom fram við alla á jafnréttisgrundvelli. Kirkja hans verður að minnast þess að ganga þannig fram í þjónustunni að allir finni sig velkomna og geti leitað til hennar í öllum aðstæðum. Og að umræðan fari fram á jafnréttisgrundvelli. Við skulum standa vörð um þau gildi er hann birti okkur og finna má í guðspjöllunum og ritum Nýja testamentisins og sem kirkja tala hreint út um Krist og trúna. Gangaðrauð fram án ótta í trausti þess að við göngum ekki veginn ein. Kirkjan á að vera sýnileg í samfélaginu, berjast fyrir því sem betur má fara og hvetja fólk til dáða í þeim efnum. Við byrjum á okkur sjálfum, styrkjum okkur í samfélaginu við Drottinn og hvert annað til að við verðum færari um að bera þær skyldur er við höfum gengist undir. Ég vænti góðrar samveru á stefnunni þar sem við ræðum sameiginleg málefni okkar. Bræður og systur. Megi vinátta okkar styrkjast og samheldni okkar aukast, í Jesú nafni.

Prestastefna Íslands 2013 er sett.

# Prestastefna Íslands 2013

## Ávarp innanríkisráðherra Ögmundar Jónassonar



Ögmundur  
Jónasson

Hjá okkur stjórnámálönnum markar byrjun og lok kjörtímabils ákveðin þáttaskil. Undangengið kjörtímabil hefur verið nokkuð stormasamt hjá þjóðinni og fyrir mig persónulega hefur það vissulega verið það – inn og út úr ríkisstjórn – en inná gaflinum hjá íslensku þjóðkirkjunni hef ég verið í tvö og hálf tveimur árum sem ráðherra kirkjumála.

Tvö og hálf tveimur árum. Er það langur eða skammur tími? Tíminn er afstæður. Matthías sagði okkur að á mælikvarða almættisins væru þúsund ár dagar ei meir. Og afstæði tímans hefur birst okkur skýrt á okkar tíð.

Stundum koma skeið í mannkynsögunni og í sögu þjóða að ekkert virðist hreyfast í áratugi, jafnvel í árhundrað en síðan á örskotsstundu verður atburðarás bæði hröð og innihaldsmikil.

Karl Marx sagði að í byltingum yrði þjóðfélagið sýnilegra en ella því þá kristallaðist langtímaþróun í skýrum þjóðfélagsátökum en sem kunnugt er taldi hann að þjóðfélagið væri knúið áfram af átökum fylkinga, þeirra sem réðu yfir framleiðslunni annars vegar og hinna sem þjónuðu ráðastéttunum.

Ekki ætla ég mér þá dul að vita hvað knýr mannkynsöguna áfram, átök eða samvinna eða blanda af þessu tvennu en hitt þykist ég sjá að gangverkið er flóknara en ég taldi sem ungur maður og að hið huglæga í tilverunni skipar mikilvægari sess en ég áður taldi. Og það tel ég víst að samfélagi sem leggur rækt við hin siðrænu gildi vegnar betur en hinu sem vanrækir þau.

En hverjir eiga að stunda hið andlega

ræktunarstarf? Hverjir eru líklegastir til að geta haft áhrif á mannkynið til góðs? Stjórnámálameinn? Listameinn? Siðfræðingar? Fjölmíðlafólk og vísindameinn? Og ekki ætla ég að gleyma okkar nánustu, henni ömmu og að sjálfsgöðu mömmu. Kannski hafa þær mest áhrif af öllum. Foreldrar okkar og fjölskylda.

En kirkjan? Hún var jú beinlínis til þess stofnuð að hafa áhrif; hún var stofnuð til þess að hafa áhrif á mannkynið til góðs – hræra strengi mennskunnar. Hlutskipti hennar Sölu Völlu lét engan mann ósnortinn. Það var vegna þess að listamaðurinn Halldór Laxness kunni að hræra hinn sammannlega streng – strenginn sem er til staðar hjá öllum, hinum milda og hinum harða – það er einmitt þetta

sem gefur okkur vonina – að þessar tilfinningar eru til staðar hjá hinum ósérhlífna sem og hinum eigingjarna. Hann er þarna einhvers staðar þessi strengur, hjá okkur öllum eins og strengirnir í hörpu Davíðs Stefánssonar sem hann bað hina himinbornu dís að snerta og gæða lífi eins og fuglana sem hann skar úr furutrú til að syngja í þá líf :

*Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,  
og sumir verða alltaf lítil börn.  
En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
og sameinar með töfrum loft og jörð.*

*Ég heyrir í fjarska villtan vængjabyt.  
Um varpann leikur draumsins perluglit.  
Snert hörpu mína, himinborna dís,  
og hlustið englar Guðs í Paradís.*

Á fyrsta Kirkjuþinginu sem ég ávarpaði sem ráðherra kirkjumála haustið 2010 var mér hugleikin spurningin um andann og efnið. Boðskapinn og brauðið. Ég minnti á að í mannkyns-sögunni hefðu af og til verið gerðar tilraunir til þess að finna út hvort maðurinn gæti lifað á brauði einu saman; að Íslendingar hefðu nýlokið einni slíkri tilraun og að sú tilraun hefði ekki heppnast vel.

Ég minnti á eftirminnleg orð járnfrúarinnar bresku, Margrétar Thatcher, sem nú er nýlátin, að græðgi væri góð. Og einnig á íslensku útgáfuna sem óneitanlega var mildari um að virkja bæri eignagleðina. Þannig var það orðað hér á landi.

*Síðan sagði ég: „Í árpúsun dir hafa trúarbrögðin, heimspekin og siðfræðin reynt að beisla hið illa með okkur og virkja hið góða. Þetta er eilífðarverk mannsins. Andvaraleysið er slæmt og ekki hjálpar þegar komið hefur bein hvatning um að virkja þær tilfinningar og hvatir sem við almennt teljum slæmar, ágirndina og eigingirninna.*

*Best vegnar samfélögum sem eru í góðu jafnvægi, þar sem mannréttindi eru í hávegum höfð, gagnkvæm virðing manna á milli, stofnanir þykja traustsins verðar, réttarkerfið nýtur virðingar og síðast en ekki síst siðleg gildi eru í hávegum höfð.“*

Það er sem sagt breytnin sem öllu skiptir. Hvað sagði ekki Gandhi? Hann vildi að líf sitt yrði boðskapur sinn. Að breytni sín yrði sá vitnisburður sem horft væri til.

Í augum Gandhis þurfum við að varast siðlaus stjórnámál, samviskulausar nautnir, auðsöfnun í iðjuleysi, þekkingu án innihalds, viðskipti án siðferðis, vísindi án mannúðar, tilbeiðslu án kærleika – og fórnar.

Flókið, einfalt, satt, magnþrungið, djúpt, augljóst.

Og hlutverk þjóðkirkju Íslands, sem nýtur stuðnings meirihluta þjóðarinnar, er það ekki að sýna forystu með breytni sinni, að sýna aðgát í nærveru sálar, að vera holdgervingur þeirrar aðgátar? Alla hluti mannlega þarf að finna upp aftur og aftur eins og þeir séu líkami sem eldist og hrörnar og deyr. Alla baráttu þarf að hefja að nýju, aftur og aftur, því hlutskipti mannsins er að geta ekki skilað næstu kynslóð reynslu hinnar eldri. Einungis hin formlega menning skilar sér. Ekki reynslan, ekki tilfinningalegur skilningur. Og siðferðið? Það er erfitt að kenna siðferði, ef siðferðisstyrkinn vantar.

Og kirkjan er á þessum erfiðu landamærum: segir sögu af yfirburðum og yfirmannlegum styrk en er sjálf mönnuð körlum og konum, sem eru jafn breysk og mannleg og við hin.

Presturinn er einn og óstuddur. Presturinn er úti í mýri og ekki í vaðstígvélum. Presturinn er þjónn kirkju og samfélags og teygður milli beggja og er krafinn um breytni og siðferði sem okkur hinum er ofviða.

Eigum við að tala um peninga?

Þjóðkirkjan hefur verið aðþrengd á undanförunum árum, ekki síður en aðrar stofnanir samfélagsins. Aldrei hafa fulltrúar þjóðkirkjunnar vikið sér undan því að axla byrðarnar af efnahagshruninu sem þjóðfélagið mátti þola. Voru samningar Þjóðkirkjunnar og ríkisins endurskoðaðir með þetta að leiðarljósi ár hvert. Starfsmenn kirkjunnar skyldu taka á sig byrðar eins og aðrir. Hins vegar var á það bent að sóknargjöld kirkjunnar voru skorin meira niður en nánast allir aðrir þættir í rekstri en sóknargjöldin ganga sem kunnugt er til þess að fjármagna

rekstur og starf á vegum kirkjunnar; starf sem allir skilja að kostar peninga – og þeir sem ekki vilja skilja það – gera það þegar á reynir, þegar náinn ættingi fellur frá og leika þarf á orgel undir söngnum í upphitaðri kirkjunni. Þessi gjöld voru skorin niður meira en aðrir rekstrarþættir í þjónustu við landsmenn. Á þetta benti kirkjan og ég tók kalli hennar og í sameiningu unnum við að úttekt á þróun sóknargjalda í nefnd sem ég setti á fót undir forystu Ingibjargar Pálmadóttur, fyrrverandi alþingismanns og ráðherra. Ráðuneytið kom vel að þessari vinnu og vil ég nefna nafn Odds Einarssonar sérstaklega í því sambandi. Þessi nefnd skilaði skýrslu sem þegar hefur haft áhrif til góðs og á enn eftir að gera það þannig að sóknargjöldin verði færð í það horf sem

lögin í reynd alltaf hafa gert ráð fyrir.

Já, við getum talað um peninga. En við getum líka talað um hið góða, um breytni, siðferði og baráttuna fyrir betra mannfélagi. Að sjálfsgöðu tölum við um allt þetta. Því íslensk þjóðkirkja er allt þetta. Hún er þúsund ára gömul.

Hún hefur sýnt að hún er ekki komin á leiðarenda. Hún kemst aldrei á leiðarenda. En hjá henni og hjá okkur sem eigum með henni samleið eins og ég hef átt sem ráðherra kirkjumála á undanförunum árum verða stundum tímamót. Og eins og ég gat um í upphafi míns máls þá stend ég nú á slíkum tímamótum.

Hvað sem framtíðin ber í skauti sér vil ég nú þakka fyrir gott og gefandi samstarf á liðnum árum og óska þjóðkirkjunni velfarnaðar á sinni braut.



Fulltrúar á  
Prestastefnu 2013

# Synodusárið 2012-2013

## Nývígðir prestar

Cand theol. Gunnar Stígur Reynisson, var vígður 8. júlí 2012, sem skipaður hefur verið prestur í Bjarnanesprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 15. júlí 2012. Gunnar Stígur er fæddur 27. október 1981.

Cand theol. Anna Eiríksdóttir, var vígð 9. september 2012, sem skipuð hefur verið sóknarprestur í Dalaprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi. Anna er fædd 10. september 1955.

Cand theol. Sunna Dóra Möller, var vígð 16. september 2012, sem ráðin hefur verið æskulýðsprestur í Akureyrarprestakalli, Eyjafarða- og Þingeyjarprófastsdæmi. Sunna Dóra er fædd 28. maí 1975.

Cand theol Haraldur Örn Gunnarsson, var vígður 24. febrúar 2013, sem ráðinn hefur verið prestur í Kristiansundi, í Noregi. Haraldur Örn er fæddur 12. janúar 1973.

## Nývígður djákni

Guðmundur Sveinbjörn Brynjólfsson, var vígður 18. nóvember 2012, sem djákni og ráðinn til að sinna barnastarfi, æskulýðsstarfi og félagsstarfi full-orðinna í Guðríðarkirkju í Reykjavík. Guðmundur Sveinbjörn er fæddur 20. nóvember 1964.

## Nýr biskup Íslands

Séra Agnes M. Sigurðardóttir, áður sóknarprestur í Bolungarvíkurprestakalli, var skipuð biskup Íslands frá 1. júlí



Frá vigslu sr. Solveigar Láru Guðmundsdóttur á Hólum

Frá vígslu sr.  
Solveigar Láru  
Guðmundsdóttur  
á Hólum



2012. Hún er fædd 19. október 1954. Lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1981. Vígð til þjónustu sem æskulýðsfulltrúi Þjóðkirkjunnar 1981. Skipuð sóknarprestur í Bolungarvíkurprestakalli 1994. Skipuð prófastur í Ísafjarðarprófastsdæmi 1999.

### **Nýr vígslubiskup í Hólaumdæmi**

Séra Solveig Lára Guðmundsdóttir áður sóknarprestur í Möðruvallarprestakalli, var skipuð vígslubiskup á Hólum í Hjaltadal frá 1. september 2012.

### **Nýr biskupsritari**

Séra Þorvaldur Víðisson, prestur í Noregi var ráðinn biskupsritari frá 1. október 2012.

### **Skipanir í embætti**

Séra Sigfús Kristjánsson, var skipaður sóknarprestur í Hjallaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. júlí 2012.

Séra Hildur Inga Rúnarsdóttir, var skipuð sóknarprestur í Þingeyrarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 15. júlí 2012.

Séra Kjartan Jónsson, var skipaður sóknarprestur í Tjarnaprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. ágúst 2012.

Séra Ásta Ingibjörg Pétursdóttir, var skipuð sóknarprestur í Bolungarvíkurprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 15. ágúst 2012.

Séra Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, var skipuð prestur heyrnarlausra frá 1. september 2012.

Séra Þorgeir Arason, var skipaður héraðsprestur í Austurlandsprófastsdæmi frá 1. september 2012.

Séra Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, var skipuð prestur í Hjallaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 15. september 2012.

Séra Guðbjörg Jóhannesdóttir, var

skipuð sóknarprestur í Langholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. október 2012.

Séra Bjarni Þór Bjarnason, var skipaður sóknarprestur í Seltjarnarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. október 2012.

Séra Þorvaldur Karl Helgason sem áður var biskupsritari sinnir þjónustu við Skálholtsstað og fjölskylduþjónustu kirkjunnar frá 1. janúar 2013.

## Nýr prófastur

Séra Magnús Erlingsson, sóknarprestur í Ísafjarðarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi var skipaður prófastur í Vestfjarðaprófastsdæmi frá 1. júlí 2012.

## Lausn frá embætti

Séra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands fékk lausn frá embætti sínu 30. júní 2012.

Séra Karl er fæddur 5. febrúar 1947. Hann lauk embættisprófi í guðfræði 1973. Skipaður sóknarprestur í Vestmannaeyjaprestakalli frá 1974, skipaður sóknarprestur í Hallgrímsprestakalli, Reykjavík frá 1. janúar 1975 og þjónaði því uns hann tók við embætti biskups Íslands 1. janúar 1998. Hann var starfsmaður alkirkjuráðsins í Uppsölum 1968. Eiginkona hans er Kristín Þórdís Guðjónsdóttir.

Séra Íris Kristjánsdóttir, fékk lausn frá embætti sóknarpresti í Hjallaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. júlí 2012.

Séra Miyako Þórðarson, fékk lausn frá embætti prests heyrnarlausra frá 1. september 2012.

Séra Sigurður Grétar Helgason, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Seltjarnarnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. október 2012.

Séra Jón Helgi Þórarinsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Langholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. október 2012.

## Andlát

### Prestar

Séra Hjörtur Hjartarson fyrrverandi sóknarprestur í Ásaprestakalli í Skaftártungum lést 27. júlí 2012. Hjörtur var fæddur 8. desember 1930. Lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1990. Eftirlifandi eiginkona hans er Unnur Axelsdóttir.

### Prestsmakar

Frú Dómhildur Jónsdóttir, ekkja séra Péturs Þ. Ingjaldssonar, fyrrverandi sóknarprests í Höskuldssstaðaprestakalli og prófasts í Húnavatnsprófastsdæmi, lést 18. október 2012. Séra Pétur lést 1996.

# Aukakirkjuþing II 2012

## Setningarræða forseta kirkjuþings, Margrétar Björnsdóttur



Margrét  
Björnsdóttir

Samkvæmt heimild í 1. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009 lýsi ég því yfir að aukakirkjuþing 2012, 48. kirkjuþing, er sett.

Ágætu kirkjuþingsfulltrúar. Verið öll velkomin til kirkjuþings í dag.

Ég vil í upphafi orða óska biskupi Íslands, séra Agnesi M. Sigurðardóttur til hamingju með biskupskjör hennar og bjóða hana velkomna hingað í dag, en hún situr nú kirkjuþing í fyrsta sinn.

Sömuleiðis vil ég óska nýkjörnum vígslubiskupi í Hólaumdæmi, séra Solveigu Láru Guðmundsdóttur til hamingju með kjör hennar.

Til aukakirkjuþings er kallað til að ræða ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna að því er varðar ákvæði þess um þjóðkirkjuna og til að skilgreina og setja fram afstöðu þjóðkirkjunnar þar að lútandi.

Á dagskrá þingsins er einnig tillaga til þingsályktunar um leiðréttingu sóknargjalda.

Þá verður nýr forseti kirkjuþings kjörinn, en Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings, lét af störfum fyrr á þessu ári.

Fyrsta mál þessa aukakirkjuþings er:

**„Tillaga til þingsályktunar um að áfram verði ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“.**

Kjörseðillinn fyrir ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna var birtur á netinu sl. fimmtudag. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst í dag (laugardag)

en sjálf hefst atkvæðagreiðslan þann 20. október. Á kjörseðlinum eru sex spurningar sem svara skal með já eða nei en kjósandi þarf ekki að svara þeim öllum. Í þriðju spurningu er spurt „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi. Jákvætt svar felur í sér að í nýrri stjórnarskrá skuli vera einhver hliðstæða nógildandi 62. gr. stjórnarskrárinnar. Neikvætt svar merkir það hins vegar að í stjórnarskránni skuli a.m.k. ekki gengið lengra en gert er í 19. gr. í frumvarpi Stjórnlagaráðs: „Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar“.

Sjá má kjörseðilinn á kosning.is.

Á kirkjuþingi árið 2011 var samþykkt ályktun um 1. mál þingsins – skýrslu kirkjuráðs. Ályktunin hljóðar svo:

### **Tillögur um nýja stjórnarskrá.**

Kirkjuþing 2011 skorar á Alþingi að hafa ákvæði um íslenska þjóðkirkju í því frumvarpi til nýrrar stjórnarskrár sem þingið afgangur með formlegum hætti eða leggur undir ráðgefandi þjóðaratkvæði.

Að öðrum kosti verði þess gætt að ákvörðun um afnám þjóðkirkju úr stjórnarskrá verði tekin á þann veg sem nógildandi stjórnarskrá býður svo að þjóðin sjálf fái notið þess réttar að greiða sérstaklega atkvæði um slíka ákvörðun.

Þessi ályktun kirkjuþings í fyrra er



enn í fullu gildi, en við erum komin saman til að ræða þetta mál sérstaklega m.a. í tilefni af væntanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Kirkjuráð leggur hér fram tillögu til þingsályktunar fyrir þingið til umræðu og afgreiðslu.

Annað mál þessa aukakirkjupings er **„Tillaga til þingsályktunar um sóknargjöld“.**

Innanríkisráðherra skipaði árið 2011 starfshóp til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar og afleiðingar þess ef haldið yrði áfram á þeirri braut, eftir að biskup Íslands hafði lýst áhyggjum sínum af fjárhagsstöðu safnaða þjóðkirkjunnar vegna skerðingar á sóknargjöldum.

Áfangaskýrsla starfshópsins var gefin út í nóvembermánuði 2011 og var hún kynnt kirkjupingi sem ályktaði um málið með því að skora á ríkisstjórn og Alþingi að beita sér fyrir því að sóknargjöldin verði leiðrétt til samræmis við þróun fjárveitinga til stofnana innanríkisráðuneytisins þannig að sóknargjöldin yrðu 919 kr. á mánuði fyrir hvern gjaldanda á árinu 2012.

Sá niðurskurður sem sóknir og yfirstjórn kirkjunnar hafa þurft að glíma við frá efnahagshruni til að mæta tekjumissi og þeirri alvarlegu fjárhagsstöðu sem margar sóknir glíma nú við er víða að sliga starfsemi þeirra. Í lokaskýrslu starfshópsins til ráðherra 30. apríl 2012, segir meðal annars að í ákvæði frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum um upphæð sóknargjalds, hafi þess ekki verið gætt að nú þurfi að verðbæta sóknargjaldið til að gætt sé jafnræðis við aðra aðila sem byggja rekstur sinn á framlögum fjárlaga. Vegna þess hafa sóknargjöld sem ríkið greiðir til sókna þjóðkirkjunnar og til annarra trúfélaga lækkað um nálægt

25% umfram fjárveitingar til reksturs annarra aðila sem sætt hafa skerðingu til samræmis við almennan niðurskurð frá fjárlögum ársins 2008. Hér hafa því trúfélög, söfnuðir og sameiginlegir sjóðir kirkjunnar verið að taka á sig skerðingu langt umfram aðrar stofnanir sem heyra til innanríkisráðuneytisins.

Samkvæmt gögnum frá Ríkisendurskoðun 2010 voru tæplega 100 sóknir sem ekki náðu endum saman í rekstri sínum á síðasta ári og hafði fjölgað um liðlega 67% miðað við árið 2008. Það er því ljóst að með sama áframhaldi mun þjóðkirkjunnar á allra næstu árum verða nauðugur sá kostur að leggja niður mikilvægan hluta af kjarnastarfsemi sinni til að forða því að kerfið í heild komist í þrot.

„Óhætt er að draga þá ályktun að grunnstoðir í starfsemi safnaða þjóðkirkjunnar séu að hruni komnar“ eins og segir í skýrslu til ráðherra.

Sóknargjaldið í dag er 701 kr. en tillaga starfshóps innanríkisráðherra er að hækka það á næsta ári upp í 852 kr.

Það er forvitnisefni að vita hvað standi í fjárlagafrumvarpinu sem verður lagt fram á Alþingi á setningardegi þess 11. sept. nk.

Þjóðkirkjan hefur ekki skorist úr leik í þeim efnahagsþrengingum sem hafa verið í samfélaginu. Hún hefur þegar tekið á sig miklar skerðingar frá efnahagshruni og er reiðubúin til að axla þær byrðar sem sanngirni krefst. Þar biður þjóðkirkjan um skilning og réttssýni ekki um hlífð heldur sanngirni.

Á þessu þingi verður kosinn nýr forseti úr röðum leikmanna á kirkjupingi. Á kirkjupingi eiga sæti 29 kjörnir fulltrúar, 12 vígðir menn og 17 leikmenn sem kosnir eru í níu kjördæmum landsins. Kirkjuping kýs forseta skriflega og í óbundinni kosningu.

Séra Karl Sigurbjörnsson, tilkynnti í ávarpi við upphaf kirkjupings í nóvember 2011 að hann léti af embætti biskups Íslands þegar skipunartími hans rynni út næsta sumar, eftir rúmlega 14 ára þjónustu eða frá ársbyrjun 1998. Þetta væri því síðasta kirkjuping sem hann sæti. Hann sagði af þessu tilefni „Ég mun kveðja embætti mitt með þakklæti í huga fyrir það góða fólk sem með mér hefur fetað veginn og á vegi mínum hefur orðið á vettvangi kirkju og samfélags. Ég hef notið mikillar gæfu í starfi og þjónustu á samleið með slíku fólki. Ég bið því öllu blessunar.“

Mikil eftirsjá er af Karli sem leiddi kirkjuna á miklum rósturtímum. Óhætt er að segja að á þeim árum sem síðan eru liðin hafi þjóðfélagið gjörbreyst og taktur mannlífsins orðið annar. Efnahagshrunið haustið 2008 markaði kaflaskil enda komu í ljós miklir breistir og meinsemdir í samfélagsgerð og menningu Íslendinga.

Þá tilkynnti séra Jón Aðalsteinn Baldvinsson, vígslubiskup á Hólum, einnig við lok síðasta kirkjupings að hann hygðist láta af störfum á þessu ári. Við þökkum honum gott samstarf hér á kirkjupingi.

Nýr vígslubiskup séra Solveig Lára Guðmundsdóttir var vígð á Hólahátíð í ágúst 2012. Við fögnum henni hér í dag á fyrsta degi í nýju embætti og óskum henni allrar blessunar í nýja embættinu. Vegna þessa tekur nýr kirkjupingsfulltrúi sæti hennar hér í dag.

Á einu ári frá síðsumri 2011 til síðsumars 2012 hefur verið endurnýjun í öllum þremur biskupsembættunum.

Aldrei áður hafa jafn margir haft kosningarétt við biskupskjör.

Formenn sóknarnefnda um land allt, svo og varaformenn í þremur fjölmennustu prófastsdæmunum, voru

í lykilhlutverki í þessum kosningum. Þetta er fólk sem hefur valið að axla það ábyrgðarhlutverk að sjá um rekstur í sókn sinni, sem leggur ómælda sjálfböðavinnu í að halda kirkjum og safnaðarheimilum við, sjá um fjármál sóknarnefndar og ýmsa þá umsýslu sem fylgir félagsstarfinu í söfnuðinum. Það var löngu orðið tímabært að mikilvægt starf þeirra fengi þá virðingu sem því ber með því að atkvæðisréttur í biskupskjöri næði einnig til þeirra. Vonandi verður næsta skref að allt sóknarnefndarfólk fái að kjósa.

Á aukakirkjupingi sem haldið var 4. febrúar 2012 í Grensáskirkju var starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa breytt á þann hátt að taka aftur upp póstkosningar í stað rafrænna kosninga eins og búið var að ákveða. Það var gert að beiðni kjörstjórnar sem taldi að kosningin yrði öruggari með póstkosningu. Jafnframt var kosin fimm manna nefnd sem er ætlað það hlutverk að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa og á hún að skila tillögum á næsta kirkjupingi.

Pétur Kr. Hafstein ákvað af heilsufarsástæðum að segja af sér embætti forseta kirkjupings um mánaðamótin mars-apríl sl. Mikill missir er af Pétri úr þessu embætti en hann er óvenju glöggur og vel að sér í málum er varða íslensku þjóðkirkjuna, hvort heldur sem eru fundarsköp kirkjupings, löggjöf eða hvað annað er varðar kirkjuna. Alltaf var hægt að leita til hans ef einhver vafi var á ferð. Á þeim sex árum sem ég hef setið kirkjuping hef ég verið fyrsti varaforseti þess og nokkrum sinnum stýrt þingi þegar forseti hefur verið frummælandi í málum. Árin á kirkjupingi hafa verið mér afar dýrmæt, tími lærdóms meðal annars í meðferð mála og fundarskapa.



Margrét  
Björnsdóttir í  
ræðustóli

Pétur hefur verið sú fyrirmynd sem hefur nýst mér vel í öðru starfi mínu. Ég vil þakka Pétri mjög góð kynni, hann er drengur góður, sanngjarn, ákveðinn og fastur fyrir, úrræðagóður og með góða nærveru. Ég held að við getum öll tekið undir það.

Ég óska honum af öllu hjarta góðs bata.

Þjóðkirkjan hefur orðið fyrir ágjöf og traust til hennar hefur beðið nokkurn hnekki. Það er því eitt brýnasta verkefni

kirkjunnar að endurheimta traust sitt og trúnað og ná til þeirra sem hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni. Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Hér verður allt kirkjunnar fólk að leggjast á eitt, ekki síst kirkjuping, sem verður að leita allra leiða til að styrkja ásýnd og stöðu þjóðkirkjunnar hjá þjóðinni.

Ég bið þess að við höfum það í huga hér í dag og endranær og að farsæld og friður megi fylgja störfum og ákvörðunum þessa aukakirkjupings.

# Kirkjubing unga fólksins 2012

*Ávarp forseta kirkjubings unga fólksins,*

*Jónínu Sifjar Eypórsdóttur*



Jónína Sif  
Eypórsdóttir

Biskup, vígslubiskupar og aðrir gestir Kirkjubing unga fólksins 2012 fór fram hér í Grensáskirkju í gær. Þingið starfaði frá 10-17 og sátu 20 fulltrúar á þinginu þar af um helmingur í fyrsta sinn.

Fyrir kirkjubing lágú sex mál sem fulltrúar lögðu fram að eigin frumkvæði. Þess ber að geta að í fyrra lágú þrjú mál fyrir þinginu og er þetta því greinilegur vöxtur milli ára. Hver veit nema 12 mál muni liggja fyrir þinginu á næsta ári.

Málin sem lágú fyrir voru:

## **Tillaga til þingsályktunar um afstöðu kirkjunnar gegn einelti**

Kirkjubing unga fólksins skorar á kirkjunna að koma aðgerðaráætlunn sinni í gang strax á næsta ári, eigi síðar en 1. mars 2013.

## **Tillaga til þingsályktunar um mikilvægi kirkjubings unga fólksins**

Að starfsreglum kirkjubings unga fólksins verði breytt á þeim forsendum sem Kirkjubing unga fólksins leggur til í samþykktu nefndar álit.

## **Tillaga til þingsályktunar um mikilvægi skimunar starfsfólks í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar.**

Kirkjubing unga fólksins krefst þess skilyrðislaust að undantekning á 217. gr almennra hegningarlaga verði tekin úr samþykkt fyrir öflun upplýsing úr sakaskrá, sjálfboðaliða og starfsmanna kirkjunnar.

## **Ályktun gegn áframhaldandi niðurskurði á sóknargjöldum kirkjunnar.**

Kirkjubing unga fólksins krefst tafarlausrar leiðréttingar á niðurskurðinum sem hefur bitnað æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar og beinir því til stjórnvalda að þau leiðrétti hann tafarlaust.

## **Tillaga til þingsályktunar um innflytjendamál**

Kirkjubing unga fólksins vill benda á mikilvægi þess að efla samtal kirkjunnar við innflytjendur hér á landi.

## **Tillaga til þingsályktunar um umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar**

Kirkjubing unga fólksins vill minna á samþykkt um umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á Kirkjubingi 2009. „Virðum sköpunarverkið og tókum græn skref til framtíðar“.

Eins og heyra má fjallaði kirkjubing unga fólksins um mörg og misjöfn mál sem eiga það þó sammerkt að vera ákaflega mikilvæg. Við köllum eftir skýrum viðbrögðum kirkjubings og að fulltrúum kirkjubings unga fólksins verði sýnd sú virðing að unnið verði heilshugar að öllum þessum málum.

Við mælum með því að fulltrúar kirkjubings kynni sér þessi mál betur, enda eru þau aðgengileg á vef kirkjubings. Með þeim hætti getum við átt virkt samtal.

Að lokum vill kirkjubing unga



Fulltrúar á  
kirkjuþingi unga  
fólksins 2012

fólksins þakka biskupi, vígslubiskupum, starfsfólki biskupsstofu sem og öðrum sem sóttu kirkjuþing unga fólksins fyrir samveruna á þingdegi. Það gefur ungu fólki sterk skilaboð að sjá að yfirstjórn kirkjunnar lætur sig málin varða.

Og ekki væri úr vegi að minna kirkjuþing á að starfa með sömu gleði í hjarta og bjó í fulltrúum kirkjuþings unga fólksins sem láta sig heildina varða.

# Kirkjuping 2012

## Setningarræða forseta kirkjupings,

### Magnúsar E. Kristjánssonar



Magnús E.  
Kristjánsson

Kirkjuping 2012 er sett, 49. kirkjuping hinnar íslensku þjóðkirkju.

Hjartanlega velkomin öll hingað í dag, kirkjupingsfulltrúar og góðir gestir.

Í dag fögnum við og heilsum sérstaklega nýjum biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur sem nú kemur á sitt fyrsta reglulega kirkjuping. Við væntum mikils af samstarfi við hana á kirkjupingi sem og af forystu hennar í öllu starfi þjóðkirkjunnar. Frú Agnes hefur tekið við því vandasama hlutverki að leiða okkur sem biskup Íslands og er fyrsta konan sem gerir það. Það er okkar allra sem í þjóðkirkjunni erum að styðja okkar biskup. Við óskum frú Agnesi heilla og biðjum henni Guðs blessunar í þessu starfi.

Þá vil ég fyrir hönd kirkjupings færa herra Karli Sigurbjörnssyni fyrrum biskupi Íslands bestu þakki fyrir hans mikla og góða starf og óska þeim hjónum herra Karli og frú Kristínu Guðjónsdóttur alls hins besta og Guðs blessunar á þessum tímamótum í þeirra lífi.

Við heilsum líka nýjum vígslubiskupi á Hólum sr. Sólveigu Láru Guðmundsdóttur og bjóðum hana sérstaklega velkomna í sínu nýja hlutverki til kirkjupings. Jafnframt þökkum við gott samstarf við sr. Jón Aðalstein Baldvinsson fyrrum vígslubiskup á Hólum og biðjum þeim hjónum sr. Jóni Aðalsteini og konu hans frú Margréti Sigtryggsdóttur blessunar Guðs.

Þá vil ég færa Péttri Hafstein fyrrum forseta kirkjupings þakki okkar kirkju-

pingsfulltrúa fyrir hans mikla framlag til kirkjupingsins. Persónulega vil ég þakka einstaklega góð og gefandi samskipti. Ég veit að ég mæli fyrir munn allra kirkjupingsfulltrúa þegar ég óska Péttri og frú Ingu Ástu Hafstein Guðs blessunar og allra heilla.

Það eru mikil tímamót þegar svo mikil breyting verður á forystufólki kirkjunnar á stuttum tíma og það minnir okkur á að allt er breytingum háð, ekkert stendur í stað, lífið allt er á stöðugri ferð.

Í því ljósi er ágætt að hugleiða ábendingu herra Karls Sigurbjörnssonar biskups er hann hvatti til þess við setningu prestastefnu 2011 að kirkjan ætti að vera hreyfing lærisveina. Mér þótti þetta gott veganesti. Eins og ég skil þetta þá er hreyfing ekki stöðnuð heldur stöðugt á ferð og lærisveinar eru hópur sem telur sig ekki fullnuma og því viljugur til að læra meira. Í þessu felst auðmýkt því af leiðir að lærisveinar eru ekki orðnir meistarar og ef þeir eru hreyfing þá eru þeir ekki komnir á neinn endanlegan stað. Hreyfing lærisveina hlýtur því að vera síkvik, tilbúin að læra, tilbúin að bregðast við breytingum stöðugt leitandi að aðferðum til að geta gert betur í dag en í gær. Ég vil því gjarnan tilheyra þannig hreyfingu lærisveina.

Það eru svo miklar breytingar á því umhverfi sem við störfum í og ekki minnstar vegna aðgerða stjórnvalda. Þjóðkirkjan taldi sjálfsagt, eðlilegt og sanngjarnt að taka þátt í þeim

niðurskurði sem flestir þurftu að gera eftir ósköpin sem á okkur dundu í efnahagsmálum. Ég veit hins vegar ekki hvernig það á að geta talist sanngarnt að þjóðkirkjan og sóknir hennar taki á sig meiri niðurskurð en aðrir og mér finnst það í meira lagi undarlegt ef þau mál verða ekki færð í eðlilegri farveg. Það kom okkur jafnmikið á óvart og innanríkisráðherra hve mikilli skerðingu sóknargjöldin hafa sætt umfram almennan niðurskurð. Við væntum þess að á þessum málum verði nú tekið í meðförum Alþingis. Ég er þess fullviss að hér á kirkjupinginu verða þessi mál til umræðu og veit að kirkjupingsfulltrúar hafa af þessu miklar áhyggjur.

Jafnframt má búast við að hér verði samskipti þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins til umræðu eins og á fyrri þingum. Það er þörf að ræða þau samskipti. Ekki síst í ljósi þeirra niðurstöðu sem fékkst í atkvæðagreiðslunni í lok október þar sem meirihluti vildi að þjóðkirkjunnar væri getið í stjórnarskrá. Varla fólust þau skilaboð í þessari niðurstöðu að fara mætti að þjóðkirkjunni af sérstakri ósanngirni.

Þeir fjármunir sem þjóðkirkjan fær frá ríkisvaldinu eru annars vegar sóknargjöld sem eru félagsgjöld sem ríkið innheimtir og standa undir því starfi sem sóknirnar í landinu halda uppi. Þau félagsgjöld hafa verið skorin niður og hlutfallslega talsvert umfram þann almenna niðurskurð sem gerður var á fjárframlögum til stofnana innanríkisráðuneytisins. Ég vil ítreka að þetta eru sögulega, og í huga þjóðkirkjufólks, félagsgjöld þótt einstaka stjórnámamenn vilji skilgreina þetta framlag upp á nýtt sjálfum sér til þæginda.

Hins vegar er gagngjald vegna

kirkjujarða og eigna sem ríkissjóði voru endanlega færðar í hendur með kirkjujarðarsamkomulaginu 1997. Þar var kveðið á um yfirfærslu eignarréttarins til ríkisins og framtíðargagngjald úr ríkissjóði á móti. Eins og forseti kirkjupings Pétur Hafstein sagði við setningu þingsins 2009: „Það hljóta allir sanngjarnir menn og réttýnir að sjá að ríkið getur ekki vanefnt samninginn frá 1997 eða Alþingi breytt honum með lögum í berhógg við vilja þjóðkirkjunnar án þess að það skapi alvarlegan réttarágreining.“

Það ber sérstaklega að þakka innanríkisráðherra fyrir þá hreinskilni sem kom fram í ræðu hans við setningu kirkjupings 2011, en hann sagði: „Frá því er skemmst að segja að við samanburð á skerðingu sóknargjaldanna og skerðingu á fjárveitingu til annarra ríkisaðila kom í ljós verulegur munur. Sóknargjöldin höfðu lækkað að raungildi, miklu meira en nam almennri skerðingu og samdrætti, nokkuð sem hafði meiri áhrif en ella vegna fækkunar sóknarbarna á sama tíma.“ Seinna í ræðunni sagði ráðherra: „Ég vil að það komi fram að sjálfum kom mér á óvart hve mikilli skerðingu sóknargjöldin hafa sætt umfram almennan niðurskurð og hlýtur það að krefjast sérstakrar skoðunar af hálfu okkar sem förum með fjárveitingarvaldið.“

Ég tel að það sé mikilvægt að fulltrúar ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar ræðist við í hreinskilni og af gagnkvæmri virðingu. Þjóðkirkjan biður aðeins um sanngirni og skilning og ber fulla virðingu fyrir því vandasama verkefni sem ráðamenn hafa staðið frammi fyrir undanfarin ár. Sá vandi sem hinar fjölmörgu sóknir standa frammi fyrir vegna þessa stórfellda niðurskurðar er líka mikill og afar mikilvægt að horft

sé af sanngirni til þeirrar stöðu, og af virðingu á þá miklu og fjölbreytilegu þjónustu við fólk og samfélag sem á þeim vettvangi er sinnt.

Á undanförunum árum hefur verið rætt um nauðsyn þess að kirkjuþing komi saman oftar en einu sinni á ári. Á þessu kirkjuþingi verður lagt fram frumvarp um það. Ekki verður framhjá því litið að málum fjölga og aukakirkjuþing hafa verið fleiri en oft áður. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Annað sem mælir með því að kirkjuþing komi oftar saman er að vönduð umræða þarf tíma og þegar mörg mál liggja fyrir þá kann svo að fara að mikilvæg mál fái ekki þá umræðu í nefnd og á þingi sem nauðsynleg er. Það hefur verið kallað eftir því af mörgum að fastanefndir þingsins starfi utan hefðbundins fundartíma þingsins svo hægt sé að fara vandlega yfir og ræða mikilvæg mál. Einnig eru þau mál sem rædd eru á kirkjuþingi oft þess eðlis að þau varða hagsmuni og störf fjölmargra. Oft heyrir maður að fólk hefði kosið að leitað hefði verið eftir sjónarmiðum þeirra áður en ákvarðanir væru teknar. Tímapressan er alltaf til staðar og kirkjuþingi er markaður tími.

Fulltrúar í forsætisnefnd kirkjuþings er þeirrar skoðunar að það sé rétt að kirkjuþing komi saman tvisvar á ári og að nefndir geti starfað utan þess tíma sem sem þingið situr. Forsætisnefnd mun koma þeim sjónarmiðum á framfæri í umræðum hér á þinginu.

Góðir kirkjuþingsfulltrúar. Við þurfum að horfast í augu við gamlar og nýjar, og oft erfiðar áskoranir. Það er ekki eitthvað sem við eigum að óttast heldur ganga á hólum við af djörfung, hugrekki og visku. En til þess þarf starfsemi okkar og skipulag að vera í góðu formi. Við þurfum að byggja á

styrk kirkjunnar en um leið horfast í augu við veikleika hennar. Taka á móti tækifærum sem umhverfið býður okkur um leið og við verjumst áskoronum sem þarf að glíma við.

Þær eru margar spurningarnar sem við heyrum. Svo sem hvort kirkjan sé með of svifaseint stjórnkerfi, óskilvirkt skipulag og of hæga ákvörðunartöku? Sumum fannst það þegar við stóðum frammi fyrir mjög erfiðum og alvarlegum málum sem við höfum verið að bregðast við, vinna í og vonandi læra af. Hefði skilvirkara skipulag gert okkur hæfari í glímu okkar við tekjusamdrátt, erfiða umræðu, harða gagnrýni og stundum jafnvel beinlínis fjandskap við kirkju og kristni?

Þarf kirkjan annað skipulag í fámennari byggðum en í stórum sóknum? Grundvallarskipulag kirkjunnar hefur verið sjálfstæðar sóknir en getur meira samstarf verið til góðs?

Er ekki þungamiðjan í öllu starfi þjóðkirkjunnar sú þjónusta sem hún veitir?

Á ekki áherslan að vera þar sem fólkið kemur og þiggur þjónustu hennar?

Viljum við að kirkjan sé þátttöku-samfélag sem virkjar fólk?

Mun ekki fólk sem kemur með sjálfboðna þjónustu auka við þjónustu kirkjunnar, efla hana og það samfélag sem hún tilheyrir?

Við hljótum að vilja að kirkjan hlúi vel að prestunum sínum og öllu starfsfólki. Að hún stuðli markvisst að því að allt það góða fólk eflist í starfi og fái að njóta sín. Metnaður okkar hlýtur að vera sá að veita betri þjónustu í dag en í gær. Að sú reynsla sem við öðlumst í dag nýtist okkur til að gera enn betur á morgun.

Viljum við ekki að kirkjan sé hreyfing frekar en stofnun? Á vegferð að því góða en ekki á flóttu frá því vonda? Hreyfing



lærissveina sem er ávallt að bæta sig og fólk sem er stöðugt í Jesú Kristi.

Undanfarið höfum við horft á starfsemi kirkjunnar og skoðað alvarlega. Starfshópar og nefndir hafa lagt mat á mál, ráðstefnur og málþing hafa verið haldin, rannsóknarnefnd farið yfir, gagnrýnt, metið og ráðlagt. Ríkisendurskoðun yfirfarið rekstur og skipulag. Leikir og lærðir rætt stöðuna.

Ég hef ekki heyrt af því að nokkurt félag, stofnun, hópur eða samfélag hafi farið í gegnum jafn mikla og oft sára sjálfsskoðun og hin íslenska þjóðkirkja. Okkur ætti að vera ljóst hvar við erum stödd eftir alla þessa skoðun. Mikilvægt er að sammælast um hvert við förum.

Það er afar mikilvægt að við ræðum og komum þjóðkirkjufrumvarpinu í farveg. Frumvarpið hefur verið lengi til umræðu og það hefur tekið ýmsum breytingum.

Það er mín skoðun að kirkjuþing verði nú að leggja sérstaka áherslu á vinnu við þetta frumvarp. Hér á þessu þingi eru lögð fram mörg mál sem og á fyrri þingum.

Stundum koma upp efasemdir hvort allt sem lagt er til passi við þau lög sem við störfum eftir. Sumir ganga svo langt að segja að við séum oft að setja plástur á smásár frekar en að skera upp gera við og sauma. Hvað sem slíkri umræðu líður þá felst í því tækifæri með nýjum lögum og starfsreglum að reyna að ramma skipulag og starfsemi þjóðkirkjunnar inn með heilstæðum hætti. Þá er líka mikilvægt að vel sé vandað til slíks verks og að um niðurstöðuna ríki sæmileg sátt.

Það skiptir því máli að hér verði góð umræða um frumvarpið og þær hugmyndir sem það er grundvallað á.

Á þessu máli verður kirkjuþing að taka fulla ábyrgð.

Traust á þjóðkirkjunni fer vaxandi. Íslenska þjóðin vill að hennar sé getið í stjórnarskrá. Fólkíð vill að hin evangelíska lúterska kirkja sé samferða því í okkar íslenska þjóðfélagi. Við gleðjumst yfir því, fögnum þeirri niðurstöðu en gerum okkur jafnframt grein fyrir því að við þurfum að standa undir því trausti og af auðmýkt og trúmennsku uppfylla þær væntingar sem til þjóðkirkjunnar eru og verða gerðar.

Kirkja og kristni eiga erindi við fólk í dag og fólkíð vill samfylgd kirkjunnar. Erindi hennar er mikilvægt, starf hennar fjölbreytt og þjónusta hennar víðast hvar vel þegin.

Góðir kirkjuþingsfulltrúar og gestir. Í dag er afmælisdagur Marteins Lúters. Það er góður dagur til að ræða hvernig hægt er að efla starf og þjónustu þjóðkirkjunnar. Við höfum fengið nýjan biskup til að veita þjóðkirkjunni forystu ásamt vígslubiskupum sem nýlega hafa tekið við embættum. Þetta er öflugt og hæfileikaríkt fólk sem við treystum til að leiða kirkjuna af festu, öryggi og áræði. Fulltrúar á kirkjuþingi vilja af einlægni vinna þjóðkirkjunni gagn. Prestar leiða öflugt kirkjustarf um allt land. Sóknarnefndir standa fyrir ótrúlega mikilli starfsemi þrátt fyrir þrönga fjárhagstöðu og sjálfboðaliðar leggja einstaklega mikið af mörkum með fjölbreytilegum hætti á vettvangi þjóðkirkjunnar.

Nú þegar við göngum til þingstarfa vona ég að verklag okkar verði til fyrirmyndar, umræða öll vönduð og góð sátt náist í niðurstöðu mála.

# Kirkjuping 2012

## Ávarp innanríkisáðherra, Ögmundar Jónassonar



Ögmundur  
Jónasson

*„En nú þykir mér það ráð, að vér látum og eigi þá ráða, er mest vilja í gegn gangast, og miðlum svo mál á milli þeirra, að hvorirtveggju hafi nokkuð síns máls, og höfum allir ein lög og einn sið. Það mun verða satt, er vér slítum í sundur lögin, að vér munum slíta og friðinn.“*

Svo mælti Þorgeir Ljósvefningagoði fyrir þúsund árum. Og þjóðin er enn á þessu máli. Því hér er ekki fjallað um trú heldur sið. Við fylgjum kristnum sið og síðan geta menn efast um trúarhita okkar hvers og eins og staðfestu. Kannski erum við sum heit í trúnni þegar við lendum í hafvillum og kólnum svo aftur þegar sér til lands, eins og Jón Helgason ýjaði að.

*Ef skip mitt í villum um höfin hrekst  
og himintunglanna leiðsögn bregzt,  
en sjórinn þýtur með þungum niði,  
þín ég leita drottinn.  
En þegar hafrænan ljær með lið  
og landið rís yfir hafsins svið,  
svo þekkjja má hinar práðu hafnir,  
þér ég neita drottinn.*

Kristni er trú en kirkjan er siður. Um það var deilt á Alþingi árið þúsund hvort hafa ætti heiðinn sið á Íslandi eða kristinn sið. Þorgeir taldi kristnina á sigurbraut og andóf væri vonlítið. Því skyldi kristni í lög tekin. Síðan var mönnum frjálst hvort þeir vildu trú á hinn hvíta Krist eða hinn almáttuga Ás, allt eftir sannfæringu sinni. Þessi regla hefur gilt síðan. Og þjóðin var spurð

um þetta aftur nú þúsund árum seinna. Það er góð regla að taka málið upp á þúsund ára fresti. Það er eins nálægt dagatali eilífðarinnar og við dauðlegir menn getum skilið.

Og þjóðin svaraði og komst að sömu niðurstöðu og Þorgeir. Við skyldum hafa kristinn sið.

Snorri segir svo frá í Heimskringlu að skömmu eftir kristnitöku hafi Sighvatur skáld þá nýkominn frá Íslandi átt orðastað við Ólaf konung Haraldsson, sem við Íslendingar kölluðum jafnan Ólaf digra.

*„Ólafur konungur spurði eftir vendilega hvernig kristinn dómur væri haldinn á Íslandi. Þá þótti honum mikilla muna ávant að vel væri því að þeir sögðu frá kristnihaldinu að það var lofað í lögum að eta hross og bera út börn sem heiðnir menn og enn fleiri hlutir þeir er kristnispell var í.“*

Enn er misjafnt hvernig okkur ferst kristnihaldið og er þá átt við siðinn sjálfan. Deilt er um mannanna verk og mun svo verða áfram. En þjóðin var spurð um sið og svarið var afgerandi. Þess vegna verður kirkjan enn um sinn eign þjóðarinnar. Og þjónar kirkjunnar því þjónar okkar allra og þjóðin og kirkjan munu fylgjast að í blíðu og stríðu og verða ekki aðskilin. Kirkjan verður að umbera þjóðina og þjóðin verður að umbera kirkjuna, ekki síður en Veðurstofan verður að umbera innanríkisráðherrann og allir verða að fyrirgefa öllum að lokum.



Fulltrúar á  
kirkjuþingi 2012

Sums staðar er kristnihaldið eins og var undir Jökli, eilítið sérvískulegt en kærleiksríkt og hjálpar fólki í hinni hversdagslegu önn í gleði og sorg. Jón Prímus sagði að almættið væri eins og snjótittlingur sem öll veður hafa snúist gegn. Og þótt kirkjan sé ekki almáttug þá hefur henni kannski stundum liðið eins og snjótittlingi í óveðri. Og það hefur þjóðin líka reynt á undanförunum árum. Því saga kirkjunnar og þjóðarinnar verður ekki auðveldlega slitin í sundur.

Umburðarlyndi var það veganesti sem Þorgeir Ljósveitningagoði fékk íslensku kirkjunni. Vonandi hefur það elst vel því margir eru þeir sem hjartað leiðir í aðra átt í trúarlegum efnum. Og vonandi getur umburðarlyndið sameinað okkur öll.

Ég finn að landið er að rísa. Við finnum öll að landið er að rísa. Ísland er að stíga á fætur. Erfiðleikarnir eru vissulega ekki að baki. Enn mun það taka tíma – hugsanlega langan tíma – að vinna okkur út úr þeim vanda sem við höfum átt við að stríða vegna efna-

hagshrunsins og lýðræðiskreppunnar sem hruninu fylgdi.

En okkur mun takast það; okkur mun takast að sigrast á erfiðleikumunum. Þjóðin veit að leiðin út úr vandanum er ekki að höggva á rótina til að ganga inn í nýja veröld sögulaus og allslaus.

Hún veit að við eigum að horfast í augu við okkur sjálf; greina það góða í okkur og okkar arfleifð og menningu og næra þá góðu rót sem hún er spröttin af.

Þetta þarf kirkjan að gera og það veit ég að hún mun gera. Óttalaus, staðföst og sterk. Það er sú kirkja sem þjóðin greiddi atkvæði um.

Það er sú kirkja sem þjóðin ákvað að ætti að vera með okkur um ókominn tíma.

Niðurstaða þjóðarinnar er áskorun á hendur kirkjunni. Ég veit að hún mun svara kalli þjóðarinnar; rísa undir þeirri ábyrgð sem ætlast er til að hún axli sem þjóðkirkja.

Ég er hingað kominn til að óska þjóðkirkjunni á Íslandi góðs um ókominn tíma.

# Kirkjuping 2012

## Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur



Agnes M.  
Sigurðardóttir

Innanríkisráðherra, forseti kirkjupings, kirkjupingsfulltrúar, vígslubiskupar, góðir gestir.

Síðastliðið ár hefur verið ár manna-skipta í yfirstjórn kirkjunnar. Ég stend hér við setningu kirkjupings í fyrsta skipti sem biskup Íslands ef frá er talið aukakirkjupingið sem haldið var þann 1. september síðastliðinn. Einnig hefur tekið við nýr forseti kirkjupings. Fyrir mína hönd og kirkjunnar í landinu þakka ég fráfarandi biskupi, herra Karli Sigurbjörnssyni fyrir biskupsþjónustuna sem og fyrrum vígslubiskupi á Hólum Jóni Aðalsteini Baldvínssyni, sem lét af embætti 1. september sl. Einnig Péttri Kr. Hafstein sem var forseti kirkjupings sem og Margréti Björnsdóttur er tók við af honum í byrjun þessa árs. Ég vænti góðs samstarfs okkar biskupanna þriggja Kristjáns Vals Ingólfssonar og Solveigar Láru Guðmundsdóttur og ykkar kirkjupingsfulltrúanna. Þið eruð reynd sem og margt af því starfsfólki biskupsstofu sem undirbúið hefur þingið og vinnur hér á þinginu. Ég þakka þeim undirbúninginn svo og þeim er flutt hafa tal og tóna hér í dag.

Þið kirkjupingsfulltrúar hafið setið hér áður, sum fleiri kjörtímabil. Ég treysti því að ég deili með ykkur þeim skilningi mínum að við biskupar og kirkjupingsfulltrúar séum að vinna sameiginlega að því að efla kirkjuna okkar, sem flytur þjóðinni erindi fagnaðar og kærleika. Eitt af hlutverkum biskups er að fylgja eftir reglum er kirkjuping setur, sem og samþykktum þess og markaðri stefnu. Nauðsynlegt

er að sátt og eining ríki sem og traust og heiðarleiki okkar í millum.

Kirkjan okkar er ekki eyland í kirkju-samfélaginu. Hún hefur samstarf við aðrar lúterskar kirkjur erlendis sem og kirkjudeildir hér á landi. Það var ánægjulegt við biskupsvígsluna í sumar að aldrei hafa fleiri erlendir biskupar verið viðstaddir biskupsvígslu á Íslandi. Við eigum því vini í nágrannalöndum okkar og samstarf við aðrar kirkjur. Þar erum við ekki aðeins þiggjendur heldur höfum við einnig ýmislegt fram að færa. Má þar nefna að námskeiðið „Konur eru konum bestar“ hefur nú verið flutt út ef svo má segja öðrum konum til styrktar, en þetta sjálfstyrkingarnámskeið miðar að því að byggja upp sjálfmynd kvenna og sjá sjálfar sig í ljósi Biblíunnar.

Á erfiðum tímum kirkjunnar bar á því að sjálfmynd hennar væri ekki sterk. Í mótlæti er auðvelt að efast um sjálf okkur og það sem við höfum fram að færa. Það á jaft við um einstaklinga sem og samfélagið allt þar á meðal kirkjuna. Um tíma var sem sjálfmynd okkar væri brotin, fórum næstum með veggjum, eins og við værum með smitandi sjúkdóm. Létum telja okkur trú um að nærveru okkar væri ekki óskað. Samt vissum við innst inni að erindi okkar var brýnt, lífgefandi og bætandi. En nú er sem aðeins hafi rofað til í kirkjunnar sál og eru eflaust nokkrar ástæður fyrir því. Ein þeirra er að þjóðinni gafst kostur á því að tjá álit sitt á nokkrum atriðum í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlagar og tiltekin álitafni



Það var jólalegt um að litast á desemberfundi Kirkjubings 2012

þeim tengd, þann 20. október s.l. Ein spurningin fjallaði um þjóðkirkjuna en þar var spurt: „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?“ Niðurstaðan var að meira en helmingur þeirra sem kusu vildu áfram hafa ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskránni. Niðurstaðan kom einhverjum á óvart, mörgum þó gleðilega á óvart, en hún er liður í því að efla og styrkja sjálfsmynd kirkjunnar. Í ljós kom að það góða starf sem unnið er í söfnuðum landsins er metið að verðleikum og þjóðin tók mark á ályktunum Kirkjuráðs, kirkjubings, leikmannastefnu og fleiri aðila innan þjóðkirkjunnar, sem hvöttu til þess að spurningunni

væri svarað játandi. Þjóð og kirkja hafa átt farsæla samleið í gegnum aldirnar og sá kristni siður sem mótað hefur hugsunarhátt og mannlíf þjóðarinnar er sá trausti grunnur sem þjóðin kys að standa á.

Kirkjan hefur fengið byr í seglin og ljóst að meirihluti þjóðarinnar treystir henni til áframhaldandi góðra verka og forystu í þágu kristni hér á landi. En ábyrgð hennar er líka mikil. Það verðum við alltaf að hafa í huga, bæði hér á kirkjubingi sem og í söfnuðunum og hjá yfirstjórninni.

Þau sem kirkjunni þjóna, bæði leik og lærð, hafa tekið á sig byrgðar vegna niðurskurðarins sem orðið

hefur. Sóknargjöldin hafa lækkað umtalsvert svo nú stefnir í neyðarástand í sumum sóknum. Fjárhagsstaðan er óviðunandi eins og fram kom í ályktun aukakirkjupings þann 1. september síðast liðinn. Sóknirnar hafa tekið á sig skerðingu umfram stofnanir innanríkisráðuneytisins, sem nemur 25%. Þetta hefur leitt til fækkunar starfsfólks í sóknunum eins og kunnugt er og álagið á þau er eftir eru er því meira. Auk þess hefur þjóðkirkjan tekið á sig skerðingu eins og aðrar stofnanir þjóðfélagsins eftir hrun fjármálakerfisins, en kirkjuping hefur í þriggja samþykkt viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997.

Bág fjárhagsstaða sem og ýmsir aðrir erfiðleikar er Kirkjan hefur gegnið í gegnum hefur preytt kirkjunnar þjóna og að mínu mati gert okkur tilbúnari til að efast um hugmyndir og aðgerðir og aukið vantraust á þeim er eiga að fylgja þeim eftir og framkvæma. Það örlar á ótta við hið óþekkt og framtíðina en það er afleit tilfinning og gerir engum gott. Það er heldur ekki gott að gera öðrum upp hugsanir. Við verðum að treysta því að hugmyndasmiðum gangi gott eitt til en ekki illt. Við eigum að lifa í samræmi við boðskap Krists. Hann talar oft um óttaleysið. „Vertu ekki hrædd, litla hjörð“ „verðu óhræddir“ „óttist ekki“. Hversu oft skyldi vera nefnt í Biblíunni að við eigum ekki að óttast. Við megum ekki ganga fram í ótta. Við megum ekki láta óttann ná tökum á okkur. Við verðum að treysta því að tillögur séu skoðaðar óttalaust svo besta mögulega niðurstaða fáiast. Stundum þarf að afgreiða tillögur fljótt, stundum má leyfa þeim að gerjast.

Í gær var haldið kirkjuping unga fólksins hér í Grensáskirkju. Þar voru sex tillögur bornar fram. Ein þeirra fjallaði um einelti og Kirkjan hvött til að leggja sitt af mörkum til að vinna gegn einelti og uppræta það. Í fyrradag var minnt á að vinna gegn einelti. Hvatt var til þess að kirkjukulukum væri hringt af þessu tilefni og var klukkum hringt víða um land. Einelti er alvarlegt vandamál sem víða hefur orðið vart við. Nú hefur ungt kirkjufólk vakið athygli okkar á þessu vandamáli og vil ég fylgja eftir samþykkt kirkjupings unga fólksins um þetta mál, því líklegt er að engin stofnun þjóðfélagsins sé laus við það, ekki heldur Kirkjan.

Kirkjan er eins og heimili, þar sem fjölskyldumeðlimir eru margir og á öllum aldri. Þar sem allir þurfa sitt rými og samheldni á að ríkja. Heimilisfólk er ekki alltaf sammála, en markmiðið er að komast að niðurstöðu með málamiðlun. Á þessu heimili þarf að taka til og það getur reynst mikið verk. Þess vegna þarf að skipta með sér verkum til að verkið vinnist. Það er ekki hægt að ætlast til þess að einn vinni fyrir alla, heldur leggi allir sitt af mörkum. Á kirkjuheimilinu er nauðsynlegt að skipta með sér verkum. Á tímum niðurskurðar og endurmats er nauðsynlegt að líta til þess að skipta með sér vekefnum og ábyrgð. Það þarf ekki að vinna alla hluti í hundrað og einum. Það er hægt að fela til dæmis prófastsdæmum ábyrgð á ákveðnum þáttum starfsins kirkjunnar allri til gagns. Það má líka fara að huga að því að leysa mál heima fyrir í nærsamfélaginu, þar sem fólk þekkir aðstæðurnar best. Þannig eflum við ábyrgðina í kirkjunni og skilninginn á því sem við er að etja.

Hlutverk kirkjunnar er það sama og áður. Við stefnum öll að sama marki. Störfum öll á sama vettvangi

að boða trú á Jesú Krist. Það er gert í orði og í verki. Til þess að það gangi er nauðsynlegt að hafa gott skipulag og þjóna sem sinna því hlutverki. Það er mikilvægt að muna eftir því að kirkjan er það fólk er henni tilheyrir. Kirkjan er fólk á ferð. Þess vegna er það sístætt hlutverk kirkjupings að huga að skipulagsmálunum og reyna að finna bestu lausnir á hverjum tíma. Það er ekki létt verk en nauðsynlegt. Sú vinna tekur í raun aldrei enda. Skipulagsbreytingar bitna oftar en ekki á söfnuðum og starfsfólki og því nauðsynlegt að vanda vinnubrögðin. Við skulum ekki óttast tillögur og umræður í þeim efnum en leggja okkur fram um að ná viðunandi niðurstöðu.

Kirkjan hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Hún sameinar fólk á stundum gleði og sorgar. Hún heldur á lofti lífsgildum sem eru grunnstoðir samfélagsins og hún viðheldur minningu og menningu þjóðarinnar. Hún tekur þátt í lífi einstaklinga og fjölskyldna á tímamótum og mikilvægum stundum. Kirkjan er gömul stofnun en samt síung því hún tekur mið af samtímanum hverju sinni. Framundan eru mikilvæg minningarár. Eftir tvö ár verður haldið upp á 200 ára afmæli Biblíufélagsins, elsta félags landsins og eftir fimm ár verða

500 ár frá því Lúther negldi skjal með 95 greinum upp á dyr hallarkirkjunnar í heimabæ sínum þar sem hann mótmælti aflátssölu kapólsku kirkjunnar. Það er gott að nota tækifærin sem gefast til að minnast þeirra stoða er kirkjan okkar hvílir á, Orðs Guðs og kenninga Lúthers. Lúther hafði engan áhuga á því að halda nafni sínu á lofti. Fyrir honum var trúin aðalatriðið. Fagnaðarerindið er aðalatriðið sagði hann og á það við enn þann dag í dag. Þetta skyldum við hafa í huga þegar við tölum um trú og kirkju í orðræðu dagsins. Kirkjan er ekki aðalatriðið, heldur trúin, enda væri engin kirkja til ef trúin væri ekki fyrir hendi.

Við sem kirkjunni þjónum erum hendur hans er leiðir, styður og blessar. Hans sem sagðist ekki myndi skilja okkur eftir ein heldur senda okkur andann heilaga, sem enn er að verki í Kirkjunni og heiminum öllum. Í þeirri trú skulum við starfa á þessu kirkjupingi. Í þeirri vissu að okkur verður leiðbeint og stýrt til góðra verka.

*Áfram því með dug og dáð,  
Drottins studdir ást og náð.  
Sé hann með oss, ekkert er  
óttalegt. Þá sigrum vér.*

# Kirkjuþing unga fólksins 2013

*Sunna Dóra Möller*

Hlutverk kirkjuþings unga fólksins er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar.

Kirkjuþing unga fólksins kom saman á Biskupsstofu laugardaginn 25. maí 2013. Tuttugu ungmenni sem eru virk í kirkjustarfi um allt land tóku þátt í þinginu að þessu sinni. Þóra Björg Sigurðardóttir, sem er æskulýðsfulltrúi Grafarvogskirkju, var kjörin forseti kirkjuþings unga fólksins og var einnig valin til setu sem áheyrnarfulltrúi á kirkjuþingi í haust.

Ályktað var um ungmennalýðræði, aðbúnað leiðtoga í æskulýðsstarfi og stöðu þjóðkirkjunnar

Fimm ályktanir voru samþykktar á þinginu:

## **Ályktun um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009**

Þingið leggur til breytingar á verklagi við undirbúning og framkvæmd kirkjuþingsins, m.a. hvernig og hvenær fulltrúar eru valdir og hvenær þingmálum skuli skilað til þingsins og til þingmanna.

Rýnt í  
nefndartexta á  
kirkjuþingi unga  
fólksins







Fulltrúar á kirkjuþingi unga fólksins 2013

### **Ályktun um kjör ungmenna til setu á hinu almenna kirkjuþingi.**

Þingið óskaði eftir því þrír fulltrúar kirkjuþings unga fólksins fengju seturétt á kirkjuþingi með málsfrelsi, tillögurétt og atkvæði. Nú á einn fulltrúi þingsins eigu seturétt á kirkjuþingi með málsfrelsi og tillögurétt.

### **Ályktun um réttindi ungleiðtoga**

Þingið kallaði eftir því að ungleiðtogar og annað starfsfólk kirkjunnar hefðu aðgang að trúnaðarmanni sem þau gætu talað við þegar þeim finnst brotið á rétti sínum.

### **Ályktun um stöðu þjóðkirkjunnar í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs**

Þingið fagnaði niðurstöðu þjóðarat-

kvæðagreiðslu síðasta haust og hvatti kirkjuna til að taka henni sem ákalli um öfluga og trausta þjóðkirkju. Það hvatti líka til þess að fjármunir kirkjunnar færu í að byggja upp öflugt safnaðarstarf og til þess að niðurskurður í fjármálum bitnaði ekki á æskulýðsstarfi.

### **Ályktun um launataxta leiðtoga í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar**

Þingið kallaði eftir því að til væri samræmdur launataxti fyrir launaða leiðtoga í æskulýðsstarfi, að sjálfbodaliðum væri umbunað samkvæmt umbunarkerfi og að launaðir leiðtogar væru ekki verktakar heldur launþegar.

# Störf kirkjuráðs

## *Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri*



Guðmundur Þór  
Guðmundsson

### Inngangur

Biskup Íslands, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Sr. Karl Sigurbjörnsson lét af embætti biskups Íslands þann 30. júní 2012. Sr. Agnes M. Sigurðardóttir var skipuð biskup Íslands frá og með 1. júlí 2012 og tók þar með við forsæti í kirkjuráði. Auk þess sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Kosið var til kirkjuráðs til fjögurra ára á kirkjuþingi í nóvembermánuði 2010. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru Ásbjörn Jónsson hrl., sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprestur í Glaumbæjarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, sr. Gunnlaugur Stefánsson, sóknarprestur í Heydalaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi og Katrín Ásgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Sól-skóga ehf. Varamenn þeirra eru Birna G. Konráðsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, og dr. Sigurður Árni Þórðarson. Sr. Elínborg Gísladóttir var kosinn varamaður í kirkjuráð á kirkjuþingi 2012 í stað sr. Solveigar Láru Guðmundsdóttur, en hún var kosin vígslubiskup í Hóla-umdæmi árið 2012 og sagði því af sér sem varamaður í kirkjuráði.

Hinir kjörnu kirkjuráðsmenn og varamenn þeirra sitja allir á kirkjuþingi. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar kirkjuþingsmálefni eru til umfjöllunar og forsætisnefnd að jafnaði tvisvar á ári.

Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru rædd.

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs framfylgir ákvörðunum ráðsins og sinnir margháttaðri stjórnsýslu á vegum þess.

Sr. Þorvaldur Karl Helgason lét af starfi biskupsritara og tók sr. Þorvaldur Víðisson við starfinu í hans stað.

### Störf kirkjuráðs

Störf kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta kirkjuþings. Þá undirbýr ráðið ýmis þingmál og veitir kirkjuþingsfulltrúum, sem þess óska aðstoð og ráðgjöf. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð er stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi. Kirkjuráð veitir sóknum margháttaða ráðgjöf um fjármál.

Hér verður stuttlega gerð grein fyrir störfum kirkjuráðs tímabilið 1. júní 2012 til 31. maí 2013.

Helstu viðfangsefni sem ráðið hefur fjallað um utan hefðbundinna mála eru sem hér segir:

## **Viðaukasamningur**

við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997.

Vegna áframhaldandi niðurskurðar-kröfu ríkisins á hendur þjóðkirkjunni árið 2013 var fjórða árið í röð gerður nýr tímabundinn viðaukasamningur við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Samningsviðaukinn felur í sér tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt framangreindu kirkjujarðasamkomulagi vegna kröfu ríkisins á hendur kirkjunni um hagræðingu í fjármálum. Í viðaukanum fellst þjóðkirkjan á að leggja sitt af mörkum og hreyfa ekki andmælum við að framlög ríkisins samkvæmt samningi frá 10. janúar 1997 verði lækkuð á árinu 2012 til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins. Kirkjuþing 2012 samþykkti viðaukasamning þennan.

## **Lækkun tekna**

Fjárlög fyrir árið 2013 hækkuðu um 1% á öllum fjárlagaliðum Biskups Íslands – miðað við fjárlög 2012 að teknu tilliti til endurmats vegna launa. Áfram hefur verið unnið að ýmsum hagræðingar- aðgerðum í rekstri m.a. verið dregið úr umfangi rekstrar í Skálholti og Fjöl-

skylduþjónustu kirkjunnar. Rekstur Tónskólans hefur verið til endurskoðunar. Þeirri meginreglu hefur áfram verið fylgt að ráða almennt ekki í störf sem losna hjá Biskupsstofu og stofnunum kirkjunnar og yfirleitt frestað að auglýsa embætti presta í prestaköllum sem hafa losnað.

## **Sóknargjöld**

Sóknargjöld fyrir árið 2013 voru ákveðin kr. 728 á mánuði fyrir hvern gjaldanda með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum nr. 146/2012. Gjöldin skerðast um 1,2% hækka um 3,8% frá árinu 2012. Felur það í sér samsvarandi skerðingu hækkun á framlögum til Jöfnunarsjóðs sókna og Kirkjumálasjóðs en lögboðnar tekjur sjóðanna eru hlutfall af sóknargjöldunum. Í fjárlögum ársins 2013 er kveðið á um viðbótar- greiðslu til sókna þjóðkirkjunnar samtals að fjárhæð 45 m.kr. til að bæta að hluta þá skerðingu sem orðið hefur á sóknargjöldum undanfarin ár.

## **Aukakirkjuþing**

Haldið var aukakirkjuþing 1. september 2012. Á þinginu var annars vegar ályktað um nýja stjórnarskrá, sjá hér umfjöllun síðar og hins vegar um skerðingu sóknargjalda. Ályktaði þingið um áhyggjur sínar af alvarlegri fjárhagsstöðu sókna landsins, sem er 25% umfram stofnanir innanríkisráðuneytisins og krafðist kirkjuþingið tafarlausrar leiðréttingar gjaldanna. Magnús E. Kristjánsson var kjörinn nýr forseti kirkjuþings í stað Péturs Kr. Hafstein, sem lét af því embætti að eigin ósk fyrir á árinu 2012.

## Kjör vígslubiskups í Hólaumdæmi

Kosið var til embættis vígslubiskups í Hólaumdæmi og hlaut sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, sóknarprestur í Möðruvallaprestakalli, kosningu. Var hún skipuð til embættisins frá og með 1. september 2012.

## Fasteignaumsýsla

Unnið hefur verið að sölu fasteigna kirkjumálasjóðs á grundvelli söluheimilda sem kirkjuping 2012 veitti. M.a. voru fyrrum prestssetursjarðirnar Kálfafellsstaður, sveitarfélaginu Höfn og Tröð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi seldar.

## Pingsályktun um nýja stjórnarskrá

Aukakirkjuping það sem greint er frá fyrr í skýrslu þessari samþykkti svohljóðandi ályktun:

„Þjóðin mun ganga til atkvæðagreiðslu þann 20. okt. næstkomandi um eftirfarandi spurningu. „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá Íslands verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi“. Aukakirkjuping, haldið 1. september 2012, hvetur kjósendur til að minnast þess að hin evangelíska lúterska þjóðkirkja er samofin menningu og sögu íslensku þjóðarinnar sem og annarra norræna þjóða. Þjóðkirkjan er opin, lýðræðisleg almannahreyfing sem heldur uppi þjónustu og mannræktarstarfi um land

allt. Hún er því mikilvæg grunnstoð íslensks samfélags. Því hvetur þingið til þess að áfram verði ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá og að réttindi annarra trú- og lífsskoðunarfélaga verði tryggt.“

## Skálholt

Kirkjuping 2012 ályktaði um hugmyndir um miðaldadómkirkju í Skálholti og að skoðað yrði ítarlega hvort þau áform gætu styrkt rekstur staðarins. Kirkjuráð vann að málinu á tímabilinu, einkum að samningsgerð við forsvarsmenn verkefnisins um bygginguna með hliðsjón af samþykktum kirkjupings.

Unnið hefur verið að deiliskipulagi fyrir Skálholtsjörðina og þá fyrst og fremst á svæðinu þar sem dómkirkjan og Skálholtsskóli standa, auk fleiri bygginga.

Mennta- og menningarmálaráðherra ákvað að friða Skálholtskirkju og Skálholtsskóla.

## Skipurit Biskupsstofu

Kirkjuráð samþykkti nýtt skipurit fyrir Biskupsstofu sem leysir skipurit frá árinu 2001 af hólmi.

Hér hefur verið stiklað á stóru um störf kirkjuráðs. Vísað er til fundargerða kirkjuráðs á vef kirkjunnar til frekari fróðleiks og upplýsinga.

# Fjármálasvið Biskupsstofu

## Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri

### Grundvöllur

Samkvæmt lögum um Kristnisjóð, Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjumálasjóð ber Biskupsstofu að sjá um reikningshald þeirra. Biskupsstofa annast einnig reikningshald samkvæmt samkomulagi fyrir, Tónskóla Þjóðkirkjunnar, Kirkjugarðasjóð, Strandarkirkju og Strandarkirkjugarð, Hinn almenna kirkjusjóð og ýmsa aðra sjóði í vörslu biskups Íslands. Frá og með árinu 2012 sér Biskupsstofa um reikningshald Skálholts. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikningshald þessara sjóða og stofnana.

### Starfsemi

Meginverkefni fjármálasviðs Biskupsstofu er að halda utan um bókhaldsgögn og meðhöndla þau og breyta þeim í upplýsingar sem nýtast stjórnendum til ákvörðunar í rekstri sjóða og stofnana.

Biskupsstofa annast reikningshalds- og greiðsluþjónustu ásamt launaþjónustu og áætlanagerð fyrir stofnanir og sjóði kirkjunnar. Markmiðið er að sniða þjónustuna að þörfum kirkjunnar með það að leiðarljósi að stuðla að betri nýtingu fjármuna hennar.

Starfsmenn fjármálasviðs eru Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Hildur Gunnarsdóttir, féhirðir, Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri, Ólína Hulda Guðmundsdóttir, bókarí, Ólóf Kristjánsdóttir, aðalbókarí og Vigdís Helga Eyjólfsdóttir, bókarí.



Sigríður Dögg Geirsdóttir

### Tekjur kirkjunnar 2012

#### samkvæmt lögum og samningum

Hækkun á tekjum milli árana 2012 og 2011 var um 3,3% í heild þegar tekið er tillit til endurmats vegna launa.

Fjárlagaliður	Tekjur 2012	Tekjur 2011	Mism. %	Mism. kr.
06-701 Þjóðkirkjan	1.440,1	1.319,8	9,1%	120,3
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	296,8	297,0	-0,1%	-0,2
06-705 Kirkjumálasjóður	229,5	229,6	0,0%	-0,1
06-707 Kristnisjóður	74,0	76,3	-3,0%	-2,3
06-735 Sóknargjöld	1.604,5	1.605,3	0,0%	-0,8
<b>Samtals</b>	<b>3.644,9</b>	<b>3.528,0</b>	<b>3,3%</b>	<b>116,9</b>

## Sóknargjöld

Á árinu 2008 var sóknargjaldið 872 kr. fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í Þjóðkirkjunni. Sóknargjaldið lækkaði í 833 kr. árið 2009, var 767 kr. árið 2010 og lækkaði niður í 698 kr. árið 2011. Árið 2012 er sóknargjaldið hækkað í 701 kr. Ef breytingar á sóknargjaldinu hefðu verið í samræmi við breytingar á fjárframlögum til stofnana innanríkisráðuneytisins - hefði sóknargjaldið vegna ársins 2012 átt að vera um 919 kr. Ef sóknargjaldið hefði tekið breytingum frá árinu 2008 eins og lög um sóknargjöld gera ráð fyrir hefði gjaldið átt að vera kr. 1.005 kr. árið 2012. Vegna hækkunar á sóknargjöldum hækka greiðslur frá ríkinu til Jöfnunarsjóðs sókna og Kirkjumálasjóðs í sama hlutfalli og sóknargjöld.

## Biskupsstofa

Meginhlutverk Biskupsstofu er að annast stjórnslu Þjóðkirkjunnar. Jafnframt innir Biskupsstofa af hendi margvíslega sameiginlega þjónustu fyrir kirkjulegar stofnanir. Samkvæmt ársreikningi 2012 er 11,8 m.kr. tekjuhalli í samanburði við 10,6 m.kr. tekjuhalla á árinu 2011. Skuld við ríkissjóð var 15,1 m.kr. í árslok 2012 í stað 36 þús.kr. skuldar í árslok 2011.

## Sóknargjöld

Á árinu 2008 var sóknargjaldið 872 kr. fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í Þjóðkirkjunni. Sóknargjaldið lækkaði í 833 kr. árið 2009, var 767 kr. árið 2010 og lækkaði niður í 698 kr. árið 2011. Árið 2012 er sóknargjaldið hækkað í 701 kr. Ef breytingar á sóknargjaldinu hefðu verið í samræmi við breytingar á fjárframlögum til

stofnana innanríkisráðuneytisins - hefði sóknargjaldið vegna ársins 2012 átt að vera um 919 kr. Ef sóknargjaldið hefði tekið breytingum frá árinu 2008 eins og lög um sóknargjöld gera ráð fyrir hefði gjaldið átt að vera kr. 1.005 kr. árið 2012. Vegna hækkunar á sóknargjöldum hækka greiðslur frá ríkinu til Jöfnunarsjóðs sókna og Kirkjumálasjóðs í sama hlutfalli og sóknargjöld.

## Biskupsstofa

Meginhlutverk Biskupsstofu er að annast stjórnslu Þjóðkirkjunnar. Jafnframt innir Biskupsstofa af hendi margvíslega sameiginlega þjónustu fyrir kirkjulegar stofnanir. Samkvæmt ársreikningi 2012 er 11,8 m.kr. tekjuhalli í samanburði við 10,6 m.kr. tekjuhalla á árinu 2011. Skuld við ríkissjóð var 15,1 m.kr. í árslok 2012 í stað 36 þús.kr. skuldar í árslok 2011.

## Kristnisjóður

Kristnisjóður starfar skv. lögum nr. 35/1970 og er hlutverk hans m.a. að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur að styrkja félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum. Tekjur Kristnisjóðs eiga að samsvara 15 árslaunum presta eða 101,7 m.kr. samningi ríkis og kirkju. Framlag á fjárlögum 2012 var hinsvegar 74 m.kr. Í ársbyrjun 2006 voru verkefni Kristnisjóðs færð yfir á Kirkjumálasjóð. Ársreikningur Kristnisjóðs árið 2012 er því aðeins fólginnt í tilfærslu fjármuna frá Kristnisjóði til Kirkjumálasjóðs.

## Jöfnunarsjóður sókna

Jöfnunarsjóður starfar skv. lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987. Hlutverk sjóðsins er m.a. að veita styrki til þeirra sókna sem hafa sérstöðu umfram aðrar sóknarkirkjur og að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem sóknargjöld nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Jafnframt annast sjóðurinn fjársýslu með veittum lánum Kirkjubýggingasjóðs. Þá hefur Jöfnunarsjóður heimild til að veita ábyrgðir, sbr. reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna. Tekjur miðast við 18,5% ofan á sóknargjöld og breytist gjaldið í hátt við breytingu á meðaltekjuskattstofni eins og sóknargjöldin. Niðurskurður ríkis á sóknargjöldum hefur bitnað á tekjum Jöfnunarsjóðs sókna.

## Kirkjumálasjóður

Kirkjumálasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 138/1993. Hlutverk Kirkjumálasjóðs er m.a. að kosta viðhald prestssetra, að standa straum af kostnaði við Kirkjuping, Kirkjuráð, Prestastefnu, biskupsgarð, fjölskylduþjónustu, tónskóla, starfsþjálfun guðfræðikandidata og ýmis önnur verkefni. Í ársbyrjun 2008 fluttust fasteignir og langtímaskuldir Skálholts til Kirkjumálasjóðs. Tekjur sjóðsins miðast við 14,3% ofan á sóknargjöld. Niðurskurður ríkis á sóknargjöldum hefur bitnað á tekjum Kirkjumálasjóðs. Fasteignir og jarðir Kirkjumálasjóðs eru færðar á fasteignamati í efnahagsreikningi, nema Skálholtskirkja er færð á brunabótamati. Í ársbyrjun 2011 var rekstur Fjölskylduþjónustu kirkjunnar sameinaður Kirkjumálasjóði. Ársreikningur 2012 liggur ekki fyrir.

## *Fimm ára yfirlit í þús. kr. á verðlagi hvers árs*

## Biskupsstofa

	2012	2011	2010	2009	2008
<b>Rekstur</b>					
Tekjur	221.328	251.504	241.620	187.854	145.597
Gjöld	(1.673.262)	(1.580.313)	(1.617.843)	(1.675.152)	(1.664.584)
Stofnkostnaður		(1.586)	(285)	(606)	(2.426)
Greiðslur ríkis	1.440.100	1.319.800	1.382.100	1.482.300	1.515.600
Tekjuafgangur (-halli)	(11.834)	(10.595)	5.592	(5.604)	(5.813)
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir	7.567	2.148	22.439	7.243	9.779
Eignir alls	7.567	2.148	22.439	7.243	9.779
Höfuðstóll	(24.899)	(13.064)	(2.469)	(8.061)	(4.000)
Skammtímaskuldir	32.465	15.212	24.908	15.304	13.779
Eigið fé og skuldir alls	7.567	2.148	22.439	7.243	9.779

## Kristnisjóður

	2012	2011	2010	2009	2008
<b>Rekstur</b>					
Tekjur	74.000	76.300	82.200	87.900	92.500
Gjöld	(74.001)	(76.430)	(82.201)	(88.251)	(92.501)
Rekstrarafgangur (-halli)	(1)	(130)	(1)	(351)	(1)
Fjármunatekjur (-gjöld)	19	2	6	103	84
Tekjuafgangur (-halli)	18	(128)	5	(248)	83
<b>Efnahagur</b>					
Fastafjármunir	0	0	0	0	0
Veltufjármunir	32	14	390	137	535
Eignir alls	32	14	390	137	535
Eigið fé	32	14	142	137	385
Langtímaskuldir	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	0	0	248	0	150
Eigið fé og skuldir alls	32	14	390	137	535

## Jöfnunarsjóður sókna

	2012	2011	2010	2009	2008
<b>Rekstur</b>					
Tekjur	296.824	296.982	331.869	361.671	376.606
Gjöld	(309.913)	(320.116)	(397.374)	(431.955)	(393.711)
Rekstrarhagn (-halli)	(13.089)	(23.134)	(65.505)	(70.284)	(17.105)
Fjármunatekjur	6.895	9.618	8.313	17.350	46.402
Tekjuafgangur (-halli)	(6.194)	(13.516)	(57.192)	(52.934)	29.297
<b>Efnahagur</b>					
Fastafjármunir	44.257	50.815	32.214	44.054	54.660
Veltufjármunir	161.220	150.193	162.667	212.955	264.508
Eignir alls	205.747	201.008	194.881	257.009	319.168
Höfuðstóll	169.482	175.676	189.192	246.384	299.317
Langtímaskuldir	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	36.265	25.332	5.689	10.625	19.851
Eigið fé og skuldir alls	205.747	201.008	194.881	257.009	319.168



# Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar 2013

*Marinó Þorsteinsson*

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðar-dóttir setti 27. Leikmannastefnu þjóðkirkjunnar í Grensáskirkju í fyrsta sinn á sinni embættistíð. Hún fór með bæn og flutti síðan ávarp. Þá hvatti hún leikmannastefnufulltrúa til að gleyma því ekki að þeir eru fulltrúar safnaðanna í landinu, víðfeðmustu almannahreyfingu landsins, - þjóðkirkjunni. Biskup lýsti áhyggjum sínum af neikvæðri umræðu um kirkjuna, sem víða má finna og spurði um tilganginn. Þá lagði hún áherslu á að hlúa þyrfti að æsku landsins, en mikilvægt skref hefði verið stigið þegar alþingi lögfesti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Formaður leikmannaráðs, Marinó Þorsteinsson, flutti skýrslu ráðsins og greindi frá reikningum. Var hvoru tveggja samþykkt án umræðu.

Aðal fundarefni stefnunnar voru þrjú:

## **I Æskulýðsmál í uppnámi ?**

Jónína Sif Eypórsdóttir og Ninna Sif Svavarsdóttir ræddu um stöðu æskulýðsmála í sóknnum landsins. Þær sögðu m.a. að Æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar hafi verið endurvakin 2011. Hver söfnuður setji sér markmið í barna- og unglingastarfi, sem hæfi hverri sókn fyrir sig og tryggð verði fagleg vinnubrögð. Víða sé gott samstarf við skólana og þar náist til barna og unglínga, sem hafa þörf fyrir starfið.

## **II Gildi kirkjupings**

Stefán Magnússon, varaforseti kirkjupings, ræddi um stöðu kirkjupings. Hann taldi að traust á kirkjunni hefði aukist. Mörgum hefði komið á óvart hinn góði stuðningur við kirkjuna í atkvæðagreiðslunni um stjórnarskrána. Kirkjan þurfi að standa undir þessu trausti. Auka þurfi áhrif almennings í kirkjumálum, t.d. við val á prestum og í sóknarnefndir. Kirkjan sé lengi að taka ákvarðanir, það hafi spilt fyrir henni. Bregðast þurfi fljótar við. Um skeið hafi verið unnið að drögum um breytingar á þjóðkirkjulögum. Við þurfum að fylgja takti tímans en vanda þarf verkið. Á að leggja heildstæð lög eða hluta fyrir alþingi? Lítil vilji hafi verið hjá mörgum á alþingi fyrir því. Kirkjuping þurfi að halda oftari, t.d. tvisvar á ári, til að sinna því sem upp kemur. Kirkjan hafi þurft að sæta niðurskurði eftir hrun. Óeðlilegt að niðurskurður til kirkjunnar sé meiri en til annarra stofnana innanríkisráðuneytis. Ekki verði lengra gengið í niðurskurði án uppsagna presta. Sóknargjöld eiga að standa undir starfsemi sóknanna, en langt í land að það standist. Margar sóknir nánast gjaldþrota. Kirkjan sé í sókn á öllum sviðum. Hún er fjöldahreyfing meginþorra landsmanna.

Í umræðum eftir erindi Stefáns sagði biskup m.a. Að kirkjan þurfi öflugan talsmann í leikmannastefnu og að stefnan verði ákveðinn þrýstihópur. Við búum við fjandsamlegt ríkisvald, en vinsamlega alþingismenn. Vinna þurfi rétt og velja réttar leiðir svo að allir



Marinó  
Þorsteinsson



séu ánægðir. Þá kom fram í umræðunni að ríkisvaldið óski eftir endurskoðun á ákvæðum í samningnum frá 1997 milli kirkju og ríkis. Trúlegt sé að reynt verði að ná endanlegum samningi um sóknargjöld í viðræðum sem efalaust fara af stað í haust. Það sé okkar að þrýsta á þingmenn um hækkun sóknargjalda. Umræða um fjármál á kirkjupingi sé alltaf erfið. Stuðningur og traust á kirkjunni kemur frá okkur. Við erum öll talsmenn Krists og eigum að sameina krafta okkar og mynda breiðfylkingu.

### III Staða trúfélaga

Pallborðsumræða. Við pallborðið sátu: Frá Veginum: Hafsteinn Einarsson; frá Hvítasunnusöfnuðinum: Gísli Freyr Valdórsson; frá Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni: Guðmundur Ólafsson; frá Kapólska söfnuðinum: Jóhanna Long. Þau lýstu starfi og stöðu í sínum söfnuðum. Eftir þessa kynningu hófst mikil umræða og fram bornar margar fyrirpurnir. Þar kom m.a. fram að öll

trúfélögin eru reiðubúin til frekari samstarfs sín á milli. Einnig að kristnir einstaklingar ættu að standa saman.

Lagt var fram bréf frá kirkjuráði dags. 7. mars 2013. Þar er vísað í nefndarálit allsherjarnefndar kirkjupings:

„Nefndin hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um sameiningu prestakalla og telur mikilvægt að mál 41 fari til kynningar á héraðsfundum, prestastefnu, leikmannastefnu og til allra sóknarnefndarformanna á landinu“. - Samþykkt að vísa málinu til leikmannaráðs þar sem þessi beiðni hafi komið svo seint fram.

### Kosningar

Úr leikmannaráði áttu að ganga einn aðalmaður og einn varamaður, það eru þeir Marinó Þorsteinsson og Helgi K. Hjálmsson. Marinó gaf kost á sér áfram, en Helgi ákvað að hætta eftir að hafa setið í stjórn leikmannaráðs frá stofnun leikmannastefnu 1987 og í mörg ár sem formaður. Hafliði Jósteinnsson lagði til



Marínó Þorsteinsson,  
Agnes  
Sigurðardóttir og  
Helgi Hjálmsón

fyrir hönd kjörnefndar að Marínó yrði endurkjörinn og að Reynir Sveinsson, Kjalarnessprófastsdæmi, yrði kosinn í stað Helga. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða. Skoðunarmaður reikninga var kosinn áfram Bergur Torfason. Leikmannaráð skipa nú:

#### **Aðalmenn:**

Formaður: Marínó Þorsteinsson, Reykjavíkurrófastsdæmi vestra.

Ritari: Þórdís Friðbjörnsdóttir, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi. Meðstjórnandi: Jón Hákon Magnússon, Reykjavíkurrófastsdæmi vestra.

#### **Varamenn:**

Guðný Guðnadóttir, Suðurprófastsdæmi. Jón Oddgeir Guðmundsson, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi. Reynir Sveinsson, Kjalarnessprófastsdæmi.

Leikmannastefnuna sátu um 40 fulltrúar og gestir. Var henni var slitið í Biskupsgarði. Við það tækifæri var

Helga K. Hjálmsyni þökkun vel unnin störf í þágu leikmanna og afhent gjöf frá leikmannastefnunni.

Samþykktar voru tvær ályktanir:

#### **Ályktun um friðun Skálholtskirkju og nánasta umhverfis hennar**

Leikmannastefna þjóðkirkjunnar 2013, haldin 9. mars í Grensáskirkju, fagnar þeirri ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra frá 27. desember 2012 um að friða Skálholtskirkju, Skálholtsskóla og nánasta umhverfi kirkjunnar. Friðunin nær til ytra og innra byrðis kirkjunnar og ytra byrðis skólans. Ráðherra hefur þannig fallist á sjónarmið húsafriðunarnefndar, sem óskaði eftir friðuninni.

Leikmannastefna fagnar því að staðarmynd þessa helgistaðar íslensku kirkjunnar hefur nú verið friðuð á hálftrar aldar afmælisári hennar.

Leikmannastefna vekur athygli á því að friðunin nær ekki til nýlegrar yfirbyggingar yfir friðlýstar fornleifar Þorláksbúðar sem eru nánast við kirkju-

vegginn. Sú nýbygging er ekki friðuð, heldur aðeins fornleifarnar sem hún hefur verið reist yfir í hinum forna kirkjugarði.

Leikmannastefna hvetur til þess að yfirbyggingin yfir fornleifarnar við kirkjuvegginn verði flutt á annan stað á svæðinu, fjarri hinum friðuðu byggingum og staðarmyndinni í Skálholti. Hvatt er til þess að það verk verði unnið og því lokið fyrir 50 ára vígsluafmæli Skálholtskirkju hinn 21. júlí á komandi sumri. Skálholt hefur verið helgur staður kristinna manna á Íslandi í aldaðir og ber öllum að umgangast staðinn með virðingu og væntumþykju.

### **Ályktun um sóknargjöld.**

Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar sem haldin var í Grensáskirkju 9. mars 2013 vill áréttta enn einu sinni að ríkið hefur með einhliða ákvörðunum á síðustu árum tekið sífellt stærri hluta innheimts sóknargjalds til sín. Það hefur verið réttlætt af ríkisvaldinu annars vegar með miklum niðurskurði ríkistekna vegna bankahrunsins og hins vegar með því að hér sé um að ræða framlag sem ríkið hafi fullt sjálfðæmi um sem er fjarri sanni.

Leikmannastefnan lýsir verulega þungum áhyggjum af þessari þróun, enda er um að ræða félagsgjöld sókn-

anna sem er grundvöllur kirkjustarfsins í heimabyggð. Er nú svo komið að ill mögulegt er að halda úti grunnstarfi í mjög mörgum sóknum Íslands, þar sem laun og annar nauðsynlegur rekstrarkostnaður auk fjármagns-kostnaðar hefur hækkað verulega á þessu tímabili.

Leikmannastefnan vekur athygli á álitum sem nefnd á vegum innanríkisráðherra skilaði af sér á síðastliðnu ári þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að sóknargjöld hafa lækkað um 20% frá árinu 2008 að teknu tilliti til úrsagna úr Þjóðkirkjunni. Á sama tíma hafi greiðslur til stofnana innanríkisráðuneytisins hækkað vegna verðlagsbóta um 5%. Með sama hætti ættu sóknargjöld fyrir árið 2013 að vera kr. 958 á hvern gjaldanda en eru nú kr. 728. Er hér því um að ræða brot á jafnræði sem er mikið óréttlæti í garð trúfélaga.

Leikmannastefnan skorar því á stjórnvöld að hlutast til þess að sóknargjöldin verði leiðrétt til samræmis við þróun fjárveitinga til stofnana innanríkisráðuneytisins þannig að sóknargjöldin verði kr. 958 á mánuði fyrir hvern gjaldanda á árinu 2013 í stað kr. 728 og renni óskert til sókna Þjóðkirkjunnar eins og vera ber og gerður verði samningur við Þjóðkirkjuna og önnur trúfélög um ákvörðun sóknargjalda.

# Vígslubiskup Hólastiftis

## Solveig Lára Guðmundsdóttir

Á kirkjupingi í nóvember 2011 tilkynnti sr. Jón Aðalsteinn Baldvinsson vígslubiskup að hann hygðist láta af störfum á næsta ári og eftirmaður hans myndi verða vígður á Hólahátíð 2012.

### Biskupsvígsla

Þann 12. ágúst árið 2012 vígði biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir mig biskupsvígslu í Hóladómkirkju til þjónustu í Hólastifti. Með biskupi þjónuðu fyrir altari sr. Gunnar Jóhannesson sóknarprestur staðarins, sr. Dalla Þórðardóttir prófastur, sr. Jón Ármann Gíslason prófastur, sr. Davíð Baldursson prófastur, Stefán Magnússon kirkjuþingsfulltrúi, Magnús E. Kristjánsson varaforseti Kirkjuþings ásamt vígslubiskupum og vígsluvottum. Sr. Hreinn Hákonarson lýsti vígslu. Ritningarlestra lásu Erla Björk Örnólfsson rektor Hóla-skóla, Björg Baldursson, formaður sóknarnefndar Hólasóknar og Sofie Petersen, Grænlandsbiskup. Vígsluvottar voru sr. Gylfi Jónsson, Unnur Halldórsdóttir, djákni, Jógvan Friðriksson, Færeyjabiskup, Sofie Petersen Grænlandsbiskup, Niels Henrik Arendt, biskup í Haderslev, Danmörku, Esbjörn Hagberg, biskup í Karlstad, Svíþjóð, Seppo Hakkinen, biskup í Mikkelí, Finnlandi, Michael Ipgrave, biskup í Woolwich, Bretlandi og sr. Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti. Famuli voru sr. Þorgeir Arason og Aðalheiður Jóhannsdóttir djákni. Meðhjálparar voru Laufey Guðmundsdóttir og Málfríður Finnboogadóttir. Organistar voru Jóhann

Bjarnason og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir. Trompetleikari var Sveinn Sigurbjörnsson. Kórsöng önnuðust Kór Hóladómkirkju og Kirkjukór Möðruvallaklaustursprestakalls.

Athöfnin var öll hin hátíðlegasta haldin á heitum sumardegum þegar hitinn fór vel yfir 20 gráður. Það var sérstök tilfinning að vera skrydd eftirgerð af kórkápu Jóns Arasonar, sem hjónin Jón Aðalsteinn og frú Margrét gáfu Hóladómkirkju til minningar um dóttur sína Sigrúnu Jónsdóttur organista, sem féll frá langt fyrir aldur fram frá litlum börnum. Minningu hennar er haldið á lofti í hvert sinn sem ég ber kápuna, sem er mikið listaverk.

### Kirkjuheimsóknir

Þann 1. september 2012 tók ég síðan formlega við embætti, en flutti ekki inn í biskupssetrið fyrir en 11. október þar sem nokkrar endurbætur þurftu að gera á húsinu.

Eitt af fyrstu embættisverkum mínum var að heimsækja Þórshöfn á Langanesi, en þar fundaði ég með skólastjórnendum, sóknarnefndum prófasti og bæjar-yfirvöldum um átaksverkefni sem verið var að hrinda af stokkunum sem bar yfirskriftina *Syngjandi skóli – syngjandi kirkja*. Var sr. Hildur Sigurðardóttir á Skinnastað ráðin til að sinna verkefninu, sem tókst í alla staði mjög vel.

Ferðalög um Hólastifti fóru fljótt að verða einkennandi fyrir starf mitt, en auk þess fór ég út fyrir stiftið. Þann 23. september prédikaði ég í Sel-



Solveig Lára Guðmundsdóttir

Sr. Solveig Lára  
færð í kórkápuna



tjarnarneskirkju, þann 30. september prédikaði ég í Vídalínskirkju, 7. október á Möðruvöllum, 14. október á Skeggjastöðum þar sem ég blessaði nýtt sáluhlíð, sem prestshjónin gáfu kirkjunni. Dagana 26.-28. október sat ég Landsmót æskulýðsfélaganna á Egilsstöðum þar sem ég bæði setti mótið og prédikaði við lokamessuna. Þann 4. nóvember var ég ásamt eiginni minni við biskupsvígslu í Odense í Danmörku þegar Tine Lindhardt var vígð biskup í Fjónsstifti.

Þann 2. desember prédikaði ég í Sauðárkróskirkju þegar haldið var upp á 120 ára afmæli kirkjunnar og sama dag flutti ég ræðu á aðventukvöldi á Hvammstanga.

Hér heima á Hólum messaði ég á aðfangadagskvöld, jóladag og gamlárskvöld. Eftir hátíðar var minna um messuheimsóknir, enda veturinn sérstaklega snjópungur. Ég messaði hér á föstudaginn langa og á páskadag.

## Prestsvígsla

Þann 16. september 2012 framkvæmdi ég mína fyrstu prestsvígslu. Það var sr. Sunna Dóra Möller, sem vígð var til þjónustu við Akureyrarkirkju. Var það einstaklega ánægjulegur dagur, en eigenmaður hennar, sr. Bolli Pétur Bollason, systkini hans, sr. Jóna Hrönn Bolladóttir og sr. Hildur Eir Bolladóttir og svili hennar, sr. Bjarni Karlsson voru vígsluvottar.

## Hólanefnd

Vígslubiskup Hólastiftis er formaður Hólanefndar, en auk mín sitja í nefndinni rektor Hólaskóla, Erla Björk Örnólfsdóttir, prófastur í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, sr. Dalla Þórðardóttir og formaður sóknarnefndar Hólasóknar Björg Baldursdóttir. Hlutverk Hólanefndar er umsjón með Hóladómkirkju og Auðunarstofu. Fundir á árinu hafa verið fimm og er þá helst til starfa nefndarinnar að telja undirbúning fyrir 250 ára afmæli kirkjunnar, sem



Árnaðaróskir frá forseta Íslands

haldið mun verða hátíðlegt á Hólahátíð 16.-18. ágúst 2013, en kirkjan var vígð 20. nóvember árið 1763.

Kirkjuvörður er Laufey Guðmundsdóttir, en hún starfar við kirkjuna allan ársins hring. Auk þess að vera meðhjálpari tekur hún á móti hópum sem koma heim að Hólum og vekur upp sögu staðarins í hugum þeirra sem staðinn heimsækja. Þegar þess er óskað sé ég líka um að taka á móti hópum, bæði innlendum og erlendum. Auk Laufeyjar koma að sumarstarfinu Magnús Ástvaldsson og Nanna Westerlund. Viðar Sverrisson sér um hirðingu garðs og viðhald Auðunarstofu. Sr. Hjörtur Pálsson, sem starfað hefur fyrir Hólanefnd hefur látið af störfum og færi ég honum þakkir fyrir störf hans hér á Hólum. Málfríður Finnbogadóttir sem hefur verið starfsmaður Hólanefndar um árabíl lét af störfum og eru henni þökkúð störf fyrir nefndina. Margrét Sigtryggsdóttir var ritari nefndarinnar. Lét hún af störfum um leið og eigenmaður hennar og eru henni

þökkúð störf hennar á liðnum árum. Við ritarastarfi tók eigenmaður minn sr. Gylfi Jónsson, en hann hefur einnig verið ötull í því að aka mér á milli staða í messuheimsóknum mínum. Án hans aðstoðar við störf mín hefði mér orðið lítið úr verki.

## Guðbrandsstofnun

Vígslubiskup er formaður Guðbrandsstofnunar, sem er samstarfsverkefni vígslubiskupsins á Hólum, Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands. Stjórn Guðbrandsstofnunar skipa auk mín Erla Björk Örnólfsdóttir rektor og Hjalti Hugason prófessor.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. starfsreglna um Guðbrandsstofnun dags. 8. júní 2004 skal stjórn stofnunarinnar marka henni stefnu og samþykka starfsáætlun fyrir hana. Á grundvelli þessa og með tilvísun til 2. gr. starfsreglnanna setur stjórnin sér eftirfarandi stefnu frá hausti 2012 til næstu þriggja ára.

Tónleikahald: Haldið verði áfram

með sumartónleika í Hóladómkirkju með líku sniði og á undanförunum árum. Leitað verði leiða til að styrkja fjárhagslegan grundvöll tónleikahaldsins m.a. með því að auka kostnaðarþátttöku tónleikagesta.

Menningardagskrár/fræðslustarfsemi:

1. Árleg dagskrá í tilefni af degi Guðmundar góða. Dagskráin verði haldin um þá helgi sem er næst (fyrir eða eftir) 16. mars. Markmið dagskrárinnar sé að varpa ljósi á persónu, störf og samtíð Guðmundar góða í víðum skilningi á alþýðlegan máta. Þá fari fram tónlistarflutningur og/eða menningarmiðlun á annan hátt.
2. „Fræðafundur heima á Hólum“. Efnt verði til eins margra fræðslufunda og aðstæður stofnunarinnar leyfa. Markmið þeirra sé almenningsfræðsla og/eða umræður um efni á einhverju því sviði sem tilgreint er í 3. mgr. 1. gr. í starfsreglunum.

Stjórn stofnunarinnar hefur leitast við að fylgja þessari stefnu. Þann 16. mars 2013 var Dagur Guðmundar góða haldinn hátíðlegur í Auðunarstofu. Þar flutti dr. Hjalti Hugason erindi um Guðmund góða í ljósi geðlæknisfræðinnar og ég flutti erindi um hvar mætti finna Guðmund góða í nútímasamfélagi.

Sumartónleikarnir hafa nú þegar verið skipulagðir og það listafólk sem leggur sumartónleikunum lið sumarið 2013 eru Bára Grímsdóttir og Chris Foster, Hallfríður Ólafsdóttir og Ármann Helgason, Jón Þorsteinn Reynisson, Gunnar Kvaran og Guðný Guðmundsdóttir og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir og Kirkjukór Möðruvallaklaustursprestakalls.

Þá hefur verið boðið til Fræðafunda heima á Hólum og hafa valdir fræði-

menn/konur fengið boð um að koma til vikudvalar á Hólum gegn því að halda erindi um hugðarefni sín í Auðunarstofu.

## Messuheimsóknir

Eins og áður hefur prestum stiftisins verið boðið að koma og messa heima á Hólum. Þau sem þegið hafa boðið í ár eru sr. Sigríður Gunnarsdóttir á Sauðárkróki, sr. Magnús Magnússon á Hvammstanga, sr. Guðni Þór Ólafsson á Melstað, sr. Bolli Pétur Bollason í Laufási, sr. Þorgrímur Daníelsson á Grenjaðarstað, sr. Ólafur Hallgrímsson á Mælifelli og sr. Sunna Dóra Möller, settur sóknarprestur á Möðruvöllum. Auk þess mun Kristín Árnadóttir djákni prédika í einni messu.

## Kirkjuping

Á starfsárinu voru haldin þrjú kirkjuping, sem ég sat öll. Aukakirkjuping var haldið 1. september 2012, aðalkirkjupingin var haldið 10.-15. nóvember og framhaldsping var haldið 1.-2. mars.

## Biskupa- og prófastafundir

Biskupafundir voru á starfsárinu níu talsins, enda þurftum við mjög að bera saman bækur okkar þar sem við öll þrjú vorum tiltölulega ný í embætti. Einnig sat ég prófastafund 5.-6. mars 2013.

## Nefndir

Ég á sæti í tveimur nefndum, Jafnréttisnefnd þjóðkirkjunnar þar sem ég er formaður og í nefnd sem undirbyr fimm alda minningu siðbótarinnar.



## Fundir og viðtöl

Auk nefndafunda sótti ég tvo héraðs-fundi og prédikaði við upphaf beggja, þá sótti ég þingmálafundi, einn kirkjuráðsfund, nokkra sóknarnefndar-fundi, þrjá prestafundi, héraðsnefndar-fund og stjórnarfund hjá stjórn Kirkju-miðstöðvarinnar við Eiða. Þá heimsótti ég þó nokkra presta og átti við þá spjall um starfið og lífið.

## Guðfræðidagar á Hólum

Samkvæmt venju hélt Prestafélag Hóla-stiftis hins forna guðfræðidaga hér á Hólum 27.-29. maí. Að þessu sinni var sami fyrirlesarinn allan tímann. Var þar dr. Gunnar Kristjánsson sem hélt erindi um Marteín Lúter og siðbótina. Voru guðfræðidagarnir vel sóttir og uppbyggilegir í alla staði. Síðasta kvöldið var móttaka hjá okkur hjónum í biskups-garði.

## Lokaorð

Við hjónin viljum þakka þeim fjölmörgu sóknarnefndarformönnum og prestum sem tóku á móti okkur í aðdraganda biskupskjörsins. Það var mikil lífsreynsla að sjá og finna fyrir öllu því góða starfi sem unnið er á vettvangi kirkjunnar í stiftinu. Ég vil auk þess þakka öllum þeim sem hafa komið að því mikla og góða starfi sem unnið er hér heima á Hólum.

Að lokum vil ég þakka forvera mínum í embætti sr. Jóni Aðalsteini Baldvínssyni fyrir það mikla starf sem hann hefur byggt upp hér á Hólum. Það eru forréttindi að taka við svo góðu búi að hægt sé að ganga inn í gott skipulag sem fyrir er. Síðan er það mitt að byggja ofan á ef Guð lofar. Ég bið sr. Jóni Aðalsteini og frú Margréti Guðs blessunar við ný viðfangsefni á heimaslóðum.

# Vígslubiskup Skálholtsstiftis

*Kristján Valur Ingólfsson*



Kristján Valur  
Ingólfsson

Það sem sannarlega bar hæst á starfsárinu 2012 tengist starfseminni í Skálholti bæði beint og óbeint. Það var að sjálfsögðu vígsla séra Agnesar M Sigurðardóttur til biskups Íslands og vígsla séra Solveigar Láru Guðmundsdóttur til Hólabiskups. Það er alltaf mikill viðburður þegar vígður er nýr biskup, en það er einstakur viðburður þegar kona er í fyrsta sinn vígð til biskups Íslands. Þegar tvær konur eru vígðar til biskups með svo stuttu millibili er það jafnvel fátítt meðal fjölmennari þjóða og kirkna. Hvað þjóðkirkjuna sjálfa varðar þá mun það ekki hafa áður gerst að tveir biskupar væru vígðir á sama árinu. Óhætt er að segja að um langa hríð hafi ekkert breytt yfirbragði og ímynd þjóðkirkjunnar og þessar tvær vígslur. Guð blessi biskup Íslands og Hólabiskup í þeirra dýrmætu þjónustu.

Í Skálholtsumdæmi var það einkum þrennt sem hæst bar: kirkjuheimsóknir, starfsemi Skálholtsskóla og Skálholts-hátíð.

Það er eitt hið allra ánægjulegasta í starfi vígslubiskups að vitja kirkna og safnaða á hátíðisdögum þeirra og fá að sjá með eigin augum alla þá umhyggju og elskusemi sem einkennir starf presta og safnaða gagnvart helgihaldi og helgidómum kirkjunnar. Með endurskoðuðu skipulagi á vísitásium biskups Íslands og vígslubiskupanna munu einnig gefast ný tækifæri til samfunda við sóknir og söfnuði, sem er tilhlökkunarefni. Ég geri ekki upp á milli heimsóknanna þó ég nefni sérstaklega

messu í kirkjunni í Stafafelli í Lóni og kirkjukaffið í gamla skólahúsinu þann 19. ágúst 2012. Stafafellskirkja er traustur útvörður Skálholtsumdæmis til austurs og því verðugt og rétt að vitja hennar.

Óhjákvæmilega falla fleiri verkefni Skálholtsskóla til vígslubiskups meðan ekki hefur verið ráðið í stöðu rektors. Kirkjuráð heimilaði að Þorvaldur Karl Helgason yrði lánaður frá Biskupsstofu í 40% starfshlutfalli til Skálholts þegar störfum hans sem biskupsritara lyki. Verkefni hans á Biskupsstofu voru hins vegar bæði mörg og stór og teygðu sig langt fram á árið 2013, en vel spilaðist úr þeim takmarkaða tíma sem hann hafði fyrir Skálholt.

Í starfi Skálholtsskóla gætir þess glögglega að kirkjur og söfnuðir búa við mjög skertan fjárhag. Námskeið og samverur ýmiss konar fyrir kirkju-starfsfólk sem áður voru algengar eru nú um stundir afar fágætar, en þó virðist botninum náð. Kyrrðardagar eru enn fastur dagskrárliður, og að meðaltali eru kyrrðardagar mánaðarlega yfir vetrartímann, en þó hefur orðið að fella niður kyrrðardaga nokkrum sinnum vegna ónógrar þátttöku. Á síðbótardaginn 2012 var sett af stað röð samfunda sem við köllum Colloquium og tengjast síðbótarafmælinu 2017. Árið 2012 var umræðuefnið skírinn, 2013 verður það kvöldmáltíðin, 2014 embættið, 2015 predikunin, 2016 kirkjuskipanin og 2017 sálmasöngurinn.

Skálholtshátíð var haldin að venju sem næst Þorláksmessu á sumar sem er 20. júlí.

Hátíðin stóð frá föstudegi 20. júlí til sunnudagsins 22. júlí. Svo vel stóð á að Voces Thules voru við upptökur í Skálholti vikuna á undan hátíðinni og tóku því vel að vera virkir þátttakendur í hátíðinni sjálfri. Þetta var fyrsta Skálholtshátíðin sem var á mínum höndum og fór sem betur fer vel í alla staði. Messað var við Þorlákssæti á Þorláksmessu á sumar, og verður það fastur viðburður eftirleiðis. Hátíðin á laugardegi einkenndist af viðburðum sem ætlaðir eru fjölskyldufólki, og verður svo einnig áfram. Þátttaka í viðburðum hátíðarinnar var allgóð og vel viðunandi. Eins og fyrr setti hópur pílagríma sem gengið hafði frá Þingvallakirkju til Skálholtskirkju sterkan svip á hátíðarmessuna. Að þessu sinni var hópurinn sérstakari en fyrr vegna þess að nokkrir pílagrímar höfðu gengið alla leið frá kirkjunni í Bæ í Borgarfirði, um 120 km leið.

Að öðru leyti einkenndist síðasta starfsár mjög af vinnu við að leiða Skálholt upp úr þeim öldudal sem það hafði ratað í, ekki síst vegna mikilla skulda sem safnast höfðu fyrir á undanförunum árum, fyrst og fremst vegna byggingaframkvæmdanna og hvílt hafa þungt á sjóðum þjóðkirkjunnar og verið baggi á rekstri hennar. Til þess að glíma við rekstrarvanda Skálholts skipaði kirkjuráð sérstaka stjórn Skálholts sem tók til starfa árið 2006. Í henni áttu sæti vígslubiskup og tveir fulltrúar kirkjuráðs. Stjórn Skálholts var lögð niður sumarið 2011. Nú fer biskup Íslands sem forseti kirkjuráðs, og kirkjuráðið í heild með stjórn Skálholts eins og verið hafði allt frá því að lögin um afhendingu Skálholts voru sett árið 1963. Vígslubiskupinn í Skálholti ber ábyrgð á málefnum staðarins annars vegar samkvæmt lögum og starfs-

reglum en hins vegar sem fulltrúi kirkjuráðs á staðnum samkvæmt bókunum kirkjuráðs þar um.

Þjóðkirkjulögin frá 1997 tilgreina einungis að vígslubiskupar hafi aðsetur í Skálholti og á Hólum (16. gr.), en segja ekkert um skyldur þeirra við staðina að öðru leyti. Starfsreglur um vígslubiskupa (nr. 968/2006, 5. gr.) taka fram að vígslubiskupar beri ábyrgð á uppbyggingu biskupsstólanna eftir því umboði sem kirkjuráð veitir þeim og að þeir séu kirkjuráði til stuðnings og samráðs í málefnum biskupsstólanna. Vel má skerpa á ákvæðum sem lúta að skyldum vígslubiskups í Skálholti gagnvart staðnum og rekstri hans í starfsreglum, líkt og kirkjuráð hefur þegar gert með samþykkt sinni frá því í febrúar 2012, sérstaklega vegna þess að vígslubiskupinn hefur aðkomu t.d. bæði að starfrækslu Skálholtskóla og að framkvæmd og rekstri Sumartónleikanna. Skólinn starfar samkvæmt gildandi lögum frá árinu 1993, en Sumartónleikarnir samkvæmt skipulagsskrá. Síðan nýtur Skálholtsstaður sérstaks framlags úr ríkissjóði samkvæmt lögum um afhendingu Skálholts frá 1963. Eðlilegt má telja að túlka beri starfsreglur um vígslubiskupa að því leyti sem að Skálholti snýr þannig að vígslubiskupinn í umboði kirkjuráðs fylgi því eftir að öll starfsemi í Skálholti sé í samræmi við lög og reglur og beri ábyrgð á því að gera árlega fjárhagsáætlun og fylgist með því að henni sé fylgt eftir.

Vegna sérstöðu sinnar og gildandi laga um Skálholt og starfsemina á staðnum væri æskilegt að kirkjuping setti sérstakar starfsreglur um Skálholt.

Á árinu hefur farið fram allnokkur umræða um Þorláksbúð og staðsetningu hennar og einnig um hugmyndina um

að byggja hér eftirgerð miðaldakirkju þar sem bæði væri sýnt hið forna handverk og gerð grein fyrir sögunni. Í tengslum við þá umræðu setti kirkjuráð af stað vinnu við gerð nýs deiliskipulags fyrir Skálholt og ef áætlanir standast verður það tilbúið á fyrri hluta árs 2014. Kirkjuráð hefur tekið vel í hugmyndina um byggingu miðaldakirkju, en með fyrirvara um samþykki kirkjupings og samþykkt deiliskipulag.

Í lok árs 2012 var samþykkt af hálfu menntamálaráðuneytisins að fenginni tillögu þáverandi Húsafriðunarnefndar að friða ytra og innra byrði Skálholtskirkju og ytra byrði Skálholtsskóla auk nánasta umhverfis að undanskilinni yfirbyggingu yfir friðlýstar fornleifar Þorláksbúðar.

Fyrir liggur að ráðast verður í mjög kostnaðarsamar viðgerðir á gluggum Skálholtskirkju og fá nýja kirkjuklukku í stað þeirrar sem féll úr ramböldum og brotnaði, fyrir nokkrum árum. Þá er einnig einsýnt að búa þarf bókasafninu í turni kirkjunnar betri stað til framtíðar.

Þegar litið er til viðburða ársins hér í Skálholti koma upp í hugann nöfn þeirra

fjölmörgu sem lagt hafa sitt af mörkum til að halda öllu gangandi svo að sæmd er að. Ég nefni þar fyrst og fremst Hólmfríði Ingólfssdóttur, sem hefur haldið utan um alla starfsemi staðarins og mannhald við rekstur og þjónustu, ég nefni Bjarna Birgisson bryta, og Guttorm Bjarnason, bónda, ráðsmann og meðhjálpara. Ég vil einnig þakka frábært samstarf hér heima á staðnum við sóknarprestinn sr. Egil Hallgrímsson, organistann Jón Bjarnason, Skálholtskórinn, sóknarnefnd Skálholtssóknar og skólaráð Skálholtsskóla.

Þegar litið er til Skálholtsumdæmis alls þá vil ég þakka dýrmætt samstarf við presta og kirkjufólk allt í umdæminu. Eðlilega hefur samstarfið þetta fyrsta raunverulega starfsár mitt í embætti verið mest við presta og sóknir sem næst eru Skálholti. Því vil ég sérstaklega þakka samstarfið á árinu við prófast Suðurprófastsdæmis, séra Halldóru Þorvarðardóttur.

Ég vil að lokum færa biskupi Íslands séra Agnesi M. Sigurðardóttur, kirkjuráði og starfsfólki þess sem og starfsfólki Biskupsstofu öllu þakkir fyrir samstarfið.

# Starfið á árinu

## *Þjónustusvið Biskupsstofu*

Þorvaldur Víðisson, biskupsritari

Eitt meginhlutverk Biskupsstofu er að þjónusta sóknir kirkjunnar um land allt. Á starfsárinu var hafin stefnumótunarvinna á Biskupsstofu þar sem allt starfsfólk lagði sitt af mörkum við að skerpa sýnina og marka stefnuna til framtíðar. Sú vinna mun halda áfram. Í tengslum við þá vinnu var skipurit Biskupsstofu endurskoðað, kirkjuráð tók málið á dagskrá og samþykkti nýtt skipurit á vordögum 2013. Samkvæmt því eru svið Biskupsstofu þjónustusvið, Skrifstofu- og mannauðssvið, Stjórnsýslu- og fasteignasvið og Fjármálasvið. Hvað varðar þjónustusviðið þá endurspeglar skipuritið það skipulag sem hefur verið við lýði á Biskupsstofu í nokkurn tíma.

Þjónustusviðið hefur með að gera málefni sem snerta helgihald, kirkjutónlist, fræðslumál, diakoniu, guðfræði og þjóðmál, samkirkjumál, prestsþjónustu, djáknaþjónustu, fjölskylduþjónustu, stefnumál kirkjunnar, eftirfylgd með stefnum á sviði þjónustunnar, almannatengsl, vefstjórn og fleira.

Þjónustusviðið hefur ekki farið varhluta af fækkun starfsfólks og því að starfsfólk hefur verið sent í önnur verkefni. Til að mæta óskum presta um námsleyfi hafa prestar á þjónustusviði verið sendir út í söfnuði til að leysa af. Þetta hefur haft það í för með sér að þjónustusviðið hefur verið undirmanað, sem verður raunin eitthvað áfram.

Þrátt fyrir takmarkaðan mannafla og fjárveitingar hefur ýmsu verið komið í verk á liðnu starfsári eins og sjá má í eftirfarandi skýrslum.

### *Fræðslumál*

**Elín Elísabet Jóhannsdóttir,  
fræðslufulltrúi á þjónustusviði**

### **Starfsfólk og starfshlutfall**

Starfsmannamál á fræðslusviði hafa verið litrík á árinu. Irma Sjöfn Óskarsdóttir var í afleysingum hjá Reykjavík-urprófastsdæmi eystra og 1. september skiptu þær María Ágústsdóttir um stóla. María var í starfi lrmu til vors 2013.

María sinnti því fullorðinsfræðslunni og gekk í ýmis störf önnur. Var hún meðal annars sett í störf Steinunnar Arnprúðar Björnsdóttur þegar hún hætti störfum á Biskupsstofu.

Sama gerðist hjá Halldóri Reynissyni og Eiríki Jóhannssyni. Halldór fór í Hruna en Eiríkur tók sæti Halldórs hér á fræðslusviði. En vegna sparnaðar var hann sendur í ýmsar afleysingar fyrst í Seljakirkju og síðan í Bústaðakirkju og var því tími hans hér mjög sundurslitinn.

Elín Elísabet Jóhannsdóttir hefur því borið hitann og þungann af störfum fræðslusviðsins þetta tímabilið.

## Unnin verkefni veturinn 2012-13

### Efnisveita kirkjustarfsins

hefur verið í áframhaldandi þróun á þessu starfsári og er hún mjög mikið notuð af starfsfólki kirkjunnar, bæði prestum, djáknum og öðrum fræðurum. Markmiðið er að bæta aðgengi starfsfólks kirkjunnar að ýmis konar fræðsluefni fyrir alla aldurs hópa. Markmiðið er ekki að miðstýra því sem kennt er í kirkjum landsins, heldur að styðja við starfið og gefa fólki hugmyndir. Allt efnið á efnisveitunni er unnið þannig að hægt er að fylgjast með því á vinnslustigi og setja inn athugasemdir. Markmiðið er að inn á efnisveitunni sé efni fyrir alla aldurshópa sem starfa innan kirkjunnar.

Mikil vinna liggur að baki þess að halda úti vef eins og efnisveitunni og er þá bæði um mikla vinnu við efnisgerð að ræða svo og heilmikla handavinnu en það er tímafrekt að setja efnið inn á hana.

Yfir vetrartímamann eru yfir 100 heimsóknir inn á síðuna í viku hverri sem telst gott fyrir vef sem er lokaður og ætlaður litlum markhópi. Efnisveitan hefur fyrir löngu sannað notagildi sitt sem þjónustuleið við söfnuðina.

### Fræðsluefni fyrir barnastarf

Út kom nýtt efni fyrir barnastarfið, 6-9 ára starfið og TTT.

Yfirskrift efnisins var: *Við sáum!* Höfundur efnisins og ritstjóri var Elín Elísabet Jóhannsdóttir. Halla Sólveig Þorgeirsdóttir gerði myndefnið.

Örstuttar biblíusöguteiknimyndir voru talsettar og settar á efnisveituna.

DVD diskur var gerður með gospelsöngvum fyrir barnastarfið, en gospelsöngvarnir eru allir upprunnir frá Hjálpræðishernum á Suðurnesjum.

Að öðru leyti var efnið endurunnið

upp úr eldra efni og með sama sniði og árið á undan.

Vefurinn *Barnatrú.is* var settur í salt. Honum var þó haldið opnum en ekki unnið í honum sérstaklega.

Vinna fyrir efni næsta starfsárs hófst.

Unnið var að gerð efnis fyrir barnastarf næsta árs og komu Guðmundur Karl Brynjarsson og Þorleifur Einarsson að gerð þess auk Elínar Elísabetar Jóhannsdóttur.

### Kannanir

Send var út könnun varðandi barnastarfið og virðist það haldast óbreytt frá fyrra ári hvað varðar aðsókn um landið.

Send var út könnun á aðventunni til allra sóknarpresta þar sem samstarf kirkju og skóla var rannsakað. Augljóst er að þrátt fyrir tilraunir mannréttindaráðs Reykjavíkur og ýmissa sveitarfélaga hefur ekki átt sér stað veruleg breyting á samskiptum kirkju og skóla á aðventunni. Flestir grunn- og leikskólar koma til kirkju og njóta þá þjónustu prests eða annars starfsmanns kirkjunnar.

Unnið var að könnun vegna ferming-arstarfanna en svörun frá prestum var dræm.

### Haustrámskeið 2012

Námskeið voru haldin á sjó stöðum:

Í Neskirkju, Eiðum á Austurlandi, í Ísafjarðarkirkju, safnaðarheimilinu á Hellu, í Gleráirkirkju og Stykkishólmskirkju. Auk þess var boðið upp á námskeið í Ósló fyrir íslensku söfnuðina á Norðurlöndum. Á öllum stöðunum nema í Reykjavík var eingöngu um barnastarfsnámskeið að ræða en Elín sá um öll þau námskeið.

Eins og áður var ekkert þátttökugjald

en þátttakendur fengu mat í boði prófastsdæmanna eins og verið hefur undanfarin ár.

Í Neskirkju var boðið upp á námskeið fyrir barnastarfsfólk. Var sú kynning í höndum Elínar Elísabetar Jóhannsdóttur og Esterar Goosvilligen.

Kynnt var nýtt efni á fermingarvef kirkjunnar, myndbönd og kennsluleiðbeiningar með helstu stefnum fermyngarfræðslunnar. Umsjón höfðu Halldór Reynisson og Árni Svanur Daníelsson.

Kynntar voru hugmyndir að nýju fræðsluefni fyrir starf meðal yngri aldraðra í söfnuðum og meðal eldri aldraðra á stofnunum. Efnispættir eru biblíusögur, gátur og leikir, fróðleiksmolar og söngvar. Námskeiðið er ætlað starfsfólki og sjálfboðaliðum í öldrunarstarfi kirkjunnar hvort sem það starfar í söfnuði eða á stofnun.

Boðið var upp á námskeið fyrir starfsfólk í fullorðinsfræðslu og æskulýðsstarfi í Biblíudrama. Biblíudrama er aðferð að segja biblíusögu með leiklistarívafi og hlutverkaleik. Þátttakendur ganga á vit sögunnar og lifa sig inn í hlutverk hennar með margvíslegri tækni leikrænnar tjáningar. Þetta er ný en þó forn leið til að skoða sögur Biblíunnar í ljósi eigin sögu og upplifunar. Þessi aðferð getur nýst vel fyrir fullorðna en einnig ungt fólk í eldra æskulýðsstarfi. Umsjón höfðu Halldór Reynisson og Björg Árnadóttir.

Heildarfjöldi þátttakenda var 156

## Unglingastarfið

### Samstarfshópur og samráðshópur

Um unglíngastarfið ríkir samstarf við ÆSKP, ÆSKR og Kjalarnesprófastsdæmi.

### Farskólinn og Grunnnámskeiðið: 2012-2013

Farskóli leiðtogaefna fór að stað að

venju og var Sigríður Rún Tryggvadóttir skólástjóri hans. Vorið 2013 lauk 31 unglíngur 1. ári en sjö luku 2. ári. Náms efni farskólans var sett í endurskoðun og endurvinnslu.

Grunnnámskeiðið féll niður þennan veturinn sökum þátttökuleysis. Ljóst er að skortur á æskulýðsfulltrúum er að koma niður á námskeiðsþátttöku starfsfólks í barna- og unglíngastarfi.

Það var ekki venjubundið haustnámskeið á vegum samstarfshópsins þetta haust þar sem ÆSKR og KFUM og K voru í samstarfi um námskeið sem fram fór á Hólavatni á svipuðum tíma. Hópnun fannst of mikið að bjóða líka upp á námskeið í bænum.

Námskeiðið um ungmennalýðræði sem átti að vera í febrúar féll niður vegna þátttökuleysis. Síðan var reynt að halda það í mars en féll það einnig niður vegna óveðurs.

*Náðargjafir til góðs – námskeið um sjálfboðna þjónustu í kirkjunni* var haldið á haustmánuðum: Halldór Elías Guðmundsson ræddi um hagnýtt utanumhald sjálfboðaliða og Haukur Ingi Jónsson ræddi um það hvers vegna fólk vilji vera sjálfboðaliðar. Jóna Hrönn Bolladóttir sá um bænaþjónu. Námskeiðið var ætlað æskulýðsfulltrúum, djáknum, sóknarnefndarfólki og prestum.

### Landsmótið

Landsmótið var að þessu sinni haldið á Egilsstöðum og sóttu það um 600 ungmenni víða að af landinu. Eitt af aðalstefjum landsmótsins var að kynna ungmönnum á Íslandi hvernig ástandið er í Malaví og hvað Malavíbúar þurfa að leggja á sig til að ná í hreint drykkjarvatn. Landsmótið er alfarið á vegum ÆSKP. Framlag þjónustusviðs er í formi kynningarmála og fréttu sem Árni Svanur Daníelsson hefur haft veg og vanda af.

Æskulýðsfélag  
Selfoskirkju  
sigraði í  
hæfileikakeppni  
Landsmótsins



### **Fræðsluefni fyrir unglingastarfið:**

Sett var af stað vinna við gerð nýs fræðsluefnis fyrir unglingastarfið. Er hún í höndum Margrétar Rósar Harðardóttur og Kristínar Tómasdóttur.

### **Æskulýðsdagurinn**

Elín Elísabet Jóhannsdóttir gerði efni fyrir æskulýðsdaginn og var yfyrskriftin *Hendur Guðs – okkar hendur!*

### **Fermingarstörfin**

Unnið var að gerð nýs námsefnis fyrir fermingarfræðsluna. Annars vegar var unnið að þýðingu *Con Dios* og hins vegar gerðir tíu stuttir þættir til að sýna í fermingarfræðslunni en Halldóra Geirharðsdóttir og Bergur Ingólfsson leikarar unnu að þeim ásamt Jónu Hrönn Bolladóttur. Stefán Drengsson tók þættina upp.

### **Nýtt efni fyrir starf aldraðra**

Starf eldri borgara er blómlegt í mörgum kirkjum. Auk þess sinna margir

prestar og djáknar elli- og hjúkrunarheimilum. Það var því hafist var handa við gerð á nýju fræðsluefni fyrir starf aldraðra. Höfundur er Ásdís Blöndal.

### ***Fræðsluþingið* Eiríkur Jóhannsson, verkefnisstjóri á þjónustusviði**

Fræðsluþing þjóðkirkjunnar var haldið dagana 23. og 24. maí.

Samkvæmt gildandi fræðslustefnu ber að boða til fræðsluþings á fjögurra ára fresti, í þeim tilgangi að yfirfara og endurskoða þá stefnu sem mörkuð hefur verið.

Fyrri dagur þingsins var haldinn í Seljakirkju, var hann opinn öllum sem áhuga hafa á fræðslumálum þjóðkirkjunnar. Fundinn sóttu um fjörutíu manns og voru umræður mjög líflegar og fjölmargar hugmyndir settar á blað. Seinni daginn komu einungis saman fulltrúar sem tilnefndir voru til þátttöku af hálfu prófastsdæma landsins. Einn





Sr. Jóhanna  
Sigmarsdóttir  
ásamt tveimur  
fulltrúum á  
Landsmótinu

fulltrúi úr hverju hinna sex landsbyggðarprófastsdæma og tveir úr þremur stærstu prófastsdæmunum af höfuðborgarsvæðinu og nærsveitum. Síðan var það verkefni þess starfsfólks á biskupsstofu sem starfar að fræðslumálum að draga saman og vinna úr því sem fram kom og skila á borð biskups tillögum að breytingum á gildandi stefnu.

**Starfs- og leikmannaskóli  
þjóðkirkjunnar**  
María Ágústsdóttir,  
verkefnisstjóri á þjónustusviði

Tímabilið 1. september 2012 til 31. maí 2013 höfðu sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, verkefnisstjóri Starfs- og leik-

mannaskóla þjóðkirkjunnar, og sr. María Ágústsdóttir, héraðsprestur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, með sér starfsskipti. Boðið var upp á fjölbreytt námskeið á vegum Starfs- og leikmannaskólans á þessu tímabili, biblíulestra, fræðslukvöld, lengri námskeið og ráðstefnur, að hluta í samstarfi við aðra. Alls voru viðburðir á veguwm skólans 14 á þessum vetri en tvennt féll niður vegna þátttökuleysis (námskeiðið *Lifandi steinar* og fræðslukvöld um kærleikspjónustu en því var frestað til haustsins).

Í umsjón dr. dr. Sigurjóns Árna Eyjólfsssonar voru tíu kvöld biblíulestrar, alls 40 stundir; á haustmisseri undir yfirskriftinni *Trú, líf og lestur* en á vormisseri um grunnildi kristindómsins og guðspjöllin. Fræðslukvöld

Fjölpjóðleg og samkirkjuleg umræða á fyrirlestri dr. John Franke í Neskirkju 12. mars 2013.



var haldið í Áskirkju í byrjun október um þjóðkirkju og stjórnarskrá þar sem dr. Hjalti Hugason og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir höfðu framsögu.

Í október var einnig boðið upp á stutt námskeið um Pussy Riot með framsögu dr. Sigríðar Guðmarsdóttur og sr. María Ágústsdóttir kenndi um bæn og biblíulega íhugun í Víðistaðakirkju. Einnig flutti verkefnisstjóri fyrirlestur í fyrirlestraröð Glerárkirkju og Eyja-fjarðarprófastsdæmis á haustmisseri og samvinna var um fyrirlestraröðina á vormisseri einnig, m.a. í forni kynningar og miðlum fyrirlestra á [www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is).

Haustmisseri 2012 lauk með þriggja stunda fræðslukvöldi í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar 28. nóvember þar sem dr. Einar Sigurbjörnsson ræddi um helgidaga og hátíðir undir yfirskriftinni *Dagar, stundir og ár*.

Í tengslum við Alþjóðlega samkirkjulega bænaviku fyrir einingu kristinnar í janúar 2013 bauð Starfs- og leikmannaskóli þjóðkirkjunnar í samstarfi við Samstarfsnefnd kristinna

trúfélaga til fjögurra skipta fræðslu og samtals um ólíka sýn kristinna á fjögur efni, skírn, altarisgöngu, Biblíu og heilagan anda. Fulltrúar tveggja kristinna trúfélaga kynntu hver sitt efnið, alls átta manns, og var námskeiðið haldið á þremur mismunandi stöðum.

Eitt fræðslu- og samtalskvöld var haldið á ensku að þessu sinni og mun það vera nýbreytni í námskeiðshaldi Starfs- og leikmannaskóla þjóðkirkjunnar. Var það haldið í safnaðarheimili Neskirkju 12. mars undir yfirskriftinni *From Western to World Christianity*. Fyrirlesari var dr. John Franke, kristniboðsfræðingur, og voru þátttakendur frá átta mismunandi löndum og jafnmörgum kirkjudeildum. Þá var boðið upp á námskeið fyrir kirkjuverði eins og reynt er að gera annað hvert ár. Að þessu sinni var það haldið í Hafnarfjarðarkirkju 9. apríl og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir annaðist fræðsluna.

Starfsári Starfs- og leikmannaskóla þjóðkirkjunnar lauk með þátttöku í

málþinginu *Þjónandi kirkja* í Digra-  
neskirkju 2. maí undir stjórn Ragn-  
heiðar Sverrisdóttur, djákna, og opnu  
fræðsluþingi í Seljakirkju 23. maí sem  
fræðslufólk þjónustusviðs Biskups-  
stofu annaðist. Einnig var eitt náms-  
skleið af mörgum um *Kristið líf og  
vitnisburð* auglýst fyrir milligöngu  
Starfs- og leikmannaskólans en það  
var haldið í þrjú skipti í safnaðarheimili  
Bústaðakirkju í maí 2013.

Alls voru kennslustundir á vegum  
Starfs- og leikmannaskóla þjóðkirkj-  
unnar, að hluta til í samvinnu við aðra,  
74 á þessu starfstímabili og aðsókn  
var 232 manns. Það er mat starfandi  
verkefnisstjóra á tímabilinu að hlú  
þurfi ennfrekar að þessu fræðslustarfi  
fyrir fullorðna, einkum í ljósi þess að  
svo virðist sem fræðslutilboðum fyrir  
þann aldurshóp hafi fækkað nokkuð  
hjá söfnuðunum. Mikilvægt er að hafa  
starfið í föstum skorðum og bjóða upp  
á námskveið samkvæmt námskrá, ekki  
síst fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða  
safnaðanna. Þá er samstarf við aðra  
lykilatriði og nota má vefinn í enn ríkara  
mæli til að miðla efni út um land.

Kristínu Arnardóttur sem annast  
hefur innritun og margvísleg önnur  
störf fyrir Starfs- og leikmannaskólann  
er þökkun dýrmæt samvinna sem  
og öðru starfsfólki á þjónustusviði  
Biskupsstofu. Rétt er að geta þess að  
sú hefð hefur komist á að skólanefnd  
skipi héraðsprestar í prófastsdæmum  
Reykjavíkur og í vetur kom einnig  
héraðsprestur í Kjalarnesprófastsdæmi  
til samráðsfundar. Er það afar gagnlegt  
og gefandi samstarf sem stuðlar  
það því að fræðslutilboð Starfs- og  
leikmannaskóla þjóðkirkjunnar sé í takt  
við þarfir safnaðanna.

## **Kærleikspjónusta** **Ragnheiður Sverrisdóttir,** **verkefnisstjóri á þjónustusviði**

### **Inngangur**

Á kærleikspjónustusviði hafa verkefni  
verið fjölbreytt að vanda.

Stöðugildi er 100%. Verkefnisstjóri  
sótti handleiðslu hjá Fjölskylduþjónustu  
kirkjunnar, nokkur styttri námskveið og  
kyrrðardaga til að viðhalda starfánægju.

Fjárframlög úr Kirkjumálasjóði hafa  
lækkað ár frá ári og voru 400 þúsund  
2012 og 2013. Þess ber að geta að styrkir  
fást frá þeim aðilum erlendis sem við  
eru í samstarfi við til ferða á fundi.

### **Þjónusta í síbreytilegu samhengi.**

Í síðustu Árbók var sagt frá ritinu  
*Þjónusta í síbreytilegu samhengi. Að um-  
breyta, sætta og efla* og kynningu þess  
á prestastefnu. Á þessu starfsári hefur  
umfjöllun um ritið og málefni þess  
haldið áfram m.a. með málþinginu  
*Þjónandi kirkja – félagsleg ábyrgð í sam-  
félaginu* þar sem haldnir voru fyrirlestrar  
og verkefni kynnt. Þá var fyrirlestur í  
Glerárkirkju um Diakoniuna í hnotskurn  
og þjónustuna í nútímanum. Magnea  
Sverrisdóttir djákni samdi fræðsluefni  
fyrir hópastarf í söfnuðunum.

### **Dagur diakoniunnar**

Að þessu sinni var útvarpsguðspjónusta  
á degi diakoniunnar, kærleikspjónust-  
unnar, 2. september unninn í samstarfi  
við Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og  
Grensáskirkju. Textar dagsins gáfu til-  
efni til að fjalla um fjölskylduna og  
margs konar tengsl hennar, viðhorf og  
verkefni.



## Kyrrðardagar

Kyrrðardagar voru haldnir í Skálholti 8.-9. febrúar sem sérstaklega voru ætlaðir djákna- og prestsefnum en þeir voru einnig opnir prestum og djáknum. Þátttakendur voru 13. Hjalti Hugason annaðist dagskrána ásamt verkefnisstjóra.

## Djákna

Margháttaður stuðningur og ráðgjöf er við djákna ekki síst þegar nýjar stöður eru auglýstar og við undirbúning djáknavíslna. Einn djákni var vígður á þessu tímabili, Guðmundur S. Brynjólfsson, til Guðríðarkirkju. Fjórir hættu störfum og fóru þrír til starfa erlendis.

Í lok þessa tímabils voru þrjár djákna-stöður auglýstar, tvær 50% og var önnur þeirra ný staða, þriðja staðan var 100%.

Verkefnisstjóri hefur tekið þátt í starfi Djáknafélags Íslands sem oft skarast við verkefni á Biskupsstofu. Unnið hefur verið m.a. með nefnd kirkjupings vegna undirbúnings frumvarps til nýrra kirkju-

laga. Þá er verið að undirbúa Norrænt djáknþing sem verður haldið hér á landi 2014.

## Öldrunarstarf

2012 var Evrópuár um virkni aldraðra og samstöðu kynslóða. Unnið hefur verið að gerð fræðsluefnis og tónlistar til að nota í starfi meðal aldraðra og hafa Ásdís Pétursdóttir Blöndal djákni og Elin Elisabet Jóhannsdóttir verkefnisstjóri á Biskupsstofu haft veg og vanda að því. Þá er verkefnisstjóri í stjórn Ellimálanefndar þjóðkirkjunnar.

## Sérþjónustan

Mikil tengsl eru við Hjálparstarfið, Fjölskylduþjónustuna og starfsmenn í sérþjónustu sem ráðnir eru af kirkjunni. Hist er reglulega til að bera saman bækur sínar og er það mjög gagnlegt að vera í nánum tengslum. Fundarstaður er til skiptis á Hjálparstarfinu, Fjölskylduþjónustunni, Biskupsstofu, hjá

fangaprestri, presti heyrnarlausra, presti fatlaðra og í húsi ÖBÍ hjá djáknnum sem starfar á Hátúnssvæðinu.

## Mannréttindaskrifstofa Íslands

Verkefnisstjóri er nú aðalfulltrúi í stjórn Mannréttindaskrifstofunnar eftir að Steinunn Arnprúður Björnsdóttir hætti störfum á Biskupsstofu. Toshiki Toma er varatrúi.

## Barátta gegn fátækt

Haldið var áfram að vinna gegn fátækt og félagslegri einangrun í samstarfi við EAPN á Íslandi, samtökum gegn fátækt (EAPN er European Anti Poverty Network). Verkefnisstjóri situr í stjórn samtakanna sem fulltrúi þjóðkirkjunnar. Haldin var ráðstefna um fátækt og gefin út skýrslan *Farsæld* sem fjölmargir aðilar komu að þ.e. Rauði krossinn í Reykjavík, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Félagsráðgjafardeild HÍ, þjóðkirkjan og Hjálparstarfi kirkjunnar. Á málþingi þar sem skýrslan var kynnt var forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, afhent skýrslan. Í henni er komið með tillögur til úrbóta fyrir fátæka og hefur hún víða verið til umræðu á opinberum vettvangi og verður áfram fylgt eftir af EAPN. Skýrslan hefur verið þýdd á ensku.

Samvinna er mikil við EAPN í Brussel m.a. eru tveir starfshópar sem Ísland á fulltrúa í, *People in Poverty* og *Social Inclusion* en í honum er verkefnisstjóri varafulltrúi. Verkefnisstjóri hefur ekki sótt neinn fund á þessu starfsári.

## Eurodiaconia

Aðalfundur Eurodiaconia var haldinn í Berlín í júní. Undirrituð tók þátt í fundinum og málþingi í tengslum við hann þar sem fjallað var um diakoniuna í margvíslegu samhengi.

Hjördís Kristinsdóttir fór til Osló á fund starfshóps Eurodiaconia um trúarleg samtök sem sinna kærleikspjónustu. Þá kom starfsmaður Eurodiaconia í stutta heimsókn hingað og heimsótti Keflavíkirkirkju til að heyra um starfið þar eftir Hrun.

## Annað

Hin árlega samvera á aðventu fyrir syrgjendur var haldin í Grafarvogskirkju með um 400 þátttakendum. Verkefnisstjóri situr í eftirtöldum nefndum: Elli-málanefnd, Djáknanefnd og Kristni-boðs- og hjálparstarfsnefnd. Einnig hafa verið tengsl við Samkirkjunefnd og er skýrslu um erlend samskipti skilað á ársfundi hennar. Tekið var m.a. þátt í samkirkjulegri bænaviku, dagskrá gegn sjálfsvígum, fræðsluþingi þjónustusviðs, kynningu á nýju fermingarefni, kynningu á starfi kirkjunnar fyrir erlenda gesti. Þá var haldið námskeið um Vínheimsóknir á Hvammstanga og á Akureyri. Þá þjónar verkefnisstjóri í Kolaportsmessum mánaðarlega og tekur af og til þátt í gospelkvöldum í húsi ÖBÍ í Hátúni.

## **Fjölskyldupjónusta kirkjunnar**

**Benedikt Jóhannsson, forstöðumaður**

Árið 2012 fór starfsemi Fjölskyldupjónustunnar fram með hefðbundnum hætti í nýjum húsakynnum á jarðhæð í Grensáskirkju, þar sem þjónustan hefur þrjú herbergi til umráða.

Fyrsta janúar 2012 voru 20 ár liðin síðan Fjölskyldupjónusta kirkjunnar hóf starfsemi sína, undir stjórn sr. Þorvaldar Karls Helgasonar. Haldið var upp á afmælið 30. maí 2012. Starfsmenn þokkuðu m.a. Þorvaldi og fráfarandi biskupi, hr. Karli Sigurbjörnssyni, fyrir stuðning þeirra við þjónustuna.

Samkvæmt ákvörðun Kirkjuráðs voru stöðugildi starfsmanna færð niður um tæplega hálfa stöðu um mitt ár 2012 og voru stöðugildi á Fjölskyldupjónustunni samtals 2,75 seinni hluta ársins 2012. Þar af lagði Hjálparstarf kirkjunnar Fjölskyldupjónustunni til sem svarar 20% af stöðugildi og sinni Guðlaug Magnúsdóttir félagsráðgjafi einkum þeirri vinnu. Elísabet Berta Bjarnadóttur var í námsleyfi í Noregi á haustmisseri 2012.

Fjórir handleiðsluhópar voru starfandi árið 2012, þrjár prestahópar og einn djáknahópur. Auk þessa voru nokkrir prestar og djáknar í einstaklingshandleiðslu á vegum Fjölskyldupjónustunnar. Þá veitti þjónustan einnig nokkrum starfsmönnum Hjálpræðishersins handleiðslu.

Um 200 þór og fjölskyldur báðu um viðtöl hjá Fjölskyldupjónustunni árið 2012. Beiðnir bárust úr öllum landshlutum, en þó mest af höfuðborgarsvæðinu og af suður- og vesturlandi. Í um helmingi tilvika var leitað vegna ýmiss konar sambúðarvanda. Í 25 tilvikum var beiðin um skilnaðarráðgjöf

eða ráðgjöf vegna umgengni barna við foreldra sína. Í öðrum 25 tilvikum var leitað vegna vanda í samskiptum við börn og unglinga. Í níu tilvikum var leitað vegna sorgar og í átta tilvikum vegna vanda í stórfjölskyldu.

Forstöðumaður Fjölskyldupjónustunnar á sæti í Hópslysanevnd kirkjunnar. Elísabet hefur einnig verið til aðstoðar varðandi mat á guðfræði- og djákna-nemum á vegum Biskupsstofu. Þá tekur þjónustan árlega þátt í starfskynningu fyrir nema sem eru að útskrifast sem guðfræðingar eða djáknar. Árið 2012 fengu einnig nokkrir fagaðilar sem voru að nema fjölskyldumeðferð hjá Endurmenntun Háskóla Íslands að sitja í viðtölum hjá starfsmönnum Fjölskyldupjónustunnar til kynningar á því hvernig fjölskylduviðtöl fara fram. Nefna má að auk vinnu sinnar á Fjölskyldupjónustunni hefur Rannveig einnig verið með kynningar fyrir meistaranema í félagsráðgjöf og verið prófdómari í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands varðandi ritgerðir sem fjalla um fjölskyldurannsóknir.

Auk hefðbundinna verka kom Fjölskyldupjónustan með tillögur að beiðni biskups vegna umsagnar um ný barnalög. Þá voru þrjár starfsmenn þjónustunnar með hugleiðingu í fjölskyldumessu sem fram fór í Grensáskirkju 2. september og var útvarpað. Auk þessa héldu starfsmenn þjónustunnar nokkur erindi um fjölskyldumál, m.a fyrir foreldra fermingarbarna. Elísabet Berta var þannig með erindi fyrir starfsmenn Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna og fyrir Félag fjölskyldufræðinga í Stavanger.

Haustið 2012 birti Benedikt niður-stöður könnunar um líðan og aðlögun unglinga eftir fjölskyldugerðum og má finna grein um hana á heimasíðu Fjölskyldupjónustunnar. Vegna þessarar

könnunar var Benedikt kallaður fyrir vel-ferðarnefnd Alþingis þar sem málefni foreldra og barna eftir skilnað voru til umfjöllunar.

Í lok nóvember 2012 boðaði fjöl-skyldupjónustan til fundar með ný-kjörnum biskupi, Agnesi Sigurðardóttur og Fagráði kirkjunnar vegna kynferðis-brota. Rætt var um samskipti Fagráðsins og Fjölskyldupjónustunnar, en Fagráðið getur vísað þeim sem telja á sér brotið af starfsmönnum kirkjunnar í viðtöl hjá Fjölskyldupjónustunni.

Guðlaug Magnúsdóttir er í launa-lausu leyfi fyrri hluta árs 2013. Í byrjun þess árs hófu þrír nýir prestahópar handleiðslu hjá Fjölskyldupjónustunni auk þess sem einn hópur hélt áfram fram á vorið. Vorið 2013 tók Fjölskyldu-pjónustan á móti starfsmönnum frá sænsku kirkjunni sem voru hér í vinnu-ferð. Þorvaldur Karl Helgason var okkur til aðstoðar, en hann hefur frá 1. janúar 2013 fengið ráðgjafarhlutverk gagnvart Fjölskyldupjónustunni.

Þrír starfsmenn voru með kynningu á starfsemi Fjölskyldupjónustunnar á menntadegi Prestafélagsins við upp-haf prestastefnu vorið 2013. Þá var Benedikt með kynningu á könnun sinni á líðan og aðlögun unglinga á ráðstefnu Félags fjölskyldufræðinga í lok maí 2013. Í sama mánuði sóttu Elísabet og Rannveig norrænt þing handleiðara á vegum kirkjunnar í Svíþjóð.

## **Samskipti og upplýsingamál**

**Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri**

Síðasta starfsár markaðist af tímamót-um í Þjóðkirkjunni. Nýr biskup var vígð-ur á Jónsmessu 2012 og tók til starfa 1. júlí. Nýr vígslubiskup á Hólum var vígð-ur á Hólahátíð í ágúst sama ár og tók til starfa 1. september. Þessir viðburðir og sterkari staða kvenna í kirkjunni hafa eflaust haft jákvæð áhrif á fjölmiðla-umfjöllun um Þjóðkirkjuna og jafnvel mætti ganga svo langt að tala um með-byr með starfi kirkjunnar

### **Samskiptastefna 2010-2014**

Samskipta- og upplýsingarsvið sinnir bæði uppbyggingu samskipta og mið-lunar innan Þjóðkirkjunnar sem og al-mannatengslum. Verkefnið sem unnin eru mótast af samskiptastefnu Þjóð-kirkjunnar, sem leggur áherslu á ytri og innri upplýsingamiðlun, virkt og gott samstarf við fjölmiðla til að miðla kirkjustarfi og sýnileika í nýmiðlum og félagsmiðlum. Í stefnunni er minnt á mikilvægi þess að þjálfa starfsfólk í sam-skiptatækni og svo að það sé undirbúið fyrir álagstíma. Samskiptastefnan er lögð til grundvallar í samskiptastarfi og upplýsingamiðlun kirkjunnar. Fram-undan er vinna við innleiðingu stefnunnar. Kynna þarf stefnuna fyrir starfs-fólki Þjóðkirkjunnar. Slíkt gæti farið saman við fræðslu um samskipti og kynningarmál Þjóðkirkjunnar. Einnig þarf að útfæra starfsmarkmið sem falla að einstökum þáttum stefnunnar og gera það mögulegt að mæla hvort og þá hvaða árangur næst í starfinu.

Biskup og börnin.  
Frá vísitاسíu í  
Ástjarnarsókn



## Kirkjufréttir í máli og myndum

Þjóðkirkjan hefur um árabil haldið úti eigin fjölmiðlum. Kirkjan.is er frétt- og upplýsingaveita um kirkju og kirkjustarf. Á starfsárinu birtust um 379 frétt á vefnum. Á Trú.is fer fram samtali um trú og trúarlíf. Þar birtust á starfsárinu 250 prédikanir og 156 pistlar. Gestir á kirkjan.is og trú.is voru tæplega 130 þúsund á starfsárinu.

Lögd er áhersla á að segja frá mikilvægum viðburðum í kirkjunni í máli og myndum, vekja athygli á hátíðum kirkjuársins. Vefirnir eru lesnir af meðlimum þjóðkirkjunnar, starfsfólki hennar og fjölmiðlum. Reglulega er kallað eftir fréttum úr héraði og mikill vilji er til að segja frá sem flestu sem á sér stað innan kirkjunnar og gefa þannig mynd af lífandi og fjölbreyttri þjóðkirkju.

## Mynd segir meira en þúsund orð

Myndir eru líka mikilvægur hluti af miðlun þjóðkirkjunnar, ekki síst á sam-

félagsmiðlum. Tilkoma snjallsíma sem flestir eru búnir myndavélum hefur stór- aukið möguleika á að nálgast myndir frá ýmsum viðburðum og miðla hraðar frá þeim en áður var hægt. Á kirkjan.is er einnig miðlað stuttum myndböndum í vefsjónvarpi kirkjunnar, það eru einkum upptökur af tónlistarflutningi í kirkjunum.

Ekki má gleyma fréttamiðlum og samtali sem fer fram á samfélagsmiðlum. Þar er Facebook mikilvægasti vettvangurinn. Þjóðkirkjan heldur úti nokkrum síðum á Facebook og það hefur sýnt sig að þær eru mikilvægur vettvangur til að koma á framfæri fréttum úr starfinu. Daglega eru sett Biblíuvers og/eða bænir á síðu kirkjunnar á Facebook. Einnig er nauðsynlegt fyrir upplýsinga- fulltrúa og starfsfólk kirkjunnar að vera vakandi fyrir umræðunni um trúmál og þjóðkirkju á Facebook því hún er ekki bundin við opinberar síður.

Tekin hefur verið upp sú nýbreytni að senda Víðförla, fréttabréf Biskupsstofu,



sem fréttabréf í tölvupósti. Áskrifendur að honum eru á annað þúsund.

Meginvefir þjóðkirkjunnar eru samstarfsverkefni alls starfsfólks kirkjunnar þótt ritstjórn og umsjón sé í höndum upplýsingafulltrúa. Beinn aðgangur hefur verið gefinn að sumum hlutum vefjanna, s.s. dagbókinni sem geymir upplýsingar um viðburði í kirkjunum um allt land. Starfsfólk kirkjunnar getur sjálf skráð viðburði í gegnum þjónustuvef kirkjunnar og birt á kirkjan.is. Einnig hafa prestar og djáknar fengið aðgang að trú.is til að skrá þar prédikanir og pistla. Prédikanir geta þau birt sjálf þegar þær hafa verið fluttar en pistlar bíða samþykkis ritstjóra. Þetta er gert til að stjórna flæðinu á vefnum.

## Nýir vefir og nýbreytni í miðlun

Á starfsárinu var opnaður nýr vefur biskups Íslands á biskup.is. Í tengslum við þann vef voru einnig opnaðar síður á samfélagsmiðlunum Facebook og Twitter. Á vef biskups eru birtar fréttir af starfi biskups og veitt dýrmæt innsýn í starf hennar og boðun. Efni af vefnum er miðlað á Facebook og Twitter auk þess sem þar eru birtar myndir og stuttar tilkynningar. Þá var gerð tilraun til nýbreytni þegar prédikun biskups við setningu Alþingis í júní var send í beinni útsendingu á Twitter síðu biskups. Það vakti töluverða athygli fjölmiðla og almennings. Umsjón með biskup.is er í höndum biskupsritara, en upplýsingafulltrúi hefur einnig komið að rekstri síðunnar og veitt ráðgjöf. Með nýja vefnum er skilið meira á milli fréttaflutnings af því sem tengist biskupi Íslands og því sem hún tekur sér fyrir hendur, og fréttamiðlun þjóðkirkjunnar, sem áfram er þungamiðjan á kirkjan.is.

## Innri miðlun og samskipti

Þjónustuvefur kirkjunnar á innri.kirkjan.is hefur verið endurbættur á starfsárinu. Félagatal var opnað í byrjun mars og sett upp vefsetur fyrir prestastefnu í lok mars. Í bígerð er að efla þjónustuvefinn sem vettvangur fyrir samskipti þannig að hann nýtist meðal annars fyrir skeyta-sendingar og til samtals um málefni þjóðkirkjunnar. Brýnt er að af því geti orðið sem fyrst.

## Erlend samskipti og ýmsar fyrirspurnir

Á sviði upplýsingamála eru allmikil erlend samskipti. Bæði eru það formleg tengsl við kirkjur og kirknasamtök og eins svör við fyrirspurnum af ýmsum toga, frá fjölmiðlum og einstaklingum. Þar á meðal eru óskir um ýmsa fyrirgreiðslu, svo sem varðandi prestsat-hafnir, beðni um tölulegar upplýsingar, útskýringar, viðtöl og fleira. Slík mál eru misflókin en á upplýsingasviði er fjöldi slíkra erinda svarað árlega.

Þá er einnig til staðar formlegt samráð milli upplýsingasviða þjóðkirknanna á Norðurlöndum. Annað hvert ár er haldin ráðstefna fólks sem starfar að upplýsingamiðlun. Hún var að þessu sinni haldin í Árósum í Danmörku í maí og sótti upplýsingafulltrúi hana. Hitt árið er haldinn fundur þeirra sem leiða upplýsingastarf kirknanna á landsvísu. Hann var einnig haldinn í Árósum í janúar.

## Starfsfólk

Á starfsárinu var nokkur tilfærsla á starfsfólki. Steinunn A. Björnsdóttir lét af störfum á Biskupsstofu um áramót 2012-2013. Árni Svanur Daníelsson var leyfi og fæðingarorlofi frá janúar-

nóvember 2012. Í leyfi hans starfaði Anna M.P. Ólafsdóttir starfað við upplýsingamál- og samskipti í hálfu starfi, meðfram störfum hjá Hjalparstarfi kirkjunnar. Halldór Reynisson og Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónuðu í söfnuðum veturinn 2012-13 og unnu ekki við sviðið. Frá áramótum var því aðeins einn starfsmaður sem sinnti upplýsingamiðlun þjóðkirkjunnar. Það gengur um tíma en ekki til lengdar, enda er verksviðið umfangsmikið og verkefnið mörg, á sviði almannatengsla, ytri og innri samskipta.

Elína Hrund Kristjánsdóttir, sóknarprestur á Reykhólum, hefur tekið að sér að miðla biblíuversum á síðu kirkjunnar á Facebook. Það er dýrmæt þjónusta og mikilvæg.

### ***Alþjóðatengsl og þvertrúarlegt samstarf María Ágústsdóttir og Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir***

Samkirkjuleg og þvertrúarleg tengsl við systurkirkjur og samstarfsaðila hér heima og erlendis hafa verið mikilvægur hluti af starfi þjóðkirkju Íslands áratugum saman. Fram til 1. desember 2012 var verkefnisstjórn þessara mála sinnt af Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur sem einnig sinnti upplýsingamálum. Þegar hún hvarf til annarra starfa var ekki ráðið í hennar stað og verkefnum þessa sviðs skipt niður á starfsfólk á þjónustusviði og biskupsritara.

Samstarf við stofnanir og trúfélög innan lands og utan er málefni sem ekki er unnt að sinna af festu nema umboð komi til frá biskupi og því er rétt að sá aðili sem sinnir þessu sé innan biskupsstofu eða í öllu falli formlega tengdur biskupssembættinu. Minnkað starfshlutfall á biskupsstofu hefur í för

með sér minni möguleika til að sinna þessu starfi, þrátt fyrir góðan vilja og hætta er á að því sé ekki ætlaður sá tími og þeir starfskraftar sem til þarf.

Hér verður gerð grein fyrir þeim þáttum þessa víða verksviðs sem komu í hlut undirritaðrar að sinna meðfram störfum að fræðslumálum veturinn 2012-2013. Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi eru gerð skil í sérstakri skýrslu.

### **Þvertrúarlegt samstarf**

Árið 2002 hafði Sigurður Árni Þórðarson, þá verkefnisstjóri á Biskupsstofu, frumkvæði að stofnun starfshóps þjóðkirkjunnar um þvertrúarleg málefni. Sá starfshópur starfar enn og er Bjarni Randver Sigurvínsson guðfræðingur formaður hans. Einnig hefur Toshiki Toma, prestur innflytjenda, átt sæti í starfshópnum frá upphafi.

Við starfslok Sigurðar Árna tók Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir sæti hans í starfshópnum. Þegar hún hætti störfum á Biskupsstofu 1. desember 2012 var enginn skipaður í hennar stað en María Ágústsdóttir tók að sér að sinna þvertrúarlegum verkefnum uns hennar tímabundna starfi á Biskupsstofu lauk 31. maí 2013. Brýnt er að starfshópurinn sé styrktur með starfsmanni frá Biskupsstofu enda hafa Bjarni Randver og Toshiki Toma sinnt þessu í sjálfboðavinnu og ekki þegið nein laun fyrir störf sín þennan rúma áratug.

Árið 2006 var Samráðsvettvangur trúfélaga og lífsskoðunarfélaga um trúarleg efni og samstarfsaðila þeirra stofnaður (stefnulýsing undirrituð 24. nóvember 2006). Þjóðkirkjan hefur líkt og önnur trúfélög þrjá fulltrúa í stjórn samráðsvettvangsins og sitja þar fulltrúar starfshóps þjóðkirkjunnar um

þvertrúarleg málefni. Þjóðkirkjan á þó aðeins eitt atkvæði þar eins og önnur trúfélög. Fram að þessu hefur það komið í hlut starfsmanns biskupsstofu að kalla saman fundi og vinna að málefnum vettvangsins á milli funda, m.a. málþingum og ráðstefnum.

Ljóst er að þó að þjóðkirkjan megi ekki vera of stýrandi á þessum vettvangi hlýtur hún að taka ákveðna forystu og vera reiðubúin að sinna ýmsum hagnýtum verkefnum sem til falla þar sem hún er eina trúfélagið sem hefur yfir starfsfólki að ráða að einhverju marki. Minna má á að þjóðkirkjan átti frumkvæði að stofnun vettvangsins og er því í lykilhlutverki. Brynt að starfsmaður með þekkingu og reynslu sinni þessum málaflokki, helst innanhúss á biskupsstofu.

## Alþjóðatengsl

Það sem hér hefur verið sagt um þvertrúarlega starfið og nauðsyn þess að sérstakur starfsmaður hafi það á sinni könnu gildir að sjálfsgöðu einnig um alþjóðlegu tengslin. Reynsla undirritaðrar veturinn 2012-2013 sýndi að gott samstarf starfsmanns við biskup og biskupsritara hefur mikið að segja því mörg eru viðvikin sem þarf að sinna. Hér er einkum um að ræða tengsl við Heimsráð kirkna/Alkirkjuráðið (World Council of Churches), Lútherska heims sambandið (Lutheran World Federation), Kirknasamband Evrópu (Conference of European Churches) ásamt Porvoo-kirknasamfélaginu (Porvoo Communion) en þjóðkirkja Íslands er stofnaðili að öllum þessum samtökum. Steinunn Arnþrúður annast enn um sinn tengsl við Porvoo og er í undirbúningi fundur hér á Íslandi í október 2013.

Þá eru norræn tengsl mjög mikil-

vægur þáttur í samstarfinu, bæði við systurkirkjur okkar lútherskar og í samkirkjulegu tilliti. Það er mat undirritaðrar að þessi tengsl beri að efla og til þess er fullur vilji hjá nágrannaþjóðum okkar. María Ágústsdóttir sótti fund norrænna og baltneskra kirkjustarfsmanna í samkirkjulegum málum í Danmörku 28. – 31. janúar 2013. Voru tengsl ríkis og kirkju á Norðurlöndum til umræðu, auk almennrar upplýsingagjafar um stöðu mála í hverju landi.

Í tengslum við norræna fundinn í Danmörku var haldinn undirbúningsfundur fyrir stjórnarskrárþing Kirknasambands Evrópu sem haldið var í Búdapest dagana 3.-8. júlí 2013. Þar átti þjóðkirkjan þrjú þingsæti en skipaði aðeins tvo fulltrúa af sparnaðarástæðum. Þingfulltrúar þar fyrir hönd þjóðkirkju Íslands voru María Ágústsdóttir og Solveig Lára Guðmundsdóttir. Gylfi Jónsson sótti þingið á eigin vegum og fékk sæti þriðja þingfulltrúa svo að nefndin gæti beitt sér með samstarfsfólki þegar að ákvarðanatöku kom. Fyrir dyrum stendur tíunda þing Heimsráðs kirkna sem haldið verður dagana 30. október til 8. nóvember í Búsan í Suður-Kóreu. Yfirskrift þess er: *Guð lífsins, leið oss til réttlætis og friðar.*

## Samkirkjunefnd

Í starfsreglum kirkjuþings um samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar (nr. 1006/2005) er tekið fram að það er biskup Íslands sem fer með samkirkjuleg mál fyrir hönd þjóðkirkjunnar. Samkirkjunefnd er biskupi til stuðnings. Í henni eiga nú sæti: Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, formaður og Þorvaldur Víðisson, starfsmaður nefndarinnar, skipuð af biskupi, Jónas Þórisson frá

Hjálparstarfi kirkjunnar, María Ágústsdóttir og Sigurður Árni Þórðarson, kosin af kirkjuþingi. Varamenn eru K. Hulda Guðmundsdóttir og Bernharður Guðmundsson. Þá hafa sótt fundi nefndarinnar vegna starfa sinna að erlendum tengslum þau Irma Sjöfn Óskarsdóttir (Nordisk Kirkelig Studieråd), Magnea Sverrisdóttir (Lútherska heimssambandið), Sigrún Óskarsdóttir (WICAS), Ragnheiður Sverrisdóttir (Eurodiakonía) og Halldór Reynisson, fráfarandi formaður.

Ársfundur samkirkjunefndar var haldinn í Neskirkju 7. mars 2013. Auk ofangreindra og biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kynntu þar erlend tengsl sín Ragnar Gunnarsson (SÍK), Árni Svanur Danielsson (samráð norræna upplýsingafulltrúa) og Bjarni Þór Bjarnason (enskar messur). Þess má geta að þann 30. júní 2013 var Bjarni Þór settur inn í embætti sem fullgildur prestur anglíkanska safnaðarins á Íslandi (an Anglican Priest-in-Charge) af Jonathan Lloyd, erkidjákna fyrir N-Evrópu og Þýskaland innan anglíkanska biskupsdæmisins í Evrópu, eftir þjónustu við enskar messur í Hallgrímskirkju og athafnir á vegum breska sendiráðsins í meira en áratug.

Á ársfundinum var m.a. vakin athygli á því að engin guðfræðinefnd er til á vegum þjóðkirkju Íslands sem hægt sé að vísa ýmsum skýrslum og skjölum til þegar óskað er eftir því af samstarfsaðilum okkar. Á það meðal annars við um skýrslur er varða trúfræði og einingu kirkjunnar, ýmsar fyrirspurnir er varða embættisskilning, svo sem á djáknaembættinu og fleira.

Mikið efni berst frá erlendum kirkna-samtökum sem hæglega mætti nýta betur til eflingar starfsins hér heima fyrir en mikil vinna er að koma þessu

efni á framfæri. Má nefna sem dæmi bréf frá Martin Junge (Lútherska heims-sambandið) sem undirrituð þýddi og birt var í Morgunblaðinu til að minna á nauðsyn þess að sýna samstöðu gegn ofbeldi hvar sem er í heiminum.

## Upplýsingamiðlun

Til starfsfólks Biskupsstofu leita fjölmargir með fyrirspurnir af ýmsum toga. Ragnhildur Bragadóttir, bókasafns- og skjalavörður, sér um að koma þessum erindum á réttan stað og leggur áherslu á vönduð og skjót vinnubrögð. Hún á þakkir skildar fyrir góða samvinnu sem og annað fagfólk biskupsstofu sem hver á sinn hátt stuðlar að því að gera þessa þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar að skilvirkum og framsæknum vinnustað.

Meðal þeirra fyrirspurna sem undirrituð svaraði voru ýmis mál sem varða kirkjuskipan á Íslandi í sögu og samtíð, og birtist m.a. viðtal við hana um samkirkjuleg mál á Íslandi í vönduðu þýsku riti um kaþólsku kirkjuna á Íslandi. Einnig kom þýskur útvarpsmaður sömu erinda á Biskupsstofu og var það viðtal sent út í júní 2013. Heimsóknir erlendra gesta á vegum undirritaðrar á Biskupsstofu voru nokkrar, m.a. frá Sviss, Þýskalandi og Danmörku.

Við lifum á tímum fjölbreytilegra tengsla og menningaráhrifa. Viljum við standa vörð um fjöregg þjóðarinnar, kristna trú, hljótum við að vera reiðubúin að leggja mikið af mörkum til að glæða og efla tengsl við sem flesta aðila, innanlands sem utan. Til að svo megi verða þarf að sjá þessum málaflokki fyrir nægum starfskröftum.

## **Kvikmyndastarf kirkjunnar** **Arni Svanur Danielsson, verkefnisstjóri**

### **Nágrannar Guðs fékk** **kvikmyndaverðlaunin**

Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar voru veitt í sjöunda sinn á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík 2012. Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar eru veitt framúrskarandi kvikmynd úr hópi aðalkeppnismynda sem glímur við mikilvægar tilvistarspurningar. Kvikmyndin *Nágrannar Guðs* (Ha-Mashgihim) eftir Meni Yaesh fékk kvikmyndaverðlaun kirkjunnar þegar þau voru veitt í sjöunda sinn. Myndin fellur vel að þeim mælikvörðum sem lagðir voru til grundvallar við veitingu verðlaunanna.

*Nágrannar Guðs* segir frá vinunum Avi, Kobi og Yaniv sem eru heittrúaðir Gyðingar. Þeir vilja með góðu og illu tryggja að fólk virði hinn trúarlega sið og samfélag. En þegar Avi fellur fyrir Miri, sem hefur aðra sýn á tilveruna, þá neyðist hann til að endurmeta og dýpka skilning sinn á því hvers trúin og ástin krefjast í raun.

Í umsögn dómnefndar kirkjunnar segir:

*Í Nágrönnum Guðs er samspil trúar og réttlætis, ofbeldis og ástar, kannað með eftirminnilegum hætti. Nágrannar Guðs sýnir trúarlíf rétttrúaðra Gyðinga í samtímanum. Hún miðlar gleði trúarinnar í daglegu lífi andspænis ofbeldi sem framið er í nafni trúar.*

*Nágrannar Guðs meðhöndlar viðkvæmt efni af næmni og virðingu. Skýr framsetning eykur skilning á trú í daglegu lífi og trú í átökum. Myndin minnir*

*á mikilvægi einstaklinga og framlag og samvinnu karla og kvenna. Myndin tekur eindregna afstöðu gegn ofbeldi í nafni trúar og vísar veginn út úr átökum.*

Meni Yaesh er leikstjóri *Nágranna Guðs*. Hann er fæddur í Bat Yam í Ísrael árið 1980. Þetta er hans fyrsta kvikmynd í fullri lengd.

### **Kallinn í tunglinu** **fékk sérstaka viðurkenningu**

Kvikmyndin Kallinn í tunglinu (Mondmann) fékk sérstaka viðurkenningu dómnefndar kirkjunnar þegar kvikmyndaverðlaun kirkjunnar voru afhent í sjöunda sinn.

Kvöld eitt verður stjörnuhrap og stjarnan þeysist í átt að tunglinu. Kallinn í tunglinu grípur gæsina – eða stjörnuna öllu heldur – og húkkar sér þannig far til Jarðar. Þessi „árás utan úr geimi“ setur viðvörunarbjöllurnar í forsetahöllinni af



Skjástot úr myndinni *Nágrannar Guðs*

Skjáskot úr myndinni *Kallinn í tunglinu*.



stað. Kallinn í tunglinu leggur á flóttu undan forsetanum og hermönnum hans og kynnist í leiðinni fjölmörgum af undrum heimsins – og hann lærir hversu mjög börnin elska hann og þarfnast hans.

Í umsögn dómnefndar kirkjunnar um myndina segir:

*„Kallinn í tunglinu sem er falleg dæmisaga þar sem vináttu og samstöðu er stillt upp sem andstæðu græðgi og valdabrólts.“*

Leikstjórinn Stephan Schesch er fæddur í München árið 1967. Hann hefur framleitt fjölda stuttra og langra teiknimynda fyrir kvikmyndahús og sjónvarp auk þess að stýra teiknimyndastúdíounum Odeon, Ellipse og Animation X. Kallinn í tunglinu er fyrsta myndin sem hann leikstýrir.

Dómnefndina í ár skipuðu sr. Árni Svanur Danielsson, Grétar H. Gunnarsson, guðfræðingur, og sr. María Ágústsdóttir. Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, veitti verðlaunin í lokahófi hátíðarinnar.

## Fyrirlestrar og fermingarfræðsla

Fjöldi námskeiða og fyrirlestra um guðfræði og kvikmyndir var haldinn á árinu. Kvikmyndir eru einnig nýttar í fermingarfræðslu víða um land. Undirritaður hefur veitt ráðgjöf um það. Þá hefur hann veitt ráðgjöf í tengslum við útfáfu fræðsluefnis fyrir ýmsa aldurshópa.

Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar eru styrkt af kirkjumálasjóði og hefur greinahöfundur haldið utan um þau. Ýmsir aðrir hafa lagt hönd á plóg í kvikmyndastarfi í kirkjunni. Sérstaklega ber að þakka framlag meðlima Deus ex cinema hópsins sem hafa lagt mikið að mörkum undanfarin ár.

## **Helgisiðir/helgihald**

### **Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup**

Helgisiðasvið Biskupsstofu heyrir stjórnunarlega undir biskup Íslands. Hlutverk sviðsins er að vera starfsfólki kirkjunnar til ráðgjafar í málefnum guðspjónustunnar, sálmasöngsins og helgisiðanna og leiða endurskoðun og nýsköpun í þeim málaflokkum. Einnig hefur sviðið sinnt málefnum sem vísað var til Bygginga- og listanefndar þar til sú nefnd var lögð niður. Kristján Valur Ingólfsson hefur borið ábyrgð á starfsemi sviðsins frá árinu 2000 sem starfsmaður biskupsembættins til hausts 2011 og stýrir því nú frá Skálholti.

Þjár nefndir starfa í tengslum við Helgisiðasvið: Helgisiðanefnd, Handbókarnefnd og Sálmaðókarnefnd. Þessar nefndir bera ábyrgð á endurskoðun Handbókar og Sálmaðókar kirkjunnar. Í Helgisiðanefnd sitja dr. Einar Sigurbjörnsson, sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og sr. Kristján Valur Ingólfsson sem er formaður. Nefndin er skipuð af biskupi og skal hún vera leiðbeinandi og ráðgefandi um málefni helgisiðanna. Þá safnar nefndin upplýsingum um nýjungar og þróun í málaflokknum og viðheldur tengslum við kirkjur erlendis. Þar er fyrst og fremst um að ræða systurkirkjurnar á Norðurlöndum og aðrar lútherskar kirkjur í Þýskalandi og í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

Í Sálmaðókarnefnd sitja dr. Einar Sigurbjörnsson, formaður, Hörður Áskelsson, sr. Jón Helgi Þórarinsson, sr. Lena Rós Matthíasdóttir, sr. Hjörtur Pálsson, og dr. Margrét Eggertsdóttir.

sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir er ritari nefndarinnar. Sálmaðókarnefnd hefur unnið að endurskoðun sálmaðókarinnar og stefnir að útkomu nýrrar sálmaðókar 2017. Á árinu 2013 kemur út hefti með 150 nýjum sálum.

Í Handbókarnefnd sitja sr. Kristján Valur Ingólfsson formaður, sr. Jóhanna Sigmarsdóttir, sr. Þorvaldur Karl Helgason, sr. Guðni Már Harðarson, sr. Gunnlaugur Garðarsson og sr. Arna Ýr Sigurðardóttir. Varamenn eru sr. Bryndís Malla Elíóóttir og sr. Bragi Skúlason. Einnig starfa með nefndinni dr. Einar Sigurbjörnsson og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sem er ritari nefndarinnar.

Handbókarnefnd hefur unnið eftir langtímaáætlun um endurskoðun handbókar kirkjunnar, sem kom út árið 1981. Við endurskoðunina er tekið mið af vinnunni frá árinu 1981 og hin klassíska messa lögð til grundvallar helgihalds safnaðarins. Handbókarnefnd hefur lagt fyrir biskupafund og prestastefnu tillögur að formum sem notast skulu til reynslu áður en til endanlegrar samþykktar kemur. Nýtt efni er birt á heimasíðu þjóðkirkjunnar [www.kirkjan.is/](http://www.kirkjan.is/) handbok-presta

Vegna efnahagsþrenginga hefur hægt mjög á vinnu við endurskoðun handbókarinnar. Af sömu ástæðu verið einnig verið dregið úr erlendum samskiptum og verður svo um sinn að ekki verða sendir fulltrúar á þing og ráðstefnur erlendis. Eftir sem áður eru þó góð og gefandi samskipti um málefni kirkjusöngs og helgisiða með tölvupósti og netmiðlum.

## **Helgihald og þjóðmenning**

**Gunnþór Ingason**

### **Að fortíð skal hyggja ef frumlegt skal byggja**

„Að fortíð skal hyggja ef frumlegt skal byggja./Án fræðslu þess liðna sést ei, hvað er nýtt./Vort land það á eldforna lifandi tungu,/hér lifi það gamla í þeim ungu!/  
Sá veglegi arfur hvers Íslendingar þarf, /að ávaxtast gegnum vort líf og vort starf.“ Svo yrkir Einar Benediktsson í ljóð sínu Aldamótum og markar stefnu inn í nýja öld fyrir íslenska þjóð. Hún gerði hugsjónir skáldjöfursins um þjóðfrelsi að veruleika, verklegar framkvæmdir og félagslegar framfarir á Íslandi. Að hans mati yrði framsæknin þó til lítils nema byggt væri á grunni íslensks þjóðararfs og sögu og virðingar fyrir liðnum kynslóðum og kristinni trú, sem hvatti til dádrikra verka. Sem prestur á sviði þjóðmenningar og helgihalds hef ég reynt að fylgja þessum stefnumiðum. Íslensk kristni er sögunni bundin, sem þarf að virða, jafnframt því sem samtímastraumar móta hana hverju sinni. Þótt hún rækti jarðveg sinn vel sækir hún líka lífsmátt til kirkna utanlands, einkum nálægustu landa.

### **Færeyjaheimsókn**

Jógvan Friðriksson, Færeyjabiskup, tók þátt í biskupsvígslu sr. Kristjáns Vals Ingólfssonar, Skálholtsbiskups, haustið 2011 og við héldum góðu sambandi okkar á millum með bréfaskiptum enda hafði ég tekið virkan þátt í umræðum og stefnumótun í Íslandsheimsókn hans haustið 2010. Það leiddi til þess að biskupinn bauð mér og sr. Þórhildi Ólafs eiginkonu minni í viku heimsókn til Færeyja vorið 2012 í því augnamiði

að við sæjum færeyskar kirkjur, hittum fyrir færeyska presta og ræddum við þá um gildi aukinna samskipta íslensku og færeysku þjóðkirknanna. Hann bauð mér jafnframt að flytja fyrirlestra um sérfræði mín, Keltneska kristni. Ferðin stóð yfir frá mánudegi 30. apríl til mánudags 7. apríl. Heiðskirt var og bjart yfir Færeyjum flesta heimsóknardagana. Færeyjabiskup sjálfur og svo einnig Andrias Ziska, lögmaður í biskupsgarði, fóru með okkur víða um eyjarnar til að skoða kirkjur, hitta fyrir presta og kanna líka merkar fornminjar í Leirvík á Austurey. Dr. Stummann Hansen, fyrrum þjóðminjavörður Færeyja, lýsti þeim, en þær gætu verið eldri en norrænt landnám í Eyjunum. Ég flutti tvo samliggjandi fyrirlestra um „Keltneska kristni“, í Vesturkirkjunni í Þórhöfn. Fimmtán færeyskir prestar ásamt biskupi og starfsmönnum Biskupsgarðs fylgdust með þeim og gerðu góðan róm að. Biskup bauð okkur hjónum í fermingu í Kvívíkurkirkju á Dýra bænadegi og fylgjandi fermingarveislu í Kvívík. Biskupshjón Færeyja, Jógvan og María Friðriksson, voru viðstödd vígslu séra Agnesar Sigurðardóttur til Biskups Íslands í Hallgrímskirkju á Jónsmessunni 2012 og einnig vígslu sr. Solveigar Láru Guðmundsdóttur í Hólakirkju til vígslubiskups Hólastiftis síðar um sumarið og tók Færeyjabiskup þátt í báðum vígslunum. Ég var færeysku biskupshjónunum til liðsinnis á meðan á dvöl þeirra stóð hér á landi. Ég samdi ýtarlega skýrslu um Færeyjaferðina.

### **Endurreisn Krýsuvíkurkirkju**

Stjórn Vínafélags Hafnarfjarðarkirkju, sem ég sit í, fundar reglulega í Strandbergi, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju, og einnig í lðnskóla Hafnarfjarðar.



Félagið vinnur markvisst að byggingu nýrrar Krýsuvíkirkirkju sem kennarar og nemendur skólans smíða undir leiðsögn Guðmundar Lúthers Hafsteinssonar fagstjóra í Þjóðminjasafni Íslands. Katrín Gunnarsdóttir, fornleifafræðingur, hefur unnið að rannsókn kirkjugrunnsins. Tilraunaskurðir sýna tvær eldri gólfhellulagnir undir grunninum en þær gætu verið fleiri. Rannsóknirnar valda því að áform um smíði nýrrar Krýsuvíkirkirkju hafa breyst og seinkað og þá jafnframt kirkjuvígslunni. Sá kostur fylgir því að fleiri nemendur skólans fá tækifæri til að koma að smíðinni. Sólstöðukvöld miðvikudaginn 20. júní 2012 leiddi ég árlega helgistund í Krýsuvík við grunn kirkjunnar, sem var vel sótt.

## Fornir helgistaðir

Til stóð að ég leiddi helgigöngu á Auðarslóðum í Dölum í júnímánuði svo sem ég gerði vorið 2010 og unnið var að því. Sökum prestaskipta, er urðu í Búðardal og ekki voru frágengin, varð ekki af henni. Áætlað helgihald á Esjubergi á Kjalnesingadögum féll líka niður vegna vígslu nýs biskups Íslands.

## Kirkjubæjarklaustur

Í samráði við sr. Ingólf Hartvigsson, sóknarprest á Kirkjubæjarklaustri, fór ég til Kirkjubæjarklausturs í lok júlímánaðar til að gæta að því hvort þar væri gönguleið að finna að fornum helgistöðum, er minntu á klausturhald fyrri tíðar og ef til vill keltnesk trúaráhrif. Jón Helgason frá Seglbúðum, fyrrverandi forseti kirkjupings, fór með okkur sr. Ingólf vítt um héruð í þessu skyni. Ljóst var þó að meiri undirbúnings þyrfti við til að marka slíka leið. Daginn eftir kynnti

ég fáein stef í keltneskri trúarhugsun í kapellunni á Klaustri, sem helguð er minningu sr. Jóns Steingrímssonar, eldklerks, fyrir áhugafólki um forna sögu og menningartengda ferðamennsku, með það í huga, að yrði betur en gert væri hugað að fornkrístnum menningar- og söguverðmætum gætu þau nýst til að glæða enn áhugann fyrir Kirkjubæjarklaustri sem merks sögustaðar.

## Helgun skógarlundar

### í Skógrækt Hafnarfjarðar

Laugardaginn 18. ágúst annaðist ég helgistund í skógarlund í Vatnshlíð í Skógrækt Hafnarfjarðar til að helga lundinn minningu hjónanna Elsu Sörensen og Hjálmars R. Barðarsonar, fyrrum siglingamálastjóra, sem voru miklir landgræðslu- og skógræktarvinir og blessaði minningarstein með áletruðum nöfnum þeirra.

## Göngu- og sögumessa

Á degi íslenskrar náttúru 16. september 2012 leiddi ég göngu- og sögumessa með keltneskum brag á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit. Að henni stóðu Akranesbær, Akraneskirkja, Innri- Hólmkirkja og Biskupsstofa, en ég hafði undirbúið messuna með forsvarsmönnum þeirra. Messan hófst í Akraneskirkju. Þaðan var ekið með rútu og einkabílum að Innri-Hólmkirkju, þar sem kirkja var reist á landnámstíð og helguð Guði og írsku dýrtingnum Kolumkilla, er árið 563 stofnaði klaustur á eyjunni helgu Iona, einni Suðureyja Skotlands. Þaðan var ekið að Görðum og svo til Kalmansvíkur og að Lyktum aftur til Akraneskirkju. Eftir kærleiksmálið þar buðu Kvenfélag Akraneskirkju og Akranesbær til kirkju-



kaffis í safnaðarheimilinu Vinaminni. Ungir tónlistarmenn léku þar keltneska tónlist. Við sr. Kristinn Jens Sigurþórsson, sóknarprestur í Saurbæ í Hvalfirði, sáum um helgistundir á hverjum áningarstað með fornkeltnesku trúarefni. Jafnframt var lesið úr íslenskum fornþókmenntum og sungin og leikin keltnesk tónlist. Gunnlaugur Haraldsson, fornleifa- og þjóðháttufræðingur, var leiðsögumaður og lýsti vel fyrri tíðar sögu og sögustöðum. Messan miðaði að því að tengja sögu og samtíð, trú og land, líf manns og náttúru við trúariðkun og trúarreynslu á ferð um fornhelga sögustaði. Um 90 manns fóru alla ferðina en 120 manns voru þar sem fjölmennast var á leiðinni. Göngu- og sögumessan tókst sérdeilis vel í björtu veðri. Hún fékk góða umfjöllun og vakti víða athygli.

### **Keltneskt fræðasetur á Görðum**

Bæjaryfirvöld á Akranesi stefna að því að fræðssetur um keltnesk fræði og menningu verði stofnað á Görðum í nánustu framtíð. Við sr. Kristinn Jens sóttum fundi, sem þau stóðu að ásamt starfsfólki byggðasafnsins, þar sem horft var til þessa markmiðs. Fjárhagslegar undirstöður þarf þó að tryggja áður en af þessu getur orðið.

### **Helgiganga á Gufuskálum**

17. s.d. e. tr. 30. sept. leiddum við sr. Óskar Ingi Ingason, sóknarprestur í Ólafsvík, helgigöngu á Gufuskálum, sem um 30 manns tóku þátt í og lauk með messu í Ingjaldshólskirkju. Helgistundir með keltnesku trúarívafi voru haldnar á Gufuskálum, við Írskrabrunn og við steinhleðslur í flæðarmálinu. Þetta var í annað sinn sem slík helgiganga var farin. Leiðsögu- og

sagnamenn í göngunni voru heimamennirnir, Skúli Alexandersson og Sæmundur Kristjánsson. Göngufólk las ritningarorð og fornsögutexta. Eftir messu var kirkjukaffi í safnaðarheimili Ingjaldshólskirkju, þar sem ég fræddi um keltneska kristni.

## Þingvellir

Mér er ætlað að gegna prestsþjónustu á Þingvöllum til aðstoðar sr. Kristjáni Val Ingólfssyni Skálholtsbiskupi og hef gert það eftir því sem honum hefur þótt með þurfa.

## Tilbeiðsluhættir

Ég hef látið mig varða nýja tilbeiðsluhætti eftir fornum leiðum, sem farið er að iðka í kristnum söfnuðum hér á landi og hef þýtt lesefni og fyrirlestra eftir Trapistamunkinn Thomas Keating fyrir fræðslunámskeið. Keating fylgir fornum tilbeiðsluhættum og kyrrðarbænum og aðlagar að sálfræðilegri sérþekkingu sinni. Hann hefur ritað fjölda bóka og staðið fyrir trúar- og tilbeiðsluhreyfingunni, *Contemplative Outreach*, sem vinnur að útbreiðslu tilbeiðsluaðferða hans. Ég hef líka tekið virkan þátt í samkirkjulegu starfi, fundum, guðsþjónustum og helgi-stundum sem miða að því að styrkja traust og vinabönd milli kristinna trúfélaga.

## Trú og list

Ég hef sem áður ritað greinar sem birst hafa á tru.is um álitleg leikverk,

sem sýnd hafa verið í Borgar- og Þjóðleikhúsunum, og einnig einstaka aðra listviðburði.

## Söguritun

Ég sit í ritnefnd að Sögu Hafnarfjarðarkirkju og Garðaprestakalls, sem Gunnlaugur Haraldsson, fornleifa- og þjóðháttafræðingur, vinnur að og vænst er að komi út fyrir lok árs 2014, þegar Hafnarfjarðarkirkja verður hundrað ára.

## Fræða- og ritstörf

Frá því á miðju ári 2012 hef ég verið í 50% starfi, sem veldur því að sjálf-sögðu að ég kem ekki eins víða við í viðfangsefnum mínum og áður. Ég geri mér þó vonir um að að geta nýtt tímann enn frekar en áður í skrif á sérsviðum mínum. Ég hef átt samskipti við bæði innlenda og erlenda fræðimenn sem rannsaka forneltneska menningu og áhrif og einnig þá sem huga að sögu- og menningarrótum íslenskrar þjóðar og samfélags. Ég hef haldið fyrirlestra um keltneska kristni, þegar um hefur verið beðið og er að ganga frá bók til útgáfu erlendis sem fjallar um „Vesturför eyjamenningar og kristni.“ Eftir það biða mín frekari ritstörf og verkefni, sem miða að því að miðla forneltnskum trúararfi og tilbeiðsluháttum til íslenskrar kirkju og kristni, til þess að hún geti sótt í þær næringarríku trúar- og lífslindir, svalað sér á þeim og styrkst af í Jesú nafni.

# Stofnanir, nefndir, ráð og félög

## *Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar*

Valgerður Gísladóttir, formaður

Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar heldur mánaðarlega fundi yfir vetrarmánuðina og oftast ef þörf er á. Hlutverk nefndarinnar er að efla og styðja öldrunarþjónustu kirkjunnar, hvort heldur er í söfnuðum, prófastsdæmum, eða á þeim stöðum þar sem skipuleg þjónusta er veitt öldruðum af kirkjulegum aðilum. Nefndin starfar að fræðslu á þessu sviði í samvinnu við fræðslu og þjónustudeild kirkjunnar. Starfsvið nefndarinnar er landið allt og er lögð áhersla á að mynda góð tengsl við öldrunarþjónustu á landsbyggðinni. Nefndarmenn hafa mætt á fræðslufundi í Ellimálaráði Reykjavíkurprófastsdæma eftir því sem óskað er og flutt þar erindi sem að gagni koma í öldrunarstarfinu.

Ellimálanefndin og Ellimálaráð Reykjavíkurprófastsdæma hafa í samvinnu við Löngumýrarskóla staðið fyrir sumarorlofi eldri borgara.

Á hverju sumri dvelja þrjú hópar á Löngumýri í Skagafirði og er fólk mjög ánægt með það sem er í boði hverju sinni. Dvalargestir hafa verið frá ýmsum stöðum á landinu s.s. frá Akureyri og nágrenni, Egilsstöðum og Austfjörðum, Borgarfirði og einnig úr Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu en flestir komu frá Reykjavík og nágrenni.

Orlofsgestir eru flestir úr hópi elstu eldri borgara og því oft með skerta færni og verða því að vera öruggir um aðstoð við daglegt atferli. Orlofið er því kærkomið tækifæri fyrir þessa einstaklinga og hafa þeir og fjölskyldur

þeirra látið í ljós mikið þakklæti fyrir þessa kærkomnu tilbreytingu. Í mörg undanfarin ár höfum við fengið styrk frá Alþingi til að niðurgreiða orlofið en nú var okkar beiðni hafnað svo til að afla fjár var efnt til styrktartónleika í Breiðholti kirkju 6. apríl. Tónlistarfólkið gaf vinnu sína svo allur ágóði rann óskiptur í orlofsjóðinn. Þau sem fram komu voru: Einar Clausen, Páll Rósinkrans, Óskar Einarsson, Örn Magnússon, Marta Guðrún Halldórsdóttir, Oddur Bjarni Þorkelsson, Margrét Sverrisdóttir og Lögreglukórinn.

Fræðsluefni til notkunar í kirkjustarfi aldrafra kom út árið 1995 og fyllti efnið tvær möppur. Efnið skiptist í nokkra flokka og er bæði til fróðleiks, skemmtunar og andlegrar uppbyggingar. Nú er hætt að senda út möppuefni en í stað þess kemur allt efnið út á vefsíðunni. Vefsíða ellimálanefndar [www.gamlinoi.is](http://www.gamlinoi.is) var opnuð árið 2000. Uppistaðan er efni úr möppunum og nýtt efni sett reglulega inn, auk þess sem þar er auglýst öldrunarstarf sem er á döfinni hverju sinni. Á vefsíðunni er að finna fjölbreytt safn af sögum, bænum og hugleiðingum til fróðleiks og uppbyggingar og til lestrar við ýmis tækifæri. Mikill fjöldi heimsækir síðuna reglulega og fjölgar þeim stöðugt sem notfæra sér efnið sem þar er að finna. Nefndin hefur fengið miklar þakkir frá þeim sem heimsækja síðuna.

Vefstjóri er Guðrún Loftsdóttir, [runalofts@hotmail.com](mailto:runalofts@hotmail.com)



Einar Clausen  
syngur af innlifun  
á styrktartón-  
leikunum.  
Örn Magnússon  
leikur á píanóið

Ritstjóri Gamla Nóa er Valgerður Gísladóttir. [www.gamlinoi.is](http://www.gamlinoi.is) netfang: [ellimal@simnet.is](mailto:ellimal@simnet.is)

Nefndin hefur komið á mörgum ráðstefnum innanlands og sótt aðrar til lærdóms bæði innanlands og utan. Nefndin leitast við að halda góðu sambandi við þá sem eru að vinna að kirkjustarfi eldri borgara á landinu öllu.

Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar er skipuð af Kirkjuráði sem einnig leggur henni til árlegt framlag til starfsins.

Nefndin hefur aðsetur í Breiðholtskirkju v/Pangbakka, 109 Reykjavík, sími 567-1458, netfang: [ellimal@simnet.is](mailto:ellimal@simnet.is)

Nefndin er þannig skipuð:  
Valgerður Gísladóttir, formaður.

netfang: [ellimal@simnet.is](mailto:ellimal@simnet.is)

Edda Jónsdóttir.

netfang: [eddai@simnet.is](mailto:eddai@simnet.is)

Sr. Svanhildur Blöndal

netfang: [svanhildur@hrafnista.is](mailto:svanhildur@hrafnista.is)

Sr. Magnús B. Björnsson

netfang: [magnus@digraneskirkja.is](mailto:magnus@digraneskirkja.is)

Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni,

netfang:

[ragnheidur.sverrisdottir@kirkjan.is](mailto:ragnheidur.sverrisdottir@kirkjan.is)

# Fagráð um meðferð kynferðisbrota

Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður

Á árinu 2012 hefur starf fagráðs snúist að mestu um það að fylgja eftir og vinna áfram með þolendur sem leitað hafa til fagráðs á fyrri árum. Í upphafi árs voru 6 mál í vinnslu. Á árinu lauk vinnu við tvö þeirra. Í báðum þeim tilvikum vildu þolendur kynna fagráði reynslu sína en óskuðu að ekki yrðu frekari aðgerðir í málum þeirra. Fagráð fékk þó heimild til að kynna biskupi erindi þeirra. Af hinum 4 málunum eru tvö í vinnslu en tvö í bið og hefur fagráð verið í síma og netsamskiptum við þolendur í þeim tilvikum.

Tvö ný erindi bárust á árinu 2012. Öðru þeirra var lokið á árinu með stuðningi og ráðgjöf við hlutaðeigandi en eðli þess kallaði ekki á frekari inngríp. Vinna við hitt málið frestaðist til 2013 þar sem ekki var unnt að koma á fundi viðkomandi með fagráði fyrr en þá. Að auki við þetta hefur fagráð fengið tvö erindi til ráðgjafar þar sem starfandi prestar hafa óskað stuðnings vegna vinnu sinnar í tengslum við mál sem upp hafa komið utan vettvangs kirkjunnar.

Fulltrúar fagráðs hafa átt fundi með og verið til ráðgjafar frjálsum félagsamtökum og trúfélögum við vinnu þeirra við að koma á fót fagráðum um meðferð kynferðisbrota á sínum vettvangi. Fulltrúar fagráðs hafa deilt reynslu sinni og svarað erindum og spurningum. Nú þegar hefur fagráð æskulýðsvettvangsins, sem er samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalags íslenskra skáta og Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafið störf og fagráð frjálstra trúfélaga mun hefja

störf á árinu 2013. Fagráð um meðferð kynferðisbrota innan Þjóðkirkjunnar fagnar þessum samstarfsaðilum og vonast til að geta átt góða samvinnu við þau í framtíðinni.

Í október tók fagráð þátt í dagskrá á jafnréttisdögum Háskóla Íslands þar sem Vilborg Guðnadóttir var með erindi fyrir hönd fagráðs á málstofu á vegum jafnréttisnefndar háskólaráðs. Við undirbúning þessa átti fagráð fund með fulltrúum jafnréttisnefndar háskólaráðs þar sem fagráð deildi reynslu sinni og við gátum borið saman bækur okkar varðandi vinnu í þessum málaflokki. Þetta var hvetjandi og góður fundur og vonast Fagráð eftir áframhaldandi samstarfi við þessa fulltrúa HÍ.

Að auki við þetta átti fagráð reglubundna samráðsfundi með biskupum til að upplýsa um störf fagráðs. Fagráð þakkar farsælt samstarf við Hr. Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands og þakkar dyggan stuðning hans við störf fagráðs. Fagráð fagnar nýjum biskupi Íslands Frú Agnesi M. Sigurðardóttur og þakkar stuðning hennar við þau vandasömu málefni sem við höfum með höndum. Þá þakkar fagráð stuðning og samstarf við vígslubiskupa og þakkar fráfarandi vígslubiskupi Hólastiftis gott samstarf. Fagráð fundaði á árinu einnig með starfsfólki fjölskylduþjónustu kirkjunnar ásamt með frú Agnesi M. Sigurðardóttur biskupi og var afráðið að fagráð myndi eiga árlega samstarfsfundi með fjölskylduþjónustunni. Þetta mun bæði liðka samstarf okkar og greiða fyrir stuðningi fyrir þau sem til fagráðs leita.

# Hjálparstarf kirkjunnar

Jónas Þ. Þórisson, framkvæmdastjóri

## Skipulag, stjórn, starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs; níu fulltrúa prófastsdæma, fimm fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Á þessu starfsári voru 69 í fulltrúaráði. Skál formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori. Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem nú skipa:

Ingibjörg Pálmadóttir formaður  
Lóa Skarphéðinsdóttir  
hjúkrunarfræðingur  
Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur

### Varamenn:

Hörður Jóhannesson  
aðstoðarlögreglustjóri  
Guðmundur Guðmundsson  
héraðsprestur

Stjórnin fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði. Starfsfólk er: Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal sem sér um skrifstofuhald og fósturbörn, Bjarni Gíslason fræðslu- og upplýsinga-fulltrúi, Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar, Andrea Margeirsdóttir félagsráðgjafi í 45% starfi. Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með fatalager, sölu Friðarljósa o.fl., Anna M.Þ. Ólafsdóttir verkefnastjóri í 75% starfi. Guðjón Andri Reynisson er í 25% starfi við að leiða starf Breytanda – Changemaker. Ráðgjafar Fjölskylduþjónustu kirkjunnar hafa sinnt 20% starfi við ráðgjöf í tengslum við innanlandsaðstoðina.

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er samkvæmt skipulagsskrá að hafa forgöngu um og samhæfa hjálparstarf á vegum kirknanna í landinu, heima og erlendis. Í því felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní. Um rekstrartölur vísast í reikninga sem liggja fyrir í september.

## Aðstoð á Íslandi

Hjálparstarf kirkjunnar er með aðstoð um allt land í gegnum net presta og djákna. Á höfuðborgarsvæðinu fá barnafjölskyldur mataraðstoð með inneignarkortum í matvöruverslanir. Þar sem kortaleiðin er dýr verður að takmarka hópinn og er barnlausum einstaklingum bent á að fara til annarra hjálparsamtaka sem hafa hefðbundna matarúthlutun. Á þeim stöðum sem öðrum hjálparsamtökum er ekki til að dreifa fá allir inneignarkort. Eftir sem áður geta allir, barnafjölskyldur og aðrir, notið faglegrar ráðgjafar og ýmissa annarra úrlausna stofnunarinnar en mataraðstoðar. Veitt er fjármálaráðgjöf, stuðningur vegna skólagöngu og tómsunda barna, fata, lyfja og fólk stutt til þátttöku í sjálfstyrkingar-, sauma- og matreiðslunámskeiðum.

Tæplega 1.592 umsóknir voru afgreiddar í jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar í desember. Ætla má að um 4.700 einstaklingar um allt land hafi notið góðs af. Afhent voru ný inneignarkort í matvöruverslunum og lagt inn á

Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir og Ingibjörg Pálmadóttir formaður stjórnar Hjálparstarfs kirkjunnar við brunn í Malaví



eldri kort og fór upphæð eftir fjölskyldustærð og fjárhagsstöðu. Rauði krossinn í Reykjavík lagði lið með fjármunum. Sameiginleg skráning umsækjenda var með mæðrastyksnefndum og Rauðakross-deildum í Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ, Mosfellsbæ og Akureyri en þar var Hjálpræðisherinn einnig með.

Fyrstu níu mánuði starfsársins hafa verið um 7.400 afgreiðslur í innanlandsaðstoðinni.

Margir sjálfbóðaliðar leggja starfinu lið í hverri viku, vinna að flokkun og greiningu gagna og sinna úthlutun fata o.fl.

## Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablað Hjálparstarfsins *Margt smátt* sem kom út í september 2012 og júní 2013 var sent um 6.000 áskrifendum. Í tengslum við jóla- og páskaöfnun kom blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu. Farið var í fjölda heimsókna m.a. í eldri borgarastarf, í leik-, grunn-, framhalds- og háskóla. Heimasíða Hjálparstarfsins er [help.is](http://help.is).

## Ungliðahreyfingin Breytendur

Breytendur – Changemaker á Íslandi er ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar og hluti af hinni alþjóðlegu Changemaker hreyfingu. Hreyfingin er vettvangur fyrir ungt fólk til að láta skoðun sína heyrast og hafa áhrif til hins betra. Breytendur tóku þátt í Landsmóti ÆSKP á Egilsstöðum í október. Meðal fastra liða var þátttaka í Friðargöngunni 23. desember. Starfandi eru tveir hópar í Reykjavík og einn á Akureyri. Í mars var haldið Fjaðrafok, árlegt helgarnámskeið Breytanda, að þessu sinni var námskeiðið haldið í sumarbúðunum Ölveri. Erlendir gestir frá Changemaker í Noregi og Finnlandi tóku þátt og voru með fræðslu. Sjá meira á [www.changemaker.is](http://www.changemaker.is)

## Samstarf við félög og stofnanir

Hjálparstarfið hefur á árinu unnið áfram á samstarfsvettvangi mannúðarsamtaka í þróunaraðstoð. Í september stóðu þau ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands að átakinu „Þróunarsamvinna





Konur í Eþíópíu á námskeiði um sparnað og að greina atvinnutækifæri

ber ávöxt“ með undirtitilinn „Komum heiminum í lag“. Tilgangurinn var að koma á framfæri mikilvægi þróunarsamvinnu. Átakið endaði á tónleikum þar sem fimm tónlistarmenn fluttu frumsamin lög við sama texta sem fjallaði um að gera heiminn betri. Hjálparstarfið er aðili að Almannaheillum sem er samstarfsvettvangur félaga og sjálfseignarstofnana sem vinna að almannaheillum á Íslandi. Hjálparstarfið fundar árlega með hjálparstofnunum kirkna á Norðurlöndum.

## Safnanir og fjáröflun

Fermingarbörn um allt land gengu í hús vikuna 29. október til 6. nóvember 2012 með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar. Fyrir söfnunina fengu börnin fræðslu um vatnsverkefni Hjálparstarfsins í Afríku. Góðir gestir frá Malaví heimsóttu um 2000 fermingarbörn í aðdraganda söfnunarinnar. Þátttaka var mjög góð, 65 prestaköll voru með nú og börnin um 2.800. Söfnunin gekk mjög vel og söfnuðust 7,5 milljónir króna.

Í jólasöfnuninni 2012 var safnað fyrir vatnsverkefni í Afríku undir yfirskriftinni „Hreint vatn gerir kraftaverk“. Sendar voru út valgreiðslur í heimabanka landsmanna. Þátttaka var mjög góð. Heildarsöfnunarfé og framlög í desember og janúar að gjafabréfum meðtöldum var 62 milljónir króna þar af voru 36 milljónir eyrnamerkur innanlandsaðstoð. Einstaklingar, fyrirtæki og samtök standa að baki þessum gjöfum.

Vefsíðan framlag.is auðveldar fólki að styrkja verkefni að eigin vali heima og erlendis. Á síðunni gjofsemgefur.is er hægt að kaupa 37 ólíkar gjafir á verðbilinu 1.600-180.000 krónur og gefa við ýmis tækifæri. Vinsælt var að gefa geit en hlutdeild í brunni og að leysa börn á Indlandi úr skuldaánað höfðaði einnig til margra.

Ekki liggja fyrir endanlegar tölur úr páskasöfnun en hún var fyrir innanlandsaðstoðinni undir yfirskriftinni „Hjálpum heima“. Valgreiðslur voru sendar í heimabanka landsmanna í byrjun apríl.

Í Úganda eru reist hús og vatnstankar fyrir munaðarlaus börn



## Verkefni í Afríku

### Malaví

Hjálparstarf kirkjunnar starfar með þróunararmi Lúthersku kirkjunnar í Malaví, Evangelical Lutheran Development Service (ELDS), að stuðningi við sjálfspurfurtafbændur. Unnið er í 37 þorpum með 800 fátækustu fjölskyldunum að vatnsöflun og nýtingu vatns til fæðuöflunar ásamt því að auka jafnrétti, efla konur og lýðræðisleg vinnubrögð. Fjárhagsáætlun fyrir 2012 var 120.000 USD. Árið 2012 voru 14 óvirkir brunnar sem aðrir aðilar höfðu grafið endurnýjaðir og vatnsnefndir þjálfaðar í nauðsynlegu viðhaldi til að tryggja áframhaldandi virkni, í 10 þorpum fengu þorpsnefndir kennslu í að gera kamra og fræðslu um notkun þeirra, 55 kamrar voru gerðir. 31 fékk fræðslu og þjálfun í viðhaldi brunna. 24 fulltrúar þorpa fengu fræðslu og þjálfun í að stofna spari og lána hópa (Village Saving and Loans, VSL). Hver hópur (hámark 20 í hverjum hópi) sparar mánaðarlega og lána síðan til fárra ein-

staklinga í einu (1-3) sem geta notað lánið til að koma af stað atvinnurekstri í smáum stíl. Hluti af sparnaði fer í viðhaldssjóð brunnsins. Árið 2012 var 71 VSL hópur stofnaður með 1.398 meðlimum (1003 konur og 395 karlar). Matvælaræktun var eflað með nýjum tegundum, skepnuhald var styrkt en 50 fjölskyldur fengu geitur. 50 aðrir fengu kiðlinga undan þeim og svo verður koll af kalli. Það er nýtt við ræktunina. Inn í þessa efnislegu þætti tvinnast kennsla og þjálfun í nýjum aðferðum sem og hvatning og stuðningur til að ræða mál, taka sameiginlegar ákvarðanir og hrinda hugmyndum í framkvæmd. Biskup Íslands, formaður stjórnar Hjálparstarfsins, framkvæmdastjóri og upplýsingafulltrúi fóru í eftirlitsferð til Malaví í febrúar 2013.

### Úganda

Verkefnið sem stutt er í Úganda er á vegum tveggja samtaka, annars vegar Lútherska heimssambandsins og hins vegar staðarsamtaka sem sprottin eru

upp úr starfi LHS en starfa nú sjálfstætt. Verkefnið miðar að því að hjálpa börnum sem misst hafa báða foreldra úr alnæmi og búa ein eða með sjúkum foreldrum eða ömmum sem hafa fleiri barnabörn á framfæri. Áhersla er á að bæta húsakynni og aðgang að vatni, auka hreinlæti á heimilum með því að gera kamra og hreinlætisaðstöðu og fræða um samband hreinlætis og smithættu. Einnig er veitt efnisleg aðstoð og ráðgjöf til að hjálpa fólki að framfleyta sér. Á starfsárinu voru reist hús fyrir átta fjölskyldur. Hverju þeirra fylgdi kamar, eldhús, vatnstankur og grunninnbú s.s. rúm, flugnanet, matarílát og þ.u.l. Sex hópnámskeið voru haldin um hreinlæti. Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri fóru í eftirlitsferð í apríl 2013.

### **Eþíópía**

Í Eþíópíu er Lúterska heimssambandið og þróunarsvið lútersku kirkjunnar í Eþíópíu, Mekane Jesus, framkvæmdaradili. Meginmarkmið verkefnisins eru að tryggja aðgang að vatni með því að byggja vatnsþræur og grafa brunna, bæta ræktunaraðferðir og efla skepnuhald, auka efnahagslegt sjálfstæði kvenna og auka rétt þeirra, fræða um HIV/alnæmi og styrkja opinbera starfsmenn í starfi til að þekkja betur þarfir fátækra og bregðast rétt við. Á verkefnatímanum hafa 15 vatnsþræur verið byggðar og tveir brunnar verið grafnir. Árið 2012 fengu 250 manns fræðslu um betri meðhöndlun búfjár, forvarnir og meðhöndlun sjúkdóma. Í framhaldinu voru 57.000 dýr bóluset. 25 konur voru þjálfaðar til að verða leiðbeinendur á námskeiðum fyrir konur í að greina atvinnutækifæri, um mikilvægi sparnaðar og endurgreiðslu lána. 192 konur fengu lán eftir ákveðið

sparnaðartímabil, tilgangurinn er að auka áhrif og völd kvenna. 50 konur byrjuðu með hæsnarækt. Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri fóru í eftirlitsferð til Eþíópíu í apríl 2013.

### **Starf á Indlandi**

Mannréttindasamtökin *Social Action Movement* vinna með hinum stéttlausu að réttindum þeirra. Hjálparstarfið styður rekstur forskóla þar sem börn eru búin undir nám í almennum grunnskólum, kvöldskóla fyrir börn sem verið er að leysa úr skuldaánað og háskólanám sniðið að þörfum stéttlausra ungmenna. Á árinu 2012 voru 49 börn leyst úr skuldaánað og komið í skóla og 141 þrælábarn kom í kvöldskóla þar sem þau eru frædd um stöðu sína, möguleika og rétt til náms. 99 nemandur luku starfsnámi í klæðskurði, skrifstofu- eða tölvunámi. Sameinaða indverska kirkjan starfrækir grunnskóla, iðn- og framhaldsskóla fyrir fátæk börn á svæði sínu. Íslenskir fósturforeldrar styðja þar 430 börn í gegnum Hjálparstarfið, þar af 324 á heimavist samtakanna.

### **Alþjóðahjálparstarf kirkna –**

#### **ACT Alliance**

ACT-Alliance sem Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að stendur fyrir alþjóðlegu neyðarstarf og þróunarhjálp aðildarkirkna. Aðilar eru kirkjur í Lútherska heimssambandinu og Alkirkjuráðinu. Á annað hundrað kirkjur og kirkjutengd samtök og stofnanir eru aðilar að ACT Alliance sem starfar í 140 löndum. ACT Alliance er mikilvægur farvegur fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.

# Hópslysanevnd

Gísli Jónasson, formaður

Hópslysanevnd, er fastanevnd sem starfar í umboði Kirkjuráðs og Biskups Íslands og ber ábyrgð á að skipuleggja og hafa umsjón með viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa. Í nefndinni eiga sæti:

- a) Biskupsritari
- b) Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
- c) Forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
- d) Sjúkrahúsprestur Þjóðkirkjunnar
- e) Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði og er hann formaður nefndarinnar.

Núverandi nevnd skipa: Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, Jónas Þ. Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Benedikt Jóhannson, f.h. Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og sr. Gísli Jónasson, prófastur, sem er formaður nefndarinnar.

Starfsmaður nefndarinnar er sr. Guðrún Eggertsdóttir, sem hefur eins og nokkur undanfarin ár verið í 10% starfshlutfalli.

Nefndin hefur á liðnu starfsári unnið áfram að því verkefni, að aðlaga skipulag kirkjunnar vegna viðbragða við hópslysum, að þeim breytingum sem hafa orðið á prófastsdæmunum, en þetta skipulag er byggt á Viðbragðaáætlun kirkjunnar, sem samþykkt var á kirkjuþingi 2006. Viðbragðaáætlunin var á sínum tíma gefin út í litlu hefti sem dreift var til allra presta, sóknarnefnda o.fl. Einnig má svo nálgast hana á vefsvæði Þjóðkirkjunnar ([www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)) ásamt ýmsum fylgigögnum sem henni fylgja.

Viðbragðaáætlunin gerir ráð fyrir því, að útbúar séu sérstakar viðbragðaáætlanir prófastsdæmanna. Hafa flest þeirra lokið við áætlanir sínar, en þó á enn eftir að endurskoða einhverjar þeirra með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa.

Þátttaka kirkjunnar og starfsmanna hennar var æfð í tengslum við nokkrar flugslysæfingar. En þátttaka í slíkum æfingum og undibúningi þeirra hefur á undanförunum árum gefið bæði þeim starfsmönnum kirkjunnar, sem þátttaka og hópslysanevndinni dýrmæta reynslu. Hægt hefur verið að prófa viðbragðaáætlunina og einstaka þætti hennar við raunverulegar aðstæður og nota síðan reynsluna til að slípa þá til. Þá hefur reynt á áætlunina í tengslum við síðasta jarðskjálfta á Suðurlandi og eldgosin í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum og sömuleiðis í kjölfar nokkurra alvarlegra slysa og virðist hún hafa reynt vel við þessar aðstæður. Loks má geta þess, að nefndin hefur kynnt sér nokkuð reynsluna af viðbrögðum norsku kirkjunnar í kjölfar hryðjuverkanna 22. júlí 2011 og má ýmislegt af þeim læra.

Í framhaldi af endurskoðun á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi, sem gengið var frá haustið 2010 voru stofnaðir samráðshópar áfallahjálpar í öllum lögregluumdæmum landsins. Prófastsdæmin skipa fulltrúa sína í samráðshópana og hafa þeir verið virkir þátttakendur í fræðslufundum og æfingum sem þeim tengjast.

Þá taka fulltrúar nefndarinnar þátt í störfum Samráðshóps áfallahjálpar í

Samhæfingarstöð almannavarna, en þessi hópur hefur yfirumsjón með allri áfallahjálpi í landinu og fundar reglulega.

Að lokum skal svo á það minnt, að nefndin ber, ásamt biskupi Íslands, ábyrgð á og sinnir, eftir því sem við á, stuðningi við presta og aðra starfsmenn kirkjunnar, sem unnið hafa við stórslysa-

aðstæður og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur. Og sömuleiðis skal það ítrekað, að neyðarskipulag kirkjunnar er að sjálfsgöðu þannig hugsað, að það geti haldið utan um viðbrögð kirkjunnar í hvert sinn er neyðarástand skapast, jafnvel þótt ekki sé um almannavarnaástand að ræða.

## Kirkjugarðaráð

### Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Engar breytingar urðu á skipan Kirkjugarðaráðs á síðasta ári, en ráðið hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og sér um úthlutun úr kirkjugarðasjóði. Í ráðinu sitja fimm fulltrúar og eru þeir: Ragnhildur Benediktsdóttir, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og formaður Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu. Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson landslagsarkitekt. Á vegum ráðsins starfar einnig Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður sem sér um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdráttu og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða

### Starfsemi ráðsins

Á árinu voru haldnir níu fundir auk þess sem ráðið fór í sína árlega skoðunarferð,

sem í þetta sinn var til Þingvalla og um Borgarfjörð. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti 85 kirkjugarða.

### Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs - framkvæmdir

Á árinu 2012 voru veittir styrkir úr kirkjugarðasjóði til 57 verkefna samtals að upphæð rúmlega 50 milljónir. Meðal helstu verkefna sem styrkt voru má nefna:

- *Kirkjubær í Hróastungu*: Helluleggja stíg og lýsa hann upp.
- *Bakkagerði*: Til áframhaldandi hleðslu um kirkjugarðinn.
- *Reyðarfjörður*: Frágangur á stækkun og umgjörð garðs.
- *Höfn*: Stækkun garðs og hlaða vegg úr gabbrói umhverfis stækkun.
- *Villingaholt*: Helluleggja stíga, grisja gróður og endurbæta lýsingu.
- *Þingvellir*: Ljúka við hleðslu og lagfæringu á garði.
- *Kirkjugarðar Keflavíkur*: Til endurbóta á Hólmsbergskirkjugarði.
- *Kirkjugarðar Reykjavíkur*: Til uppbyggingar duftsgarðs í Sóllandi og í Kópavogi.
- *Lundur*: Til áframhaldandi hleðslu um garðinn.

- *Breiðabólstaður Skógarströnd*: Greiða niður skuld vegna framkvæmda.
- *Bolungarvík*: Uppsetning girðingar um stækkun garðsins.
- *Prestbakki Hrútafirði*: Garður stækkaður og girðing og sáluhlið endurnýjað.
- *Spákonufell við Skagaströnd*: Vegna gagngerra endurbóta.
- *Bólstaðarhlið*: Bæta aðgengi og endurnýja sáluhlið.
- *Ólafsfjörður*: Hækka og endursteypa norðurvegg kirkjugarðsins.
- *Kirkjugarðar Dalvíkur*: Ljúka við að endurnýja girðingar á Dalvík og Upsum.
- *Kirkjugarðar Laugalandsprestakalls*: Endurnýja umgjörð og hlið á Saurbæjarkirkjugarði.
- *Svalbarðseyri*: Lagfæra garðflöt, stíga og lýsa upp garðinn.
- *Póroddsstaðir*: Greiða niður skuldir vegna gagngerra endurbóta.

Á árinu var unnið við lagfæringu og hirðingu á nokkrum niðurlögðum görðum t.d. í Klausturhólum, Reynir í Mýrdal, Skálmanesmúla, Selárdal og gamla garðinum á Hvanneyrahóli á Siglufirði,

Auk áðurtalinna styrkja fékk Kirkjugarðasamband Íslands styrki til reksturs á vefnum gardur.is, og til fræðslumála samkvæmt þjónustusamningi sem í gildi er milli Kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambandsins

## Kirkjugarðar sem ferðamannastaður (áningastaður)

Í vinnuferðum um landið undanfarin 20 ár hefur undirritaður ekki komist hjá því að taka eftir fjölgun ferðamanna í kirkjugörðum og þá er sama hvort um er að ræða kirkjugarð í fjölmennri eða fámennri sókn. Margir þessara staða hafa verið kirkjustaðir til margra alda og því þekktir úr Íslandssögunni og því eðlilegt að ferðamenn heimsæki þá til að kynna sér sögu þeirra. Nú er vinsælt að tala um menningartengda ferðaþjónustu og nauðsyn þess að auka hana hér á landi. Kirkjustaðir og þá um leið kirkjugarðar geta auðveldlega tengst slíkri ferðamennsku, en þá er líka mikilvægt að tryggja þeim nægilegt fé til að að hægt sé að hirða þá með natni og

Kirkjugarðurinn á Þingvöllum



sýna með stolti. Í gegnum árin hefur kirkjugarðasjóður veitt styrki til að bæta aðgengi og fegra ásýnd kirkjugarða og grafreita víða um land. En betur má ef duga skal og ef þróunin verður sú að farið verður að taka gjald af ferðamönnum fyrir að skoða landið

er ekki óeðlilegt að sóknir/kirkjugarðsstjórnir á sögustöðum hafi möguleika að sækja um styrk úr þeim sjóðum sem þá verða til, til að bæta aðstöðu vegna móttöku ferðamann enda má með sanni segja að margir þessara staða séu orðnir fjölsóttir ferðamannastaðir í dag.

## **Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan**

**Edda Möller, framkvæmdastjóri**

Skálholtsútgáfan heldur úti heimasíðu [www.skaltholtsutgafan.is](http://www.skaltholtsutgafan.is). Þar má finna yfirlit og umfjöllun yfir útgáfu; bæna-bækur og bænaefni ýmiskonar, barna-bækur af ýmsum toga, bækur um lífið, tilveruna og trúna, (andleg leiðsögn, spurningar lífsins og hugleiðingar);

Fræðsluefni ýmiskonar, efni um kirkjufræðslu, guðfræði og kristna trú, sögu, tónlistarefni og aðra útgáfu.

Einnig má finna á heimasíðunni ýmislegt sem fæst í versluninni Kirkjuhúsinu.

### **Tilgangur og markmið**

Skálholtsútgáfan er útgáfufélag Þjóðkirkjunnar. Það er hlutverk hennar að sjá kirkjusöfnuðum fyrir ýmsu efni til fræðslu- og safnaðarstarfs og Kirkjuhússins að útvega ýmsar rekstarvörur til kirknanna; má þar nefna oblátur, kirkjumuni, altarisklæði, dúka og hökla, ölbur, rykkilín, kerti, sálma-bækur, annað undirleiks- og tónlistarefni, svo dæmi séu tekin. Einnig skal Skálholtsútgáfan gefa út efni í ýmsu formi (bækur, geisladiska, DVD diska) fyrir almenning þar sem ...„kristin sjónarmið eru skýrð og Kirkjuhúsið að selja muni og gjafavöru á kristnum grunni. Við stefnumörkun er litið til markmiða í stefnumótun Þjóðkirkjunnar

varðandi útgáfu og fræðslu, einnig til fræðslustefnu og fjölskyldustefnu og til vinnu nefnda og ráða kirkjunnar.

### **Markvert í útgáfu 2012**

Markmið útgáfufélagsins taka mið af skipulagsskránni og tengingu við íslenskt samfélag á hverjum tíma. Bækur og fræðsla fyrir börn um kristna trú eru okkur alltaf ofarlega í huga. Þriðji DVD diskurinn með Hafdísí og Klemma sem nefnist *Daginn í dag 3* kemur út í nóvember en fyrstu tveir komu út 2010 og 2012.

Sögupersónur þessa leikna efnis eru aldeilis orðin vinir íslenskra barna og heimila. Börnin læra biblíusögur, sunnudagaskólasöngva og sálma og taka þátt í ævintýrum sögupersónanna.

Jafnframt því að vera til sölu víða í verslunum má fá þetta efni á leigu Vodafone og Símans og nýtur þar mikilla vinsælda. Það má með sanni segja að diskurinn styðji bæði við sunnudagaskólann í kirkjum landsins og við heimilin og heimilisuðrækni.

### **Kristin trú og samfélag**

Í markmiðum Skálholtsútgáfunnar er horft til útgáfu af ýmsum toga en sér-

staklega eru nefnd tengsl við samfélagið og daglegt líf einstaklinga og fjölskyldna.

Út kom *Kvöldbænafrjársjóður*, en áður var kominn út *Frjársjóður* með 84 spjöldum með bæn og ritningarversi. Þetta efni hefur vissulega slegið í gegn!

Í samráði við Rannveigu Sigurbjörnsdóttur gáfum við út nokkur verkefni:

*Magnea Þorkeldsdóttir – Hannyrðir*. Að þeirri vinnu kom fjöldi ættingja þeirra hjóna, Magneu og Sigurbjörns Einarssonar, biskups, í textaskrifum, ljósmyndum og ritstjórn.

Einnig kostaði Rannveig útgáfu á bók Sigurbjörns, *Hvað viltu, veröld?* sem er safn pistla sem Sigurbjörn ritaði síðustu ár sín, m.a. í Morgunblaðið. Einnig komu út á hljóðbók lestur Sigurbjörns biskups á bókinni *Af hverju, afi?* og *Til ihugunar*. (hugleiðingar) -

## Kirkjuhúsið – verslun

Kirkjuhúsið er ekki eingöngu verslun, hún er þjónustumiðstöð fyrir kirkjurnar.

Hingað kemur fólk í ýmsum erindagjörðum. Að leita sér að lesefni um kristna trú, barnabókum, geisladiskum og dvd efni fyrir börn og fullorðna, fræðsluefni fyrir kirkjustarf, ýmskonar aðföng fyrir kirkjur, í leit að gjafavöru og fleira. Boðið er uppá gott og fjölbreytt úrval af geisladiskum með trúarlegri tónlist; gospel, Taizé, klassík, sálmatónlist af fjölbreyttustu gerð. Skírnargjafir og brúðargjafir eru sóttar í Kirkjuhúsið, jóla- og afmælisgjafir og ekki síst kemur fólk þangað þegar sorgin sækir í hús.

## Starfsfólk og stjórn

Hjá Kirkjuhúsinu – Skálholtsútgáfunni vinna þrír starfsmenn sem sjá um

verslun, þjónustu og útgáfu ásamt öðrum verkefnum, eins og bókhaldi, ritstjórn, dreifingu til kirkna, bókaverslana og einstaklinga. Margir verktakar koma einnig við sögu. Starfsmenn eru; Edda Möller, Guðbjörg Ingólfssdóttir og Lára Árnadóttir. Stjórn frá aðalfundi fyrir árið 2012 skipa: Hreinn S. Hákonarson fangaprestur, formaður, Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur, sr. Bernharður Guðmundsson f.v. rektor í Skálholti, Halla Jónsdóttir hugmyndasagnfræðingur og aðjúnt við HÍ; Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri þjóðkirkjunnar, Elín Elísabet Jóhannsdóttir fræðslufulltrúi á Biskupsstofu, Valur Árnason lögfræðingur og Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir, bókmenntafræðingur.

## Fjárhagur

Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan stendur undir sér og fjármagnar sjálf öll sín útgáfuverkefni. Þó getur hún leitað eftir styrkjum til einstakra verkefna. Þeir hafa þó ekki legið á lausu undanfarin ár vegna samdráttar í tekjum hjá yfirstjórn þjóðkirkjunnar.

Starf kirkjunnar líður fyrir mikinn samdrátt í tekjum. Það höfum við fundið fyrir í ríkum mæli undanfarin ár. Þó er það svo að stór útgáfuverkefni hafa komið út og önnur stór hafa verið unnin á þessum tíma og eru komin út haustið 2013 þegar þessi orð eru rituð. Má þar nefna nýtt fermingarefni, *Con Dios*, sem hefur hlotið góðar viðtökur ásamt stuttmyndum fyrir fermingarstarf sem nefnist Guðspjall. Þar eru í hlutverki leikararnir Halldóra Geirharðsdóttir og Bergur Ingólfsson ásamt Kristjönu Stefánsdóttur, söngkonu.

Skálholtsútgáfan heldur ótrauð áfram þrátt fyrir að móti blási. Verkefnin eru næg og þörfin mikil.



# Kirkjumiðstöð Austurlands við Eiðavatn

Jóhanna I. Sigmarsdóttir

Stjórn Kirkjumiðstöðvar Austurlands var þannig skipuð árið 2009:

Sr. Davíð Baldursson, formaður,  
Kristjana Björnsdóttir, gjaldkeri,  
Þórður Júlíusson, ritari,  
Sr. Lára G. Oddsdóttir, meðstjórnandi,  
Sr. Sigurður Rúnar Ragnarsson,  
meðstjórnandi.

efnanámskeið var haldið, TTT-mót og sunnudagaskólámót svo eitthvað sé nefnt. Þá voru kyrrðardagar fyrir krabbameinssjúklinga haldnir síðustu helgina í ágúst. Húsið er eftirsótt fyrir fermingarveislur, yfirleitt búið að panta með árs fyrirvara. Ein brúðkaupsveisla var haldin þar s.l. sumar.

## Starfsemi

Sem fyrr hafði undirrituð umsjón með húsnæði og rekstri Kirkjumiðstöðvarinnar við Eiðavatn þar með talið að sjá um að ráða starfsfólk, greiðslu launa og reikninga fyrir KMA en Deloitte í Neskaupsstað hefur séð um launaútreikninga og bókhald.

Í Kirkjumiðstöðinni við Eiðavatn er margs konar starfsemi á vegum kirkjunnar, haldnir fundir og námskeið. Sumarbúðir fyrir börn er stærsti og veigamesti þátturinn í starfseminni. Þar hafa verið fimm vikur flokkar undanfarin sumur.

Sumarið 2012 komu aðeins 111 börn í sumarþúðirnar mun færri en undanfarin ár. Mest er hægt að taka við 40 börnum í einu eða 200 samtals í þessa fimm flokka sem verið hafa undanfarin sumur. Rekstur sumarþúðanna var því fjárhagslega óhagstæður s.l. sumar.

Yfir veturinn er starfsemin í húsinu í formi námskeiða og funda. Stöku sinnum er það leigt út til námskeiðahalds. Fermingar börn allt frá Bakkafirði til Djúpavogs sóttu fermingarfræðslunámskeið í Kirkjumiðstöðinni og stóðu námskeiðin í 1-2 sólarhringa. Leiðtoga-

## Húsnæði og lóð

Sumarið 2012 voru gluggar, hurðir og annað tréverk að utan málað. Kostnaður vegna hita og rafmagns er verulegur þar sem á þessu svæði er ekki hitaveita. Í vetur kom í ljós kom að hitavatnsrör var í sundur undir gólfinu í salnum og heitt vatn hefur runnið þar út. Í snatri var skrúfað fyrir heita vatnið og nú í febrúar og mars var unnið að viðgerðum. Ný vatnslögn hefur nú verið lögð frá hitakút í eldhús. Einnig þurfti að skifta um hitakút og voru fengnir tveir nýir í stað þess gamla sem farinn var að leka.

Bóndi úr sveitinni sá um að slá fótboltavöllinn og lóðina.

Soroptimistaklúbbur Austurlands hreinsaði lóðina s.l. vor, vann að voreingerningum og setti á flot bátana. Í staðinn fá þær að halda fundi sína í húsinu einu sinni í mánuði yfir veturinn.

## Starfsfólk

Ekkert fastráðið starfsfólk er við Kirkjumiðstöðina en alltaf blessast að fá gott starfsfólk. Hjalti Jón Sverrisson, guðfræðinemi var sumarþúðastjóri, Kristjana Björnsdóttir matráðskona og naut

hún aðstoðar Guðnýjar Eiríksdóttur í eldhúsinu.

## Rekstur

Reksturinn var erfiður á s.l. ári og ljóst er að fækka þarf sumarþúðaflokkum næsta sumar.

Kirkjumiðstöðin er mikilvægur þáttur í starfi kirkjunnar á Austurlandi og gefur ýmsa möguleika. Ég læt nú af störfum sem umsjónarmaður KMA eftir 14 ár og á þeim tímamótum er mér efst í huga þakklæti til þeirra sem hafa lagt starfinu hér lið, samstarfsfólksins og stjórnarinnar.

## Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri

Gunnar Rögnvaldsson

Liðið ár var eins og vænta mátti ekki mjög frábrugðið hinum á undan með tilliti til umfangs og atburða þar sem nokkuð fyrirsjánlegt er, hvernig í það minnsta sumar vikurnar skipast.

Löngumýrarnefnd er óbreytt frá fyrri árum og skipa hana sr. Gísli Gunnarsson í Glaumbæ formaður, sr. Sigríður Gunnarsdóttir á Sauðárkróki og Lárus Ægir Guðmundsson á Skagaströnd. Starfsfólkið heldur tryggð við okkur með Lísu ráðskonu og Ingu í framlinunni ár eftir ár ásamt feykiduglegum sumarstúlkum sem snúa heim með farfuglunum okkur til bjargar.

## Starfsemin

Yfir vetrarmánuðina er all nokkuð um fundi og samverur af ýmsum toga ásamt kirkjustarfi sóknanna hér í framhéraðinu. Oft er glatt á hjalla á T.T.T dögum, í fermingarfræðslutímum eða kirkjuskólanum ómissandi og leika þessir hópar einnig stór hlutverk á aðventusamkomunni og æskulýsdeginum sem eru mjög fjölsóttar, en á æskulýsdeginum baka fermingarbörnin vöflur og selja til styrktar indverskri stúlku sem prestakallið styrkir til náms og uppeldis. Einnig má

nefna fjölskylduguðsþjónustur þar sem boðið er uppá léttan hádegisverð á eftir og setur það svip á stundina því fátt er betra en gott spjall á eftir Guðsorðinu. Þannig má nefna að slík messa haldin í fyrsta skipti hér á staðnum á Páskadagsmorgun og fjölmenntu sóknarbörn með gesti sína sem margir hverjir eru brottfluttir grannar eða afkomendur í heimsókn.

Góðir gestir á vegum hjálparstarfins í Mosambique komu í heimsókn og tóku fermingarbörnin á móti þeim og fræddust um líf jafnaldra sinna í Suður-Afríku. Náðu gestirnir ákaflega vel til unglínganna með fallegum söng og líflegri framkomu.

Ein útför fór fram frá kapellunni þegar nágranni okkar og velunnari Herfríður Valdimarsdóttir frá Brekku var jarðsöngin héðan en jarðsett var á Víðimýri. Verður að segjast að ólíkt rýmra er og þægilegra á margan hátt hér en í sumum litlu kirkjunum og sérstaklega að vetrinum þegar kalt er og jafnvel ófærð í kring.

Mikið barnalán fylgdi Skagfirðingum síðasta ár og brutust mömmur lengst framan úr dölum í hríðarveðrum til að mæta á mömmumorgna sem voru vel sóttir sl. vetur. Er að sjá á nokkrum



Nemendur í 10. bekk Varmahlíðarskóla komu og sungu, spiluðu og spjölluðu við eldri borgara sem hittast reglulega á Löngumýri yfir veturinn

heimilum að framhald geti orðið á fari sem horfir.

Sumarið heilsaði með Valgerði Gísladóttur og hennar góðu gestum á vegum Ellimálaráðs sem komu hingað með þrjá hópa og var sá síðasti sprækasti þó meðalaldurinn væri áttatíu og fimm ár! Því miður er ljóst að brátt sér fyrir endann á starfsferli Valgerðar sem nú í sumar kemur með hópana sína, en lætur eftir það formlega af störfum. Aðkoma hennar að starfi Löngumýrar hefur verið mikilvæg og bera skjólstæðingarnir ótakmarkað traust til hennar og þess sem hún stendur fyrir.

Rauði krossinn kom með síðustu hópana í sumarbúðir fatlaðra á liðnu sumri, en tilkynnt var í vetur að ekki væri lengur fjármagn til að standa með hliðstæðum hætti að því frábæra starfi sem verið hefur í gangi síðustu 15 ár. Sumarbúðirnar falla þó ekki alveg niður þar sem sambýlin á Sauðárkróki munu koma með vistmenn til viku dvalar hér í júlí. Verður á komandi hausti reynt að blása til sóknar og finna nýja

styrktaraðila fyrir þetta góða starf svo áframhald megi verða á fyrir alla þá vini okkar sem hingað hafa komið um árabíl.

Krabbameinssjúklingar, ekkjur og ekklar mættu í sínar hvíldardvalir. Þátttaka var góð og hafa skapast ákaflega traust tengsl manna á milli sem ræktuð eru áfram. Farið er í dagsferðir með hópana og ekkjur og ekklar létu ekki deigan síga heldu lögðu á brattann og fóru fram í Laugarfell á jeppum, ferð sem verður ógleymanleg okkur sem vorum með.

All nokkuð er spurt um staðinn fyrir brúðkaup og ættarmót og er reynt að sinna því ef það truflar ekki föstu starfseminna. Það sama má segja um nemendamótin sem einkum eru á vorin, en sérstaklega gaman er af fyrrverandi nemendum Húsmæðraskólans sem koma til að rifja upp gamlar minningar og þá má oft verða sér úti um góðar sögur til seinni tíma brúks.

Ekki má svo gleyma að nefna kjarnakonuna Krístrúnu í Quiltbúðinni á Akureyri sem stefnir hingað hópum

Sr. Gísli með hluta af TTT börnunum úr Varmahlíðarskóla



af saumakonum á haustin og þrjónakonum á veturna sem dvelja í góðu yfirlæti yfir helgi og sinna sínum áhugamálum. Kátar konur sem fylla húsið gleði og gamalkunnum saumavélanið.

Að auki má nefna fundi, námskeið, samverur eldri borgara, fermingarveislur og fleira sem reynt er að finna stað ef tök eru á.

### **Framkvæmdir**

Sumarið 2012 var lokið við utanhússmálun á gistiálmunni ásamt ýmsum smálagfæringum eins og gengur. Margt fleira er komið á tíma, endurnýjun á tækjum í eldhúsi, húsgögnum, lagfæring í garði svo dæmi séu tekin. Garðurinn fór ákaflega illa í fannkomu haustsins og brotnaði mikið af trjám sem þarf að fjarlægja. Eðlilegt er að það sem notað er gangi úr sér. Líftíma

sumra hluta er hægt að lengja með góðri meðhöndlun, en ekki endalust. Þetta eru verkefni sem vonandi næst að hefjast handa við á þessu ári.

### **Að lokum**

Starfsárið að baki var eins og öll hin skemmtilegt, varðað góðum minningum um gott fólk sem hingað kom og fór vonandi með slíkt hið sama með sér. Um framtíðina er ævinlega erfitt að spá en vonandi tekst að viðhalda því góða starfi sem náðst hefur að byggja upp og jafnframt koma auga á nýja möguleika. Þar væntum við góðs samstarfs við Biskupsstofu, kirkjunnar þjóna um land allt og allt það góða fólk sem ótullega vinnur að framgangi kærleiks og kirkjustarfs.

Löngumýrarnefnd, starfsfólki gestum og velunnurum eru þökkúð góð samskipti í hvívetna, trúfesti og farsæld.

# Holt í Önundarfirði-Friðarsetur

Fjöltnir Ásbjörnsson

## Sjálfsseignarstofnunin

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur, Flateyri, var stofnuð af Ísafjarðarprófastsdæmi og kirkjusóknum í Holtsprestakalli. Eftir sameiningu prófastsdæma á Vestfjörðum er Vestfjarðaprófastsdæmi aðili að rekstri Friðarsetursins.

Hlutverk stofnunarinnar er að standa fyrir fjölbreyttu kirkju- og menningarstarfi og að skapa aðstöðu til félagsstarfs fyrir heimamenn og velunnara.

Stjórnin er skipuð fimm manns: prófastur er formaður, sóknarprestur í Holti er varaformaður, héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis velur einn stjórnarmann og sóknarnefndir í Holtsprestakalli velja tvo fulltrúa. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn og miðast upphaflega við 1. október 2002. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 3. desember 2002, húsið var afhent 1. apríl 2003 og starfsemi hófst í maí 2003.

Húsið er fyrrum Holtsskóli, sem stofnunin keypti af Prestssetrasjóði. Árlegt starfsfé kemur frá kirkjuráði og frá héraðssjóði Vestfjarðaprófastsdæmis og þarf að skila skýrslum og reikningum til þeirra. Að öðru leyti þarf stofnunin að standa undir rekstrarkostnaði með starfsemi sem greitt er fyrir og leita annarra styrkja eftir þörfum. Stofnunin hefur árlega sótt um styrk frá ríkinu til viðhalds og endurbóta á húsnæðinu.

## Stjórnin frá 2012 til 2013

- Formaður: Sr. Agnes M. Sigurðardóttir, prófastur, Bolungarvík (til 1. júlí 2012)  
Sr. Magnús Erlingsson, prófastur, Ísafirði (frá 1. júlí 2012)

- Varaformaður: Sr. Fjöltnir Ásbjörnsson, sóknarprestur í Holti
- Meðstjórnandi: Barði Ingibjartsson, Súðavík, (varamaður: Bergur Torfason, Þingeyri)
- Ritari: Jóhanna G. Kristjánsdóttir, Flateyri, (varamaður: Hafdís Sigurðardóttir, Flateyri.)
- Gjaldkeri: Kolbrún Guðbrandsdóttir, Ytri-Hjarðardal, (varamaður: Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli, Valþjófsdal.)
- Umsjónarmaður tilnefndur af stjórn: Ásvaldur Magnússon, bóndi, Tröð, 425 Flateyri

## Framkvæmdir

Á 10. starfsári var lítið framkvæmt af viðhaldi og endurbótum umfram reglubundið viðhald, vegna fjárhagsstöðu. Þess skal þó getið að Friðarsetrið eignaðist nýja stóla í samkomusal en gefendur þeirra voru Ungmennafélagið Önundur, Kvenfélag Mosvallahrepps og Þorrabótsnefnd.

## Starfsemi

Í kirkju-, félags- og menningarmiðstöð, fer fram kirkjustarf, félagsstarf og menningarstarf. Sumt er hefðbundið og reglulegt, annað tilfallandi.

## Kirkjustarfið:

Barnanámskeið var haldið í júní 2012, var það fimm daga námskeiði með gistingu og var megin áherslan á fræðslu, holla útiveru og leiki. Barnastarfskonurnar úr Ísafjarðarkirkju, Árný Herbertsdóttir og Elín H. Friðriksdóttir höfðu yfirumsjón

með námskeiðinu, þessi námskeið hafa notið vinsælda og oftast hefur verið nánast fullt á þeim.

12-spora námskeið er í gangi vikulega allan veturinn.

Söngæfingar Holtsprestakall fara yfirleitt fram í Friðarsetrinu. Sömu leiðis fundir og kirkjukaffi í Holtssókn. Prestafundir eru einnig haldnir þar. Fermingarfræðslunámskeið fyrir svæðið hafa einnig verið haldin í Friðarsetrinu.

### **Félagsstarf**

Kvenfélag Mosvallahrepps hélt marga fundi sína í Friðarsetrinu.

Bændafundir og ýmsir aðrir fundir heimamanna voru haldnir þar.

Árlegt þorablót heimamanna var að vengu haldið í Friðarsetrinu

### **Menningarstarf**

Sérstaklega má telja starfsemi nefndar, sem sett var á laggirnar til að minnast Guðmundar Inga Kristjánssonar, heitins, frá Kirkjubóli í Bjarnardal, með menningardagskrá sem tengist nafni hans og fæðingardeggi á ári hverju. Í þessari nefnd eru: Ásvaldur Magnússon í Tröð, Sigríður Magnúsdóttir á Kirkjubóli og Halla Signý Kristjánsdóttir, nú í Bolungarvík. Nefndin stóð fyrir menningaruppákomu 15. janúar 2013. Á tíunda starfsári var kvöldvaka tileinkuð minningu Einars Odds Kristjánssonar, þann 26. desember síðastliðin voru liðin 70 ár frá fæðingu hans. Aðalsteinn Sigurgeirsson forstöðumaður á Mógilsá hélt erindi og fjallaði um skógræktar-

skilyrði á Vestfjörðum fram eftir 21. öld en Einar Oddur var mikill áhugamaður um skógrækt. Hjarðardalskvartettinn skemmti gestum með söng en hann skipa þeir bræður Jóhannes, Jón Jens, Steinþór og Hlynur Kristjánssynir. Einnig stigu Söngsystur á svið en það eru þær Dagný Arnalds, Rúna Esradóttir og Arnheiður Steinþórsdóttir. Eiríkur Finnur Greipsson, forseti bæjarstjórnar, stjórnaði dagskránni og minntist Einars Odds vinar síns. Að lokum var boðið upp á rjómapönnukökur en það er venja á þessum slóðum að gera það þegar sólin sést fyrst eftir skammdegið. Guðmundur Ingi Kristjánsson bauð gjarnan uppá rjómapönnukökur á afmælinu sínu og hefur þeim síð verið haldið. Troðfullt var á kvöldvökunni eins og jafnan er á þessum uppákomum og voru gestir almennt ánægðir með framkvæmdina.

### **Önnur starfsemi**

Auk þess starfs sem Friðarsetrið sjálft og heimamenn standa fyrir, er húsið leigt ýmsum aðilum. Nokkrir hópar frá Háskólasetrinu á Ísafirði dvöldu á setrinu sumarið 2012, haldin voru ættarmót, brúðkaup, afmæli, fermingarveislur o.fl. og margir einstaklingar gistu í friðsældinni. Vinnustaðir hafa notað aðstöðuna til samverustunda og námskeiða og félög utan Öfundarfjarðar haldið fundi og samkomur og Sunnukórinn staðið fyrir æfingabúðum svo eitthvað sé nefnt.

# Nefnd Þjóðkirkjunnar um kristnið og hjálparstarf

Ragnar Gunnarsson, formaður

Nefnd Þjóðkirkjunnar um kristnið og hjálparstarf hefur verið að störfum frá því að Kirkjuþing samþykkti árið 1996 að nauðsyn væri að efla þekkingu, skilning og stuðning við kristnið og hjálparstarf innan hennar. Nefndin hefur á þeim tíma staðið fyrir ráðstefnum, fyrirlestrum og fundum um kristnið og hjálparstarf og reynt að hvetja söfnuði jafnt sem einstaklinga til ábyrgðar og starfa fyrir þessu mikilvægu málefni.

Nefndin hefur reynt að minna presta, sóknarnefndir og safnaðarfólk á þessa málaflokka og mikilvægi þess að kristnið og hjálparstarf sé í ríkari eðlilegur hluti safnaðarstarfsins og beðið sé fyrir því í guðsþjónustum og öðru starfi safnaðanna. Hefur samstarf við fræðsludeild biskupsstofu verið mjög gott og ánægjulegt.

Nefndin hefur verið í sambandi við séra Jakob Á. Hjálmarsson til að fræðast um framvindu verkefnisins *Söfnuður til safnaðar* þar sem íslenskum söfnuðum gefst tækifæri til að tengjast ákveðnum söfnuðum á starfssvæði kristniðsins í Afríku vináttuböndum.

Meðal verkefna liðins starfsárs var að fylgja þessum málum eftir og að minna á stefnumörkun þjóðkirkjunnar um kristnið sem samþykkt á kirkjuþingi

2011. Meðal annars hefur nefndin reynt að minna sóknir landsins á að taka upp sem víðast samskot til Hjálparstarfs kirkjunnar og Kristniðssambandsins. Bókin *Þjónusta í síbreytilegu samhengi, að umbreyta, sætta og efla* sem fjallar um kærleiksþjónustu (diakóniu) kynntu nefndarmenn innan sinna vébanda. Lútherska heimssambandið gaf hana út og var hún þýdd á íslensku. Nefndarmenn tóku ásamt öðrum þátt í fræðslustundum í Gleráarkirkju um efni hennar og bókarinnar *Boðun í síbreytilegu samhengi* sem út kom fyrir nokkrum árum og fjallar um kristnið.

Annir og dreifing nefndarmanna hafa hamlað fundarhaldi á yfirstandandi ári.

Nefndin er nú skipuð af kirkjuráði. Í henni sitja Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri sem er formaður, Jónas Þórir Þórisson framkvæmdastjóri og Katrín Ásgrímsdóttir skógræktarbondi. Ragnheiður Sverrisdóttir, verkefnisstjóri kærleiksþjónustusviðs Biskupsstofu, situr einnig fundi nefndarinnar, er ritari hennar og tekur þátt í störfum hennar. Þessi tengsl við Biskupsstofu hafa auðveldað samstarf og framkvæmd margs þess sem nefndin hefur verið og er að vinna að.

# Samband íslenskra kristniboðsfélaga

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri

## Inngangur

Enn eitt starfsár er að baki í sögu Kristniboðssambandsins sem hefur á rúmlega 80 ára sögu sinni haft áhrif á líf óteljandi fjölda fólks í Afríku og Asíu. Sjálfboðaliðar og velunnarar eiga miklar þakkir skildar fyrir trúfesti sína við málefnið og hugsjónina að bera Jesú Kristi vitni í orði og verki.

## Eþíópía

Rúmar sex milljónir manna teljast til Mekane Yesus kirkjunnar í Eþíópíu. SÍK styrkir ýmis verkefni á vegum kirkjunnar, svo sem þýðingu Biblíunnar yfir á tungu Tsemai-manna og boðunarverkefni til nýrra staða í Voitódalnum. Karl Jónas Gíslason kristniboði dvaldi 3 mánuði í haust í Eþíópíu til að fylgja eftir boðunarstarfi og safnaðaruppbyggingu í Ómó Rate.

Í Konsó sjá heimamenn um allt starfið og er því lítil sem enginn fjárhagslegur stuðningur við það. Hið íslenska biblíufélag hefur vegna bágrar fjárhagsstöðu þurft að hætta við að styrkja þýðingu Gamla testamentisins yfir á konsómál. Leitað er leiða til að ljúka því verki sem fyrst. SÍK styrkir nemendur við presta- og leiðtogaskóla kirkjunnar í Addis Abeba og rekstur biblíu- og kristniboðsskólans í Awasa. Eins og stendur eru engir íslenskir kristniboðar í landinu.

Lestrarverkefnið í Ómó Rate hefur staðið yfir í fimm ár. Í verkefninu *Af götu í skóla* í Addis Abeba fá 30 börn og fjölskyldur hjálp. Árangur er mikill og hafa samtökin *My sisters*, samstarfsaðili

SÍK, fengið verðlaun yfirvalda fyrir vandað starf.

## Kenía

Norð-vesturbiskupsdæmi ELCK, Evangelísk lútersku kirkjunnar í Keníu, er samstarfsaðili SÍK og starfssvæðið Pókothérað og nærliggjandi héruð. Hjónin Fanney Krístrún Ingadóttir og Jón Fjölur Albertsson störfuðu þar að útbreiðslu- og boðunarstarfi kirkjunnar og kennslu við Kapenguria Bible Centre, fræðslumiðstöð kirkjunnar í þrjú ár en komu heim í fyrrahaust. Þau fara til starfa í tvo og hálfan mánuð í sumar. Hjónin Kjellrun Langdal og Skúli Svarsson voru sjálfboðaliðar í tíu vikur í Pókot í upphafi árs. Bogi Benediktsson var einnig sjálfboðaliði á sama tíma, fyrst í Pókothéraði og síðan við ströndina.

Kirkjan í Norð-vesturbiskupsdæminu hefur vaxið ört á liðnum árum og teygir sig inn í nærliggjandi héruð og lönd. SÍK styður rekstur fræðslumiðstöðvar kirkjunnar í Kapenguría. Við vonumst til að geta sent kristniboða aftur til Kapenguría. Kirkjan hefur í samstarfi við kristniboðssamtök og þróunarstofnanir á Norðurlöndum byggt rúmlega 80 grunnskóla í Pókothéraði og níu framhaldsskóla. Við höfum verið beðin um að styðja áfram við uppbyggingu framhaldsskóla í héraðinu, bæði viðbót við þá sem þegar er búið að byggja að hluta og eins við einn nýjan. Við fengum rétt fyrir áramótin rúmar fimm milljónir frá Utanríkisráðuneytinu til að byggja tvær heimavistir við framhaldsskóla fyrir





Starf kirkjunnar sameinar konur frá ólíkum löndum

stúlkur í Propoi í Chepareria. Stefnt er að því að ljúka byggingum heimavistanna í sumar.

## Japan og Suðvestur-Asía

Upphafsár Kristniboðssambandsins á alþjóðavettvangi voru í Kína. Árið 2010 bættist Japan við sem kristniboðsland. Leifur Sigurðsson, kristniboði, býr þar ásamt eiginkonu sinni Katsuko og tveimur börnum. Þau fluttu í fyrra til Fukuyama þar sem Leifur starfaði sem prestur Lútersku kirkjunnar í Kobe í Vestur-Japan. Heimamaður hefur tekið við því starfi og getur Leifur því beitt kröftum sínum að því að ná til nýrra með fagnaðarerindið. Aðeins tæplega 1% þjóðarinnar telst kristinn.

## Tjaldgjörðarkristniboð

Aðalfundur SÍK samþykkti í fyrra að stíga skref í átt að vaxandi tjaldgjörðarkristniboði sem byggir á því að fólk fer til starfa en sér sjálfu sér farborða.

Það sinnir kristniboði í frítíma sínum sem sjálfboðaliðar. Til stendur að ung hjón haldi til Japan á næsta ári. Stjórnin samþykkti einnig að fara í samstarf við hjónin Noru og Gísla Jónsson sem starfa við ráðgjöf og baráttu gegn mansali í Búlgaríu. Samstarfið felst í því að taka við söfnunarfé til þeirra starfs og miðla fréttum og fyrirbænaefnum hér heima. Stjórnin samþykkti einnig að styrkja Janet Sewell til starfsnáms í kristilegri fjölmiðlun í Bandaríkjunum en hún hefur undanfarin ár starfað sem kristniboði í Grikklandi.

## Fjölmiðlastarf og önnur erlend tengsl

SÍK styrkir ákveðnar sendingar NOREA-radio til Kína og er samstarfsaðili Sat-7, samkirkjulegs sjónvarpsstarfs í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Með boðun og fræðslu er reynt að styrkja kirkjurnar og kristið fólk á erfiðleikatímum. Að auki eru þættir með almenna fræðslu m.a. ætlaða ólæsu fólki. Þá eru þættir sem miða að því að

Börn í Addis Abeba eignast von vegna starfs kirkjunnar



styrkja vaxandi hóp einstæðra kvenna og mæðra og rjúfa einangrun þeirra. Fimm rásir heyra nú undir Sat-7, þar af ein sem er eingöngu með barnaefni. Sent er út á arabísku, tyrknesku og farsí.

Kristniboðssambandið starfar með NLM, Norsk Luthersk Misjonssamband í kristniboðslöndunum. SÍK er aðili að Nordisk Indremisjonsráð og verður aðalfundur þess haldinn hér í Reykjavík í ágúst. SÍK er fulltrúi Íslands í *European Evangelical Missionary Alliance (EEMA)*. EEMA heldur fjölmenn kristniboðsmót fyrir ungt fólk, Missionnet, í Þýskalandi um önnur hver áramót. Heimamissíónin í Færeyjum hefur óskað eftir samstarfi og sterkari tengslum við SÍK en verið hafa. Í mars var fundur hér á landi þar sem stofnað var formlega *Nordisk Teltmaker Netverk* með Heimamissíóninni og nokkrum litlum kristniboðssamtökum á Norðurlöndum.

## Innanlandsstarf

Stjórn SÍK er kosin á aðalfundi og sitja

aðalmenn þrjú ár í senn. Formaður er Haraldur Jóhannsson læknir. Ragnar Gunnarsson er framkvæmdastjóri SÍK. Stjórnin fundaði níu sinnum á starfsárinu. Helstu mál voru fjármál, skipulags- og starfsmannamál, starfið á kristniboðs-akrinum og starfið á heimavelli. Ýmsar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi að undanfögnu. Framkvæmdastjóri er nú í rúmlega hálfu árs launalausis leyfi til að sinna verkefni fyrir Hátíð vonar í haust. Hermann Ingi Ragnarsson lét af störfum í lok febrúar. Aðrir starfsmenn skrifstofu og Basarsins eru Kristín Bjarnadóttir, Karl Jónas Gíslason, Kristján Þór Sverrisson í fullu starfi og Ragnheiður Arnkelsdóttir í hlutastarfi.

Starfsmenn SÍK voru nokkuð á ferðinni í vetur. Mestur hluti kynningar- og boðunarstarfsins fór fram á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þar sem ýmsir hópar, félag, kirkjur og skólar voru heimsótt. Útvarpsguðspjónusta á kristniboðsdaginn var frá Seltjarnar-kirkju þar sem Fanney Krístrún Inga-dóttir prédikaði.



Stúlkur í Pokot fá tækifæri til að stunda nám

Kristniboðsfélögin eru grunneiningar og burðarás SÍK. Þar er fólk sem biður trúfastlega fyrir kristniboðinu, gefur reglulega til þess og sinnir ýmiss konar fjáröflun og sjálfbodastarfi. Það er von okkar að kristniboðsfélögum fjölgi en sífellt þarf að leita nýrra leiða til að opna augu fólks fyrir mikilvægi kristniboðsstarfsins. Ýmsir vinir kristniboðsins, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, biðja fyrir starfinu og styðja það fjárhagslega af mikilli trúfesti, án þess að vera í kristniboðsfélagi. Þeir geta verið einstaklingsaðilar að SÍK.

Kristniboðsvika var í Reykjavík í upphafi marsmánaðar. Árlegt kristniboðsmót á Löngumýri var haldið í júlí. Í sumar er ætluin að hafa einnig sumarmót Skálholti. Fyrstu helgi í október var sameiginlegt haustmót SÍK, Salts kristins samfélags og Íslensku Kristskirkjunnar í Vatnaskögi.

Eins og undanfarin ár eru samkomur í Kristniboðssalnum á hverju miðvikudagskvöldi. Trúfastur hópur fólks sækir samkomurnar. Áhersla er lögð á boð-

un Orðsins og gott samfélag. Fyrsta miðvikudag mánaðarins hafa verið fjölskyldusamverur sem hafa byrjað með mat kl. 18. Auk samkomuhaldsins og félagsfunda Kristniboðsfélags karla og Kristniboðsfélags kvenna hafa ýmsir aðrir hópar fengið salinn að láni.

Basarinn er ekki einungis nytjamaður heldur einnig starfsstöð þar sem við komumst í samband við fólk, kynnum starfið, ræðum við það og veitum sálgæslu og bjóðum fólki að taka þátt í starfi Kristniboðssambandsins. Aðaldeild KFUK hélt einn af vikulegum fundum sínum í Basarnum nú í vor. Basarinn heldur úti Facebook síðu með mörgum vinum.

Í haust var boðið upp á Alfa-námsskeið. Þátttakendur voru rúmlega 10 talsins. Sakkeus hóf göngu sína í fyrria en markmiðið er að standa fyrir sýningum á fræðsluþáttum, kvikmyndum og öðru áhugaverðu myndefni og efna til umræðna í því sambandi. Í sumar hélt Kristín Bjarnadóttir í kynnisferð með átta þátttakendur á kristniboðssvæðið í Keníu.

Biskup Ísland, Agnes M. Sigurðardóttir, hitti biskupinn, herra Samson og aðra starfsmenn lútersku kirkjunnar



## Útgáfa og kynningarmál

Kristniboðsfréttir eru nú prentaðar í 4500 eintökum og koma út fjórum sinnum á ári. Þær eru sendar ókeypis til áskrifenda um allt land. Bjarmi, tímarit um kristna trú, kemur út fjórum sinnum á ári. Blaðið er nú gefið út í 800 eintökum. Kirkjumálasjóður styrkir útgáfuna í ár með 100.000 kr. Tölvubrésið Kristniboðspósturinn er sent út til 240 áskrifenda tvisvar til þrisvar í mánuði. Í póstinum birtum við fréttir af kristniboðunum, starfinu úti og heima, tilkynningar um viðburði og fleira. Heimasíða SÍK, [www.sik.is](http://www.sik.is), er einnig andlit okkar út á við. SÍK er einnig með síðu á Facebook þar sem atburðir eru kynntir og fréttum miðlað. Vinahópur Kristniboðssambandsins þar telur nú um 500 manns.

Kristniboðsalmanakið er gefið út í 10.000 eintökum. Kærleikspjónustusvið Biskupsstofu sá um dreifingu til presta og kirkna utan höfuðborgarsvæðisins. Almanakið var einnig sent með Kristniboðsfréttum til allra áskrifenda.

Salt ehf er í eigu SÍK. Í vetur kom út bókin Ruth og Billy Graham eftir Hanspeter Nüesch. Vefsíða útgáfunnar er [www.saltforlag.is](http://www.saltforlag.is).

## Samstarfsverkefni

SÍK hefur í áratugi verið í góðu samstarfi við KFUM og KFUK og eins Kristileg skólasamtök og Kristilegt stúdentafélag. Starfsmenn hafa tekið þátt í samverum og mótum fyrir börn, unglinga og fullorðna, kynnt starfið og haft hugleiðingar og bibliulestra.

Samstarfið við þjóðkirkjuna hefur vaxið á liðnum árum. Kynning hefur farið fram í mörgum kirkjum á liðnu starfsári og leitað er til okkar eftir efni um kristniboð okkar Íslendinga. Kristniboðssambandið fær styrk úr Kirkjumálasjóði upp á tvær milljónir króna. Samskot eru tekin reglulega í Grensáskirkju og Hallgrímskirkju í Reykjavík, Hjallakirkju í Kópavogi og við allar Tómasarmessur í Breiðholtskirkju en SÍK er í samstarfi um þær. Mörg prófatsdæmanna styrkja okkur og er framlag Reykjavíkurprófatsdæmis eystra myndarlegast eða 400 þúsund krónur á liðnu ári. Einnig hafa aðrir söfnuðir þjóðkirkjunnar stutt starfið. Starfsmenn eiga gott samstarf við Ragnheiði Sverrisdóttur sviðsstjóra kærleikspjónustusviðs Biskupsstofu. Pétur Ásgeirsson, ritari stjórnar, var fulltrúi SÍK á leikmannastefnu þjóðkirkjunnar í apríl. Framkvæmdastjóri SÍK er formaður nefndar þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf sem skipuð er af kirkjuráði.

Sr. Jakob Á. Hjálmarsson hefur unnið ótulllega að því að efla tengsl milli safnaða hér heima og úti á kristni-boðsákrinum, einkum í Keníu. Á annan tug sókna hafa tekið að sér vináttusamband undir heitinu *Söfnuður til safnaðar*. Agnes M. Sigurðardóttir biskup heimsótti starfssvæði Kristni-boðssambandsins í Pókothéraði í Keníu í febrúar. Hún hitti forystumenn kirkjunnar, kynnti sér safnaðarstarf og þróunarverkefni sem við höfum styrkt á svæðinu á undanförunum árum.

SÍK styður útvarpsstöðina Lindina með mánaðarlegu framlagi og starfsmenn og sjálfboðaliðar flytja þar hugleiðingar og kynna starfið. SÍK tekur einnig þátt í samkirkjulegum bænastundum sem haldnar hafa

verið í Friðrikskapellu frá því í ágúst 2008. SÍK er þátttakandi í verkefninu Hátíð vonar sem unnið í samstarfi við kristniboðssamtök Billy Grahams.

SÍK hefur einnig stutt við bakið á *Prison Fellowship á Íslandi*, sem er samkirkjulegt starf um heimsóknir í fangelsi. Kristján Þór Sverrison er fulltrúi SÍK í undirbúningsnefnd *Global Leadership Summit* ráðstefnu sem haldin hefur verið undanfarin ár í byrjun nóvember.

SÍK er í óformlegu samstarfi átta manna-úðarsamtaka í þróunarsamvinnu. Framkvæmdastjóri situr einnig í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu á vegum utanríkisráðuneytisins sem er ráðherra til ráðgjafar um þann málaflokk.

## Fjármál og skrifstofa

Skrifstofa og afgreiðsla SÍK er nú í Miðbæ við Háaleitisbraut, 2. hæð. Basarinn, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins er í Austurveri. Heildartekjur voru tæpar fimmtán milljónir í fyrra en þá er ekki reiknað með launa- eða húsnæðis-kostnaði. Karl Jónas Gíslason hefur daglega umsjón með markaðnum en fjöldi sjálfboðaliða aðstoðar.

Kristniboðssambandið fær tekjur sínar að mestu leyti frá trúföstum velunnurum starfsins. Í fyrra varð umtalsvert tap á rekstrinum, um 24 milljónir. Halla liðins árs var mætt með varasjóði. Notuð frimerki og erlend smámynt er góður tekjustofn. SÍK er í samstarfi við Póstinn um söfnun umslaga og frimerkja. Tekjur af frimerkja- og myntsölu í fyrra var 3,4 milljónir. Haustmarkaðurinn var haldinn í september. Jólasala SÍK í Kringlunni dróst saman. Áheit vegna hlaupara í Reykjavíkummarþoni voru rúmar 400 þúsund krónur. Verkefnið *Látum skóna ganga aftur* skilar einnig tekjum á hverju

ári. Nú söfnum við einnig notuðum fatnaði sem gengur af á Basarnum og stefnum á útflutning á honum.

Heildartekjur ársins 2012 var 61,3 milljón króna. Heildargjöld ársins voru rúmar 85 milljónir. Heildarfjárhags-áætlun rekstrar yfirstandandi árs er 68,8 milljónir króna og er umtalsverð lækkun frá því í fyrra með færri starfsfólki.

## **Þakkarorð**

Við þökkum öllum sem tengjast Kristni-

boðssambandinu með beinum eða óbeinum hætti og hafa lagt starfinu lið með munum á Basarinn, fjárframlögum, sjálfboðavinnu, fyrirbænum eða öðru og biðjum þeim blessunar Drottin. Mættum við áfram vera trúföst og þjóna Drottni með gleði, boða fagnaðar-erindið og kærleika Guðs í Jesú Kristi og þjóna náunganum í kærleika.

*Allir vegir Drottins eru elska og trúfesti fyrir þá sem halda sáttmála hans og boð. (Sálm. 25:10).*

# ***Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi***

**María Ágústsdóttir**

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi varð til að frumkvæði þjóðkirkjunnar. Prestastefna 1977 á Eiðum óskaði eftir því við biskup „að hafa forgöngu um myndun samstarfsnefndar kristinna trúfélaga á Íslandi, sem verði vettvangur umræðna og samvinnu þeirra á milli“ (Tíminn 7. júlí 1977). Nefndin hóf störf sumarið 1979 og fyrsta alþjóðlega bænavika fyrir einingu kristinnar var haldin hérlendis í janúar 1980. Hefur bænavikan verið helsta verkefni nefndarinnar frá upphafi en hún fundar mánaðarlega yfir vetrartímann. Fyrri hluta vetrar er bænavikan undirbúin en að henni lokinni taka við önnur málefni.

## **Bænavikan 2013**

Að þessu sinni kom efni bænavikunnar frá Kristilegu stúdentasamtökunum á Indlandi undir yfirskriftinni: *Hvers væntir Guð af okkur?* Dagskrá á höfuðborgarsvæðinu var fjölbreytt en meðal

annars var farið í bænagöngu frá Hallgrímskirkju í Filadelfíu með viðkomu á Hlemmi laugardaginn 19. janúar. Sr. Gunnþór Ingason hafði umsjón með göngunni og annaðist einnig þýðingu efnisins í samvinnu við formann nefndarinnar. Að bænagöngunni lokinni var haldin samkirkjuleg samkoma með þátttöku meðal annars biskups Íslands, frú Agnesar M. Sigurðardóttur sem prédikaði og Reykjavíkurbiskups rómversk-kaþólsku kirkjunnar, herra Péturs Bürcher.

Kjör Dalíta voru í brennidepli á súpu-fundi í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar þar sem Bjarni Gíslason frá Hjálparstarfi kirkjunnar sagði frá að lokinni hefðbundinni útvarpsguðsþjónustu í Dómkirkjunni í Reykjavík. Þá hófst í bæn-avikunni fjögurra skipta námskeið um sýn kirknanna á nokkrum mikilvægum efnum kristinnar trúar, skírni, kvöldmáltíð, Biblíunni og heilögum anda. Námskeiðið var haldið á þremur stöðum í samvinnu

við Starfs- og leikmannaskóla þjóðkirkjunnar. Bænavíkunni lauk með fjölskyldusamveru í Íslensku Kristskirkjunni og er það ætluð nefndarfólks að efla þátttöku yngri kynslóðanna í bænavíkunni á komandi árum.

## Helstu tíðindi frá starfsárinu

Meðal fundarefna starfsárið 2012-2013 má nefna upplýsingafund með fulltrúa Þjóðskrár, Sólveigu Guðmundsdóttur. Þar voru nýju trúfélagaögin til umræðu og benti Sólveig sérstaklega á að börn foreldra sem ekki eru í sama trúfélagi séu skráð með ótilgreinda trúfélagaaðild. Einnig voru ræddar greiðslur sem trúfélög þurfa að inna af hendi fyrir upplýsingar um trúfélagsaðild. Sólveig lagði áherslu á að trúfélagaskráning Þjóðskrár væri fyrst og fremst vegna sóknargjalda og skila á þeim. Trúfélög þurfa að hafa sína eigin skrá yfir meðlimi.

Þá kom dr. Sigurður Pálsson á fund nefndarinnar og ræddi um kristindóms- og trúarbragðafræðslu í íslenska skóla-kerfinu. Hann minnti m.a. á að engin slík fræðsla er á framhaldsskólastigi og aðeins sem valfag í kennaranámi. Niðurstaða þess fundar var að hvetja kristna foreldra til að halda vöku sinni gagnvart kennslu um trú í skólum barna þeirra.

Nýtt trúfélag bættist í hóp hinna níu sem fyrir eru, Betanía, kristið samfélag. Fyrirspurnir bárust einnig frá fleiri trúfélögum um inngöngu í nefndina en án formlegrar umsóknar. Á fundi nefndarinnar 30. apríl 2013 var samþykkt að veita Betaníu inngöngu og voru forstöðumannshjónin Magnús Gunnarsson og Halldóra Magnúsdóttir boðin velkomin ásamt sínum safnaðar-meðlimum.

Annar fulltrúi þjóðkirkjunnar af

tveimur, Steinunn Arnprúður Björnsdóttir, var kvödd eftir mikið og gott starf í þágu nefndarinnar og samkirkjumála á Íslandi í desember 2012 er hún snéri til annarra starfa. Irma Sjöfn Óskarsdóttir kom í nefndina í hennar stað. Aðrir fulltrúar voru sömu og undanfarin ár, en foringjahjón Hjálpræðishersins voru kvödd í júní. María Ágústsdóttir sem verið hefur formaður nefndarinnar frá 2001 hefur beðið um um leyfi frá störfum starfsárið 2013-2014 vegna fræðistarfa.

Við lok starfsársins bauð vígslubiskup Kristján Valur Ingólfsson nefndinni til samveru í Skálholti 14. maí og var það samfélagsefandi og nærandi ferð í alla staði. Kann nefndin vígslubiskupi bestu þakkir fyrir.

## Félag kristinna trúfélaga um fagråd og forvarnir

Frá ársbyrjun 2011 hafa verið í undirbúningi tillögur um stofnun fagråðs vegna meintra kynferðisbrota innan kristinna safnaða, annarra en þjóðkirkjunnar sem þegar hefur sitt fagråd. Sérstakur undirbúningshópur var skipaður með breiðri þátttöku trúfélaga. Meðal annars var farið á fund fagråðs á vegum Innanríkisráðuneytis til að skýra stöðuna. Lauk vinnu starfshópsins 30. apríl 2013 með undirskrift 12 trúfélaga sem aðild eiga að samstarfssamningi um félag sem heldur utan um starfsemi fagråðs og fyrirbyggjandi fræðslu.

Í stjórn félagsins eiga sæti Guðrún Halla Benjamínsdóttir frá Óháða söfnuðinum, Dagný Davíðsdóttir frá Íslensku Kristskirkjunni og sr. Manfred Lemke, prestur í Aðventkirkjunni. Fagråðið skipa Einar Gautur Steingrímsson, lögfræðingur, Ingunn Björnsdóttir, stuðningsfulltrúi/áfengis- og vímu-

Frá Alþjóða-  
bænadegi kvenna  
í Aðventkirkjunni



efnaráðgjafi, Bryndís Valbjarnardóttir prestur, Una Sveinsdóttir viðskiptafræðingur og Kolbrún Ögmundsdóttir félagsráðgjafi.

Óhætt er að segja að þarna sé í höfn mikilvægt stuðningsnet fyrir kristna söfnuði þegar upp koma mál vegna meintra kynferðisbrota. Var þessi mikla vinna unnin af miklum heilindum með hag þolenda og forvarnir fyrir augum. Sýnir stofnun félagsins styrk samkirkjulegs starfs á Íslandi og aukna vitund um mikilvægi þess að vinna saman að málefnum sem þessu.

## **Annað samkirkjulegt bæna- og boðunarstarf**

Ýmis konar annað samkirkjulegt starf er við lýði á Íslandi. Ber þar fyrst að nefna Alþjóðabænadag kvenna sem hefur verið haldinn hérlandis árlega frá 1957, lengst af fyrsta föstudag í mars. Efni bænadagsins að þessu sinni kom frá Frakklandi og var samkoma haldin í Aðventkirkjunni við Ingólfsstræti. Henni var útvarpað á skírdag. Bænadagsstarfið hefur verið virkt víða um land undanfarin ár, t.d. í Vestmannaeyjum, á Akureyri, í Miðfirði og Fellabæ. Efni næsta

bænadags, þann 7. mars 2014, kemur frá Egyptalandi.

Nefnd um náttúrulega safnaðaruppbyggingu hefur verið að störfum og voru niðurstöður kannana kynntar á kvöldvöku í Herkastalanum 11. júní. Hefur vel tekist til þar sem þetta hefur verið reynt og er þarna um gott verkfæri að ræða sem þjóðkirkjusöfnuðir ættu að nýta sér. Tengiliður safnaðaruppbyggingarhópsins er Vigfús Ingvar Ingvarsson.

Samkirkjulegur bænahópur fyrir Íslandi, Friðrikskapelluhópurinn, hefur komið saman í hádeginu á miðvikudögum frá því í ágúst 2008. Ávöxtur að því starfi er samvinna við Billy Graham Association um Hátíð vonar sem haldin verður helgina 28. – 29. september 2013 í Laugardalshöll.

## **Endurskoðaðar starfsreglur nefndarinnar**

Á fundi samstarfsnefndarinnar 30. apríl 2013 voru samþykktar endurskoðaðar starfsreglur fyrir nefndina. Reglurnar fylgja hér á eftir.

1. Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga er samstarfsvettvangur kristinna kirkna,



samfélagi og hreyfinga á Íslandi sem jata á grundvelli heilagrar ritningar einn Guð, föður, son og heilagan anda sem skapara, frelsara og lífgjafa.

2. Tilgangur samstarfsnefndarinnar er að vera vettvangur samráðs, samvinnu og stuðnings við sameiginleg mál í þjónustu við Guð og menn.
3. Meðal verkefna eru alþjóðleg bænavika fyrir einingu kristinnar, sameiginleg mál gagnvart stjórnvöldum, útvarps- guðspjónustur og fjölmiðlamál. Nefndin getur einnig staðið saman að bænastarfi, kynningu og fræðslu um kristna trú þegar það á við.
4. Í samstarfsnefnd eru fulltrúar allra safnaða og hreyfinga, sem hafa með formlegum hætti gengið til samvinnu og samþykkja grundvöll og starfshætti samstarfsnefndar kristinna trúfélaga. Trúfélagið hafi að jafnaði yfir 100 meðlimi, hafi starfað og verið skráð í að minnsta kosti fimm ár. Um óskráð kristin samfélög og hreyfingar gildir að þau skuli hafa starfað í að minnsta kosti fimm ár

hérlandis. Öll aðildarfélög hafi viðurkennda endurskoðun á reikningum sínum. Hvert félag eða söfnuður tilnefni einn fulltrúa í nefndina en þjóðkirkjan tvo. Aðildarfélög geta tilnefnt varamenn, kjósi þau það. Varamönnum er heimilt að sækja fundi nefndarinnar, þó án atkvæðisréttar. Kristin trúfélög, skráð sem óskráð, geta óskað eftir að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni og gilda þá ekki ákvæði um fjölda meðlima og lengd starfstíma.

Um umsóknarferlið: Skrifleg ósk um aðild að nefndinni berist formanni með undirskrift safnaðarráðs viðkomandi félags. Fulltrúar nefndarinnar ræði við forstöðufólk félagsins sem æskir inn- göngu og sjái endurskoðaða ársreikninga. Nefndin tekur síðan afstöðu til umsóknarinnar á fundi sínum.

5. Samstarfsnefnd skiptir með sér verkum og ákvarðar störf sín, fundafjölda og starfshætti.
6. Samstarfsnefndin skal leita samþykkis allra aðildarféлага ef breyta skal starfsreglum.

## ***Starfsþjálfun djáknaefna - djáknanefnd***

### **Ragnheiður Sverrisdóttir, formaður**

Kærleiksþjónustuvið hefur haft umsjón með starfsþjálfun djákna- og prestsefna.

Kirkjuráð veitti kr. 100 þúsund til verkefnisins 2012 og sömu upphæð 2013 en hún kostar um 500 þúsund. Nauðsynlegt er að veita meira fé til þessa verkefnis en sótt hefur verið um aukafjárveitingu en 2013 fékkst styrkur af ráðstöfunarfé biskups.

Í djáknanefnd sitja Ragnheiður Sverrisdóttir formaður og Elísabet Berta Bjarnadóttir fjölskylduráðgjafi. Sr. Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari hefur séð um ákveðna þætti gagnvart prestsefnum.

Allir nemendur fara í viðtöl bæði hjá umsjónaraðilum og biskupi. Einnig fara þeir í persónuleikaprófin DIP-Q og MMPI 2 (*Minnesota Multiphasic Person-*

*ality Inventory* 2) sem Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur leggur fyrir. Hann heldur einnig 16 tíma námskeiðið *Leiðtogar í samfylgd*. Fjögurra daga kynning er á kirkjunni og stofnunum hennar. Kyrrðardagar eru ávallt í boði. Þá er þjálfun á vettvangi skipulögð en hún er í söfnuðum og á stofnunum. Þar eru prestar og djáknar starfsþjálfunarkennarar og er sú þjálfun mjög mikilvæg en það felur í sér talsverða vinnu sem veitt er án endurgjalds. Dr. Einar Sigurbjörnsson prófessor sér um þjálfun prestsefna að hluta til bæði með kennslu og eins að senda þá út í söfnuði.

Við brautskráningu í Dómkirkjunni fá nemendur staðfestingu um embættisgengi úr hendi Biskups Íslands.

Alls voru ellefu djáknaefni á mis-  
munandi stigum í þjálfuninni. Haustið  
2012 sóttu sjö nemendur um að hefja  
starfsþjálfun en þá voru þrír þegar  
komnir áleiðis. Tveir nemendur hættu.  
Einn djáknanemi útskrifaðist 1. júlí 2013,  
Hugrún K. Helgadóttir BA í djákna-  
fræðum.

Djáknanemi í guðfræði- og trúar-  
bragðafræðideild sem er í Hvítasunnu-  
kirkjunni Fíladelfíu óskaði eftir að fá  
að taka þátt í starfsþjálfun á vegum  
kirkjunnar. Til að það væri mögulegt  
var gerður samningur við þá kirkju  
um að hún tæki persónuleikapróf og

námskeiðið *Leiðtogar í samfylgd*. Starfs-  
þjálfun á vettvangi tekur hún á vegum  
Hvítasunnukirkjunnar.

Skráð prestsefni voru 21 á ýmsum  
stigum þjálfunarinnar. Tíu guðfræði-  
kandidatar útskrifuðust 1. júlí 2013 og  
hlutu þar með embættisgengi. Þeir  
eru Arnaldur Máni Finnsson, Bryndís  
Svavarsdóttir, Elvar Ingimundarson,  
Eva Björk Valdimarsdóttir, Halla Rut  
Stefánsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir,  
Oddur Bjarni Þorkelsson, Ólöf Margrét  
Snorradóttir, Páll Ágúst Ólafsson og  
Sólveig Árnadóttir. Fyrir ári fékk María  
Gunnarsdóttir embættisgengi.

## Tónskóli Þjóðkirkjunnar

Björn Steinar Sólbergsson, skólastjóri

Tónskóli Þjóðkirkjunnar starfar sam-  
kvæmt starfsreglum um kirkjutónlist  
á vegum Þjóðkirkjunnar nr. 768/2002.  
Meginverkefni skólans er að sjá til þess  
að ávallt sé nægur fjöldi organista og  
annarra starfsmanna á sviði kirkju-  
tónlistar er hafi viðhlítandi menntun og  
færni. Skólinn starfar eftir námskrá sem  
kirkjuráð samþykkir.

Stjórn skólans er skipuð Jóni Helga  
Þórarinssyni sem er formaður, Kára  
Allanssyni og Ólöfu Kolbrúnu Harðar-  
dóttur. Stjórnin fundar reglulega með  
skólastjóra, Birni Steinari Sólbergssyni.

Aðalstöðvar skólans eru í Grensás-  
kirkju, en kennsla fór einnig fram í  
Akureyrarkirkju, Fella- og Hólakirkju,  
Hallgrímskirkju, Kópavogskirkju og  
Langholtskirkju.

### Námsframboð

Boðið er uppá þrjár námsbrautir; kirkju-  
organistapróf, sem veitir réttindi til

starfa við minni kirkjur, kantorspróf, sem  
veitir starfsréttindi við stærri söfnuði og  
BA-gráða í kirkjutónlist sem kennd er í  
samvinnu við Listaháskóla Íslands.

Auk þess er boðið upp á einleiks-  
áfanga fyrir þau sem vilja bæta mennt-  
un sína í orgelleik.

Einnig er boðið upp á nám í kórstjórn  
og raddþjálfun og hefur það einkum  
verið hugsað fyrir stjórnendur barna og  
unglingakóra.

Markmið Tónskóla Þjóðkirkjunnar er  
að tónlistarfólk sem starfar fyrir kirkjuna  
öðlist til þess fullnægjandi menntun,  
þ.e. kirkjuorganistapróf fyrir litla söfn-  
uði og kantorspróf eða masterspróf  
í kirkjutónlist fyrir þau sem starfa við  
stærri söfnuði.

### Starfsfólk

Kennarar við Tónskólann í vetur voru  
auk skólastjóra; Eyþór Ingi Jónsson,  
Guðmundur Óli Gunnarsson, Guðný



Frá  
útskriftarathöfn  
Tónskólans

Einarsdóttir, Hreinn S. Hákonarson, Hörður Áskelsson, Jónas Þórir Þórisson, Laufey Helga Geirsdóttir, Lenka Máté-óva og Pröstur Eiríksson.

Fulltrúi á skrifstofu er Laufey Helga Geirsdóttir. Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson.

## Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrðin til að hefja nám við skólann verða eins og áður, þ.e. nemendur þurfa að hafa lokið miðstigi í píanóleik auk viðtals við skólastjóra. Fyrir áframhaldandi nám þ.e. kantornám, nám við Listaháskólann eða nám í einleiksáfanga þurfa nemendur að þreyta inntökupróf.

## Skólastarfið

Tónskólinn var settur í Grensáskirkju þriðjudaginn 11. september 2012 þar sem höfuðstöðvar skólans eru. Skólastarfið var með hefðbundnum hætti, bæði er um einkakennslu, hópkennslu

og fjarkennslu að ræða. Allt nám við skólann er metið til eininga. Námsmat fer fram tvisvar á ári, nemendur fá umsögn og einkunn frá kennurum í lok haustannar og vorannar. Próf eru að mestu tekin að vori til. Allir nemendur fá umsagnir eftir veturinn og prófblöð með einkunn og umsögnum prófdómara, ásamt ferilsblöðum.

Skólaslit fóru fram í Hallgrímskirkju í Reykjavík laugardaginn 25. maí.

Alls voru 24 nemendur á skrá, þar af þrír á Akureyri. Tveir nemendur stunduðu nám í kórstjórn og raddþjálfun eingöngu. Tvennir tónleikar voru á vegum skólans fyrir jólin og einir tónleikar á vorönn.

Sérlega ánægjulegt er að sjá stöðuga aukningu yngra fólks sem er að koma upp úr tónlistarskólunum og stefnir á nám í kirkjutónlist. Einnig er endurmenntun mikilvægur þáttur í starfi skólans þar sem starfandi organistar geta bætt menntun sína með námi við skólann. Þar vegur þungt útibú Tónskólans á Akureyri þar sem organ-

istar af Norður- og Austurlandi hafa sótt nám.

Góður afrakstur var af skólastarfinu þar sem átta nemendur luku áfanga frá Tónskólanum; Fern Nevjinsky, Guðjón Halldór Óskarsson, Kitty Kovács, Sólveig Anna Aradóttir, Stefania Sigurgeirsdóttir, Steinar Logi Helgason, Valmar Völjaots luku kirkjuorganistaprófi. Kristín Waage lauk kantorsprófi.

## Norrænt kirkjutónlistarmót

Dagana 6.-9. september var haldið Norrænt kirkjutónlistarmót í Reykjavík. Gekk mótið í alla staði vel og lýstu frændur okkar á hinum Norðurlöndunum ánægju sinni með allt skipulag að aðstöðu hér heima. Fyrir okkur sem störfum við Tónskólann var gaman að sjá að þau sem komu fram fyrir hönd Íslands höfðu flest ef ekki öll stundað nám við Tónskólann. Það segir mikið til um mikilvægi hans fyrir kirkju og kirkjutónlistina!

Þann 29. október 2012 tók Tónskólinn, í samstarfi við Dómkirkjuna þátt í minningartónleikum um Pjetur Guðjónsen, f.v. dómorganista í tilefni af 200 ára fæðingarafmælis hans. Þröstur Eiríksson kennari skólans í sálma- og helgisiðafraeði hélt erindi um líf og tónlist Pjeturs.

## Málþing

Laugardaginn 23. febrúar var haldið málþing í safnaðarsal Hallgrímskirkju um orgel í kirkjum, sögu þess í lútherskri hefð, byggingu þess og hlutverk. Yfirskrift málþingsins var *Hvers vegna orgel?* Jafnframt voru endurbætur Klaisorgels Hallgrímskirkju kynntar.

Dagskráin var unnin í samvinnu Tónskólans og Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Frummælendur voru; Eypór Ingi Jónsson, Hörður Áskelsson og Þröstur Eiríksson.

## Tónskólamessa

15. apríl kl. 18 var haldin „Tónskólamessa“ í Hallgrímskirkju þar sem séra Jón Dalbú Hróbjartsson messaði. Nemendur Tónskólans í litúrgískum orgelleik og kórstjórn skiptu með sér verkum í messunni.

Messan var sálmezza þar sem ýmsum messuliðum var skipt út fyrir sálma. Sálarnir voru allir úr hefti með yfir 100 nýjum sálum sem sálmaþókarnefnd þjóðkirkjunnar hefur unnið að og fyrirhugað er að komi út síðar á þessu ári. Messan var því einnig kynning á nýju sálmunum. Í tengslum við messuna héldu þau Einar Sigurbjörnsson prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands og formaður sálmaþókarnefndar og Guðný Einarsdóttir kennari skólans í litúrgískum orgelleik fyrirlestur í safnaðarheimili kirkjunnar sem bar yfirskriftina „Um sálma í messu og sálmezzu“.

Tilraunaverkefni Guðnýjar og Einars um sameiginlegar æfingarmessur orgel- og guðfræðinema hélt áfram. Skiptir miklu að það takist að efla og styðja þetta mikilvæga verkefni.

Tónskólinn bauð til aftansöngs að hætti ensku kirkjunnar í Neskirkju mánudaginn 25. febrúar. Prestur var sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Nemendur Harðar Áskelssonar í kórstjórn fluttu og stjórnðu aftansöng, sem margir þekkja undir enska nafninu „Evensong“ og tíðkast hefur við margar kirkjur í Bretlandi síðan á 16. öld.

Í tengslum við aftansönginn hélt Þröstur Eiríksson stutt erindi um sögu tíðasöngs og þá sérstaklega um hina ríkulegu hefð ensku biskupakirkjunnar. Vefsíða Tónskólans er: [www.tonskoli.is](http://www.tonskoli.is)

# Sérþjónustuprestar

## *Fangaprestur þjóðkirkjunnar*

Sr. Hreinn S. Hákonarson

Föngum með geðraskanir hefur farið fjölgandi á liðnum árum. Langflestir þeirra eru dæmdir sakhæfir og fara í fangelsi en hinir ósakhæfu eru vistaðir á réttargeðdeildinni á Kleppi. Komið hefur fyrir að fangar sem sumir hverjir hafa dvalist lengi á geðdeildum séu dæmdir sakhæfir og fara í fangelsi. Í sumum tilvikum getur langvarandi fíkniefnanotkun verið ástæða geðröskunarinnar. Fangavist þessara fanga reynist þeim oft erfið en hún hefur líka áhrif á aðra fanga. Sömuleiðis gerir hún miklar kröfur til starfsmanna fangelsa. Geðlæknir er aðeins í 20% starfi við stærsta fangelsi landsins og er það algjörlega óviðunandi. Aðstaða í fangelsum til að sinna föngum með geðraskanir er lítil sem engin. Þessi hópur fanga hefur eins og aðrir fangar rétt á viðtölum við geðlækni, sálfræðing og fangaprest. En viðtöl duga skammt enda þótt gagnleg séu. Í sumum tilvikum hafa þeir verið lagðir inn á geðdeildir en verið þar í skamman tíma þar sem deildirnar telja sig vanbúnar að vista fanga. Fangar með geðraskanir fá ekki næga þjónustu þar sem hún er ekki fyrir hendi. Stórefla þarf geðheilbrigðisþjónustu við fanga sem svo er háttað um. Ríkisendurskoðun fjallaði um mál geðsjúkra fanga árið 2010 í skýrslu til Alþingis um fangelsismál: *Skipulag og úrræði í fangelsismálum*. Þar kom m.a. fram að engin sértæk úr-

ræði væru til fyrir sakhæfa geðsjúka, fatlaða og aldraða dómpóla önnur en fangelsi. Ríkisendurskoðun lagði til að hlutaðeigandi fagráðuneyti ætti að móta heildarstefnu í málefnum geðsjúkra, fatlaðra og aldraðra dómpóla. Þess vegna hafa menn verið með á þróunum geðheilbrigðisáætlun fyrir fanga. Rætt var að leggja fram tillögu þess efnis á haustþingi Alþingis 2012 en litlar spurnir fóru af henni. Ljóst er að knýja verður fastar á dyr hins háa Alþingis svo lausn fáist í mál þessi.

Viða í útlöndum eru sérgeðdeildir innan fangelsa eða í tengslum við almenna geðdeild í sjúkrahúskerfinu. Slíkt fyrirkomulag hefur gefist vel og er bráðnauðsynlegt að ýta þess háttar deild úr vör.

Þetta er nefnt hér þar sem á liðnu starfsári komur nokkur tilvik upp þar sem fangar með töluverðar geðraskanir hlutu fangelsisdóma. Þá var og fjallað í fjölmiðlum um fanga sem fyrirför sér en hann hafði átt við geðraskanir að stríða. Sjálfsvíg er ætíð mikill harmur og innan fangelsa skekur það samfélag fanga og starfsmanna.

Fangaprestur ræddi við nokkra fjölmiðla um geðheilbrigðismál fanga og skýrði út fyrir þeim hver staðan í þeim væri frá hans bæjardryrum. Mikilvægt er að vera í sambandi við fjölmiðla um þessi mál vegna þess að þau skjóta oft upp kolli með undramiklum hraða og



Hreinn S.  
Hákonarson

Minningarstund um fanga sem fyrirfór sér á Litla-Hrauni í apríl 2013



staðreyndir skolast til. Síðan hverfa þau um hríð jafnskjótt og þeim skaut upp.

Jafnan er nokkur fjölmiðlaumfjöllun um yfirfull fangelsi og aðstöðu fanga, starfsmanna og þeirra er heimsækja fanga. Hátt í fimmta hundrað manns bíða nú eftir lausn sinna mála í refsivörslukerfinu. Þá eru á annan tug Íslendinga í fangelsum hér og þar í heiminum og vilja flestir þeirra afplána hér á landi en ekki er hægt að verða við því sem sakir standa nema í mjög sérstökum tilvikum. Einnig er hætt á því að dómari fari að fyrnast. Á fyrningu eru tvær hliðar. Brotapoli þrífur sig sælan fyrnist refsing hans og er hann laus allra mála. En sá brotapoli sem lendir hinum megin við strikið, mál hans fyrnist ekki, telur það vera ranglætismál frá þessu sjónarhorni. Dómari eru vitaskuld ekki kveðnir upp til þess að fyrnast.

Þá er vitað að öll þrengsl í fangelsum hafa margvísleg vandræði í för með sér hvort heldur fyrir fanga eða starfsmenn fangelsa. Fangasamfélagið er viðkvæmt og þéttsetinn bekkurinn getur stundum

orðið dálítið órólegur svo ekki sé meira sagt.

Þann 4. apríl s.l. var tekin fyrsta skóflustunga að fangelsinu á Hólmsheiði. Miklar væntingar eru bundnar við þetta nýja fangelsi. Jarðvegsvinnu er nú lokið og senn verður verkið boðið út. Í fyrstu stóð til að þetta nýja fangelsi yrði tekið í notkun árið 2015 en nú er ljóst að því mun eitthvað seinka. Nokkrar umræður hafa farið fram um byggingu þessa og sitt sýnist hverjum eins og jafnan. Kjarni málsins er hins vegar sá að það vantar fangarými og úr því verður að bæta. Fangelsi nútímans eru byggð samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og reglum. Ekki er hægt að grípa til hvaða skemmu sem er og ætla sér að vista þar fanga. Þeir sem stungið hafa upp á slíku, hvort heldur gömlum vinnuskálum, gámum eða skipum, hafa ekki fylgst með þróun fangelsismála eða mannréttindamála. Búið er að eyða miklu fé í hönnun og margs konar undirbúning fyrir fangelsi á Hólmsheiði. Þetta fangelsi mun marka tímamót í

fangelsissögu landsins og verða mikil réttarbót fyrir fanga og einkum konur í afplánun. Það er öllum lýðum kunnugt að konur sitja ekki við sama borð og karlar þegar að afplánun er komið. Nýja fangelsið mun rétta hlut kvenna í þessu efni og ekki vanþörf á. Allar líkur eru á því að þetta fangelsi muni verða reist en byggingasaga fangelsa segir okkur þó að ekkert sé öruggt í þeim efnum fyrr en húsið er risið.

Fangaprestur situr í húsnefnd áfangaheimilis Verndar. Sú nefnd hittist vikulega allan ársins hring og hefur það hlutverk að velja þá fanga sem teljast hæfir til að búa á áfangaheimilinu. Fangar geta lokið síðasta hluta afplánunar sinnar eða allt að ári á áfangaheimili Verndar í Reykjavík. Skilyrði er að þeir séu í námi eða vinnu.

Þá er fangaprestur ritstjóri Verndarblaðsins eins og áður. Kemur að jafnaði út eitt blað á ári. Ritir hann ýmislegt í blaðið um málefni fanga og fangelsa. Auk þess greinar í dagblöð eftir því sem tilefni gefast til.

Þá hefur samstarf fangaprests við önnur félög og samtök sem láta sér annat um málefni fanga verið gott.

Fangaprestur hefur einnig átt mjög gott samstarf við meðferðarstöð hvítasunnnumanna í Hlaðgerðarkoti og samstarf við Hjálparstarf kirkjunnar er sem fyrr hið besta.

Samstarf fangaprests við Hjálpræðisherinn hefur verið gott en þess má geta að Herinn gefur öllum föngum jólagjafir og hefur fangaprestur séð um að dreifa þeim í fangelsin.

Fangaprestur er einnig tengiliður kaþólskra fanga við prestana í Landakoti þegar því er að skipta. Sinna þeir hinum kaþólsku föngum þegar eftir þeirri þjónustu er kallað. Hinir kaþólsku fangar koma flestir frá Póllandi og

Litháen en fjöldi þeirra er mismikill. Á liðnu starfsári voru kaþólskir fangar um tuttugu talsins.

Fangaprestur fer reglulega í fangelsin en þau eru nú sex að tölu: Litla-Hraun, Kviabryggja, Kópavogsfangelsið, Hegningarhúsið, fangelsið á Akureyri, og Sogn í Ölfusi. Þjónustupörfin er eins og að líkum lætur mest í stærsta fangelsinu, Litla-Hrauni, og þangað kemur fangaprestur tvisvar til þrisvar í viku hverri og oftár þá þörf er á. Fangaprestur leitast við að vera í sem bestu sambandi við starfsmenn fangelsa, fangaverði og yfirmenn. Hann sinnir einnig föngum á áfangaheimili Verndar. Fangaprestur er heimilisprestur réttargeðdeildarinnar að Kleppi en þar dvelja að jafnaði fimm til sjö sjúklingar, ósakhæfir brotamenn.

Starf fangaprests felst fyrst og fremst í sálusorgun fanga og þeirra aðstandenda er til hans leita. Fangaprestur gerir sér far um að umgangast fangana í fangasamfélaginu, fer um húsakynni fangelsanna, á vinnustaði þeirra og klefa. Ræðir við fanga og starfsmenn eftir atvikum. Með þessu móti verður hann nánast hversdagslegur í fangelsunum og fangar geta hvenær sem er snúið sér til hans og rætt við hann um það sem liggur þeim á hjarta. Hann kynnist flestum þeirra býsna vel og þekkir þá vitaskuld með nafni.

Fangaprestur á sæti í stjórn Kærleikssjóðs Sogns sem er hollvínasjóður réttargeðdeildarinnar. Nú skipa stjórn sjóðsins: Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur, dr. Sigurður Páll Pálsson, geðlæknir og yfirlæknir réttargeðdeildarinnar, og Kristjana Thorarensen, leikskólaperapisti.

Helgihald í fangelsunum var með svipuðu sniði og hin fyrri ár. Ármann Hákon Gunnarsson hefur liðsinnt fanga-

presti við guðspjónustuhald af lipurð og samviskusemi – einnig Lárus Óskar Sigmundsson. Nokkrir kórfélagar úr kirkjukór Selfoskirkju syngja jafnan við jólamessur á Litla-Hrauni og opna fangelsinu að Sogni. Organistar eru þeir Haukur Gíslason og Ingi Heiðmar Jónsson. Eru þeim öllum færðar þakkir fyrir stuðning og vel unnin störf.

Fangaprestur deilir sem fyrr skrifstofu með presti heyrnarlausra. Nýr prestur heyrnarlausra er tekinn til starfa, sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir og er skrifstofusambýli við hana einkar gott. Ýmsir koma á skrifstofu fangaprests og hefur hann einnig iðulega farið í heimahús til að ræða við aðstandendur fanga og þau sem eru á leið í afplánun. Þá fer fangaprestur einnig með fögum í heimsóknir á heimili þeirra þegar fjölskylduáðstæður eru erfiðar. Einnig fylgir það starfi fangaprests að tilkynna fögum lát náinna aðstandenda. Fangaprestur fer iðulega með fögum í ýmsar kirkjulegar athafnir eins og fermingar og jarðarfari. Sá þáttur er afar vel metinn af fjölskyldum fanga og öðrum vandamönnum þeirra.

Fréttabréf fangaprests: *Á leiðinni*, kom út að venju mánaðarlega og er hægt að lesa flesta pistla þess á heimasíðu fangaprests: <http://www.kirkjan.is/fangaprestur>. Hefur fréttabréfið komið út í fjórtán ár og aldrei fallið út einn mánuður. Allir fangar fá fréttabréfið í sínar hendur sem og þeir starfsmenn refsivörslukerfisins sem þess óska.

Í opnu fangelsunum tveimur, Sogni og Kviabryggju, hafa fangar heimild til netnotkunar, og sömuleiðis fangelsinu á Akureyri með nokkrum takmörkunum þó. Margir fanganna hafa nýtt sér þetta og verið í tölvupóstssamskiptum við fangaprest út af ýmsum málum.

Fangaprestur er félagi í *Prison Fellow-*

*ship International* og tekur virkan þátt í Íslandsdeild þeirra samtaka (Alþjóðasamtök kristinna fangavina á Íslandi). Starfsemi þessara samtaka hér á landi á rætur sínar í starfi hjónanna Jóhanns F. Guðmundssonar og Láru Vigfúsdóttur. Heimsóttu þau fangelsin um aldarfjórðungsskeið í nafni Prison Fellowship en þó með sínum áherslum, og boðuðu fögum trú. Þann 5. nóvember 2012 andaðist Jóhann en hann var fæddur 1. desember 1923. Jóhann var öflugur boðberi kristinnar trúar í fangelsunum en hann fékk köllun til þess. Fyrstu árin var hann einn í boðunarstarfi sínu en síðar naut hann liðsinnis konu sinnar í starfinu. Fangaprestur hafði frá því hann tók við starfi sínu 1993 ætíð gott samstarf við þau hjón.

Jóhann sagði oft frá því hvernig köllun hans bar að. Hann var staddur í Dómkirkjunni í Reykjavík og leit í huga sínum yfir líf sitt og bað Guð um að gefa sér eitthvert hlutverk sem hann gæti sinnt í þágu skapara síns. Þar sem hann sat í Dómkirkjunni varð hann fyrir djúpri trúarlegri reynslu og heyrði rödd Guðs mæla til sín: „Jóhann, ég elska þig ennþá!“ Um hann streymdi ólýsanleg gleði og hamingja. Jóhann var búinn að fá köllun. Upp úr þessu fór hann í fangelsin og sagði fögnum hollar sögur sem ýmsa lærdóma mátti draga af til þess að öðlast hamingjuríkt líf, líf með tilgangi. Mörgum fanganum réttu þau hjónin hjálparhönd enda þótt það færi ekki hátt. Og margur þeirra stendur í þakkarskuld við þau fyrir að hafa bent á hvar lífsins veg væri að finna. Blessuð veri minning þessa góða fangavinar.

Íslandsdeild Prison Fellowship kom í sjöunda sinn upp s.k. englatré í Grensáskirkju á síðustu aðventu í samvinnu við Grensásöfnuð. Englatréð er heiti á verkefni sem snýst um að gefa börnum



fanga jólagjafir. Viðtökur við englatrénu hafa verið afar góðar frá fyrstu tíð og er Grensássöfnuði þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Samtökin *Prison Fellowship*, *Íslandsdeild* hafa haldið samkomur í fangelsum landsins í samvinnu við Samhjálp, Betaníu, Hjálpræðisherinn og fangaprest. Síðasta starfsár voru það einkum Sigríður Hrönn Sigurðardóttir, guðfræðingur, og Sigurður Ingimarsson, kapteinn í Hjálpræðishernum, ásamt fangapresti sem báru uppí starf samtakanna. Í öðli sínu

eru þessi samtök leikmannasamtök og er ánægjulegt að leikmenn eru þar í forystu. Tónlistarfólk hefur gegnt mikilvægu hlutverki á þessum samkomum; boðið hefur verið upp á fyrirbæni; trúin boðuð og samkenndin eflað í lok stundar yfir kakói og kökum. Í samkomulok er föngum boðið upp á kökur og kakó. Samkomur þessar hafa verið mjög vel sóttar af föngum. Þróun þessa starfs síðustu árin sýnir að Prison Fellowship getur verið nokkurs konar farvegur samkirkjulegrar boðunar í fangelsunum.

## ***Prestur fatlaðra***

**Sr. Guðný Hallgrímsdóttir**

Þjónusta prests fatlaðra nær yfir öll heimili þar sem fólk sem býr við fötlun búa, vinnustaði þeirra, stofnanir og skóla.

Starfið einkennist heilmikið af þeim fjölmörgum ferðum til og frá þeim stöðum þar sem fólk sem býr við fötlun lifir og starfar. Ég leitast frekar við að koma fólksins

### **Umfang og staðsetning**

Þjónusta prests fatlaðra nær yfir þá staði þar sem fatlað fólk lifir og starfar s.s. heimili, sambýli, vinnustaði, stofnanir og skóla. Meiri áhersla er lögð á þjónustu við fólk með þroskahömlun, þar sem þau hafa í sama mæli og aðrir ekki tæk á að tileinka sér almenna þjónustu kirkjunnar. Það lítur að ýmsum þáttum eins og tungutaki og faglegrri nálgun.

Starfið einkennist því af þeim fjölmörgum ferðum til og frá þessum stöðum sem og samskiptum mínum við fólk með þroskahömlun, aðstandendur

og fagfólk. Ég kem frekar til fólksins en það til mín vegna þess að ég á einfaldlega mun hægara um vik með að ferðast milli staða en fatlaður einstaklingur, sem í flestum tilvikum þarf að reiða sig á ferðaðþjónustu fatlaðra eða annan ferðamáta til þess að komast á milli staða. Staðsetning skrifstofunnar er mjög góð og aðstaða öll í Grensáskirkju með miklum sóma. Síðast en ekki síst er það dýrmætt að fá að starfa í umhverfi kirkjunnar, með góðu aðgengi að altari og í samfélagi alls þess góða fólks sem starfar í Grensáskirkju eða hefur þar starfsaðstöðu.

### **Sorgarvinna**

Ég er í flestum tilvikum kölluð til þjónustu þegar dauðsföll verða meðal fólks með þroskahömlun og/eða vandananna þeirra. Í sumum tilvikum er ég líka kölluð til þegar starfsfólk í þessum geira fellur frá. Útköllin tengjast flest



Guðný  
Hallgrímsdóttir

heimilum fólks með þroskahömlun en einnig er farið í skóla, á vinnustaði og skammtíma vistarir til þess að tilkynna sorgarfréttir og/eða hafa þar umsjón með bæna- og minningarstundum. Stundum er einnig óskað eftir því að hafa minningarstundir á sambýlum, vinnustöðum og í heimahúsum. Ef þess er kostur, er bænum og útförum beint til viðkomandi sóknarprests og samvinna höfð um alla sorgarvinnu.

Hlutverk prests fatlaðra á þessum sorgarstundum er fyrst og fremst að vera stuðningsaðili einstaklingsins með þroskahömlunina. Hann gæti verið að missa ástvin, vin úr sínum röðum eða tengst öðrum sem er að missa einhvern sér nákominn. Leitast er við að styðja einstaklinginn í gegnum sorgina allt frá því að vitað er að ástvinur er deyjandi eða frá tilkynningu dauðsfalls, við kistulagningu, útför og eftir útför eins lengi og þörf er á. Boðin er liðveisla og stuðningur við viðkomandi sóknarpresta í þessum efnum s.s. við að undirbúa kveðjustundir á „aðgengilegan“ máta svo að fólki með þroskahömlun sé mætt þar sem það er stadd í sorginni og fái tækifæri til þess að kveðja á sinn hátt. Á síðasta ári voru haldnar 13 minningar- og bænastundir í tengslum við missi.

## Samtal

Ég er með fasta viðtalstíma á skrifstofu minni en er einnig með viðtalstíma einu sinni í viku á fjórum vernduðum vinnustöðum í Reykjavík. Þar gefst fólki með þroskahömlun tækifæri til þess að ræða við prestinn í einrúmi án þess að fara út af vinnustað sínum. Ég heimsæki reglulega mörg af sambýlum Reykjavíkur. Þá eru ótalin þau útköll sem

sinnt er í tengslum við sambýli, skóla og vinnustaði fólks með þroskahömlun. Heimsóknir og húsvitjanir á vinnustaði, skammtíma vistarir, heimili fatlaðra o.fl. voru á síðasta ári 205 talsins.

## Erindi, fræðslufundir og málþing

Hluti starfarsins er að kynna málefni fatlaðra sem víðast innan kirkjunnar. Leitast er við að sækja alla þá viðburði sem tengjast fötludum og fólki með þroskahömlun. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægt það er starfi sem þessu að sjá og heyra hvað aðrir eru að gera á sama vettvangi, bæði til að styrkjast í starfi og efla það sem fyrir er. Ég sækir t.d. ár hvert landsþing Þroskahjálpar, enda á ég mikið og gott samstarf við samtökin sem og við Sjónarhól. Sjónarhóll er ráðgjafamiðstöð sem lætur sig varða haglangveikra og fatlaðra barna. Þessi samtök eru: ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálpar, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja sem er félag til stuðnings langveikum börnum. Ég hef í gegnum árin átt mjög ánægjulegt og gefandi samstarf við foreldraráðgjafa Sjónarhóls, sér í lagi Hrefnu Haraldsdóttur og hef haft mikinn og góðan stuðning af því samstarfi. Nú hefur Hrefna lokið störfum en nýtt fólk komið í hennar stað sem ég er í góðu sambandi við. Það er afskaplega dýrmætt að læra af öðrum sem vita betur og hafa mikla reynslu. Fyrir það er af hjarta þakkað. Til upplýsingar fyrir þau sem vilja kynna sér starfsemi Sjónarhóls betur, er bent á vefslóðina <http://www.sjonarholl.net>.

Á hverju ári er ég beðin um að halda fyrirlestra, erindi og námskeið fyrir hin ýmsu félagasamtök, stofnanir og fólk sem á einhvern hátt tengist málefnum fatlaðra.

## Guðsþjónustur og hátíðir

Hið hefðbundna messuform hentar ekki vel fólki með þroskahömlun. Málfar, söngur og litúrgían öll nær því miður sjaldan til fólks með þroskahömlun. Ég þreystist aldrei á því að hvetja presta og starfsfólk kirkjunnar til að bjóða fötluðu fólki þátttöku í helgihald kirkjunnar og þar með velta því fyrir sér hvernig kirkjan getur nálgast betur fólk með þroskahömlun. Ég hef bent á ýmsar leiðir í þeim efnum, eins og að fólki með þroskahömlun sé boðið að taka þátt í messuhópum t.d. með því að lesa léttu texta, bjóða fólk velkomið, útdeila sálmaþókum eða tendra ljós í upphafi samveru.

Það er trúá mín að víða væri mögulegt að bjóða upp á messuform þar sem fólki með þroskahömlun væri mætt þar sem það er stutt án þess að falla í þá gryfju að tala til fullorðins fólks með þroskahömlun, líkt og að um börn væri að ræða.

Ég flyt hugvekjur á fjölmörgum aðventustundum fatlaðra sem og í kyrru-viku fyrir páska. Tel ég að kirkjan mætti nýta sér enn betur það sóknarfæri sem felst í því að flytja hugvekjur fyrir páska eins og mikið er gert af um allt land á jólafoðstunni. Samverur sem þessar eru venjulegar haldnar á vinnustöðum á vinnutíma en einstöku sinnum hafa verið haldnar aðventu- og páskastundir á sambýlum eða á öðrum stöðum. Útbúið hefur verið sérstakt fræðsluefni til þess að styðjast við þegar fólk vill halda aðventustundir á heimilum. Ég sendi ávallt út til allra sambýla og verndaða vinnustaða, kveðju frá kirkjunni í upphafi aðventu þar sem kvatt er til helgihalds á heimilum. Einnig er bent á allar þær stundir sem kirkjur landsins bjóða upp á í jólamánuðinum og fólk hvatt til kirkjuheimsókna.

## Samverur í

### Grensáskirkju í samvinnu við ÆSKR

Samvinna við ÆSKR hófst í byrjun árs 2005. Tilgangurinn var að opna betur kirkjuna fólki með þroskahömlun og koma til móts við trúarpörf þeirra. Reynslan hefur sýnt að fólkið sem sækir samverurnar telur þær mjög dýrmætar. Það telur gott að eiga stund frá öllu amstri, þar sem áhyggjur, líf og hugsanir eru lagðar í hendur Guðs. Samverunarnar eru annan hvern fimmtudag yfir vetrartímann, frá klukkan fjögur til fimm. Það er ánægjulegt að segja frá því að samverurnar njóta mikilla vinælda og hefur orðið mikil fjölgun þátttakenda á milli ára. Dagný Halla Tómasdóttir, framkvæmdastýra ÆSKR hefur verið í góðu samstarfi við mig og á hún miklar þakkar skildar fyrir gefandi og góða samvinnu. Þorvaldur Halldórsson hefur svo séð um söng og undirleik af sinni alkunnu snilld. Ég þakka þeim báðum trausta og góða samvinnu og hlakka til áframhaldandi samstarfs. Samverur síðasta vetrar voru fjórtán talsins.

## Samvinna

Ég hef átt mjög góða samvinnu við öll þau sem starfa með fólki með þroskahömlun s.s. þroskaþjálfara, forstöðumenn sambýla og vinnustaða, sérkennara og annað starfsfólk. Samstarfið við Sjónarhól hefur verið nefnt en síðast en ekki síst hef ég átt gott samstarf við kollega mína, presta um allt land sem hafa leitað til mín þegar þau hafa þurft á upplýsingum eða annarri aðstoð að halda í tengslum við samstarf með fólki með þroskahömlun í sinni heimabyggð. Í því sambandi má sérstaklega minna á feringarfræðslu ungmenna með þroskahömlun sem unnin er af hendi

kollega minna um allt land. Ég vil þó nota tækifærið og hvetja starfssystkin mín til enn frekari dáða, að þau komi enn meira til móts við fólk með þroskahömlun í sóknum sínum og leggi sig fram um að þjónusta þau eins vel og önnur sóknarbörn sín.

## Fermingarfræðsla þroskaheftra

Frá árinu 1990 hefur verið boðið upp á sérhæfða fermingarfræðslu í sérskólum borgarinnar sem og við ákveðnar sérdeildir grunnskólanna. Umfang fermingarfræðslunnar hefur breytst heilmikið á þessum árum sem liðin eru frá upphafi starfans í því sambandi má helst nefna þá stefnu menntayfirvalda að hvert barn á rétt á því sækja sinn heimaskóla óháð fötlun, svo nefndur: „Skóli án aðgreiningar“. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nemendum í sérskólum fækkar á meðan nemendum í sérdeildum almennra grunnskóla fjölgar. Þetta kallar á miklu fleiri heimsóknir og ferðalög vegna þess að ég hef komið inn í sérdeildir skólanna og sinnt þar fermingarfræðslu. Ég hef leitast við að tengja sóknarprestana við fermingarbörn með þroskahömlun í þeirra sóknum. Starf mitt er þá aðallega fólgið í því að tengja saman barn og fjölskyldu þess við prestinn sinn, benda á fræðsluefni við hæfi og vera þeim öllum innan handar með það sem þau telja sig þurfa aðstoðar við. Í sumum tilvikum hef ég annast fræðsluna og síðan hafa börnin verið fermd með sínum bekk í sóknarkirkjunni. Þá hef ég komið inn í þær fermingarguðsþjónustur og þjónað með viðkomandi presti/prestum.

Í Reykjavík hefur skapast sú hefð að flest börnin fermast á Sumardaginn fyrsta og er það nú orðið ómissandi

þáttur í helgihaldi Langholtskirkju. Kirkjan býður upp á gott aðgengi og starfsfólk þar hefur verið einstaklega velviljað mínu starfi. Organisti Langholtskirkju, Jón Stefánsson hefur frá upphafi starfans annast tónlistina í messunni og hefur kór hans, Gradualekór Langholtskirkju séð um að styrkja okkur í söngnum. Fyrir það er af hjarta þakkað. Síðasti vetur var sá annasamasti í fermingarfræðslum frá upphafi embættisins.

## Kirkjan öllum opin

Mikið og gott starf er unnið á vegum þjóðkirkjunnar. Til þess að fatlað fólk finni sig þar heima þarf að huga vel að góðu aðgengi. Taka þarf burt alla þröskulda, vanda til handriða við tröppur, litavals á gólfi og veggjum og breidd hurða svo eitthvað sé nefnt. Rýma þarf fyrir hjólastólum inni í kirkjubekkjaraðum og gera þar með fólk sem notar hjólastól kleyft að sitja „meðal“ safnaðarins en ekki fyrir framan eða utan við kirkjubekki. Eins þarf að huga sérstaklega að því hvernig við nálgumst fólk með þroskahömlun. Að við tölum ekki við þau eins og börn heldur sem fullorðið fólk á jafnréttisgrundvelli. Að við bjóðum þau velkomin t.d. í messuhópinn, kvenfélagið eða kirkjukórinn. Innan kirkjunnar okkar eru mikil tækifæri til þess að skapa fötluðu fólk hlutverk. Það er von mín og bæn að við finnum fötluðu fólk góð og velmetin hlutverk innan kirkjunnar og auðgum þar með kirkjustarfið fleiri litum og meiri vidd.

## Afleysing

Ég fékk launalaust leyfi frá störfum mínum frá 1. september 2012 til 1. maí 2013. Í fjarveru minni þjónaði sr. Kristín

Pálsdóttir. Færi ég henni hugheilar þakkir fyrir hennar góðu störf. Hennar er sárt saknað af sóknar börnum mínum enda sinni hún starfi sínu af sérstakri alúð og fagmennsku. Það var mér mjög dýrmætt að fá að stíga til hliðar um stund eftir samfellda þjónustu við fatlaða í 23 ár. Enn dýrmætara var þó

að hvíla í þeirri vissu um að starfið héldi sínu striki og þar á sr. Kristín miklar þakkir skildar. Draumur minn er sá að sjá fleiri presta með sérþekkingu á málefnum fatlaðra þjóna innan þeirra raða. Mikil er þörfin en fá kölluð til. Guð gefi að það komi til með að breytast í framtíðinni.

## **Kirkja heyrnarlausra**

**Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir**

Þann 31. ágúst 2012 lét sr. Miyako Þórðarson af störfum sem prestur heyrnarlausra, eftir 31 ár í því starfi. Var hún fyrsti prestur heyrnarlausra á Íslandi og var hún vígð til starfsins af Herra Péttri Sigurgeirssyni í desember 1981. Allt frá fyrsta degi sinni sr. Miyako starfinu af einstakri alúð og þar hag Kirkju heyrnarlausra og þeirra einstaklinga sem tilheyra henni fyrir brjósti. Vil ég fyrir hönd Kirkju heyrnarlausra þakka sr. Miyako fyrir hennar langa og góða starf í þágu kirkjunnar.

Þann 1. september 2012 tók ég við starfi prests heyrnarlausra og var sett inn í embætti þann 21. október í Grensáskirkju, af sr. Birgi Ásgeirssyni prófasti í Reykjavíkúrprófastdæmi vestra.

Að hefja starf á nýjum vettvangi er alltaf mikil áskorun og ekki minnkar það þegar um sérþjónustu er að ræða. Í mínu tilfalli hef ég þuft að læra nýtt tungumál til að geta sinnt starfi mínu. Þar sem ég hafði ekki táknaðsmenntun hefur mikill tími og vinna farið í að afla mér menntunar í táknaðsmenntun og hefur námið farið fram í Háskóla Íslands og hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra. Mun ég halda því námi áfram næsta vetur enda mikið að læra og koma sér inn í, en

íslenskt táknað er að mörgu leyti ólíkt íslenski tungu hvað varðar málfræði, setningarfræði, orðnotkun og orðaforða.

Mjög mikilvægt er að prestur heyrnarlausra geti skilið og talað táknað þar sem íslenska táknað er móðurmál þeirra einstaklinga sem eru heyrnarskertir/heyrnarlausir og skilgreina sig sem „döff“ (þeir einstaklingar sem eru táknaðstalandi og tilheyra menningarsamfélagi heyrnarlausra). En það er ekki nóg að læra táknað heldur þarf presturinn að koma sér inn í og kynna sögu sem og menningarheimi döff einstaklinga hérlendis. Það má með sanni segja að einstaklingar þeir sem tilheyra Kirkju heyrnarlausra og aðstandendur þeirra hafi verið þolinmóðir og hjálplegir við mig frá því að ég hóf störf og þakka ég þeim vel fyrir það. Auk þess hefur sr. Miyako hefur verið einstaklega hjálpleg og ætíð tilbúin ef ég hef til henna leitað.



Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir

### **Kirkja heyrnarlausra**

Kirkja heyrnarlausra er söfnuður fólks sem á það sameiginlegt að hafa íslenskt táknað að móðurmáli, þ.e fólki sem er heyrnarskert, heyrnarlaust og dauðblind. Söfnuðurinn er ekki bundinn

við ákveðna sókn heldur nær yfir allt landið þar sem táknmálstalandi einstaklingar eru. Flestir þeirra búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu en eins eru döff einstaklingar búsettir á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Döff á Íslandi er um 300 og sinnir prestur heyrnarlausra þessum einstaklingum og aðstandendum þeirra.

Allir skráðir safnaðarmeðlimir í þjóðkirkjunni greiða samkv. lögum um skráð trúfélög, sóknargjöld. Þau sóknargjöld sem heyrnarlausir einstaklingar greiða renna ekki til Kirkju heyrnarlausra, þar sem hún er ekki sóknarkirkja, heldur renna þau til þeirra kirkna þar sem lögheimili viðkomandi er, þrátt fyrir að þangað sæki heyrnarlaus einstaklingur sjaldan eða aldrei. Kirkja heyrnarlausra fær styrk úr Kirkjumálasjóði til rekstursins og hefur sá styrkur lækkað töluvert undanfarin ár, en sl. tvö ár hefur Kirkja heyrnarlausra fengið kr. 300.000 til rekstursins, samsvarar þetta kr. 1000 árlega fyrir hvern heyrnarlausan einstakling.

Mikilvægt er að leiðrétta þetta og réttilega ættu sóknargjöld heyrnarlausra einstaklinga að renna til Kirkju heyrnarlausra því þangað sækja þeir sína þjónustu og athafnir.

Erfiðlega gengur að reka Kirkju heyrnarlausra fyrir þá upphæð sem veitt hefur verið í styrk síðastliðin ár og ef ekki fæst hærrí styrkur á næstu árum verður erfitt að auka og efla safnaðarstarfið í kirkjunni.

## Starfið

Kirkja heyrnarlausra hefur aðstöðu í Grensáskirkju, þar er skrifstofa prests heyrnarlausra og fara guðsþjónustur safnaðarins fram þar. Messað er einu sinni í mánuði en tvisvar í desember og

þeim mánuðum sem páskar og hvítasunna bera upp á. Messusókn er mjög góð og tekur söfnuðurinn góðan og virkan þátt í starfinu.

Allar athafnir og starf Kirkju heyrnarlausra fer fram á táknmáli. Hef ég í vetur haft með í för táknmálstúlk (túlkar frá íslenski tungu yfir á táknmál) í flestu því starfi sem fram hefur farið. Táknmálstúlkur er alltaf með við guðsþjónustur, helgistundir, sálgæsluviðtöl og vitjanir þar sem einstaklingar tala eingöngu táknmál. Þetta þýðir að ekki hefur þurft raddtúlkun (túlkað frá táknmáli yfir á íslenskt talmál) í starfi kirkjunnar í vetur. Raddtúlkur hefur undanfarin ár túlkað flestar guðsþjónustur þar sem aðstandendur heyrnarlausra einstaklinga sækja gjarnan guðsþjónustur með sínu fólki. Aðstandendur eru flestir heyrandi og sumir þeirra tala ekki táknmál. Mikilvægt er að allir þeir einstaklingar sem taka þátt í starfsemi Kirkju heyrnarlausra skilji það sem þar fer fram og því er gríðarlega mikilvægt að hafa táknmálstúlk í starfi kirkjunnar á meðan að prestur talar ekki táknmál að fullu og raddtúlk þegar guðsþjónustur fara fram eingöngu á táknmáli.

Táknmálsskór Kirkju heyrnarlausra tekur þátt í öllum guðsþjónustum og mörgum öðrum athöfnum. Er hann gríðarlega mikilvægur fyrir safnaðarstarfið og skiptir söngur kórsins miklu málið við guðsþjónustur safnaðarins. Táknmálsskórinn samanstendur af heyrnarlausum einstaklingum sem syngja á táknmáli. Táknmálsskór Kirkju heyrnarlausra er fyrsti táknmálsskórinn á Norðurlöndum. Skórinn hefur unnið til verðlauna erlendis og er mjög virkur innan safnaðarins og utan.

Mikill hluti af starfi prests heyrnarlausra fer í sálgæslu og vitjanir. Fastir viðtalstímar eru í Grensáskirkju tvisvar

í viku. Auk þeirra hef ég verið með föst viðtöl við einstaklinga bæði í heima- húsum og á vinnustöðum. Mánaðarlega eru helgistundir í Gerðubergi og reglulega eru samverustund með íbúum sambylis heyrnarlausra. Farið er á DAS og heyrnarlausir íbúar þar heimsóttir, sem og starfsmenn Blindravinnustofunnar.

Í vetur sóttu tveir drengir fermingarfræðslu hjá presti heyrnarlausra. Annar fermdist með sínum bekkjarfélögum í sinni sóknarkirkju en hinn fermdist í byrjun sumars í Kirkju heyrnarlausra við hátíðlega athöfn með fjölskyldu og vini til staðar.

## Framundan

Næsta vetur er ætlunin að hefja að nýju samverustundir fyrir foreldra og

ungbörn þeirra og verður staðsetning samverustundanna í Grensáskirkju. Barna- og unglingastarf verður ýtt úr vör aftur eftir hlé en mikil þörf er á uppbygginu þess að nýju.

Veturinn 2012-2013 var engin sam- eiginleg guðsþjónusta með öðrum söfn- uðum en vinna er hafin við skipulagn- ingu slíkrar guðsþjónustu á komandi vetri. Eins er von mín að hægt verði að halda að minnsta kosti eina guðs- þjónustu Kirkju heyrnarlausra úti á landi þar sem safnaðarmeðlimur/meðlimir búa og færa þar með starf kirkjunnar nær þeim heyrnarlausu einstaklingum sem búsettir eru á landsbyggðinni.

Ég horfi björtum augum á komandi vetur og starfið framundan. Bið ég fyrir Guðs blessun yfir Kirkju heyrnarlausra og öllum söfnuðum landsins.

## Prestur innflytjenda

Sr. Toshiki Toma

### Tilgangur og starfsemi þjónustunnar Megintilgangur þjónustu prests inn- flytjenda er eftirfarandi:

- Að aðstoða innflytjendur, flóttamenn, hælisleitendur og langtíma- gesti sem búsettir eru á Íslandi en í því felst að auðvelda þeim og fjölskyldum þeirra að byrja nýtt líf hérlendis og vernda mannréttindi þeirra.
- Að stuðla að gagnkvæmum skilningi á milli ólíkra trúarbragða hér á landi þannig að fyrirbyggja megi óþarfa fordóma sem upp geta komið gagnvart öðrum trúarbrögðum en kristni.

### Helstu þættir starfseminnar eru

- að tala við fólk sem á í erfiðleikum og

að hjálpa því að finna lausn á vanda sínum.

- að veita fólki aðstoð til að geta iðkað trú sína.
- að skipuleggja námskeið og/eða fræðslufundi um málefni innflytjenda og trúarbrögð þeirra.
- að veita upplýsingar um kristna trú og kirkju.
- að sjá um messu, bænastund, og fleiri kirkjulegar athafnir.

Það er mikilvægt að hafa í huga að markmið og tilgangur þjónustu prests inn- flytjenda er að hjálpa innflytjendum að aðlagast íslensku samfélagi og fræða og upplýsa bæði innflytjendur og Íslendinga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir for- dóma sem kunna að vera á milli þeirra.



Toshiki Toma

Prestur innflytjenda vinnur starfið sitt sem prestur kristinnar kirkju og rennir að vitna um kærleik Jesú Krists.

## Formáli

Prestsþjónusta við innflytjendur hófst í nóvember árið 1996.

Skrifstofa prests innflytjenda hefur aðsetur í safnaðarheimili Neskirkju.

## Starfsemi frá júní 2012-maí 2013

### 1) Viðtöl, ráðgjöf og sálgæsla

#### Tímabilið 1. júní 2012-31. maí 2013

Fjöldi fólks: 136

Fjöldi viðtala: 349

Þjóðerni: 24\*

(\*meðtalin ósjálfstæð svæði, 38 þegar hælisleitendur eru taldir með)

**Trúarbrögð:** lútersk trú, katólsk, rétttrúnaðartrú, og önnur mótmælenda-trúarbrögð. Islam, búddhatrú, baháíatrú, hindúatrú, utan trúfélaga og ókunnugt\* (\*Fjöldinn inniheldur ekki fjölda hælisleitenda sem prestur innflytjenda heimsækir reglulega á Flóttamannahælið Fit og aðrar íbúðir í Reykjanesbæ ásamt sjálfboðaliðum Rauða Kross Íslands, en fjöldi hælisleitenda þar er að meðaltali á bilinu 40-50 Fjöldi hælisleitenda alls voru um 150 -180 á fyrri hluta ársins 2013.)

### Aðgreiningar eftir innihaldi viðtals:

#### (miðað við fjölda einstaklinga)

Fjölskyldumál og almenn lífskjör 46

Atvinnu- og fjármál 22

Mál er varðar lög 17

Húsnæði 7

Veikindi, meiðsl og sorg 32

Mennta- og menningarmál 68  
(inniheldur mál sem varðar fordóma)

Trúarbrögð 36

Málefni hælisleitenda 7

**Samtals 235**

## Samantarburður 2008-2012:

2008	2009	2010	2011	2012
------	------	------	------	------

### Fjöldi fólks

121	119	157	137	136
-----	-----	-----	-----	-----

### Fjöldi viðtala

252	286	355	368	349
-----	-----	-----	-----	-----

### Þjóðerni

29	24	31	25	24
----	----	----	----	----

Þjónusta við innflytjendur í höfuðborgarsvæðinu hefur örlítið batnað á síðustu árum. Engu að síður er engin sérstök móttökumiðstöð til staðar fyrir innflytjendur. Aðal tilgangur þjónustu hjá presti innflytjenda er sálgæsla og lífsstuðningur þar sem þarf meira en eitt til tvö viðtöl til. Sem dæmi um slík langtíma viðtöl má nefna fjölskyldumál almennt, mál sem fylgja aðlögun, veikindum og hælisleitendamál.

Fjöldi manna sem leitaði til prestsins á tímabilinu 2012-13 var 136 og næstum jafnt og 2011-12 (137). Fjöldi þjóðernis manna var 24 og þetta er líka næstum sama og á fyrra tímabilinu (25). Fjöldi viðtala 349, örlítið fleiri en fyrra tímabil (368). Það er venjulegt að sama fólk leitar til prestsins oft en einu sinni eða tvísvar.

Viðtal gegnum Skype var haldið nokkrum sinnum. Fjöldinn á þessu tímabili var sex sinnum og er enn ekki mjög stór. En þetta virðist nýttast vel í að hafa samskipti við innflytjendur á landsbyggðinni og þarf að skoða meiri notkun og auglýsingu um viðtal gegnum Skype á komandi starfsári.

### 2) Samstarf við aðila utan þjóðkirkjunnar

Á því tímabili sem skýrslan nær yfir var ákveðin samvinna á milli prests innflytjenda og stofnana bæði innan þjóðkirkjunnar og utan hennar.



Prestur innflytjenda er varafulltrúi í MRSÍ fyrir hönd Þjóðkirkjunnar, en samvinna við MRSÍ var ekki mjög virk á þessu tímabili. Samstarf við MRSÍ er mikilvægt á mörgum sviðum, því þykir aukning samvinnuverkefna á nýju skýrslutímabili eftirsóknarverð.

Frá haustinu 2009 hefur prestur setið í stjórn Rannsóknarstofu HÍ í fjölmenningarfræðum. Stjórnarmenn funda einu sinni í hverjum mánuði og skiptast á skoðunum og skipuleggja málþing eða starfsemi sem varðar fjölmenningu. Frá mars 2012 tók presturinn að sér hlutverk skipuleggjanda málþings um móðurmálskenndu sem haldið var haustið 2012. (Greint betur frá í 6. liði að neðan)

Prestur innflytjenda var kosinn í Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar árið 2010, þótt það heyrði ekki undir starfssvið prests innflytjenda, heldur sem einstaklingur. Það var góð tenging við þjónustu fyrir innflytjenda í borginni og stjórnkerfi borgarinnar.

Prestur innflytjenda kaus samt ekki að halda áfram í fulltrúakosningu árið 2012 og lauk ábyrgð sinni með Fjölmenningsráði sem var haldið í október 2012.

Einnig er prestur innflytjenda kominn í „Teymi um innflytjenda- og fjölmenningsmál“. Þetta er óformlegur vettvangur stofnana, sem tengd eru við málefni innflytjenda og fjölmennings. Teymið er góður vettvangur til að safna upplýsingum sem varða málefni þess.

Presturinn var áður í Teyminu en hætti síðan að vera með í nokkur ár.

Samstarf við ýmsar stofnanir utan kirkjunnar er ómissandi fyrir prest innflytjenda. Engu að síður virðist samstarfið vera að verða erfiðara en undanfarin ár, þar sem það tíðkast að opinberar stofnanir í samfélaginu fari varlega í samvinnu við trúfélög um þessar

mundir. Það blasir við að fordómar og misskilningur eins og allt sem kirkjan geri sé „öfgafullt trúboð“ og kirkjan þurfi að setja skýra stefnu um þjónusta presta á opinberum vettvangi og kynna hana fyrir stofnunum utan kirkjunnar til að losna við ótta og fordóma í garð prestanna.

### **3) Samstarf við söfnuð Neskirkju og aðra söfnuði**

Prestur innflytjenda tók þátt í safnaðarstarfi Neskirkju, þar sem hann er með aðsetur, og tekur þátt í fermingarfræðslu og sunnudagsmessum.

Fagnandi breyting er að koma í þjónustu prests innflytjenda. Eins og það var sagt í síðustu ársskýrslu, hafði prestur innflytjenda óskað eftir messuskyldu svo að hann mætti messa á föstum grundvelli.

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, tók jákvæða afstöðu um óskina hans og nokkrir fundir voru haldnir haustið 2012 með sr. Þorvaldi Viðissyni, biskupsritara, og sr. Birgi Ásgeirssyni, prófasti prófastsdæmis Reykjavíkur vestra. Það var samþykkt að prestur innflytjenda myndi leita að tækifæri fyrir messu mánaðarlega í prófastsdæmi Reykjavíkur vestra, til að byrja með.

Þannig messaði prestur innflytjenda í Laugarneskirkju (jan.), Seltjarnarneskirkju (apr.) og Langholtskirkju (apr.). Þetta er ánægjulegur árangur á byrjunarstigi og prestur innflytjenda er þakklátur viðkomandi aðilum. En prestur innflytjenda vill styrkja reglulegt samband við söfnuði enn meira og því verður það nauðsynlegt að velja næsta skrefi fyrir sér svo að aðkoma prests innflytjenda að helgihaldi geti orðið bæði presti innflytjenda og söfnuðum til góðs.

Einnig hefur prestur innflytjendur

haft það á stefnuskránni eftir sumarið 2009 að prédika a.m.k. einu sinni í hverjum mánuði í mismunandi söfnuðum á höfuðborgarsvæðinu. Því óskaði hann eftir að heimsækja messur og fá að prédika í þeim að eigin frumkvæði. Með góðfúslegu leyfi presta í söfnuðum, prédikaði prestur innflytjenda fimm sinnum í söfnuðum á höfuðborgarsvæðinu á árinu. Þetta var í Seltjarnarneskirkju (tvisvar í júlí og heildarhelgihald), Hafnarfjarðarkirkju (okt.), Kópavogskirkju (feb.) og Breiðholtiðskirkju (feb.).

Prestur innflytjenda vill þakka viðkomandi söfnuðum fyrir tækifærið til að messa eða prédika og hlýjar móttökur.

Nánara um kirkjulega þjónustu er:

Prédikun: 8 sinnum (safnaðir eru ofangreindir)

Þjónusta í altarisgöngu: 7 sinnum

Messa og guðþjónusta: 5 sinnum

Brúðkaup: Þrisvar sinnum

Skírn: Einu sinni

#### **4) Heimsókn til hælisleitenda í samstarfi við RKÍ**

Hælisleitendum á Íslandi fjölgaði mikið nýlega og um 180 menn voru á listanum á fyrri hluta ársins 2013. Þeir gista í sérstöku hóteli í Njarðvík, gistiheimilinu Fit, og einnig félagslegum íbúðum í Reykjanesbæ og í Reykjavík.

Prestur innflytjenda tók þátt í verkefni sem hófst árið 2005, þar sem nokkrir einstaklingar tóku sig saman og mynduðu litla hreyfingu, sem hafði það að markmiði að heimsækja hælisleitendur. Tilgangurinn er að rjúfa einangrun hælisleitenda með mannlegum samskiptum og veita þeim stuðning í erfiðum aðstæðum á meðan þeir biðu eftir úrskurði opinberra stofnana um sín mál.

Sumarið 2006 var þetta tilraunaverk-

efni þróað frekar og samkomulag gert við RKÍ um að móta heimsóknarvinahóp undir merkjum RKÍ (formlegur samstarfssamningur er ekki til milli RKÍ og prests innflytjenda). Starfsemi hófst á ný í nóvember 2006.

Heimsóknirnar eiga að vera reglulegar, einu sinni í viku. Prestur innflytjenda fór í heimsókn sex sinnum á þessum vettvangi.

Í heimsókn sem samstarfi við RKÍ talar prestur innflytjenda ekki um trúmál, samkvæmt stefnu RKÍ. En með því að kynna hælisleitendum á þennan hátt, gerist það oft að þeir óska eftir frekari viðtölum og samtali. Þá fer prestur innflytjenda í heimsókn á ný eða býður viðkomandi á fund á annan stað. Sum þeirra eru kristin og óska eftir bænargerð og hugvekju.

Annað verkefni hjá presti innflytjenda um málefni hælisleitenda er að kynna málaflökkinn fyrir samfélaginu. Málefnið er oft í umfjöllun í fjölmiðlunum þessa daga og stundum valda fréttir misskilningi fólks og fordómum í garð hælisleitenda.

Til þess að berjast við slíkan misskilning og fordóma, reynir prestur innflytjenda að skapa tækifæri að kynna einstaklinga sem eru hælisleitendur fyrir fólki í söfnuðum á beinan hátt eða skrifa greinargerð í dagblað.

#### **5) Samráðsvettvangur trúfélaga á Íslandi**

Að byggja brú á milli Þjóðkirkjunnar og annara trúfélaga sem eru nágrannar í samfélaginu er mikilvægt hlutverk og eitt af markmiðum prests innflytjenda.

Samráðsvettvangur trúfélaga var stofnaður í nóvember 2006 og eru núna í honum 16 trúfélög. Félagin eru: Þjóðkirkjan, Rómversk-kaþólska kirkjan, Fríkirkjan í Reykjavík, Krossinn,

Kirkja sjöunda dags aðventista á Íslandi, Búddistafélag Íslands, Frikirkjan Vegurinn, Bahá'í-samfélagið, Félag múslima á Íslandi, Ásatrúarfélagið, FFWPU – Heimsfriðarsamband fjölskyldna og sameiningar, Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins í Reykjavík, Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu, Soka Gakkai á Íslandi (Búddistafélag), Óháði söfnuðurinn í Reykjavík, Menningarsetur Múslíma og Guð- og trúarbragðafræðslu stofnun HÍ.

Reglulegir fundir voru haldnir yfirleitt mánaðarlega en stór atburður eins og málþing var ekki haldinn á tímabilinu.

Að mati prests innflytjenda, eru aðildartrúfélög búin að kynna nóg sem stofnunarferli og samráðsvettvangurinn verður að stíga næstu skref á næstunni svo að starfsemi vettvangsins verði raunverulegt tækifæri til að skapa samráð meðal trúfélaga á Íslandi.

Prestur innflytjenda tekur þátt í starfsemi vettvangsins sem fulltrúi Þjóðkirkjunnar ásamt Bjarna Randver Sigurðarsyni, guðfræðingi og stundakennara við HÍ, og sr. Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur, verkefnastjóra á Biskupsstofu (þar til lok ársins 2012) og sr. Maríu Ágústsdóttur, verkefnastjóra á Biskupsstofu, sem tók við af sr. Steinunni Arnþrúði.

## **6) Málþing um móðurmálskennslu „Meir'en að segja það“**

Prestur innflytjenda situr í stjórn Rannsóknarstofu HÍ í fjölmenningarfræðum og hann átti frumkvæði að skipulagningu málþings um móðurmálskennslu sem haldið var á vegum rannsóknarstofunnar.

Málþing var nefnt „Meir'en að segja það“ og var haldið í menningarmiðstöð

Gerðubergi 9. nóvember 2012 í samvinnu við Samtökin Móðurmál, Borgarbókasafn Reykjavíkur, Skóla og frístunda-svið Reykjavíkurborgar, Tungumálatorg og Menningarmiðstöðina Gerðuberg.

Menntamálaráðherra ávarpaði málþingið og þar mættu fleiri en 80 þátttakendur og málþingið heppnaðist vel. Vert er að benda á að maður sem glímur við heyrnarskerðingu flutti líka erindi um táknmál sem móðurmál sitt á málþinginu og margt heyrnarlaust fólk tók þátt í því. Málþingið var haldið með táknmálsúliki.

Málþingið gat sýnt fram á raunverulegan árangur og Menntamála- og menningarráðuneytið ákvað að taka áframhaldandi umræðu að sér og halda annað málþing um móðurmál í vor 2013.

## **7) Fræðslustarf og forvarnarstarfsemi**

- Samstarf við Móðurmálskennsluhóp Japana og Móðurmál-Félag foreldra tvítýngdra barna.
- Fyrirlestrar og fræðslustundir, samtals 15 sinnum. Fræðslan var haldin m.a. hjá HÍ (þrisvar), Endurmenntun HÍ, Myrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi, Café Lingua í Borgarbókasafni, Mynda-, fræðslu- og minjasýningu um Hiroshima og Nagasaki á borgarbókasafni, Kjarvalsstöðum, Deigluinni hjá Hafnarfjarðardeild RKÍ, sendiráði Japans, móttöku sendihóps frá Nakatani economic-politic school í Japan, sérfræðslu um Japan fyrir börn sem ætluðu að taka þátt í International Youth Camp í Japan, fermingarfræðslu Neskirkju, innlegg á Easter Course sem ÆSKP var hlutaðeigandi að, móttöku sendihóps frá sænsku kirkjunni.
- Greinargerðir í blöð og vefblöð (fyrir utan Trú.is) samtals 14.

- Pistlar og prédikanir á Trú.is, samtals 16.
- Viðtöl við blöð, sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar o.fl. samtals 7 skipti.

## Lokaorð

Margir hafa álit á svarinu við þessari spurningu en flestir munu samþykkja það að Þjóðkirkjan þjónar öllum í þjóðfélaginu.

Þjónusta prests innflytjenda byggir á þessum anda að Þjóðkirkjan þjóni öllum í þjóðfélaginu. Og sú þjónusta hefur áunnið mikið fyrir innflytjendum á Íslandi. Árangurinn er tileinkaður ákvörðun og frumkvæði kirkjunnar. Þjóðkirkjan var fyrsta stofnunin á ríkisstigi sem ákvað að leggja sitt að mörkum í málefnum innflytjenda með velferð þeirra að sjónarmiði en ekki eftirlitssjónarmiði.

Prestur innflytjenda hefur tvöföldu hlutverki að gegna. Hann þjónar innflytjendum á vegum kirkjunnar en færir jafnframt raddir innflytjenda til samfélagsins og reynir þannig hann að skapa gagnkvæm samskipti í þjóðfélaginu. Raunar hefur Þjóðkirkjan verið leiðandi í samfélagslegri umræðu um innflytjendamál á Íslandi síðust liðin tuttugu ár og íslenskt þjóðfélag mun viðurkenna það.

Þjónusta við innflytjendur innifelur

eðlilega viðhorf til fjölmenningar og trúarlegrar fjölhyggju. Starfshættir prests innflytjenda byggist því á „ólínulegri boðun fagnaðarerindis“ fremur en hefðbundnu trúboði. „Ólínuleg boðun fagnaðarerindisins“ er í stuttu máli sagt að sýna innflytjendum af ólíkum trúarlegum upprunum fram á að kirkjan hugsar til þeirra og kirkjan stendur með þeim hvenær sem þá vantar lífsstuðning.

Samt er þetta þjónusta og prestur þarf að skjótast inn í krossgötur manneskju eins og þegar dauða ber að garði, veikindi og hjónaskilnað. Þetta atriði birtist skýrt þegar um hælisleitendur að ræða.

Mál um hælisleitendur þykja á gráu svæði þar sem hælisleitendur þurfa að sanna sjálfir sögu sína en auðvitað er það án undantekninga erfitt í raun. Þess vegna standa hælisleitendur stöðugt á milli fordóma frá ákveðnu fólki og stuðnings frá öðrum.

Í slíkum aðstæðum er afstaða prests innflytjenda sú að trúa sögu þeirra eins og þeir segja frá nema sérstakt andsvar sé fyrir hendi. Prestur innflytjenda telur að málefni hælisleitenda sé raunverulegt dæmi sem kirkjan og fólk hennar verður að vinna með trú sína til þess að fylgjast með orði og verki Drottins Jesú.

Drottinn blessi starfið og varðveiti aðila þess.

# Prestur Íslendinga í Noregi

Sr. Arna Grétarsdóttir

Komið til hans, hins lifanda steins ...  
Látið sjálf uppbyggjast sem lifandi steinar í andlegt hús (1Pét. 2:4-5a)

## Litið til baka

Haustið 2012 voru fimm ár liðin síðan ég sem þetta rita hóf störf fyrir Íslenska söfnuðinn í Noregi. Þá var ein starfskona í 30% stöðu á skrifstofunni og einn leiðtogi með sunnudagaskóla í Ósló. Tengiliðir voru á nokkrum stöðum um landið sem var ómetanlegt fyrir nýjan prest sem fljúga átti um landið með Biblíuna undir hendinni. Allir tóku vel á móti ófríska prestinum sem var svo heppin að hafa einkabilstjóra á ferðum sínum undir það síðasta þ.e prestakallinn.

Í safnaðarstjórn starfaði öflugt fólk með hugsjónir um að leiða söfnuðinn inn í nýja tíma og áherslan og hvatningin sem ég fékk í veganesti var að efla barna- og æskulýðsstarf. Með skýrri sýn og stuðningi safnaðarstjórnar hefur starfið vaxið og dafnað. Guð hefur leitt nýtt áhugasamt, metnaðarfullt og hæfileikaríkt fólk til starfa í safnaðarstjórn og inn í margvísleg önnur störf. Sýnin er og hefur verið sú sama; Skírnarfræðsla í formi barna- og unglingastarfs hefur forgang í þessum söfnuði.

Hjarta hvers kristins safnaðar slær í bænahaldinu og vöxtur fæst með því að hlúa að skírnarfræðslunni (barna- og æskulýðsstarfið). Þessi sýn þarf að vera hverjum liðsmanni ljós svo árangur náist. Í Ólafustofu eru nú bænastundir á fimmtudögum: „Bæn og brauð“. Þar slær hjarta safnaðarins í viku hverri þar sem beðið er fyrir söfnuðinum,

málefnum einstaklinganna og fyrir heiminum sem við erum hluti af.

Nú starfa á akrinum tæplega 50 manns í trúnaðarstörfum fyrir Íslenska söfnuðinn í Noregi. Safnaðarstjórn, skrifstofa, sunnudagaskólaleiðtogar, æskulýðsstarfsfólk, öldrunarstarfi, sálgæsluliðar, nefndir og stjórnir, í sjálfböðinni þjónustu eða launaðri. Alltaf bætast í hópinn nýir liðsmenn vítt og breitt um landið að vinna að sama marki: Boða trú á Jesú Krist og miðla þannig von og kærleika.

Það er glæsilegur hópur sem hver hefur sitt verksvið sem leggur í ferð enn eitt tímabilið, næstu árin, hversu langt það verður veit Guð einn og einnig það að þar sem hugur og hjarta er sett í starfið og þar sem í fyrirrúmi er þjónustan við Guð og menn, þar blómstrar trú sem á sér bæði tengingu til himins og jarðar.

Prestur fór í námsleyfi um þriggja mánaða skeið á haustdögum 2012 og lagði stund á framhaldsnám í sál-gæslufræðum á Modum Bad. María Gunnarsdóttir guðfræðingur var ráðin sem fræðslufulltrúi í 60% starf í sex mánuði í tengslum við það. Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni tók þá að sér að sinna þjónustu við Suður-Noreg þ.e frá Sandefjord til Kristiansand. Það er ánægjulegt að mikil eftirspurn er eftir þjónustu safnaðarins og hefur prestur því miður ekki getað sinnt öllum beiðnum sem inn á borð koma og um leið reynt að grípa þau sem bjóða sig fram til starfa til að auka gæði þjónustunnar. Gengið var til samstarfs við íslenska presta sem starfa fyrir



Arna Grétarsdóttir

norsku kirkjuna og er það ómetanlegt að geta leitað til þeirra.

## Íslenski söfnuðurinn í Noregi eignaðist heimili á árinu 2012

Ólafíustofa við Pilestredet Park 20 í Ósló er hlýlegt safnaðarheimili með kapellu og skrifstofum. Björn Óskarsson innanhússarkitekt innréttaði rýmið svo nýttast mætti sem best. Krossinn er miðpunktur altarisins sem er rammað inn af bókum úr bókasafni Guðrúnar Brumborg. Krossinn er smíðaður úr u.þ.b. hundrað ára gamalli hurð og táknaður dyrnar sem býður allar systur og bræður velkomin og minnir á Krist sem er hið andlega heimili sem við öll þurfum á að halda. Lárus Ingi Lárusson smíðaði krossinn og gaf söfnuðinum. Ólafíustofa er nefnd eftir Ólafíu Jóhannsdóttur formóður safnaðarins og var Einar Traustason hlutskarpastur í nafnasamkeppni um safnaðarheimilið. Ólafíustofa er örugg höfn, tryggur og hlýlegur staður sem minnir okkur á landið okkar Ísland um leið og það vísar okkur veginn áfram mótt framtíð í nýju landi.

Ólafíustofa var vígð við hátíðlega athöfn þann 6. maí 2012 af Herra Jóni Aðalsteini Baldvinssyni vígslubiskupi að Hólum. Fjöldi fólks var saman kominn í þessu litla rými og var messað í Nordberg kirkju á eftir sama dag. Það voru margir sem lögðu sitt að mörkum við þessar húsnæðisbreytingar og bið ég Drottinn um að blessa þau handverk öll.

Árið 2012 einkenndist af athafnasemi, húsnæðisbreytingum og löngum verkefnaálistum. Kraftinn til starfanna vantaði ekki og voru margar hendur sem lögðust á eitt að opna mætti ný húsakynni í maíbyrjun. Söfnuðurinn er fjármagnaður af norska ríkinu og sveitafélögum í formi sóknargjalda sem

skulu fara í það að boða trúna á Jesú Krist, upprisinn frelsara manna ásamt þeirri veraldlegu umsýslu sem því fylgir.

## Guðsþjónustur og helgihald

Guðsþjónustuhald var á einum 13 stöðum árið 2012. Þeir staðir sem messað var á eru: Ósló, Drammen, Fredrikstad, Kristiansand, Stavanger, Bergen, Brándheimur, Tromsø, Sandefjord, Geilo, Ålesund, Molde og Ísland (fermingarmessa á Seltjarnarnesi). Þeir aðrir staðir sem hafa fasta tengiliði og farið verður til ef óskað er eftir eru: Skien, Kristiansund og Haugesund/Karmøy. Haldnar voru 32 kirkjuguðsþjónustur, bæna- og/eða helgistundir og 76 sunnudagaskólar um landið. 3645 manns sóttu helgihald safnaðarins á árinu og er þá mæting í sunnudagaskólann einungis að hluta talin. Sálnatalning í sunnudagaskóla hófst með formlegum hætti fyrst nú í byrjun árs 2013.

Við skipulag á guðsþjónustunum eru tengiliðirnir ómissandi sem fyrr. Þeir aðstoða m.a. við að bóka kirkju, auglýsa, sækja prest á flugvöll (ef þarf), sjá um að hringja út og minna á og auglýsa messuna og að sjá um að halda utan um messukaffið á eftir ásamt Íslendingafélögunum. Þessi aðstoð tengiliðanna er ómetanleg og er starfið um landið mögulegt vegna þeirra. Tengiliðirnir eru oftast en ekki formenn Íslendingafélaganna eða starfa náði með þeim.

Safnaðarstjórn fór með presti í messuferð sem hin fyrri ár og hélt þar vinnufund og tók þátt í messuhaldinu. Í mars var farið til Ålesund þar sem stíft var fundað og messað á eftir ásamt því að haldin var minningarstund til minningar um þá sjómenn sem drukkuðu við strendur Ålesund.



Ískórinn syngur við messu í Nordberg kirkju

Ískórinn syngur við guðsþjónustur í Ósló og víðar ef eftir því er leitað. Ískórinn starfar samkvæmt þjónustusamningi fyrir söfnuðinn eins og kirkjukór og heldur uppi helgihaldi safnaðarins í Ósló með sálmasöng og messusvörum. Nýr kórstjóri tók til starfa, Gísli J. Grétarsson og er hann sérstaklega boðinn velkomin. Peggy Jensen Lous er þökkuð dygg þjónusta sem fyrr og má geta þess að hún er með hæstan starfsaldurinn innan safnaðarins. Íslendingakórar hafa verið stofnaðir í Bergen og í Þrándheimi. Í Stavanger er starfandi kvenfélag sem hefur hafið samstarf við söfnuðinn.

Alþjóðlegur bænadagur kvenna er fyrsta föstudag í mars ár hvert. Íslenski söfnuðurinn tekur þátt ásamt fleiri kristnum söfnuðum í Nordbergkirkju. Það er mikilvægt fyrir lítinn söfnuð að finna sig í hópi trússystkina víða að úr heiminum. Í ár voru það konur frá Malasíu sem undirbjuggu bænahaldið undir yfirskriftinni: *Látum réttlætið sigra.*

Aðventuhátíðin í Ósló heppnaðist vel. Hátíðarræðu flutti Pálmi Gestsson leikari við mikið lof, enda einlægur trúmaður þar á ferð. Jóhanna Guðrún Jónsdóttir söng jólin inn í hjörtu kirkjugesta að þessu sinni. Hún og Davíð Sigurgeirsson gítarleikari tóku einnig þátt í guðsþjónustum í Bergen og Stavanger. Ískórinn söng bæði í Ósló og Stavanger um aðventu og jól. Kristján Karl Bragason og Björg Brjánsdóttir flautuleikari og sunnudagaskólaleiðtogi léku einnig fyrir kirkjugesti.

Listanefnd var sett á laggirnar á aðalfundi 2012 og hefur starfað síðan. Í nefndinni eru: Eygló Sigmundsdóttir formaður, Hjörleifur Valsson, Ingibjartur Jónsson, Sigríður Gísladóttir ásamt sr. Örnú Grétarsdóttur. Aðal verkefni listanefndar á starfsárinu var að skipuleggja aðventuhátíðina í Ósló og útbúa skipulagsskrá til að leggja fyrir aðalfund 2013. Nefndinni er sérstaklega þökkuð vel unnin störf.

## Aðrar kirkjulegar athafnir og kærleikspjónusta

Árið 2012 voru skirð 19 börn, sjö í kirkjum og 12 í heimahúsum. Hjónavígslur voru fjórar og sjö kveðju- og minningarathafnir. 60 börn sóttu fermingarfræðslu safnaðarins veturinn 2011-12 og á árinu 2012 fermdi prestur 30 börn í fimm athöfnum.

Prestur sinnti sálgæslu og kærleikspjónustu sem fyrr og fór í 16 hús- og sjúkravitjanir á árinu. 109 sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu/kirkjum eða hótélum og 92 símasálgæsluviðtal voru veitt. Þá er ótalin sálgæsla sem veitt er í gegnum tölvupósta. Í faglegu sálgæsluteymi safnaðarins starfa nú Eygló Sigmundsdóttir sálfræðingur, Lilja Björk Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi og Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni. Að sækja handleiðslu og fá fagræð eða geta vísað flóknari málum til fagaðila er ómetanlegt fyrir sálgæslupjónustu prestsins.

*Ólafíusjóður Íslenska safnaðarins í Noregi* var stofnsettur 1. nóvember 2009. Í stjórnsstjórn sitja ásamt presti, Kristján Daðason og dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Hægt er að sækja um í sjóðinn á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á netinu: [www.kirkjan.no](http://www.kirkjan.no), hjá starfsmanni eða presti. Sérstök skýrsla var gefin út af formanni um starfsemi sjóðsins.

## Safnaðarstarfið

Sunnudagaskóli er nú starfræktur á níu stöðum um landið; Ósló, Drammen, Bergen og Stavanger, Sandefjord, Fredrikstad og Kristiansund og Kristiansand. Söfnuðurinn vill endilega heyrja frá fólki sem er tilbúið að leiða sunnudagaskóla um landið og hefur til þess reynslu og hæfni. Við barnastarfið starfa

16 leiðtogar. Á árinu höfðu umsjón með sunnudagaskólanum í Ósló þær Hrefna Grétarsdóttir og María Gunnarsdóttir guðfræðinemi, þeim til aðstoðar eru þær Björg Brjánsdóttir og Ruth Rúnarsdóttir sem báðar eru liðtækar á hljóðfæri. Lilja Björk Þorsteinsdóttir og Óskar Þór Jónsson hafa umsjón með barna- og unglingastarfi í Stavanger og í Bergen hafa umsjón með sunnudagaskólanum Helga Sigríður Þórsdóttir og Ingibjartur Jónsson sem einnig er liðtækur á orgelið þegar messað er. Unglingastarfið í Bergen er leitt af Rebekku Ingibjartsdóttur og Laufeyju Friðu Guðmundsdóttur. Svala Snorraddóttir hefur umsjón með sunnudagaskólanum í Drammen og tók Hrefna Grétarsdóttir við á haustdögum. María Gunnarsdóttir guðfræðinemi hefur leitt sunnudagaskóla í Fredrikstad ásamt Katrínu Ósk Óskarsdóttur söngkonu og píanista. Í Kristiansund er Salóme Huld Garðarsdóttur og Sigurborg Bjarnadóttir með sunnudagaskólann. Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni og Benedikt Grétasson hafa umsjón með barnastarfi í Suður-Noregi ásamt því að Margrét hefur leitt einstaka guðspjónustur á því svæði. Bogi Benediktsson og Sigurður Jón Sveinsson störfuðu fyrir söfnuðinn fram á sumar 2012 og er þeirra sárt saknað enda mikil lyftistöng fyrir söfnuðinn að fá þá inn í starfið. Fengur er fyrir söfnuðinn og alla kristni að hafa gott og áhugasamt fólk á akrinum.

Íþróttaálfurinn var fenginn inn í sunnudagaskóla og fjölskylduguðspjónustur á vordögum til Kristiansand, Stavanger, Molde, Bergen og Ósló.

Prestur hóf átak veturinn 2010 í því að koma sunnudagaskólanum á DVD inn á heimilin. Með þessu er reynt að mæta börnunum í dreifðinni og styrkja





Við opnun Ólafíustofu. Sr. Jón A. Baldvinsson vígslubiskup blessar húsnæðið

heimilisguðrækni. Nýr diskur kom út á árinu 2012 „Daginn í dag 2“ og var byrjað að dreifa honum um leið og hægt var.

Hið árlega Leiðtoganámskeið á vegum fræðsluviðs Biskupsstofu var haldið í Ólafíustofu í Ósló. Þar komu saman að venju leiðtogar í starfinu af Norðurlöndunum. Það er mikilvægt að halda við þekkingu í barnastarfi og bera saman bækur sínar og endurmeta og bæta starfið eins og hægt er.

Æskulýðshópur safnaðarins er að festa rætur sínar þó erfitt sé að halda sambandi við unglingsana sem búa dreift um Noregsbyggðir. Félagar í æskulýðsfélaginu geta verið þau sem eru fermd og hafa áhuga á því að skemmta sér á heilbrigðan hátt í góðum félagsskap hvers annars og vilja halda við fermingarheitinu. Í október 2012 fór hópur unglingsa sem hin fyrri ár til Íslands á Landsmót æskulýðsfélaga. Leiðin lá Egilsstaða þar sem hundruði íslenskra ungmenna skemmti sér á heilbrigðan hátt saman í nafni kristinnar

trúar. Þetta tilboð safnaðarins er ein af stöðum safnaðarstarfsins og liður í því að halda tengslum við fermd ungmenni. Æskulýðshópar hafa nú myndast í Ósló, Stavanger og Bergen. Vísir að starfi er að finna í suður- Noregi.

## Samvinna og upplýsingamál

Fréttabréfið kemur út ár hvert í lok janúar og september. Ætlunin er að halda þeirri útgáfu áfram. Hrafnhildur Brynjarsdóttir grafískur hönnuður hefur sett upp fréttabréfið og verið presti innan handar með yfirlestur ásamt Ingu Erlingsdóttur starfsmanni. Haustið 2012 kom María Gunnarsdóttir einnig að fréttabréfinu. Facebook síða safnaðarins „Íslenski söfnuðurinn í Noregi“ ásamt facebook síðum fyrir sunnudagaskólann í Bergen, Stavanger og Kristiansund eru virkar sem og Æskulýðshópurinn í Noregi. Þar er starfið auglýst og skilaboðum komið til sóknarbarna. Messuauglýsingar hafa verið settar inn á facebook síðuna „Ís-

Fermingarbörn í Bergen



lendingar í Noregi og svo auðvitað inn á heimasíðu safnaðarins [www.kirkjan.no](http://www.kirkjan.no).

Unnið er að nýrri heimasíðu og útlit safnaðarins er einnig í vinnslu. Kynningarmálin eru sístætt verkefni sem alltaf er í hraðri þróun.

Lýðveldishátíðin er haldin í samstarfi við Íslendingafélagið í Ósló, Stavanger og Bergen. Hátíðarhöldin hefjast með helgihaldi. María Gunnarsdóttir guðfræðingur leiddi helgistund í Nordberg kirkju. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson messaði í Bergen og sr. Arna messaði og fermdi eina stúlku í Stavanger er haldið var upp á 60 ára afmæli félagsins þar um slóðir. Gunnar Einar Steingrímsson þjónandi prestur í Steinskjer messaði einnig fyrir Íslendinga í Steinskjer kirkju.

Mikilvægt er fyrir söfnuðinn og prest að vera í góðu samstarfi við sendiherra

og starfsfólk allt á sendiráðsskrifstofunni. Prestur hefur aukið samstarf við presta norsku kirkjunnar og er það gefandi að finna sig í hópi kollega. Það er von mín að allt samstarf við systurkirkju okkar, norsku kirkjuna haldi áfram að blómstra og vaxa enda allt guðspjónustuhald hæð því að fá inni í norskum kirkjum.

Inga Erlingsdóttir starfsmaður á skrifstofunni í Ósló er okkur innan handar með hvaðeina sem upp á kemur. Hún er nú í fullu starfi og er verksvið hennar afar fjölbreytt. Hlý framkoma og þjónustulund hennar verður seint fullþakkað.

Ég bið Drottinn um að blessa störf þjóna sinna og hjörtu allra sem þjónustu þigga um alla framtíð.

# Prestur Íslendinga í Svíþjóð

Sr. Ágúst Einarsson

## Inngangur

Starfsemi Íslensku kirkjunnar í Svíþjóð síðustu misseri er vart svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. Síðastliðin fjögur ár hefur safnaðarstarfið þurft að horfast í augu við nýjan og veikari starfsgrundvöll. Starfsemin hefur að mestu leyti einskorðast við Gautaborg og fyrir því eru þessar ástæður:

1. Í Gautaborg er sóknarnefnd sem vill halda áfram að vinna að íslensku safnaðarstarfi þrátt fyrir þrengri kost og skerta möguleika.
2. Öflugur íslenskur kór er starfandi í Gautaborg sem vill stuðla að því að íslenskar guðspjónustur séu haldnar reglulega.
3. Þar er búsettur sá prestur er áður gegndi embætti fyrir Íslensku þjóðkirkjuna.
4. Sjúkratryggingar Íslands eru með þjónustusamning um líffæraflutninga við Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg. Ár hvert er fjöldi íslenskra sjúklinga sendur til Gautaborgar og presturinn hefur fengið það verkefni að vera þeim til þjónustu og stuðnings meðan á dvöl þeirra stendur.

Það síðastnefnda hefur undanfarin fjögur ár skapað starfsgrundvöll fyrir íslenska prestinn í Gautaborg. Þegar íslenska prestsembættið var lagt niður varð verkefnið fyrir Sjúkratryggingar sá grunnur sem presturinn gat tengt önnur verkefni við. En fjárhagslegar stoðir íslenska kirkjustarfsins eru engan veginn nægar og við sjáum fram á veikingu þeirra á næstu misserum. Ef ekkert er að gert til að styrkja íslenska

safnaðarstarfið í Svíþjóð er hætt við að það leggist af í nánustu framtíð.

## Staða prestsþjónustunnar og horfur

Íslenska prestsembættið í Svíþjóð var lagt niður á vordögum 2010 vegna niðurskurðar hjá Íslensku þjóðkirkjunni í kjölfar efnahagshrunsins. Árin á undan hafði íslenska kirkjustarfið vaxið jafnt og þétt með reglulegu guðspjónustuhaldi og barnastarfi á fjórum stærstu þéttbýlisstöðunum, Stokkhólmi, Uppsölum, Gautaborg og Lundi/Málmeý.

Undanfarin fjögur ár hefur safnaðarstarfið minnkað í réttu hlutfalli við að starfshlutfall prests hefur dregist saman og fjármunir til reksturs minnkað.

Þegar prestsembættið var lagt niður vildi prestur og sóknarnefnd halda áfram starfi og reyna að þrúka þrátt fyrir að niðurskurðarhnifnum væri svo harkalega brugðið gagnvart því lífliga starfi sem byggt hafði verið upp meðal Íslendinga í Svíþjóð. Ennþá nutum við umtalsverðra rekstrarstyrkja frá Sænsku kirkjunni. Einnig var nýtt mikilvægt sálgæslu- og umönnunarverkefni að flytjast til Gautaborgar vegna nýgerðs samnings um líffæraflutninga fyrir Íslendinga á Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Gautaborg.

Verkefnin virtust næg og von stóð til þess að hægt væri að fjármagna prestsembættið að nýju. Mikilvægt var að biskup Íslands herra Karl Sigurbjörnsson fól prestinum, sem var að missa embætti sitt, að leita eftir samningi við Sjúkratryggingar Íslands varðandi þjónustu við Íslendinga sem koma



Ágúst Einarsson

til Gautaborgar vegna líffæraflutninga. Þá skrifaði biskup Íslands bréf til erkibiskups Sænsku kirkjunnar til að leita aðstoðar við að fjármagna íslenska prestsþjónustu í Svíþjóð í ljósi erfiðra aðstæðna íslensku þjóðkirkjunnar. Prestinum var þannig á mjög skýran hátt falið hlutverkið að vera prestur Íslendinga í Svíþjóð ef hægt væri að fjármagna stöðuna með nýjum hætti.

ur Sænsku kirkjunnar var hins vegar aðeins til eins árs án möguleika á fram­lengingu. Sænska kirkjan hafði veitt neyðarstyrk til systurkirkju í vanda en synjaði áframhaldandi fjárveitingum vegna eigin samdráttar. Samstarfið við Sjúkratryggingar Íslands hefur hins vegar haldist frá árinu 2010 og veitir prestinum um þriðjung starfshlutfalls.

Vert er að minnast þess að árið 2000



Frá útinátið  
Íslensku  
kirkjunnar í  
Svíþjóð á 17. júní

Í ljósi þessa þótti prestinum vert að reyna að halda áfram starfi fyrir Íslendinga í Svíþjóð. Auk þess var niðurlagning embættisins sögð „tímabundin“ sem gaf ákveðna von um að byggja mætti upp að nýju þegar betur áraði fyrir Íslensku þjóðkirkjunni.

Árið 2010 unnust mikilvægir áfangasigar. Sænska kirkjan brást vel við beiðni um prestlaunastyrk og Sjúkratryggingar Íslands voru reiðubúnar til að ganga til saminga um þjónustu prestsins við íslenska sjúklinga er koma til Gautaborgar. Prestlaunastyrk-

var um það samið að Sænska kirkjan legði til rekstrarfé til íslenska safnaðarstarfsins í Svíþjóð á móti því að Íslenska þjóðkirkjan legði til embætti íslenska prestsins. Þetta rekstrarfjárframlag Sænsku kirkjunnar var ekki fellt niður þó tilefni styrksins hyrfi. Sænska kirkjan hefur séð að íslenska kirkjustarfið reynir að þruga þrátt fyrir þrengingar. Einnig hefur SST (stofnun er veitir trúfélögum styrk, öðrum en sænsku kirkjunni) haldið áfram að styrkja íslenska safnaðarstarfið af sömu ástæðu. Þessir styrkir hafa gert það kleift að halda

uppi íslensku safnaðarstarfi aðallega á Gautaborgarsvæðinu og hafa prest í um 25% starfshlutfalli við almenn safnaðarstörf.

Möguleikar íslenska safnaðarstarfsins í Svíþjóð takmarkast mjög þar sem helmingur rekstrarfjárins fer til prestslauna. Lágt starfshlutfall prests og takmarkað fjármagn einskorðar safnaðarstarfið nánast við Gautaborg.

Í ofanálag lítur út fyrir að sænskir rekstrarstýrki til íslenska safnaðarstarfsins komi til með að lækka um 25% við lok næsta árs (nánar um það síðar). Það síðastnefnda mun gera safnaðarstarfinu ómögulegt að hafa prest í því litla starfshlutfalli sem hann þó hefur núna. Rekstrarstýrkurinn frá Sænsku kirkjunni er bundinn prestsþjónustunni og mun að öllum líkindum hverfa um leið og ekki er lengur möguleiki á að hafa prest í starfi.

## Velvilji sænsku kirkjunnar og samstarf

Íslenska kirkjustarfið hefur notið einstaks velvilja af hálfu Sænsku kirkjunnar. Rekstrarstýrki og samskotafé hefur borist okkur skilvíslega í 14 ár. Við leigjum starfsaðstöðu í Västra Frölunda kirkju fyrir mjög sanngjarnt verð og höfum fengið aðstöðu fyrir barnastarf og athafnir í kirkjum víðsvegar um land, í mörgum tilfellum endurgjaldslaust.

Sænska kirkjan hefur mikinn skilning á safnaðarstarfi á móðurmáli. Sænska kirkjan stendur fyrir kirkjustarfi á móðurmálinu meðal samlanda á 42 stöðum í heiminum. Þó að aðskilnaður ríkis og kirkju sé vel skilgreindur í Svíþjóð hefur sænska kirkjan ekki horfið frá þjóðkirkjuhugsjóninni. Það felur meðal annars í sér þá skyldu að vera með kirkjustarf og kærleiksþjónustu fyrir

þann hluta þjóðarinnar er býr eða dvelur fjarri heimalandi til lengri eða skemmri tíma. Skylda þjóðkirkju við þjóð nær út fyrir landamæri. Þegar Sænska kirkjan kynnir starfsemi sína á heimasíðu og í öðru kynningarefni er kirkjustarfið erlendis ofarlega á blaði.

Félags- og sóknargjöldin standa undir rekstri safnaðanna á Íslandi. Hér hefur Sænska kirkjan komið myndarlega til móts við okkur. Hún greiðir íslenska safnaðarstarfinu sem nemur 537 íslenskum sóknargjöldum árlega. Sá styrkur byggir ekki á annarri skyldu en að sýna velvilja gagnvart systurkirkju og dugði langt til að standa undir rekstrarkostnaði Íslensku kirkjunnar í Svíþjóð meðan þjóðkirkjan hélt úti prestsembætti í Svíþjóð. En sá styrkur dugir skammt þegar taka þarf hlutastarf prests inn í rekstur safnaðarstarfsins.

## Fjöldi íslensks þjóðkirkjufólks í Svíþjóð

Samkvæmt upplýsingum á þjónustuvef þjóðkirkjunnar eru fjöldi meðlima Íslensku þjóðkirkjunnar í Svíþjóð 5937 einstaklingar, þar af eru fjölskyldur 4131, fæddir erlendis 1843 og fjöldi barna á fermingarári 65. Hér eru aðeins taldir þeir er tilheyra þjóðkirkjunni því heildarfjöldi íslenskra ríkisborgara í Svíþjóð er 7357 talsins nú um stundir.

Þeir fjármunir sem tryggja prestsþjónustu og laun presta á Íslandi byggja á afrakstri eignasamnings kirkju og þjóðar frá gamalli tíð. Allir Íslendingar eiga rétt á prestsþjónustu hvort sem þeir eru innan eða utan þjóðkirkju. Íslendingar er flytjast til útlanda í lengri eða skemmri tíma hljóta að eiga rétt á prestsþjónustu þjóðkirkjunnar eftir því sem mögulegt er.

## Sjúkrahúsjónustan

Sjúkratryggingar Íslands hafa eins og áður er nefnt gert samning við Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg um líffæraigræðslur fyrir Íslendinga. Hingað eru einnig sendir sjúklingar til lækniáðgerða á fleiri sviðum. Í öllum tilfellum er það vegna þess að hér er sérhæfing sem ekki er til staðar á Íslandi. Ár hvert koma um 40-50 sjúklingar til Sahlgrenska sjúkrahúsins til rannsókna og aðgerða. Samtals eru um 100 einstaklingar er koma hingað árlega ef fjölskyldumeðlimir sem fylgja eru taldir með. Dvalartíminn er frá 4 dögum upp í nokkra mánuði.

Með samningi prestsins við Sjúkratryggingar Íslands er leitast við að veita sambærilega þjónustu við þennan sjúklingahóp og sjúkrahúsprestarnir veita á spítölunum á Íslandi. Íslendingar er leita lækninga í útlöndum eru í þörf fyrir félagslegan, sálrænan og andlegan stuðning á miklum átakatímum í lífi sínu. Þar er aukaálag að vera í öðru landi þar sem tungumálið er hindrun. Samtímis er oft mjög erfitt að geta ekki haft stuðningsnet fjölskyldu og vina innan seilingar.

Sjúkratryggingar Íslands hafa sýnt mikinn skilning á þörfum skjólstaðinga sinna er sendir eru til útlanda til lækniáðgerða. Það sýnir sig meðal annars í þjónustusamningi við prestinn í Gautaborg. Einnig hafa Sjúkratryggingar Íslands gert samninga við tvo hjúkrunarfræðinga í Lundi og Stokkhólmi er að ýmsu leyti veita sambærilega þjónustu. Íslenska heilbrigðiskerfið þarf að framlengja þjónustu á erlendra grund vegna sérhæfðra aðgerða og þróunin er í þá átt að fleiri samningar eru gerðir við hátækisjúkrahús í Svíþjóð.

Ljóst er að þegar og ef ekki verður

lengur starfsgrundvöllur fyrir íslenskan prest í Gautaborg hverfur þessi stuðningsþjónusta úr samhengi samstarfs við Íslensku þjóðkirkjuna. Það er vert að rifja upp að í áratugi var Íslenska þjóðkirkjan í samstarfi við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustu presta við þá Íslendinga er sendir voru til aðgerða erlendis. Það samstarf minnkaði mjög er prestsembættin erlendis voru lögð niður þegar að krepti í fjárhag þjóðkirkjunnar.

Hér er á ný höfðað til þess að íslensku þjóðkirkjunni ber skylda til að axla ábyrgð gagnvart þessari mikilvægu þjónustu þannig að samstarfið verði tryggt til frambúðar. Það styrkir góða ímynd þjóðkirkjunnar að hún sé sýnileg í þeirri þjónustu.

## Fjárhagur og rekstrarstyrkir

Íslenska kirkjan í Svíþjóð fær sem nemur 80 íslenskum sóknargjöldum í rekstrarstyrk frá íslensku þjóðkirkjunni. Sænska kirkjan leggur til rekstrarstyrk sem nú nemur um 537 íslenskum sóknargjöldum. Ennfremur berst styrkur frá SST (stofnun sem leggur trúfélögum öðrum en Sænsku kirkjunni til styrk) og jafngildir hann 211 íslenskum sóknargjöldum. Þriðji sænski styrkurinn eru samskot Sænsku kirkjunnar til erlendu systursafnaðanna í Svíþjóð sem gefa andvirði um 27 sóknargjalda. Samtals eru rekstrartekjurnar því um 855 íslensk sóknargjöld.

Áður hefur verið vikið að því að útlit sé fyrir að rekstrarstyrkir minnki um 25% undir lok næsta árs. Vegna breyttra reglna SST verður skilyrði fyrir styrkveitingu að skilað sé inn meðlimaskrá. Hingað til hafa íslenska, norska og danska kirkjan notið undanþágu í þessu efni á grundvelli þess að vera

„sjómannakirkjur“. Öll önnur trúfélög hafa frá upphafi þurft að skila inn staðfestri meðlimaskrá og samkvæmt nýjum reglum er sem sé stefnt að samræmingu.

Sóknarnefndin hefur ritað SST bréf þar sem því er lýst yfir að Íslenska kirkjan í Svíþjóð geti ekki skilað inn nöfnum meðlima og þessar ástæður eru tilgreindar:

1. Stór hluti þeirra einstaklinga sem íslenska kirkjustarfið veitir þjónustu eru sjúklingar, aðstandendur og námsmenn sem yfirleitt eiga ekki lögheimili í Svíþjóð og hafa sjaldan sænska kennitölu.
2. Ef kirkjustarfið skráir meðlimi er verið að lofa meðlimum meiru en hægt er að standa við. Starfsemin er að mestu bundin við Gautaborg og prestur aðeins í 25% starfshlutfalli við almenn safnaðarstörf. Íslendingar í Svíþjóð búa dreift. Meðlimir ættu kröfu á reglulegu helgihaldi nálægt heimili og prestsþjónustu þegar á þarf að halda. Kostnaðarsöm og tímafrek ferðalög eru ekki möguleg miðað við núverandi aðstæður.
3. Það er mikið viðfangsefni að halda utan um meðlimaskrá. Prestur hefur nóg verkefni og er eini starfsmaðurinn.
4. Með því að skrá meðlimi væri íslenska kirkjustarfið í sumum tilfellum að taka meðlimi frá Sænsku kirkjunni sem er stærsti styrktaraðili íslenska starfsins og það myndi vinna gegn hagsmunum okkar.

Íslenska kirkjan í Svíþjóð getur af þessum ástæðum ekki skilað inn nöfnum staðfesta meðlima og fer fram á að fá undanþágu áfram sem „sjómannakirkja“. Ólíklegt þykir að þessi skipulagsbreyting gangi til baka og því miklar líkur á að íslenska kirkjustarfið

missi umtalsverðan rekstrarstyrk. Við það minnka um leið möguleikarnir til að hafa prest í hlutastarfi.

## **Safnaðarstarfið, guðsþjónustur, kirkjuskólar og fermingarfræðsla**

Sóknarnefnd og prestur hafa reynt að sníða stakk eftir vexti og safnaðarstarfið hefur í stórum dráttum verið sem hér segir:

Í Gautaborg voru þrjár guðsþjónustur á haustmisseri og fjórar á vormisseri í Västra Frölunda kirkju. Kirkjusókn var að jafnaði ágæt eða um 50 manns við hverja guðsþjónustu og mun fleiri við hátíðarguðsþjónustur. Íslenski kórinn í Gautaborg syngur við guðsþjónustur undir stjórn Kristins Jóhannessonar og Tuula Jóhannesson leikur á orgel. Kirkjuskólinn í Gautaborg er á laugardögum, hann er að jafnaði tvisvar í mánuði yfir vetrartímann og er vel sóttur. Barnafræðsla er auk þess í tengslum við guðsþjónusturnar, börnin taka þátt í hluta guðsþjónustunnar en njóta síðan sérstakrar dagskrár. Með þessu fær öll fjölskyldan tækifæri til þess að njóta samverunnar í kringum helgihaldið.

Í Stokkhólmi og Uppsölum hefur ekki verið möguleiki að halda uppi reglulegu helgihaldi á síðasta starfsári. Með miklum fjölda íslenskra barna-fjölskyldna er góður grundvöllur fyrir barnastarfi á þessum stöðum. Miðað við aðstæður þykir ekki rétt að hefja að nýju starfsemi sem við getum ekki fylgt eftir. Því veldur takmarkaður starfstími prests og þörf á sparnaði í ferðakostnaði. Hægt er að finna leiðtoga úr hópi heimafólks til að hjálpa til í barnastarfinu en prestur þarf að koma að stuðningi við starfið.

Í samstarfi við Íslendingafélögin í Stokkhólmi og Uppsölum var haldin

Frá barnastund í Gautaborg



aðventustund í safnaðarheimili Danderyðskirkju (Stokkhólmi) þar sem yfir 100 manns tóku þátt og vorhátíðarguðsþjónusta í Tunabergskirkjunni (Uppsölum) með góðri þátttöku í apríl 2013.

Í Lundi var kirkjuskóli annan hvern laugardag í St. Hans kirkju yfir vetrartímann. Jólasamveru kirkjuskólans sóttu 145 manns og að jafnaði voru gestir kirkjuskólans margir. Umsjón með kirkjuskólanum höfðu þær Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Hanna Gísladóttir og Ásdís Elva Pétursdóttir. Jólaguðsþjónusta var í St. Hans kirkju í Lundi á Þorláksmessu og hana sóttu yfir 100 manns. Íslenski kórinn í Lundi söng undir stjórn Guðrúnar Rútsdóttur og unglingar fluttu tónlist.

Fermingarfræðslan var með hefðbundnu sniði síðasta starfsvetur. Fermingarmót voru haldin á Åh stiftsgård í september og maí. Þar sameinuðust íslensku söfnuðirnir í Svíþjóð, Noregi og Danmörku um tveggja sólarhringa fermingarmót og voru unglingarnir um 80 talsins. Íslenski presturinn í Noregi, sr.

Arna Grétarsdóttir, ásamt undirrituðum og fleiri fullorðnum leiðtogum sáu um dagskrá og kennslu. Milli fermingarbúða lesa unglingarnir íslenska kennslubók í fermingarfræðum og leysa reglulega verkefni á tölvutengdu formi. Fræðslufundir eru haldnir í tengslum við guðsþjónustur. Þá sækja unglingarnir einnig guðsþjónustur minnst mánaðarlega í heimabyggð sinni. Unglingar í fermingarfræðslu fá íslenskt Nýja testamenti að gjöf í samvinnu við Gídeonfélagið á Íslandi. Í Svíþjóð voru 12 unglingar í fermingarhópi vetrarins.

Ýmsir aðrir viðburðir og fundir eru haldnir á vegum safnaðarstarfsins í Gautaborg, svo sem fræðslumorgnar, hátíð í tilefni 17. júní og jólatrés-skemmtun.

### **Samstarf íslenska kirkjutarfsins á Norðurlöndum**

Leiðtoganámskeið hefur árlega verið haldið fyrir umsjónarfólk barnastarfsins í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Í ágúst-



mánuði 2012 var námskeiðið haldið í Osló og þátttakendur voru um 25 talsins. Elín Jóhannsdóttir fræðslu-fulltrúi Biskupsstofu annaðist fræðsluna. Það er dýrmætt fyrir leiðtogana að finna samhengi starfsins og fá fræðslu um það nýjasta sem er í boði frá fræðsludeildinni.

Til Íslendinga í Danmörku hefur Íslenska kirkjan í Svíþjóð lánað prestinn sinn til að halda einstaka messu í Kaupmannahöfn og sjá um fermingarfræðsluna. Undanfarin ár hafa unglingar frá Danmörku komið í fermingarfræðslu og á fermingarmót á Åh stiftsgård í Svíþjóð. Þeir hafa myndað kennsluhóp með unglingunum frá Svíþjóð. Mikil ánægja hefur verið með það samstarf og gengið vel þar sem hægt hefur verið að samnýta krafta beggja. Presturinn kemur frá Svíþjóð en unglingarnir koma með sóknarnefndarfólki og foreldrum undir fararstjórn Lárusar F. Guðmundssonar.

Í Kaupmannahöfn er starfandi íslensk safnaðarnefnd og tveir íslenskir kórar skiptast á að syngja í guðspjónustum og sjá um kirkjukaffi í Jónshúsi. Mikil áhugi er meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn á að halda uppi reglulegu guðspjónustuhaldi ásamt því að þar er sunnudagaskóli í Jónshúsi.

Samráðsfundur íslenska kirkjustarfsins erlendis var haldinn í Osló í júní 2013. Samráðsfundurinn var í

tengslum við Ólafíuhátíð safnaðarins. Fulltrúar úr sóknarnefndum safnaðanna í Noregi, Svíþjóð og Danmörku hittust. Kynning fór fram á starfsemi safnaðanna og framtíðarhorfur ræddar. Sr. Birgir Ásgeirsson prófastur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra var gestur fundarins. Samráðsfundurinn sendi frá sér ályktun þar sem skorað var á yfirstjórn kirkjunnar að færast ekki undan þeirri ábyrgð að hlúa að íslensku kirkjunni erlendis. Ályktunin var send til biskups Íslands, kirkjuráðs og kirkjuþings.

## Lokaorð

Enn á ný er lýst eftir stuðningi íslensku þjóðkirkjunnar við íslenskt kirkjustarf erlendis. Að óbreyttu lítur út fyrir að íslenskt safnaðarstarf verði smám saman enn minna í Danmörku og Svíþjóð, leggist jafnvel af. Það þarf ekki annað en líta til Noregs til að sjá að íslenskt safnaðarstarf erlendis getur verið blómlegt séu vaxtarskilyrðin tryggð. Það er Íslendingum erlendis mikilvægt að hittast og fá tækifæri til að hlúa að trú sinni, tungu og menningu. Og þar getur Íslenska þjóðkirkjan lagt sitt af mörkum með því að viðhalda því góða starfi sem byggt hefur verið upp á erlendri grund og skapa samfélag í kringum helgihald kirkjustarfsins fyrir unga jafnt sem eldri.

# Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Sr. Guðrún Eggertsdóttir



Guðrún  
Eggertsdóttir

## Inngangur

Trúarleg þjónusta hefur verið starfandi við FSA síðan 1. janúar 1995 og er nú sinnt af presti í 75% starfi. Við skipulagsbreytingar um nýliðin áramót (1.1.2013) var deildin „Trúarleg þjónusta“ lögð niður og starfssemin færð undir deild kennslu og vísinda. Þjónustan heldur þó áfram á svipaðan hátt og verið hefur eftir því sem mögulegt er eftir niðurskurð og minnkun stöðugilda.

## Starfssemin

Starfið felst í sál-gæsluviðtölum, samfylgd, fræðslu og helgihaldi. Þjónustan stendur öllum til boða, jafnt sjúklingum, aðstandendum og starfsmönnum. Sál-gæsla og helgihald eru aðal þættir trúarlegrar þjónustu.

Leitað er leiða til að laga helgihaldið sem best að þörfum deilda og einstaklinga. Stór hluti þess fer fram í dagstofum og sjúkrastofum, en um 170 bæna- og helgistundir voru á árinu 2012.

Kapellan, sem vígð var í desember 2007, nýtist öllum þeim sem finna vilja skjól í erli dagsins, athvarf til bænar og íhugunar. Kapellan er alltaf opin öllum sem þangað vilja leita. Vikulegar fyrirbæna- og íhugunartíðir í kapellu eru öllum opnar.

## Samstarf

Hið góða samstarf við starfsfólk á deildum og öllum einingum Sjúkrahússins er sjúkrahúsprestri mjög mikilvægt og stuðlar að skilvirkri þjónustu við sjúklinga og aðstandendur.

Sjúkrahúsprestur tekur þátt í sameiginlegu bakvaktakerfi presta í prófastsdæminu. Því er ætlað að tryggja að alltaf sé hægt að ná í prest í neyðartilvikum utan hefðbundins vinnutíma.

Samstarf við presta og starfsfólk kirknanna hér á Akureyri, sem og í prófastsdæminu öllu er gott og gefandi.

## Fræðsla

Sjúkrahúsprestur hafa komið að fræðslu til starfsmanna sem og ýmissa hópa utan Sjúkrahússins m.a. með kynningu á trúarlegri þjónustu og starfi sjúkrahúsprests, fræðslu um áfallahjálp, sál-gæslu, sorg, áföll, bæn og íhugun.

Í fjögur ár hefur verið boðið upp á vikulegar bæna- og íhugunarsamverur í kapellu. Alla miðvikudaga kl. 17.00-18.00 er boðið upp á slíka samveru ásamt fræðslu um Kyrrðarbæn (Centering prayer).

# Starfið í prófastsdæmunum

## Suðurprófastsdæmi

Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur

Í Suðurprófastsdæmi hefur kirkjulegt starf verið í sínum fasta farvegi, liðið um mannlíf sveita og bæja líkt og elfur sem með jöfnum straupunga vökvar og nærir, er á sínum stað og veitir festu og öryggi. Þannig hefur helgihaldið og allt annað starf á vegum kirkjunnar haft sinn hefðbundna framgang og fallið að daglegu lífi fólks. Mér er efst í huga þakklæti til alls þess góða fólks sem hefur með einum eða öðrum hætti komið að starfi kirkjunnar á Suðurlandi og staðið með prestum sínum að þjónustu og helgihaldi.

Í Suðurprófastsdæmi eru 14 prestaköll með 51 sókn, auk Sólheimakirkju, Þingvallakirkju og annarra kirkna og kapella sem athafnir fara fram í, alls tæplega 60 guðshús.

Fjárhagsstaða margra safnaða er með þeim hætti, að ekki er möguleiki að halda úti safnaðarstarfi eins og best væri, og raunar langt frá því. Það er þó undravert hversu blómlegt starfið er.

### Barna- og æskulýðsstarf

Á liðnu ári ákvað héraðsnefnd að gera átak í að styrkja starf með börnum og unglingum í prófastsdæminu. Samband var haft við alla presta prófastsdæmisins og þeir hvattir til að sækja um styrk í héraðssjóð. Hægt var að sækja um styrk til að efla það starf sem var fyrir í

prestakallinu eða til sérstakra verkefna. Það er gaman að segja frá því að hvert einasta prestakall sótti um og hægt var að veita þeim öllum styrk. Verkefnin voru mörg og fjölbreytt, allt frá því að taka upp myndband af leikinni biblúsögu til stofnunar unglingakórs og – lofgjörðarhljómsveitar og þess að halda poppmessu og eins til að styrkja það sem fyrir var og efla samstarf milli skólanna og tónlistarskólanna og æskulýðsstarfsins á vegum kirkjunnar. Það var greinilegt að mikill hugur var í prestunum og starfsfólkinu sem heldur utan um æskulýðsstarfið.

### Samstarf

Orð dagsins í dag er samstarf og samvinna. Kirkjuping hefur nú um skeið hvatt til aukins samstarfs og að komið yrði á samstarfssvæðum innan prófastsdæmanna. Það getur verið með ýmsum hætti og hér í Suðurprófastsdæmi höfum farið þá leið að stuðla að samstarfi á verkefnavís, fremur en hafa fastnjörvaða landfræðilega skiptingu.

Samstarf presta og prestakalla hefur til dæmis aukist jafn og þétt með samráðsfundum og ráðstefnum innan prófastsdæmisins, og samvinna og kynni hafa aukist milli sókna, oft í sambandi við kórastarf og barna- og



Halldóra  
Þorvarðardóttir

æskulýðsstarf, en einnig önnur kirkjuleg mál og afmörkuð verkefni.

Þannig er mikið samstarf í gangi milli prestakalla og sókna nú þegar, og kannski ekki bein nauðsyn á því að setja meira regluverk í kringum það starf, heldur viðhalda því sem fyrir er og auka þegar þörf og möguleiki er á, og héraðsnefndin hefur haft það sem veggísi að hlú markvisst að slíku samstarfi og hvetja til þess, frekar en að vinna að og koma á landsfræðilegri skiptingu.

Dæmi um slík samstarfsverkefni er m.a. fræðslukvöld, uppstigningadagur – dagur eldri borgara, fermingar barnamót í Skálholti, Vatnaskógi, í Eyjum og víðar, aðventutónleikar, söngur og kirkjukórar, lífsleikni í fjölbrotaskólunum, samstarf í æskulýðsstarfi, Hjálparsjóðurinn og prestsþjónustuvakt við sjúkrahús Selfoss.

## Starfsmannahald

Síðastliðinn vetur var sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson sóknarprestur á Selfossi í námsleyfi og leysti sr. Axel Árnason Njarðvík af í Selfoskirkju.

Sr. Sveinn Valgarðsson á Eyrarbakka og sr. Anna Sigríður Pálsdóttir höfðu „embættaskipti“ og þjónaði sr. Anna Sigríður hér fyrir austan en Sveinn sinni þjónustu hennar í Dómkirkjunni.

Eins gerðu þeir sr. Eiríkur Jóhannsson í Hruna og sr. Halldór Reynisson. Halldór þjónaði Hrunaprestakalli og sr. Eiríkur starfaði á fræðslusviði Biskupsstofu auk þess að vera í afleysingum á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil minnast fráfarinna sóknar-nefndarmanna og látinna.

Sveinbjörn Jóhannesson á Heiðarbæ lést sl. haust og hafði um langt árabíl verið sóknarnefndarformaður í

Þingvallasókn og kjölfesta þeirra ekki aðeins innan kirkjunnar heldur og samfélagsins alls. Eysteinn Ó. Jónsson sóknarnefndarformaður á Selfossi lét af því starfi sl. vetur og við keflinu tók Grímur Hergeirsson. Hreinn Eiríksson sóknarnefndarformaður í Bjarnanes-sókn lét af störfum sl. vor og í hans stað kom Hjalti Egilsson á Seljavöllum, og Elvar Eyvindarson tók við sem formaður í Krosssókn af Guðbjörgu Albertsdóttur. Þakkir eru færðar þessu góða fólki fyrir það ómælda og fórnfúsa starf sem það hefur lagt að mörkum fyrir kirkjuna sína og þeim sem nú koma til starfa óskað velgengni í lífi og starfi.

## Stórafmæli kirkna og vígslur

Haldið var upp á stórafmæli nokkurra kirkna þetta árið. Í sumar þann 28.-29. júlí var haldið upp á aldarafmæli Breiðabólstaðarkirkju og Villingaholtskirkju þann 26. ágúst. Og þann 7. ágúst var þess minnst að 100 ár voru liðin frá vígslu Akureyjarkirkju.

Alls staðar var þessa minnst með veglegum hætti, hátíðarmessur sungnar og boðið til samsætis með metnaðarfullum dagskráratriðum af ýmsu tagi, veglegar kaffiveitingar, og aukin heldur buðu Fljótshlíðingar upp á tónleika í tilefni afmælis Breiðabólstaðarkirkju og kvenfélagskonur í Villingaholtshreppi settu hátíðlegan svip á samkomuna með því að klæðast þjóðlegum búningum, – upphlut og peysufötum. Kirkjurnar allar eru í góðu ásigkomulagi og bera hver um sig fagurt vitni um umhyggju og metnað sóknarfólks fyrir hönd sinnar kirkju.

Þá var ný kapella vígð á dvalarheimilinu á Kirkjubæjarklaustri í nóvemberbyrjun og fór sú athöfn öll fram með miklum hátíðar- og gleðibrag en það

var biskup Íslands, Agnes Sigurðardóttir, sem annaðist vígsluna og bauð heima-fólk að sjálfsgöðu til veglegs veisluborðs að henni lokinni.

## Prestafundir

Prestar prófastsdæmisins hafa eins og

vanalega átt með sér fundi einu sinni í mánuði frá sept. til maí. Eru þessir fundir kærkominn vettvangur til skoðana-skipta og uppbyggingar. Þar hafa ýmis erindi verið flutt m.a. um meðvirkni, fermingarstörf, handbók presta og nýja sálmaabók.

Guð blessi og leiði okkur öll í starfinu.

## Kjalarnessprófastsdæmi

Dr. Gunnar Kristjánsson, prófastur

Héraðsfundur Kjalarnessprófastsdæmis var haldinn í Íróttahúsi Álftaness 19. mars 2013. Í upphafi þakkaði prófastur góðar móttökur á leiðarþingi 3. október 2012, þar sem fulltrúar nutu gestrisni Lágafellssóknar, fyrst í Mosfellskirkju og síðan í félagshemilinu Hlégarði þar sem nývígður vígslubiskup í Skálholti, séra Kristján Valur Ingólfsson, heiðraði leiðarþing með heimsókn sinni.

Í upphafi ávarpaði prófastur héraðs-fundarfulltrúa og sagði þá m.a.: „Á þessum héraðsfundi er íslenska þjóðkirkjan á tímamótum, ekki verður annað sagt eftir þann mótvind sem hún hefur haft í seglin undanfarin misseri. En hún hefur einnig haft meðbyr og ber þar tvennt hæst, annars vegar niðurstöðu úr könnun stjórnlagaráðs um afstöðu þjóðarinnar til spurningarinnar um þjóðkirkju og stjórnarskrá, hvort hennar skyldi þar getið eins og verið hefur allt frá 1874. Niðurstaðan kom mörgum á óvart þar sem drjúgur helmingur þjóðarinnar óskaði þess að kirkjunnar yrði eftir sem áður getið í stjórnarskrá, var það eina svarið við spurningum á kjörseðlinum sem var ekki svarað á þann veg sem stjórnlagaráð hafði lagt til og

jafnvel gert ráð fyrir. Niðurstaðan er óneitanlega jákvæð fyrir þjóðkirkjuna.

Einnig hlýtur það að vera jákvætt tákni frá ýmsum sjónarmiðum séð þegar kona er valin til embættis biskups Íslands, þar er um nýbreytni að ræða sem vekur athygli og áhuga á kirkjunni á nýjum forsendum sem vonandi eiga eftir að koma þjóðkirkjunni vel.

Það hefur löngum einkennt Kjalarnessprófastsdæmi að láta sig stjórnun þjóðkirkjunnar miklu varða, héðan hafa borist straumar um aukið lýðræði, um aukið dreifræði, um þunga áherslu á kirkjuþing, á þátttöku leikmanna ekki síður en presta í allri stjórnun kirkjunnar og móttun starfsins í stóru sem smáu. Við munum enn um sinn í það minnsta sinna því verkefni af heilum hug.

Ástæðan er ekki síst gefin núna þegar svo skammt er til siðbótarafræðisins 2017, en það voru einmitt siðbótarmenn sem lögðu á það áherslu að kirkjan byggist á hinum almenna prestsdómi: þar er leikmaðurinn prestur og presturinn leikmaður, þar gegnir hver því hlutverki sem hann hefur þekkingu og köllun til, hlutverk prestsins og köllun er boðun og túlkun hins kristna boðskapar. Aðrir hafa ólíkar náðargáfur,



Gunnar  
Kristjánsson

hvort sem er á sviði stjórnunar, fjármála, félagsmála – verkefni eru mörg, kirkjan er fólk hvaðanæva að og allir, sem hafa löngun til að leggja hönd á plóginn, eiga að vera velkomnir til þess að sinna störfum sem þeir hafa þekkingu á.

Enn er samt ekki síðasta orðið sagt um stöðu þjóðkirkjunnar í stjórnarskrá og þaðan af síður um stöðu hennar með þjóðinni. Þar dugir ekki lengur að horfa til annarra, hafi kirkjan nokkru sinni þurft þess með þá er það nú: að horfa í eigin barm. Það á að vera hlutverk okkar allra sem gegnum ábyrgðarstöðum í íslensku þjóðkirkjunni að horfa í eigin barm og spyrja: hvað get ég gert betur, hvað get ég lagt fram til þess að málstaður Kristis megi sanna sig enn betur, já betur en nokkru sinni, í lífi þessarar þjóðar.“

### **Vísitásiur o.fl.**

Frá síðasta héraðsfundi vísiteraði prófastur þrjú prestaköll, fyrsta vísitásián var 30. janúar í Kálfatjarnarsókn, þar sem sóknarpresturinn séra Kjartan Jónsson, Símon Rafnsson formaður sóknarnefndar og Elísabet Reynisdóttir varaformaður gerðu grein fyrir breytingum á aðföngum og búnaði, rætt var um kirkjustarfið, kirkjan skoðuð og kirkjugarður.

Hinn 7. febrúar 2013 vísiteraði prófastur Ástjarnarsókn. Séra Kjartan Jónsson, Geir Jónsson sóknarnefndarformaður og Erlendur Geir Arnarson ritari gerðu grein fyrir safnaðarstarfinu, aðstöðu safnaðarins og framtíðarhugmyndum þessarar yngstu sóknar prófastsdæmisins.

5. febrúar 2013 vísiteraði prófastur kirkjunnar í Útskálaprestakalli. Með prófasti í för og ritari var séra Kristín Þórunn Tómasdóttir héraðsprestur. Fyrst var Útskálakirkja heimsótt þar

sem Reynir Sveinsson formaður sóknarnefndar og séra Sigurður Grétar Sigurðsson gerðu grein fyrir kirkjunni, kirkjugarður var einnig skoðaður og nýtt aðstöðuhús sem er til fyrimyndar. Þá var safnaðarheimilið í Sandgerði skoðað og fundur haldinn um kirkjustarfið í prestakallinu, þar voru einnig mætt Jón Hjálmarsson formaður sóknarnefndar í Útskálaskókn og Sýlvía Hallsdóttir, varaformaður. Útskálakirkja var skoðuð í framhaldi, einnig kirkjugarður og gamla prestssetrið.

Loks var vísitásiá í heimakirkjum prófastsins, þar sem færðar voru til bókar framkvæmdir við kirkjur og kirkjugarða, breytingar á búnaði, einnig framkvæmdir við kirkjugarða. Guðbrandur Hannesson formaður sóknarnefndar í Reynivallasókn og Ásgeir Harðarson formaður sóknarnefndar í Brautarholtssókn tóku saman upplýsingar.

### **Af prestsþjónustunni**

Séra Kristín Þórunn Tómasdóttir héraðsprestur var í hálfis árs fæðingarorlofi frá 7. janúar til 7. júlí 2012. Á meðan þjónaði séra Árni Svanur Daníelsson og var í launalausú leyfi frá starfi fjölmiðlafulltrúa á biskupsstofu sama tíma.

Séra Erla Guðmundsdóttir sem er safnaðarráðinn prestur í Keflavíkuprestakalli var í fæðingarorlofi til júníloka 2012.

Séra Skúli Sigurður Ólafsson fékk fæðingarorlof frá 1. janúar 2012 til 30. apríl sama ár og var í hálfu starfi þann tíma.

Séra Þórhildur Ólafs var sett sem sóknarprestur í Keflavíkuprestakalli í fæðingarorlofi séra Skúla Sigurðar Ólafssonar í 50% starfshlutfalli frá og með 1. janúar 2012 til og með 30.



Nunnurnar í Kermelklausrinu í Hafnarfirði voru heimsóttar í vísitásiu biskups í Hafnarfjarðarprestakalli

apríl 2012. Biskup skipaði séra Þórhildi svo til að þjóna sem sóknarprestur í Hafnarfjarðarprestakalli frá 22. október 2012 til 31. ágúst 2013 í launalausy leyfi séra Þórhalls Heimissonar.

Séra Þórhallur Heimisson fór í ársleyfi til starfa í Svíþjóð frá og með 1. október 2012 til 1. október 2013.

Séra Guðbjörg Jóhannesdóttir sagði embætti sínu lausu sem prestur í Hafnarfjarðarprestakalli og fékk lausn frá embætti frá og með 1. október. Hún var skipuð sóknarprestur í Langholtsprestakalli í Reykjavík frá sama tíma.

Sr. Kjartan Jónsson var settur inn í embætti sóknarprests í Ástjarnakirkju 19. ágúst 2012. Séra Kjartan var einróma valinn af valnefnd prestakallsins á fundi 29. júní s.l. til þess að gegna embættinu sem hann var skipaður í frá 1. ágúst til fimm ára. Þrír umsækjendur sóttu um sóknarprestsembættið sem auglýst var 16. maí.

### Námskeið, málþing og ráðstefnur

Í tíunda sinn bauð Kjalarnessprófasts-

dæmi til seminars um prédikunina í Skálholti. Í þetta sinn var kastljósinu beint að frelsinu í lífi og trú manneskjunnar. Wilhelm Gräß prófessor frá Berlín flutti fjóra fyrirlestra. Prestar fluttu fjórar prédikanir í Skálholtskirkju þar sem byggt var á ritningarversum um frelsið í Gamla og Nýja testamentinu. Í viðbrögðum og umræðum var stuðst við greiningarskema sem notað hefur verið með góðum árangri á fyrri seminörum. Ögmundur Jónsson, innanríkisráðherra, var gestur seminarsins eitt kvöldið og sagði frá mótun sinni, þar með trúarlegri mótun. Eins og endranær var þátttaka afar góð og eindregin ánægja með seminarið.

Vísitásiunámskeið var haldið á vegum prófastsdæmisins 19. febrúar, ætlað prestum, djáknum og formönnum sóknarnefnda, einnig var biskup Íslands viðstaddur svo og biskupsritari. Tilefnið var vísitásía biskups í prófastsdæminu. Prófastur flutti erindi þar sem hann gerði grein fyrir vísitásium siðbótarmanna og

einnig sögu þeirra og þróun hér á landi allt fram á þennan dag.

Þemadagur fyrir æskulyðsfulltrúa, djákna, sóknarnefndarfólk og presta um sjálfbóðaliða í kirkjunni var haldinn 30. nóvember í Vídalínskirkju í Garðabæ. Fjallað var um efnið í erindum, umræðum, hópefli, bænajóga og borðsamfélagi. Yfirskrift þemadagsins var Náðargjafir til góðs – um sjálfböðna þjónustu í kirkjunni. Markmiðið með þemadeginum var að þjálfa leiðtoga safnaðanna til að rækta og viðhalda sjálfböðinni þjónustu í kirkjunni. Athyglinni var sérstaklega beint að sjálfböðaliðanum og hvernig hægt er að hlúa að þeim sem gefa vinnu sína og tíma.

## Fundir

Eins og endranær á prófastur fjölda funda þar sem fjallað er um starf presta og safnaða en einnig um ytra starfið, tengingu þess við stofnanir samfélagsins og við kirkjulegar stofnanir. Auk funda héraðsnefndar vil ég nefna hér þá fundi sem eru fastir liðir í þessu samhengi, það eru fundir með prestum og djáknum, og með sóknarnefndaformönnum. Allir þessir fundir skipta miklu máli fyrir samstarfið í prófastsdæminu, fyrir mótun starfsþátta og þróun starfsins.

2. mars 2012 efndu prófastsdæmin þrjú hér á suð-vesturhorninu til fundar um biskupskosninguna, kandídatar sátu fyrir svörum og valdir spyrjendur báru fram spurningar, fundurinn var vel sóttur og þótti takast vel, ríkisútvarpið lét hljóðrita fundinn.

5. mars 2012 var menntadagur P.Í., flutt voru nokkur erindi um málefni sem telja má ofarlega á baugi í kirkjumálaumræðu dagsins, erindi prófasts fjallaði um frelsi prestsem-

bættisins. Heitið vísar ekki hvað síst til grundvallarskilnings siðbótarmanna á eðli lútherska prestsembættisins. Ein útbreiddasta bók Lúthers þegar horft er til fimm alda sögu er einmitt bókin Frelsi kristins manns.

Árlegur fundur prófasta með biskupi fór fram dagana 6.-7. mars 2012, meðal þess sem tekið var á dagskrá voru nýjar starfsreglur sem snerta embætti prófastanna og umræðan um stjórnlagaping og stöðu kirkjunnar í stjórnskrá.

13. mars 2012 var fyrsti fundur vegna skoðanakönnunar um afstöðu fólks til trúar og kirkju. Það var markaðsstofan Argus sem tók að sér þetta verkefni. Hér var um áhugvert verkefni að ræða sem ætlunin var að kynna hér á þessum héraðsfundi hefði ekki komið bakslag í framkvæmd málsins sem tafði það um sinn. Hér er um samstarfsverkefni Kjalarnessprófastsdæmis og Reykjavíkurprófastdæmis vestra að ræða. Málið snýst um ítarlega skoðanakönnun um viðhorf hins almenna borgara til trúar, kirkju og kirkjustarfs. Með þeirri skoðanakönnun, sem vonandi kemst til framkvæmda fyrr en síðar, myndu liggja fyrir hagnýtar upplýsingar um þetta efni sem gætu nýst vel til þess að gera kirkjustarfið markvissara en ella. Spurningalistinn liggur að mestu leyti fyrir, ætlunin var einnig að rýnihópar yrðu myndaðir til þess að vinna með niðurstöður úr einstökum þáttum.

13. mars 2012 var prófasti boðið að heimsækja biblíulestarhóp á heimili séra Sigfúsar I. Baldvinssonar og Laufaeyjar Gísladóttur konu hans. Það var ánægjuleg kvöldstund með hópi sóknarbarna sem voru að lesa Postulasöguna. Lestur Biblíunnar og þá ekki síður túlkun hinna fornu texta til nútímans, til menningar og samfélags okkar hér og nú, er mikilvægur þáttur



í kirkjustarfi þar sem því verður við komið.

16. mars var fundur um menningarsetrið á Útskálum, það glæsilega verkefni sem tengdist endurbyggingu gamla prestssetursins á Útskálum og hugmyndinni um að koma þar upp prestssetrasafni hefur verið lýst gjaldþrota og ríkir því óvissa um framhaldið. Menningarsetrið á Útskálum stóð fyrir endurbyggingu prestssetursins og er því verki ekki lokið. Jón Hjálmarsson er formaður stjórnar Menningarsetursins. Landsbankinn tók eignir félagsins yfir og óvissa ríkir um framhaldið á þessari stundu, vonandi mun þó úr rætast. Prestssetrið á Útskálum var byggt árið 1889. Það er eitt elsta prestsseturshús landsins og sögulega séð mesta höfuðból á Suðurnesjum.

29. mars 2012 var árlegur páska-fundur prófastsdæmisins með prestum og djáknum, hann var að þessu sinni haldinn í safnaðarheimili Lágafells-sóknar og var vel sóttur eins og endranær. Stórhátíðirnar, einkum jól og páskar, eru miklir álagstímar á presta, þá er kirkjusókn mikil og væntingar miklar og því mikið í húfi að vel sé til alls vandað ekki síður en endranær. Öllum er ljóst sem að kirkjustarfi koma, að kirkjan er komin í stöðu sem hún hefur aldrei verið í áður, það er samkeppnisstaða í afþreyingarsamfélagi samtímans. Þar gengur fátt lengur á þeim forsendum einum að góður vilji sé fyrir hendi, þar verða verkin að tala. Stórhátíðir eru því tækifæri þjóðkirkjunnar í baráttu á þessum nýja markaði lífsgildanna sem við verðum öll að horfast í augu við.

13. apríl 2012 var mér boðið að flytja ávarp við opnun Leikmannastefnu þjóðkirkjunnar í Keflavík. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um leikmannastefnuna enda hafði ég ekki tækifæri til að dveljast

þar nema skamma stund. Hitt hefur mér alla tíð frá því leikmannastefnan var sett á fót verið umhugsunarefni hvort við séum þar á réttri braut, hvort leikmannastefnan hafi orðið til þess að styrkja stöðu leikmanna í þjóðkirkjunni. Ég held að svo sé ekki, staða leikmanna styrkist með sterku kirkjuþingi, með öflugum héraðsfundum, með öflugum kirkjustarfi heima fyrir. Stofnanir sem eru í lausum, jafnvel engum tengslum við stjórnsýsluveruleika kirkjunnar gegna aðeins takmörkuðu hlutverki. Markmiðið hlýtur að vera efling á raunverulegri þátttöku leikmanna í allri stjórnsýslu kirkjunnar en ekki sýndaráhrif.

5. maí 2012, flutti prófastur ávarp á aðalfundi Gídeonfélagsins í Vindáshlíð. Ástæða er til að minna á þetta félag sem hefur unnið í kyrrþey, ef svo má að orði komast, brýnt sáningarstarf með kirkju og þjóð. Það er ávallt uppörvandi að sækja fundi Gídeonfélagsins, félagið á nú við ákveðinn vanda að glíma vegna þrengra aðgengis að skólum en áður. Ég er þess fullviss að félagið mun finna lausn á þeim vanda og vera fært um að sinna starfi sínu áfram af krafti.

Vorfundur presta og formanna var að þessu sinni haldinn sameiginlega 9. maí 2012, sá fundur var tileinkaður nýjum biskupi sem heimsótti fundinn, flutti ávarp og sat fyrir svörum um málefni þjóðkirkjunnar. Þetta var ánægjuleg stund eins og vera ber þegar nýjum biskupi er fagnað.

16. júlí 2012 sat prófastur fund vegna endurgerðar Keflavíkurkirkju með Páli Björnssyni arkitekt kirkjunnar og formanni húsafríðunarnefndar, Ragnheiði Ástu Magnúsdóttur sóknarnefndarformanni og sr. Skúla Ólafssyni sóknarpresti. Um framkvæmdir við Keflavíkurkirkju voru í upphafi og eru

jafnvel enn að einhverju leyti deildar meiningar. Í kirkjustarfi er mikilvægt að horfa til annarra sjónarmiða en sinna eigin og allir þurfa að gera sitt ítrasta til að ná viðunandi samstöðu þar sem skoðanir eru skiptar. Kirkjan er ekki átakasamfélag heldur vettvangur samvinna til góðra mála. Hér var leitað fagmanna og fagleg niðurstaða fengin, sömuleiðis var hinum merka myndlistamanni Benedikt Gunnarssyni boðið á fund með sóknarnefnd og prófasti. Hann tjáði sig þar af einlægni og fagmennsku um sjónarmið sín á þeirri hugmynd, sem nú er orðin að veruleika, að færa steinda glugga, sem hann gerði, úr kirkjunni. Það er til fyrirmyndar að efna til funda um umdeild mál þar sem allir fá að tjá sig og njóta áheyrnar.

Fyrsta desember var Keflavíkurkirkja tekin í notkun eftir umfangsmiklar endurbætur á kirkjuskipinu, var kirkjan þá fullskipuð. Fjöldi sjálfboðaliða hefur komið að verkefninu. Sóknarbörnin í Keflavík sinna kirkjunni sinni af áhuga, ekki síst þegar mikið stendur til og hefur það komið vel í ljós í tengslum við þessa framkvæmd.

Á haustfundi formanna sóknarnefnda í Kirkjuholi 12. sept. 2012 var fjallað um þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar, en auk þess fór fram kynning á kirkjustarfi vítt og breitt í prófastsdæminu, slíkir fundir eru afar dýrmætir fyrir þá sem standa í forystu heima í sínum sóknum, hér gefst tækifæri til að bera saman bækur og einnig að læra af því sem aðrir hafa fram að færa.

Á haustfundi presta í Kirkjuholi, Garðabæ, 13. september var fjallað um sama meginefni, þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar, enda skammt til atkvæðagreiðslunnar.

Haustfundur prófastafélagsins var

haldinn á Bjarteyjarsandi á Hvalfjarðarströnd dagana 24.-25. september 2012. Þar var rætt um eitt og annað sem snertir embætti prófastanna en það er sameiginleg skoðun þeirra að vinna skuli að eflingu prófastsdæmanna og þar með prófastsembættanna í kjölfar áratuga langs tímabils vaxandi miðstýringar. Prófastsdæmin eru skilgetin afkvæmi hinnar lúthersku siðbótar og þessar kirkjuskipanar sem sett var á Þingvöllum árið 1541, megintilgangur með þeirri kirkjuskipan var aukið dreiffræði í kirkjunni.

Opið málþing á vegum framtíðarhóps kirkjupings og Kjalarnessprófastsdæmis var haldið í Vídalínskirkju 1. október. Fjallað var um spurningar eins og: Á að vera ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá? Hvað merkir Já og hvað merkir Nei í þjóðartkvæðagreiðslunni? Samræmist þjóðkirkjuákvæði í stjórnarskrá grunnildum samfélagsins á borð við trúfrelsi, jöfnuð og sanngirni? Fundurinn var haldinn tvisvar sama dag en þátttaka heldur dræm.

Leiðarþing var haldið 3. október 2012 síðastliðið haust í Mosfellsprestakalli. Meginefni fundarins var erindi um stefnumótun í söfnuðum sem dr. Runólfur Smári Steinþórsson prófessor og formaður sóknarnefndar í Lágafellssókn flutti. Þar er um tímabært efni og áhugavert að ræða. Reyndar var það mjög á dagskrá í prófastsdæminu fyrir rúmum áratug þegar stefnumótun fór fram á leiðarþingi sem þá var haldið í þessum sal og þótti talsverð nýjung í kirkjulegu starfi þá. Stefnumörkun var ákveðin og gefin út og hefur verið fylgt til þessa. Hins vegar ber þess að gæta að stefna prófastsdæmanna allra er ekki mótuð heima í héraði heldur á kirkjupingi. Á leiðarþingi var ennfremur áhugaverð kynning á verkefninu

Energí og trú í Keflavíkursókn sem er samstarfsverkefni og að því leyti til fyrirmyndar auk þess hve verkefnið lofar góðu á því stigi sem það er nú. Hjördís Kristinsdóttir, sem hefur umsjón með verkefninu, sagði frá framkvæmd þess.

Aðventufundur með prestum var haldinn í Hafnarborg í Hafnarfirði, fimmtudaginn 13. desember. Prófastur leiddi spjall um texta aðventu og jóla en gestur fundarins að þessu sinni var Auður Ava Ólafsdóttir listfræðingur og skáld. Hún hefur gefið út nokkrar skáldsögur og ljóðabók. Það var mikill fengur að fá hana til samtals um prédikunina, þar sem spurningar um listsköpun, samskipti og tjáningu eru gjarnan til umfjöllunar í verkum hennar.

9. janúar 2013 áttu prófastur og héraðsprestur fund með Pétri Péturssyni prófessor og Sólveigu Önnu Bóasdóttur prófessor um rannsóknarstofu í praktískri guðfræði. Áður hafði sama hugmynd verið rædd við biskup Ísland sem tók henni vel. Meginhugmyndin er að Kjalarnessprófastsdæmi, biskupsembættið og guðfræðideild eigi samstarf um námskeið og fundi, einnig um stefnumótun á sviði praktískrar guðfræði. Hér er um að ræða svið sem prófastsdæmið hefur lengi vel sinnt sérstaklega og lagt þunga áherslu á. Biskup tók þessari hugmynd vel og sama er að segja um prófessor í praktískri guðfræði við Háskóla Íslands. Vonandi fer svo að hugmyndin verði að veruleika, kirkjunnar vegna, þar sem praktísk guðfræði hefur löngum legið í láginni.

19. febrúar 2013 var haldinn undirbúnings- og fræðslufundur um vísitásiur í Vídalínskirkju í Garðabæ. Fundurinn var liður í undirbúningi fyrstu vísitásiu biskups Íslands, frú Agnesar M. Sigurðardóttur, sem hefst

um þessar mundir hér í Kjalarnessprófastsdæmi. Fundur af þessu tagi var nýmæli í aðdraganda biskupsvísitásiu en tilgangur hans var annars vegar að skoða stöðu vísitásiunnar í sögu og samtíð og hins vegar að líta til hagnýtra þátta þegar biskup heimsækir söfnuðina í Kjalarnessprófastsdæmi í vor. Á fundinum flutti prófastur erindi um vísitásiur og leiddi samtál um tilgang og markmið vísitásiunnar í lúthersku kirkjunni. Biskup og biskupsritari sátu fundinn og voru til samtals og svara um útfærslu og áherslur yfirreiðarinnar í vor. Á fundinn voru boðaðir prestar, djáknar og formenn sóknarnefnda.

Hér verða ekki taldir upp fleiri fundir en ótaldir eru héraðsnefndarfundir, fundir með próföstum hér á suðvesturhorninu og fjöldi funda með sóknarnefndum, prestum, djáknum og starfsmönnum sóknanna í prófastsdæminu.

## Útgáfur

Um þessar mundir er bókin Orðið er laust, prédikun í samtímanum, í burðarliðnum. Hér er um að ræða tíu fyrirlestra um praktíska guðfræði eftir Wilhelm Gräb prófessor í Berlín, þeir voru fluttir á þrem prédikunarseminörum Kjalarnessprófastsdæmis í Skálholti. Líkt og áður í svipuðu tilviki, þegar prófastsdæmið gaf út fyrirlestra Wilfrieds Engemanns í fyrra, verður þessi útgáfa prófastsdæminu lítill kostnaðarauki þar sem boðinn var fram styrkur frá Humboldtháskóla. Eini kostnaðurinn sem verður af þessari útgáfu er hönnunarkostnaður og prófarkalestur en sala bókarinnar mun skila meiru en þeim kostnaði nemur; sem fyrr íþyngir þýðingarkostnaður prófastsdæminu ekki. Hér er um

mikilvægt efni að ræða, einkum fyrir presta og djákna en einnig fyrir þá sem láta sig kirkjustarf varða, hér er í reynd aðgengileg nútímaguðfræði sem ég hef orðið var við að leikmenn hafa mikinn áhuga á.

Á héraðsfundi var biskupi afhent kynningarhefti um Marteín Lúther sem héraðsnefnd hefur gefið út. Það er hugsað sem gjöf til fermingarbarna og foreldra þeirra og þótt tilgangurinn sé ekki sá að nýta það til kennslu kemur það einnig til greina. Hér er framlag prófastsdæmisins til kynningar á Marteíni Lúther og siðbótinni í aðdraganda fimm alda afmælis siðbótarinnar, ætlað öllum sem áhuga hafa en þó einkum fermingarbörnum og foreldrum þeirra. Heftið var afhent á héraðsfundi en síðan panta prestar eintök fyrir fermingarbörn sín, heftið er prestum í Kjalarnessprófastsdæmi að kostnaðarlausu en aðrir sem óska þess að fá heftið geta fengið það á kostnaðarverði að viðbættum umsýslukostnaði.

## Annað

Prófastsdæmin á Suðvesturhorni landsins hafa skipst á að bjóða félögum í Félagi fyrrverandi presta ásamt mökum og prestsekkjum til guðsþjónustu og kaffidrykkju á vorin undanfarin ár. Að þessu sinni bauð Kjalarnessprófastsdæmi til hvítasunnuguðsþjónustu í Reynivallakirkju og samverustundar í veiðifélagshúsinu við Laxá í Kjós á eftir. Prófastur annaðist guðsþjónustuna og prédikaði en Páll Helgason, organisti, lék á orgelið og stjórnaði söng. Kjalarnessprófastsdæmi átti hugmyndina að þessum messuheimsóknum og hafa þær ávallt tekist vel. Eldri prestar, prestskonur og prests-

ekkjur kunna vel að meta þessa gestrisni prófastsdæmanna.

## Lokaorð

Í lokaorðum sagði prófastur: „Framundan er fimm alda afmæli siðbótarinnar. Það veur okkur til umhugsunar um þá menn sem á sínum tíma beindu trú og menningu meginlandsins í nýjan farveg. En við skulum og minnst þess að hér á landi voru einnig siðbótarmenn, nöfn þeirra Gissurar Einarssonar, fyrsta lútherska biskupsins, Odds Gottskálkssonar lögmans, sem þýddi Nýja testamentið á íslensku og Eggerts Hannessonar lögmans svo aðeins þrír séu nefndir. Þeir börðust fyrir endurnýjun kirkjunnar, ekki aðeins í hinu ytra, ekki aðeins í lögum og reglum heldur horfðu þeir allir dýpra, þeir horfðu til rótanna, til þess boðskapar sem kirkjan flytur mannum á hverjum tíma. Þess vegna varð árangurinn mikill. Það er gömul saga og ný í sögu kristinnar kirkju. Að mörgu leyti hefur íslenska þjóðkirkjan verið á réttri leið í starfi sínu, víða hafa leikir og lærðir leitað nýrra leiða í kirkjustarfi og oft sýnt hvernig unnt er að starfa á okkar tímum með góðum árangri. Um það munu síðari tímar dæma, við erum oft glámskyggn á líðandi stund, þar sýnist einatt sitt hverjum.

Eitt er í fullu gildi nú sem endranær: að horfa í eigin barm. Það á að vera hlutverk allra sem gegna ábyrgðarstöðum í íslensku þjóðkirkjunni að horfa í eigin barm og spyrja: hvað get ég gert betur til þess að málstaður Krists megi sanna sig enn betur í lífi þessarar þjóðar.

Íslenska þjóðkirkjan hefur haft vindinn í fangið um sinn. Sagan sýnir okkur kirkju sem hefur ýmist meðvind

eða mótbyr, Þjóðkirkjan er samt óttalaus í þeim hildarleik tímans hverju sinni. Erindi hennar er henni fengið – það er okkur fengið til miðlunar og túlkunar þeirri kynslóð sem nú lifir í þessu landi. Í því efni er tvennt sem ég vil vekja athygli á og vekja til umhugsunar um. Undanfarin ár hafa einkennst af umróti sem tengjast lögum og starfsreglum kirkjunnar. Því tímabili verður að ljúka fyrir en síðar, fátt er eins truflandi fyrir starf kirkjunnar og viðvarandi umræða um lög og reglur. Þar þarf að ná lendingu sem fæst aðeins með einum hætti að mínum dómi: með því að horfa til rótanna, til grunnhugsunar lagaumhverfis kirkjunnar og þegar talað er um grunnhugsun er aðeins ein leið fær: að beita sömu aðferðum og siðbótarmenn allra tíma: að fara aftur til rótanna. Það er eina leiðin til að lægja öldur átaka og deilna um stórt og smátt í hinu lagalega umhverfi kirkjustarfsins.

Allt lagaumhverfi byggist á vönduðum og traustum hugmyndafræðilegum grunni – að öðrum kosti hlýtur mikið starf að fara í súginn.

Hitt er ekki síður mikilvægt, að horfa í eigin barm hvað kirkjustarfið sjálf varðar, hvað boðun og starf varðar, hvað hin eiginlegu áhrif, miðlun og túlkun trúarinnar varðar fyrir líf og breytni einstaklinga og samfélags. Um það snýst málið, um hina einföldu trú sem breytti lífi einstaklinga og samfélags alla tíð, allt frá því Jesús gekk um meðal fólksins og mælti þau orð sem brenndu sig inn í hjörtun af því að þau voru sönn og af því að þau höfðu merkingu og af því að maðurinn beið einmitt þeirra orða án þess að vita það. Um það snýst hið mikla hlutverk kristinnar kirkju um víða veröld, við sem hér erum saman komin erum hér einmitt af þeirri ástæðu. Megi Guð blessa störf okkar.“

# Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra

Sr. Gísli Jónasson, prófastur



Gísli Jónasson

## Inngangsorð

Pegar við lítum um öxl yfir liðið starfsár þá blasir við enn eitt ár niðurskurðar og margs konar vandamála sem honum fylgja. Það er hinsvegar von mín og trú, að nú sé botninum náð og að við getum senn, með Guðs hjálp, snúið vörn í sókn. Það hefur bæði verið lærdómsríkt og uppörfandi að fylgjast með viðbrögðum safnaðanna og kirkjufélksins við þessu ástandi. Vel hefur verið unnið og af miklum fúsleika, dugnaði og fórnfýsi, þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður og oft lítil efni. Mér er þó ljóst, að víða er fólk að komast að þrotum, enda álagið mikið og fjárhagur verst stöddu safnaðanna við það að bresta. Við slíkar aðstæður er mikilvægt, að okkur auðnist að setja traust okkar á Drottinn og að við göngum fram í trausti þess, að hann muni vel fyrir sjá. Höfum í huga boðskap spámansins Jesaja er hann segir

„Styrkið máttvana hendur,  
styðjið magnþota hné,  
segið við þá sem brestur kjark:  
„Verið hughraustir, óttist ekki,  
sjáið, hér er Guð yðar, hefndin kemur,  
endurgjald frá Guði,  
hann kemur sjálfur og bjargar yður.“  
Þá munu augu blindra ljúkast upp  
og eyru daufra opnast.  
Þá stekkur hinn haltí sem hjörtur  
og tunga hins mállausa fagnar.  
Já, vatnslindir spretta  
upp í eyðimörkinni  
og lækir í auðninni.“ (Jes. 35:3-6)

Látum þessi orð spámansins fylgja okkur inn í nýtt starfsár og vera okkur

til uppörfunar og hvatningar. Göngum fram í þeirri fullvissu, að sé Drottinn með þá þurfum við þrátt fyrir allt ekkert að óttast. Hann muni styðja og styrkja, og gefa nýjan kraft. Það er gott að eiga fyrirheiti hans og vita, að hann yfirgefur ekki sinn lýð, kirkju sína, sama á hverju gengur. Við skulum því fela honum allt okkar ráð og biðja hann að styrkja okkur til þjónustunnar, efla samstarf okkar og samstöðu, og auka okkur fúsleika til eftirfylgdar við hann á komandi starfsári.

Ég mun nú í þessari skýrslu leitast við, að nefna það helsta, sem gerst hefur í starfi prófastsdæmisins á síðasta starfsári, um leið og horft er fram til þess sem framundan bíður.

## Starfið í söfnuðunum

Helstu tölur um helgihald í prófastsdæminu árið 2012 eru sem hér segir, (tölur frá 2011 eru í sviga): Almennar guðspjónustur 957 (801), barnaguðspjónustur 481 (405), aðrar bæna- og helgistundir 986 (1293). Guðspjónustur voru því samtals 2424 (2499). Fermingarbörn voru 1003 (1002) og altarisgestir 30.412 (31.304). Þá voru skírð 768 (819) börn, hjónavígslu voru 218 (169) og útfarir 324 (250).

Lengi hefur verið um það rætt, að þörf sé á breytingum og endurbótum á starfs- og messugjörðaskýrslum presta. Skýrslurnar eru nú orðnar rafrænar, sem er til mikilla bóta, en það vantar þó enn all nokkuð uppá að þær gefi nægjanlega glögga mynd af umfangi

kirkjustarfsins. Þess vegna höfum við haldið áfram þeirri talningu á völdum þáttum starfsins í prófastsdæminu sem við tókum upp fyrir fjórum árum og verður henni haldið áfram þar til endurbætur hafa verið gerðar á messugjörðarskýrslunum. Af þessari talningu má glögglega sjá, hversu mikil þátttakan í safnaðarstarfinu er, þrátt fyrir þá erfiðleika sem kirkjan hefur staðið frammi fyrir og niðurskurð í starfi. Árið 2012 tóku þannig alls 202.361 manns þátt í þeim liðum safnaðarstarfsins sem talið var í, og er þar þó ýmislegt undanskilið, eins og t.d. allt kórastarfið, fermingarfræðslan og fundir og samverur af ýmsu tagi. Þá kemur messusóknin ýmsum á óvart, en meðalþátttakan í þeim 602 messum, sem fram fóru á árinu 2012 var 98,3 manns og er það fjölgun um 7,5% milli ára. Messum hefur fækkað um 3,5%, en kirkjugestum hinsvegar fjölgað um 3,8%. Sé starfið í heild skoðað þá fækkar þátttakendum hins vegar um 7% milli ára. Er þessi fækkun auðvitað umhugsunarverð, en ljóst er að niðurskurður sóknargjaldanna hefur þar mest áhrif, þar sem safnaðarstarfið hefur almennt dregist nokkuð saman vegna niðurskurðar sóknargjaldsins og hlýtur það óhjákvæmilega að hafa einhver áhrif á fjölda athafna og heildarfjölda þátttakenda.

Samstarf innan hinna þriggja samstarfssvæða í prófastsdæminu hefur heldur verið að aukast á liðnu starfsári og eru uppi ýmis áform um enn frekara samstarf á komandi misserum. Það er ákaflega mikilvægt, að við leggjum aukna áherslu á samstarfssvæðin og leitum allra leiða til að efla starf kirkjunnar í prófastsdæminu með margvíslegu samstarfi og verkaskiptingu, þegar það á við. Er því, eins og síðustu

þrjú árin, gert ráð fyrir talsverðri fjárveitingu til samstarfssvæðanna á fjárhagsáætlun héraðsjóðs fyrir árið 2014.

Messuhópar eru nú starfandi í allmörgum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og þar á meðal við helming kirkna í okkar prófastsdæmi. Munu þátttakendur í messuhópum í þessum kirkjum vera nálægt 150. Hefur þetta starf tvímælalaust orðið til að auðga og efla guðsþjónustuhaldið og vakið almenna ánægju. Það er því full ástæða til að hvetja enn fleiri söfnuði til að huga að möguleikunum á því að koma slíku starfi á.

Lítið sem ekkert hefur verið um byggingaframkvæmdir á starfsárinu og endurbætur eða viðhald á húsnæði safnaðanna í algjöru lágmarki, enda síendurtekinn niðurskurður sóknargjalda farinn að segja illilega til sín í þessum efnunum. Í Árbæjarsókn hefur viðbyggingu við safnaðarheimilið verið frestað ár eftir ár vegna óvissu í efnahagsmálunum. Og sömuleiðis hafa nauðsynlegar þak- og gluggaviðgerðir á Breiðholtskirkju frestast vegna fjárhagserfiðleika og er nú svo komið, að lekinn er kominn alveg að orgeli kirkjunnar og gæti því hvenær sem er orðið stórtjón ef ekkert verður að gert. Í Grafarvogssókn er unnið að byggingu kirkjusels, sem staðsett verður í fyrirhugaðri þjónustumiðstöð borgarinnar í Spönginni. Er að því stefnt, að það húsnæði verði tekið í notkun 1. apríl 2014 og verður kirkjuselið vonandi tilbúið fljótlega eftir það. Orgelkaup frestast hins vegar áfram um óákveðinn tíma. Í Grafarholtssókn hefur smíði orgels fyrir Guðríðarkirkju sömuleiðis verið frestað og í raun vart vitað, hvort hægt verður að standa við þann kaupsamning sem gerður var fyrir nokkrum

árum. Þá er ljóst að vígsla Lindakirkju í Kópavogi mun dragast enn um sinn.

## **Námskeið, fræðslustarf o.fl.**

Boðið var upp á ýmiss konar fræðslustarf á vegum prófastsdæmisins á liðnu starfsári og skal það helsta talið upp hér:

Prédikunarklúbbur presta hefur komið saman vikulega yfir vetrartímann undir leiðsögn dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar, héraðsprests. Þá var hann einnig með vikulega biblíulestra í Breiðholtskirkju í samvinnu við Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar. Stóðu þeir samtals yfir í 20 vikur. Einnig hefur dr. Sigurjón Árni boðið upp á ýmsar fræðslusamverur í tengslum við áður nefnt starf, auk fræðslunámskeiða fyrir sóknarnefndir.

Fermingarnámskeið voru í Vatna-skógi í samvinnu við Skógarmenn KFUM á vegum flestra safnaðanna. Vegna niðurskurðar sóknargjalda voru í boði fleiri og ódýrari kostir en áður, ef það mætti verða til að auðvelda söfnuðunum að taka áfram þátt í slíkum námskeiðum.

Haldin voru námskeið fyrir leikskólakennara og aðra starfsmenn leikskólanna líkt og undanfarin ár. Var þátttaka góð og mikil ánægja meðal þátttakenda. Yfirumsjón með þessum námskeiðum hefur sr. Bryndís Malla Elidóttir, héraðsprestur.

Þá tekur prófastsdæmið þátt í fræðslustarfi undir merkjum Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar í samstarfi við Biskupsstofu og Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Hefur sr. Bryndís Malla verið fulltrúi prófastsdæmisins í þessu samstarfi og séð um undirbúning og kennslu á nokkrum námskeiðanna. Á sl. vetri var alls boðið upp á þrettán

námskeið og var yfirleitt ágæt þátttaka í þeim.

Þá standa jafnan til boða eldvarnar-, framsagnar- og skyndihjálparnámskeið á vegum prófastsdæmisins og eru þau einkum ætluð starfsfólki og sjálfboðaliðum safnaðanna. Nýverið voru þannig haldin tvö skyndihjálparnámskeið með mikilli þátttöku.

*Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð*, stóð að venju fyrir nokkrum fræðslufundum fyrir syrgjendur í samvinnu við prófastsdæmin, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Fræðsludeild Biskupsstofu. Loks er þess að geta, að auk þess sem hér er upp talið þá er að sjálfsgöðu margvíslegt fræðslustarf í boði á vegum safnaðanna.

## **Fundir, aðrar samverur o.fl.**

Héraðsfundur var haldinn í Grafarvogskirkju 22. maí 2013 og auka-héraðsfundur í Breiðholtskirkju 8. nóvember 2012. Héraðsnefnd hefur að jafnaði haldið einn fund á mánuði og voru þeir alls 12 á starfsárinu. Að auki héldu héraðsnefndirnar í eystra og vestra prófastsdæminu tvo sameiginlega fundi. Sitja bæði aðal- og varamenn alla fundi. Þá eiga prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum með sér lega samráðsfundi og sömuleiðis áttum við nokkra fundi með prófasti Kjalarnesprófastsdæmis. Samráðsfundir presta og djákna voru þrjár á starfsárinu og sömuleiðis voru haldnir þrjár formannafundir.

Auk þeirra funda sem hér hafa verið nefndir, hafa prófastur og aðrir fulltrúar prófastsdæmisins setið marga fundi um málefni ÆSKR, Ellimálaráðs, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Kirkjugarða Reykjavíkur og Kirkjugarða-



sambands Íslands, svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur prófastur einnig setið samráðsfundi með prestum, sóknarnefndum, biskupi Íslands, öðrum próföstum, félagsmálayfirvöldum o.fl., auk margvíslegra nefndarstarfa.

Á liðnum vetri vísiteraði ég Digra-nes-, Linda- og Kársnessöfnuði, enda er nú nokkuð um liðið frá vísitasíu hr. Karls biskups. Ég átti fundi með sóknarnefndum og prestum og djáknum, auk þess að taka þátt í guðsþjónustum og kynna mér starf og aðstæður safnaðanna. Á komandi starfsári stefni ég síaðn að því að heimsækja Árbæjar-, Linda-, Fella- og Hólasóknir.

## Breytingar á starfsliði

Nokkrar breytingar hafa orðið í hópi presta og djákna í prestaköllum prófastsdæmisins á starfsárinu. Sr. Íris Kristjánsdóttir lét af störfum sem sóknarprestur í Hjallaprestakalli 1. júlí 2012 og hvarf til prestsþjónustu í Kanada. Í hennar stað var valinn sr. Sigfús Kristjánsson, sem áður var prestur safnaðarins. Það starf var síðan auglýst, en þó því miður aðeins sem hálf staða, og var sr. Steinunn Arnprúður Björnsdóttir skipuð í það embætti sl. haust. Sr. Bjarni Þór Bjarnason lét af störfum sem prestur í Grafarvogsprestakalli sl. haust er hann var skipaður sóknarprestur í Seltjarnarnesprestakalli. Hann hafði þá raunar þjónað því prestakalli í eitt ár í embættisskiptum við sr. Sigurð Grétar Helgason. Embættið sem Bjarni gegndi í Grafarvogsprestakalli, hefur ekki enn verið auglýst, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þar um. Þá er þess einnig að geta, að sr. Sigrún Óskarsdóttir, prestur í Árbæjarprestakalli, sem haft hafði embættisskipti við sr. Jón Helga Þór-

arinsson í Langholtsprestakalli í eitt ár, snéri til baka til þjónustu í Árbæjarprestakalli sl. haust. Þá hefur sr. Guðni Már Harðarson, prestur í Linda- prestakalli verið í námsleyfi frá sl. hausti og hefur sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir þjónað í hans stað. Einnig var sr. Valgeir Ástráðsson í Seljaprestakalli í þriggja mánaða námsleyfi sl. haust og þjónaði sr. Eiríkur Jóhannsson í hans stað. Og loks er þess að geta að sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur er í leyfi frá 1. apríl til 1. september og gegnir á þeim tíma gestaprófessorsstöðu við háskólann í Kiel í Þýskalandi.

Varðandi djáknaþjónustuna er það að segja, að Nína Björk Vilhelmsdóttir lét af störfum við Breiðholtskirkju sl. sumar og var Þórey Dögg Jónsdóttir ráðin í 30% starf í hennar stað. Er Þórey sömuleiðis í 15% starfi við Hjallakirkju. Þá var Guðmundur Sveinbjörn Brynjólfsson vígður til djáknaþjónustu í Grafarholtsprestakalli sl. haust, en lét af störfum um áramótin. Og loks lét Aase Gunn Guttormsen sl. vetur af 10% hlutastarfi sínu sem djákni við Selja-sókn.

Þjónandi djákna í prófasdæminu eru því nú aðeins þrír og aðeins einn þeirra í fullu starfi, en voru þegar best lét sjö og þar af þrír í fullu starfi. Þjónandi prestar eru hins vegar 20 og hafa ekki verið færri til fjölda ára, en flestir voru þeir 23-4. Er það vissulega mikið áhyggjuefni hvað starfsfólki í söfnuðum prófastsdæmisins hefur fækkað að undanförmu, en sem dæmi um það má geta þess, að öðrum starfsmönnum safnaðanna, en prestum og djáknum, hefur fækkað um rúmlega þriðjung frá því sem var fyrir 2008. Hefur þetta bæði leitt til niðurskurðar í safnaðarstarfinu og hins, að starfsálag þeirra sem eftir eru hefur stóruð. Er því full ástæða til að standa vörð um

þau störf sem eftir standa og andmæla þeim röddum sem halda því fram, að enn þurfi að fækka í okkar hópi.

Og þegar rætt er um fækkun starfsfólks ber einnig að nefna það, að starfs-samningur við Þorvald Halldórsson, sem starfaði í ellefu ár á vegum prófastsdæmisins var ekki endurnýjaður á síðasta sumri í sparnaðarskyni vegna tekjuskerðingar héraðssjóðs.

## Sameiginlegt starf

### Reykjavíkurrófastsdæma o.fl.

Mikil þátttaka er í því fjölbreytta starfi sem í boði er á vegum Ellimálaráðs, en meginverkefni þess er að styðja við kirkjustarf eldri borgara í söfnuðunum. Er það m.a. gert með námskeiðum og samráðsfundum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða safnaðanna, sem munu vera um 130, og með því að skipuleggja og sjá um ýmiskonar sameiginlega viðburði fyrir þennan aldurshóp. Í því sambandi er líka ánægjulegt að geta sagt frá því, að nú eru nánast allar kirkjur í prófastsdæmunum tveimur með opið hús fyrir aldraða. Þá hefur einnig verið mikil aðsókn í sumardvöl fyrir aldraða á Löngumýri, sem Ellimálaráðið skipuleggur í samráði við Ellimálanefnd kirkjunnar. Framkvæmdastjóri Ellimálaráðs er Valgerður Gísladóttir, en hún mun nú láta af störfum vegna aldurs á komandi sumri. Vil ég því nota þetta tækifæri til að þakka Valgerði ómetanleg störf í þágu aldraðra í prófastsdæminu. Héraðsnefndirnar skipuðu á sl. hausti nefnd til að gera úttekt á starfi Ellimálaráðs og gera tillögur um framtíðina og kemur það skýrt fram í skýrslu hennar hversu mikilvægt þetta starf er.

ÆSKR býður sömuleiðis upp á fjölbreytt starf bæði fyrir leiðtoga

og unglinga í æskulýðsfélögum safnaðanna. Má sem dæmi nefna, að Farskóli leiðtogaefna útskrifaði 38 þátttakendur á þessu vori og hefur skólinn nú alls útskrifað um 250 einstaklinga, sem margir hverjir taka eða hafa tekið virkan þátt í starfinu í söfnuðunum. Einkunnarorð ÆSKR á síðasta starfsári voru: „Ég, um mig, frá mér, til þín“ og lýsa þau vel því þróttmikla og uppbyggilega starfi sem farið hefur fram á vegum sambandsins á liðnum árum. Framkvæmdastjóri ÆSKR er Dagný Halla Tómasdóttir.

Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma er bæði viðamikil og fjölbætt. Garðarnir hafa hins vegar orðið fyrir verulegum niðurskurði tekna á síðustu árum sem hefur leitt til þess, að þrátt fyrir verulegar aðhaldsaðgerðir, þá hafa þeir verið reknir með halla síðastu tvö árin.

Prófastsdæmið hefur frá upphafi stutt starf Fjölskylduþjónustu kirkjunnar með verulegum fjárframlögum, en þau hafa þó dregist verulega saman síðustu tvö árin. Héraðsnefnd telur mikilvægt að þessum stuðningi verði ekki hætt, enda um ákaflega mikilvæga þjónustu kirkjunnar að ræða. Er því lagt til í fjárhagsáætlun að stuðningur við Fjölskylduþjónustuna verði heldur aukinn á næsta ári.

Loks vil ég geta þess, að prófastsdæmið hefur styrkt starf Hjálparstarfs kirkjunnar með allmiklum framlögum á sl. starfsári, enda hefur umsókn um aðstoð fjölgað mikið.

## Sjóðir, samskipti við Reykjavíkurborg o.fl.

Starfssjóður safnaðarhjalparinnar í Reykjavíkurprófastsdæmum úthlutaði aðeins einum styrk að upphæð kr.

200.000 á þessu vori, enda hafa tekjur sjóðsins dregist mjög saman í kjölfar bankahrunsins.

Alls koma 24,3 milljónir kr. í hlut sex sókna í prófastsdæminu árið 2013 úr Jöfnunarsjóði sókna, en árið áður fengu fimm sóknir 27 milljónir kr.

Þá fékk einn söfnuður í prófastsdæminu úthlutun úr Kirkjubýggingarsjóði Reykjavíkur á þessu ári, en framlag borgarinnar til sjóðsins hefur verið óbreytt síðustu árin eða 11,2 milljónir. Ekki er því von á háum framlögum til hvers aðila, þar sem umsóknir í sjóðinn voru 9 og úthlutanir 8.

Reglur Reykjavíkurborgar um samskipti skóla og trúar- og lífsskoðunarfélaga, sem settar voru haustið 2010 hafa á ýmsan hátt þrengt möguleika safnaðanna til samstarfs við skólanna. Nokkur óvissa varð enn á ný um túlkun þessara reglna varðandi skólaheimsóknir um sl. jól, þótt ástandið hafi ekki verið eins slæmt og árið áður. Sl. haust óskaði skóla- og frístundasvið borgarinnar eftir umsögnum um reynsluna af þessum reglum. Ég sendi því inn greinargerð, þar sem farið var fram á lagfæringar og breytingar á reglunum og það jafnframt ítrekað, að þegar í stað verði skipuð sú nefnd, sem skipa átti innan árs, til að meta reynsluna af þessum reglum. Ekkert hefur þó enn sem komið er gerst í þeim efnum.

## **Fjárhagur sókna- og prófastsdæmis**

Ljóst er að mikill niðurskurður sóknargjaldsins síðustu árin er farinn að hafa veruleg áhrif á starf safnaðanna, prófastsdæmisins og kirkjunnar allrar. Kemur þetta m.a. fram í því, að þrátt fyrir ýtrasta aðhald í rekstri og verulegan niðurskurð, þá tókst aðeins sex söfnuðum prófastsdæmisins að ná

hallalausum rekstri á síðasta ári. Og í heildina tekið er hallinn umtalsverður þótt nánast engum fjármunum hafi verið varið til viðhalds eða verklegra framkvæmda. Er þetta ástand auðvitað mikið áhyggjuefni, en þarf þó ekki að koma á óvart þegar það er haft í huga, að sóknargjaldið er nú, þrátt fyrir smávægilega hækkun frá síðasta ári, að krónutölu nánast það sama og var fyrir sjö árum eða m.ö.o. árið 2006 á meðan neysluvísitalan, og þá auðvitað um leið allur tilkostnaður, hefur hækkað frá þeim tíma um 61,5%. Það þarf því engan að undra þótt víða stefni í þrot. Það er því líka ljóst og hefur verið viðurkennt af opinberum aðilum, að sóknargjaldið hafi verið skorið niður langt umfram þann niðurskurð, sem aðrir aðilar hafa almennt mátt pola vegna efnahagshrunsins. Þessi vitneskja hefur þó því miður ekki leitt til neinnar leiðréttingar fram að þessu.

Það má hins vegar öllum vera ljóst, að við getum ekki búið lengur við óbreytt ástand, heldur hljótum að blása til sóknar og krefjast þess af nýjum stjórnvöldum, að þessi skerðing verði leiðrétt með markvissum hætti á næstu árum. Samþykkti síðasti héraðsfundur ályktun í þá veru, sem beint er til ráðherra og fjárlaganefndar. Ég hef átt fundi með þingmönnum vegna þessa máls og tók sömuleiðis saman minnisblað, sem sent var leiðtogum stjórnarflokkanna á meðan á stjórnarmyndunarviðræðum stóð, en betur má ef duga skal. Ég vil því nota þetta tækifæri til að skora á okkur öll, að standa saman og beita öllum ráðum til að ná fram sanngjarnri leiðréttingu.

Á síðasta aukahéraðsfundi var samþykkt að héraðssjóður skyldi endurgreiða söfnuðum prófastsdæmisins 1% sóknargjaldsins vegna hinnar erfiðu

fjárhagsstöðu. Verður þessi endurgreiðsla í því formi, að u.þ.b. fjórðungur upphæðarinnar verður endurgreiddur til samstarfssvæðanna en hinn hlutinn beint til sóknanna.

### **Kirkjubingsmál**

Miklar umræður hafa orðið á Kirkjubingi um skipulagsmál á síðustu misserum og lágu tvær þingsályktunartillögur til umsagnar á síðasta héraðsfundi, annars vegar 5. mál kirkjubings, um sameiningu prófastsdæma og hins vegar 41. mál kirkjubings, um sameiningu prestakalla. Var það einróma niðurstaða fundarins, að hafna þeirri tillögu um sameiningu prófastsdæmanna á suðvesturhorninu, sem fólgin er í 5. málinu enda sé hún án nokkurs sannfærandi rökstuðnings. Sömuleiðis taldi fundurinn að margt varðandi 41. málið væri vanreyfað og þurfi það mál því nánari skoðunnar við.

Þá ályktaði fundurinn gegn þeim

hugmyndum um fækkun presta á höfuðborgarsvæðinu, sem komið hafa fram, m.a. á kirkjubingi, og taldi það sömuleiðis nauðsynlegt, að þau embætti sem losna séu auglýst þegar í stað. Við þolum ekki meiri fækkun starfsfólks en orðið er.

### **Niðurlagsorð**

Að lokum vil ég þakka þeim mörgu sem komið hafa að starfinu í prófastsdæminu á sl. starfsári. Og mest af öllu vil ég fá að þakka góðum Guði, sem hefur blessað starfið svo ríkulega á liðnum árum þrátt fyrir margskonar andstreymi og erfiðleika. Hann yfirgefur ekki kirkju sína á hverju sem gengur, heldur hefur hann heitið því, að gefa okkur styrk og kraft til að starfa og þjóna í kirkju hans. Felum honum þjónustuna, setjum traust okkar á hann og biðjum hann að styrkja okkur og leiða á þeirri vegferð sem framundan bíður.

# Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

Sr. Birgir Ásgeirsson, prófastur

## Frú Agnes

Á Jónsmessu 2012 var frú Agnes M. Sigurðardóttir vígð biskup Íslands í Hallgrímskirkju. Mikið fjölmenni var viðstatt til að fagna þessum viðburði og biðja fyrir hinum nýja biskupi. Hér var brotið í blað í kirkjusögu Íslands, þar sem kona hefur ekki áður gegnt þessu embætti á Íslandi. Frú Agnes er heilsteyp og vitur kona, nærfærin, skilningsrík, býr yfir mikilli reynslu sem prestur og prófastur. Viðhorf hennar til lífs og fólks vitnar um góða guðfræði. Það er fagnaðarefni að hún ákvað að takast á við þessa erfiðu þjónustu og stjórnýslu. Prédikun hennar er mild og skýr, stjórnsýslan byggð á vandlegri skoðun, samráði og yfirvegum. Hún hefur valið sér sem biskupsritara sr. Þorvald Víðisson, ungan, vel menntaðan prest, kraftmikinn og mjög hæfan mann.

## Prófastur/prófastsdæmið

Prófastar í landinu, sem nú eru níu, en voru 16, starfa eftir starfsreglum um prófata nr.966/2006. Prófastur er trúnaðarmaður biskups og og ráðgjafi í kirkjulegum efnum (8. gr.) Hann er leiðtogi og verkstjóri vígðra þjóna prófastsdæmisins, fylgir eftir stefnumörkum og samþykktum kirkjuþings, hvað varðar prófastsdæmið. Hann er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess, gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum. (8. gr.). Prófastur hefur

með höndum margvísleg eftirlitsmál, m.a. hvað varðar skýrslur, eignir, starfsmannahald og framgang þjónustunnar og samstarf yfirleitt.

Héraðsfundur<sup>1</sup> er aðalfundur prófastsdæmisins og fjallar um málefni sem varða starf þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu. Héraðsnefnd er framkvæmda-nefnd héraðsfundar<sup>2</sup>. Héraðsprestur starfar með prófasti, og hefur m.a. með afleysingaþjónustu að gera á meðal prestanna í sínu prófastdæmi, eftir því sem við verður komið.

Starfsreglur um prófata og prófastsdæmi hafa aukist töluvert á undanförunum árum. Þróun og breytingar á verkaskiptingu Biskupsstofu, vígslubiskupa og prófata stendur yfir og enn er verið að laga sig að þjóðkirkjulögunum frá 1997, þar sem þjóðkirkjan varð fjárhagslega og stjórnsýslulega aðskilin ríkinu. Tillögur um skipulagsbreytingar liggja fyrir og umræðan er í gangi um jafnvægi landsbyggðar og suðvestursvæðisins, þar sem 2/3 íbúar landsins búa. Undirrituðum finnst flest benda til þess, að prófastur í þrem fjölmennustu prófastsdæmunum verði sérstakt starf/embætti, án fastrar prestsþjónustu, og verði jafnframt skipað fleira starfsfólki. Ef ekki, er útlit fyrir, að sú yfirsýn, sem þarf að vera, sem og eftirlit og stjórnsýsla, sem fram að á að fara innan prófastsdæmisins, nái ekki að uppfylla þær skyldur, sem starfsreglur setja próföstum.



Birgir Ásgeirsson

1 Starfsreglur um Héraðsfundi -1.gr.

2 Sama - 7. gr

## Nýir prestar í

### Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Árið 2012 sögðu þrír prestar í prófastsdæminu embætti sínu lausu. Sr. Miyako Þórðarson, sem prestur heyrnarlausra, sr. Jón Helgi Þórarinsson, sem sóknarprestur í Langholtssókn og sr. Sigurður Grétar Helgason í Seltjarnarsókn. Öll eru þau mætir þjónar kirkjunnar og hafa lagt mikið af mörkum í starfi sínu og þjónustu við sóknarbörnin sín. Fyrir hönd prófastsdæmisins færi ég þeim öllum bestu þakki fyrir og óska þeim farsældar og velfarnaðar á nýjum vettvangi, hvort sem er að ræða starfslok eða önnur störf. Þrír prestar hafa verið valdir af valnefndum viðkomandi safnaða til þess að taka við.

Sr. Guðbjörg Jóhannsdóttir, var valin og skipaður sóknarprestur í Langholts-sókn. Prófastur setti hana í embætti 14. október sl.

Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, hefur verið skipuð prestur í söfnuði heyrnarlausra. Prófastur setti hana í embætti í Grensáskirkju hinn 21. október. Starfsaðstaða safnaðarins er einmitt til húsa í Grensáskirkju og mætir þar mikilli velvild og gestrisni.

Sr. Bjarni Þór Bjarnason, var valinn og skipaður sóknarprestur í Seltjarnarsókn. Hann var settur í embætti af prófasti 25. nóvember sl.

Þessir nýju prestar prófastsdæmisins eru hæfileikaríkir og kraftmiklir og hafa þeir allir fengið góðar og innilegar móttökur hver í sínum þjónustuvettvangi. Þeir eru hér boðnir hjartanlega velkomnir til þjónustu í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Veturinn 2011-2012 var sú hreyfing á starfsmannahaldi innan presta-stéttarinnar í prófastsdæminu að sr. Sigrún Óskarsdóttir, prestur í Árbæjarprestakalli, skipti á störfum við sr.

Jón Helga Þórarinsson, sr. Bjarni Þór Bjarnason, þá í Grafarvogsprestakalli, skipti á störfum við sr. Sigurð Grétar Helgason á Seltjarnarnesi, sr. Anna Sigríður Páldóttir, í Dómkirkjunni, skipti við sr. Svein Valgeirsson á Eyrarbakka. Nýliðinn vetur skipti sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, fræðslufulltrúi á Biskupsstofu, við sr. Maríu Ágústsdóttur um þjónustu héraðsprests í Reykjavík vestra. Sr. Irma hafði reyndar þjónað fyrir sr. Maríu áður í barneignarleyfi. Það hefur verið sérstakur fengur fyrir prófast að fá að njóta starfskrafta, reynslu og hæfileika þessara tveggja frábæru héraðspresta. Sú staða héraðsprests að grípa inn í þjónustuna hér og þar á misjöfnum tímum og við misjafnar aðstæður reynir mikið á og er óhætt að segja að það hafi tekist afar vel. Héraðsprestur hefur það verkefni ásamt öðrum störfum með prófasti að leysa presta af um helgar, einkum í einmenningsprestaköllunum, en til að styrkja það net afleysinga hefur sr. Toshiki Toma, prestur innflytjenda, komið til þeirrar þjónustu af og til í vetur og ekki veitt af í þessu stóra prófastsdæmi.

### Skýrslur presta

Áður fyrr höfðu prestþjónustubækur nánast einu upplýsingarnar um störf presta. Þar í voru skráðar, fæðingar í sókninni/prestakallinu, skírnir, hjónavígslur, greftranir, nöfn fermingarbarna og kunnátta þeirra í kristnum fræðum, lestrarkunnátta, nöfn aðfluttra og brottfluttra. Ásamt einstaka athugasemdum, sem til féllu og nauðsynlegt þótti að nefna. Hinsvegar hefur það tíðkast lengi að prestar sendi inn skýrslur um helgihald og önnur helstu störf sín. Þeim hefur verið safnað saman

af prófasti og sendar biskupi. Nú á tímum stafrænna samskipta hefur verið tekin upp sú aðferð, að skrá prestsverk og önnur störf presta á rafrænt skýrsluform, sem útbúið er af starfsfólki Biskupsstofu og prestar hafa aðgang að. Formið hefur verið í mótun og er enn. Nokkuð hafa prestar verið stírbúsalegir í viðbrögðum sínum við að hagnýta sér þessa tækni. Sumir hafa kvartað yfir því að hið nýja form sé flókið eða á vanti nánari skilgreiningar við skráningu verka, nákvæmari samræmingu í því að meta tíma til einstakra verka eða við undirbúning o.s.frv. Hvatningar og áminningar hafa verið sendar út frá biskupstofu og próföstum. Þótt reikna megi með að nokkurn tíma taki að samhæfa þessa nýjung og gera hana bæði aðgengilega og skilvirka, er nú gert ráð fyrir að allir prestar verði búnir að tileinka sér þessa tækni á þessu ári. Að lokinni þessari aðlögun er miðað við að starfsskýrslur presta liggi fyrir í rafrænu formi mánaðarlega.

Þessi nýja skýrslugerð presta er bæði mun nákvæmari og meðfærilegri, en hægt er að ná með hinu fyrra formi, sem augljóslega hefur gengið sér til húðar. Ljóst er að með almennri þátttöku prestanna og fullkomnum skilum komist á mikilvægur upplýsingabanki, þarft verkfæri, sem mun nýtast vel við skipulag innan kirkju og utan. Með enn meiri þróun þessa skráningarverkefnis verða upplýsingar sem teljast almennar handgengari en nú er. Rétt er að taka fram að engar persónulegar upplýsingar koma fram í þessum skýrslum, nema þær sem er að finna í hinum almennu prestþjónustubókum, enda gefa prestar ekki upp slíkar upplýsingar.

## Almennt safnaðarstarf

Þrátt fyrir mikinn fjárhagslegan samdrátt hefur almennt safnaðarstarf gengið allvel. Þótt prestum hafi ekki fækkað, hefur starfsfólki safnaða almennt fækkað, og erfiðara er að halda uppi því safnaðarstarfi, sem hefur próast á löngum tíma og tíðkast hefur um árabíl. Forgang hefur almennt helgihald og barnastarf. Prestar eru undir miklu álagi, en sjálfbúið starf hefur bjargað miklu. Sóknarnefndir eru sömuleiðis undir miklu álagi við að láta enda ná saman. Þar sem viðurkennt hefur verið af hálfu innanríkisráðuneytisins að ríkið hafi haldið meira eftir af sóknargjöldum en samsvarandi niðurskurður hefur verið hjá opinberum aðilum, aukast líkur á því að leiðrétting fáiast. Þeim hefur verið heitið af innanríkisráðherra.

Þjóðkirkjan hefur átt við mótstreymi að etja í hinna pólitísku umræðu undanfarin misseri, en mér virðist almennt viðhorf til kirkjunnar hafa breyst til hins betra. Umræðan er ekki eins hörð gagnvart kirkjunni, skírnrir hafa aukist aftur, ekki síst, skírnrir í heimahúsum. Það er mjög góðs viti og ástæða er til að gera sér vonir um að jákvæðra breytinga sé enn að vænta. Þá má það ekki gleymast að mjög margt ánægjulegt og athyglisvert starf hefur verið unnið í söfnuðum RPV þrátt fyrir erfiða tíma.

## Könnun og staða hennar

Könnun um stöðu þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu hefur verið í undirbúningi í tvö ár. Við vinnslu spurninga og könnunargagna hafa kostnaðaráætlanir hækkað. Til þess að könnunin gæfi viðtækari mynd en ætlað var í upphafi hennar, var leitað samstarfs við Reykja-

víkurprófastsdæmi eystra og Kjalarnes-prófastsdæmi. Kjalarnesprófastsdæmi féllst á að taka þátt og hefur það gefið miklar vonir um markvissari og betri upplýsingar, en áður var hægt að afla með þessi könnun. Við þessa viðbót hefur fjárhagsáætlun hækkað enn. Undirritaður ákvað í vor að bíða átehta með þessa könnun, kynna hana betur fyrir héraðsfundi, fá umræðu um hana og frekari ákvörðun héraðsfundar, áður en lengra er haldið. Málið verður betur upplýst og tekið fyrir á fundinum.

## Enskar messur og Kolaportsmessur

Ensku messurnar hafa undafarið verið haldnar í lok hvers mánaðar. Sr. Bjarni Þór Bjarnason, sérlegur fulltrúi ensku Biskupakirkjunnar á Íslandi hefur staðið fyrir þeim, en þær fara fram í Hallgrímskirkju. Aðsókn hefur aukist og aðstandendur þessara athafna hafa lýst yfir mikilli ánægju sinni með þær. Kostnaður við þetta góða helgihald er nú alfarið á hendi Héraðssjóðs og Hallgrímskirkju. Héraðsfundur þarf að taka afstöðu til þess, hvort gera þurfi breytingar á því fyrirkomulagi.

Guðsþjónustur fara fram í Kola-portinu mánaðarlega. Þær eru sérstakar athafnir, sniðnar að þeim aðstæðum, sem eru á þessu vinsæla mannlífstorgi miðbæjarins í Reykjavík. Léttur söngur og fyrirbærir eru áhersluatriði þessara guðsþjónusta. Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni og Þorvaldur Halldórsson, hafa haft veg og vanda að þessum athöfnum undanfarið, en fleiri hafa þar komið við sögu, oftast Dómkirkjuprestarnir. Dómkirkjan hefur staðið undir kostnaði við þetta framtak með góðum styrk frá Héraðssjóði RPV. Á fundi, sem prófastur boðaði til með fulltrúum héraðsnefndar og Dómkirkjunnar var þessi þjónusta

rædd, þar sem deildar meiningar eru um það, hverjum ber helst að standa undir kostnaði. Samþykkt var að leita til hinna tveggja stóru prófastsdæmanna, m.a. með tilliti til þess að Kolaportið er samkomustaður sem sóttur er hvaðanæva af suðvestursvæðinu. Afstöðu Héraðsfundar verður leitað í þessu máli.

## 90 ára afmæli Grundar

28. október sl. var haldið upp á 90 ára afmæli Grundar. Haldin var falleg guðsþjónusta og afmælishátíð. Prófastur hafði þá ánægju að vera viðstaddur og sendi Grund kveðju í tilefni dagsins.

## Fundir með prestum og djáknum

Reglulegt fundarhald með prestum prófastsdæmisins hefur verið í nokkuð föstum skorðum. Morgunverðarfundir hafa verið haldnir mánaðarlega í Grensáskirkju, prédikunarklúbburinn hittist vikulega í Neskirkju, haustfundur var í Áskirkju og vorfundur verður í Viðey. Slíkir samstarfsfundir eru afar mikilvægir og gefa tækifæri til þess að bera saman bæurnar, miðla reynslu og sækja reynslu í sjóð annarra félaga. Sérstakir fundir hafa verið í vetur með sjúkrahúsprestum, öðrum sérþjónustuprestum og djáknum. Sú tilbreytni hefur tekist mjög vel og gaf tækifæri til þess að beina samtalinu betur að sérverkefnum þessarar mikilvægu þjónustu, sem viðhöfð er í þjóðkirkjunni. Sérþjónustan heyrir að mestu leyti undir RPV og tilefni til slíkra samverufunda greinilega mikilvægt.

## Sjálfboðin þjónusta

Í þessari skýrslu vil ég sérstaklega geta hinnar miklu og dýrmætu þjónustu



sem innt er af hendi með sjálfböðnu starfi í prófastsdæminu. Góðvild og áhugi einkennir framlag þessa góða fólks til kirkju og safnaðarstarfs. Það er ómetanlegt. Framlag þeirra og annarra, sem þátt taka í hin viðfeðma safnaðarstarfi er einstakt. Sóknarnefndarstörf, þátttaka í undirbúningi funda, fræðslustunda, hjálp við tæknileg atriði, þátttaka í barnastarfi, öldrunarþjónusta, messuþjónusta, aðstoð í eldhúsi, við morgunmessur og kyrrðarstundir, sendiferðir, bein og óbein aðstoð alls konar, segir best til um það, hversu viðamikl og stórkostlegt þetta framlag er. Þetta eru ólaunuð störf, en þeim fylgir bæði fyrirhöfn, tímaframlag og oft mikil ábyrgð. Einkum á það við um sóknarnefndir, og þá ekki síst formennina. Ef þessa fólks nyti ekki við, væri dapurt safnaðarlíf og litlu áorkað. Guð blessi nærveru, hjálp og kærleika þessa góða fólks.

## Kirkjuþingsmál

Miklar umræður hafa orðið innan þjóðkirkjunnar og á Kirkjuþingi um skipulagsmál. Þar hafa tillögur um sameiningu prófastsdæma og sameiningu prestakalla verið áberandi. Sjá heimasíðu kirkjunnar, kirkjan.is, (nr. 5 og nr. 41 Kirkjuþing 2012). Ennfremur má benda á þingsályktunartillögu um frumvarp til þjóðkirkjulaga (mál nr. 11). Þessi mál hafa verið tekin fyrir á Héraðsfundum og á ýmsum öðrum vettvangi innan kirkjunnar. Meginviðhorf virðist vera á þá leið að bíða með frekari sameiningu prófastsdæmanna, en fjölga þeim frekar á ný, þar sem hið nýja skipulag

gengur ekki nógu vel upp, ekki síst vegna mikilla vegalengda innan einstakra prófastsdæma. Einnig er augljóst að hefðir og verklag innan stóru prófastsdæmanna hafa þróast vel og ekki ástæða til að breyta þeim að svo stöddu. Um samstarf milli einstakra safnaðar horfir hins vegar öðru vísi og hefur það í ýmsum atriðum komist á og gengið vel.

## RPV í tölum

Reykjavíkurrófastsdæmi vestur : 10 prestaköll, 10 sóknarprestar, 4 prestar, 1 safnaðarprestur

LSH: Sjúkrahúsprestar 7, djákni 1, Ísl. söfn. í Noregi 1, Ísl. söfn. í Svíþjóð 1 (hlutastarf), Ísl. söfn í Danmörku 0, Ísl. söfnuðurinn í London 0, Ísl. söfn. í Luxemborg 0. (Söfnuðunum í Kaupmannahöfn, London og Luxemborg þjónað frá Íslandi tilfallandi eða með þjónustu nærstaddra presta íslenskra.)

Sérþjónustuprestar: Fangaprestur 1, prestur heyrnarlausra 1, prestur fjölfatlaðra 1, prestar á Grund 1, prestur á DAS 1, skólaprestur 1, prestur innflytjenda 1, héraðsprestur 1

Djáknar á ýmsum stofnunum 9

Samtals 32 prestar og 10 djáknar.

Fjöldi íbúa í prófastsdæminu:

RPV í þjóðkirkjunni: 55303

Alls íbúar: 86622<sup>3</sup>

Íslendingar búsettir á Norðurlöndum 28000 (ónákvæm tala).

Ég lýk þessari skýrslu að sinni og óska starfsfólki þjóðkirkjunnar og söfnuðum öllum farsældar og blessunar.

3 Þjóðskrá 1. des. 2012

# Vesturlandsprófastsdæmi

Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, prófastur



Þorbjörn  
Hlynur Árnason

## Héraðsfundur

Héraðsfundur Vesturlandsprófastsdæmis var haldinn í Stykkishólmi sunnudaginn 5. Fundurinn hófst með messu, þar prédikaði séra Guðjón Skarphéðinsson á Staðastað. Séra Aðalsteinn Þorvaldsson í Grundarfirði þjónaði fyrir altari.

Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Þá voru pílagrímagöngur kynntar og fjallað um hugmyndafræði þar á bak við. Stór tími fundarins fór í umfjöllun um 41. mál kirkjuþings, sem áskilið var að fjallað yrði um. Kom fram gagnrýni á þær róttæku breytingar sem lagðar eru til varðandi fyrirkomulag á sameiningu prestakalla; voru prestar og leikmenn þar nokkuð einhuga, og töldu mjög rýra réttarstöðu presta. Síðan var borin upp svohljóðandi tillaga:

„Héraðsfundur Vesturlandsprófastsdæmis haldinn í Stykkishólmskirkju 5. maí 2013 samþykkir að leggja til við kirkjuþing 2013 að 41. máli Kirkjuþings 2012 verði vísað frá.“

Tillagan var samþykkt samhljóða. Ekki þarf að fjölyrða um afdrif málsins á prestastefnu í vor.

Önnur tillaga var svohljóðandi:

„Héraðsfundur Vesturlandsprófastsdæmis haldinn í Stykkishólmskirkju 5. maí 2013 ályktar að skora á kirkjuþing að sporna við frekari fækkun starfandi presta á landsbyggðinni, þar sem landsbyggðin er að þölmörkum komin varðandi prestsþjónustu.“ Þessi tillaga var einnig samþykkt samhljóða.

Þá kom til umræðu tillaga að sam-

einingu Garðaprestakalls á Akranesi og Saurbæjarprestakalls, er samþykkt var á kirkjuþingi síðasta haust og felur í sér að biskupi er falið að kynna tillögu að sameiningu prestakallanna. Ekki eru nein tímamörk á þeirri tillögu. Þetta mál hefur reyndar verið rætt hér í héraði og vilja menn nú fara varlega í þessu efni. Safnaðarfundur Akranes-sóknar hefur ályktað að heppilegasta lausnin á þjónustuvanda, eða byrði þar væri að ráða til starfa annan prest. Biskup hefur þegar gengið frá tíma-bundinni ráðningu prests á Akranesi í hálf tveim næsta vetur. Ef til vill er það ávísun á það sem verða skal. Að ósk kirkjustjórnarinnar verða haldnir safnaðarfundur í í viðkomandi prestaköllum til að fjalla um og gefa álit á framkominni tillögu og væntanlega í framhaldinu haldinn aukahéraðsfundur um málið.

Í héraðsnefnd sitja auk prófests sr. Gunnar Eiríkur Hauksson í Stykkishólmi og Indriði Valdimarsson á Akranesi. Varamenn eru sr. Elínborg Sturludóttir í Stafholti og Sigrún Baldursdóttir á Hellissandi. Kirkjuþingsmenn prófestsdæmisins eru séra Óskar Ingi Ingason í Ólafsvík og Birna Konráðsdóttir, Borgum.

## Framtíðarskipan

Unnið er að tillögum að framtíðarskipan mála í hinu nýja Vesturlandsprófastsdæmi. Á síðasta ári vann starfshópur ágæta skýrslu um þau efni. Margar þarflegar ábendingar komu fram í skýrslunni. Bent var á



Pilgrímar úr Borgarfirði við Þingvallakirkju á leið á Skálholtshátíð

auka mætti samstarf kirkjukóra og organista og hvatt til sameiginlegra kóramóta í prófастsdæminu. Fjallað var um samstarfssvæðin innan prófастsdæmisins. Þar hefur margt gerst, en upplaggið frá kirkjupingi er nokkuð hátimbrað, með tilliti til skipulags og samráðs og ljóst að mikill aukakostnaður vegna ferða leggst á presta sem leikmenn. Þá var bent á nauðsyn þess, að Vesturlandsprófастsdæmi nyti þjónustu héraðsprests, er gæti dregið úr því óhagræði er sameining prófастsdæmanna gömlu hefur í för með sér.

Sameining prófастsdæmanna hér á Vesturlandi var gerð í óþökk heimanna, líkt og margoft hefur komið fram. Rýr efnisleg rök lágu þar að baki. Prófастsdæmin tvö voru ágætlega sjálfbærar starfseiningar. En nú er þetta orðið og víst er að einhvern tíma tekur að þróa samstarf innan þessa stóra svæðis. Alveg er þó ljóst að vinnu á borð við samstarf um fermingarfræðslu og æskulýðsmálefni þarf að vinna svæðaskipt, líkt og áður var. Það er

engu að síður góður hugur og vilji meðal presta, sóknarnefndarfólks og starfsfólks safnaðanna að vinna saman að eflingu kirkjustarfsins á héraðsvísu.

Um hefðbundið kirkjustarf í prófастsdæminu er það að segja að þar er allt í hefðbundnum skorðum. Sóknirnar eru, líkt og víðast á landsbyggðinni ólíkar að stærð og burðum, en víða er þróttmikið æskulýðsstarf, auk hinnar hefðbundnu þjónustu. Líkt og öllum er kunnugt hefur kirkjan fengið sinn skerf af þeim efnahagserfiðleikum sem gengið hafa yfir þjóðina síðustu misseri og ár. Sóknargjöld, sem eru í raun félagsgjöld þjóðkirkjumanna hafa verið skert verulega. Það gildir einnig um sjóði kirkjunnar svo sem jöfnunar-sjóð og kirkjumálasjóð. Vitaskuld hafa þessar skerðingar haft sín áhrif á fjárhagslega stöðu sóknanna í héraði, en sóknarnefndir hafa sýnt ábyrgð og varfærni og ekki farið fram úr sér varðandi framkvæmdir eða aðrar skuldbindingar, þannig að hvergi eru veruleg vandræði vegna lækkaðra

sóknartekna, þótt vitaskuld þurfi að taka skrefin varlega.

Nú er hins vegar svo komið, að söfnuðir munu vart þola frekari skerðingar án þess að það bitni á starfi þeirra og þjónustu við sóknarfólk. Þá þarf að sinna viðhaldi á mannvirkjum, sem hefur verið látið bíða eftir því sem kostur er. Á síðasta ári varð ljóst að skerðingar þessar eru farnar að bíta verulega, svo að til vandræða horfir.

Störf nefndar þeirrar er innanríkisráðherra skipaði til að kanna áhrif skerðinga á starfsemi sóknanna hafa hins vegar leitt í ljós að skerðingarnar, eða eignaupptakan er langt umfram það sem gefið var til kynna; alþingi virðist hafa verið blekkt með villandi útreikningum frá fjármálaráðuneytinu, þar sem ekki var tekið tillit til verðlagsbreytinga milli ára. Því þarf verulega og skjóta hækkun á sóknargjöldum til að þau standi ámóta og tekjustofnar hliðstæðra stofnana. Miðað við undirtektir í ráðuneyti fjármála virðast litlar líkur á að umframskerðingin verði leiðrétt og hækkun fyrir næsta ár mun vart halda í við verðlagshækkunar. Þessi afstaða stjórnvalda til sókna landsins og þeirrar þjónustu sem þar er innt af hendi er stjórnvöldum til minnkunar. Kirkjan er ekki að heimta neitt umfram aðra, einvörðungu að stofnanir hennar sitji við sama borð og hliðstæðar stofnanir.

Nú er því brýnt að kirkjufólk, með biskup, kirkjuráð og kirkjuþing grípi til varna sem duga svo ekki fari illa í kirkjustarfi.

Nú hefur ný ríkisstjórn tekið við völdum. Vonandi munu orð og yfirlýsingar stjórnarflokkanna nýju, um mikilvægi kirkju og kristindóms, fá efndir í afturköllun skerðinga á sóknargjöldum og kirkjujarðasamkomulagi.

## Pílagrímagöngur

Fyrir tveimur árum ári hófst samstarf um pílagrímagöngur. Fyrst voru það prestarnir í Stafholts-, Reykhólts og Hvanneyrarprestaköllum hófu þetta starf. Á nýliðnum vetri var vettvangurinn stækkaður og Borgar- og Saurbæjarprestaköll bættust við. Upp var sett heimasíða, pílagrímarnir, þar sem göngurnar voru kynntar og sú hugsun er þar liggur að baki. Áhugasömum er bent á að kynna sér efni síðunnar. Þetta er afar dýrmætt samstarfsverkefni er hlotið hefur mjög góðar undirtektir, ekki aðeins meðal heimafólks, heldur hefur fólk komið um langan veg til að taka þátt. Héraðssjóður hefur stutt þetta framtak og styrkti einnig sr. Elínborgu Sturludóttur til þátttöku í ráðstefnu um þessi efni er haldin var í Danmörku á síðasta ári.

Að ganga í hópi frá einum helgistað til annars, fara götur og leiðir er farnar voru um aldir, er sérlega gefandi; gangan gefur andlega, trúarlega og líkamlega heilsubót, skapar ný kynni og eflir samkennd fólks og vináttu.

Um þessa mögnuðu reynslu má vísa til orða rabbians í skáldsögu Isaac Bashevis Singer, Setrið (ísl. þýðing sr. Hjartar Pálssonar) „Segir ekki heilbrigð skynsemi að aðgerðaleysi sé betra en framkvæmdahugur þegar enginn veit afleiðingarnar? Sannleikurinn er sá að stundum fara gerðirnar á undan hugsuninni. Nauðsyn pílagrímaferða er ekki unnt að útskýra því hún skilst ekki fyrr en að fenginni reynslu.“ Þetta eru orð að sönnu.

Í vetur og vor var farið í göngur milli helgistaða á Mýrum og í Borgarfirði. Síðan verður lagt í langa reisu úr Borgarfirði og endað í Skálholti, á Skálholts-hátíð í sumar, líkt og í fyrra. Það er vilji okkar kirkjufólks að halda göngunum

áfram og leggja undir fleiri svæði í prófastsdæminu.

## Breytingar á starfsliði

Séra Ragnheiður Karítas Pétursdóttir sagði lausu embætti sóknarprests í Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalli á síðasta ári og hélt til þjónustu í norsku kirkjunni.

Séra Ragnheiður tók við Ingjaldshólsprestakalli árið 2003 og síðar við þjónustu í sameinuðu prestakalli undir Jökli árið 2009. Þjónusta hennar var með miklum ágætum og hún vel látin meðal sóknarbarna og kollega hér á Vesturlandi. Henni fylgja kærar þakkir og blessunaróskir um farnað á nýjum vettvangi.

Um Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall voru átta umsækjendur. Um störf valnefndar giltu nýjar starfsreglur er kirkjuþing samþykkti síðastliðið haust. Meðal nýmæla þar er að með valnefndinni starfi löglærður ráðgjafi á vegum kirkjuráðs. Guðmundur Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs sinnti því starfi. Í starfsreglu er ákvæði um að 2/3 valnefndarmannanna þurfi að ná samstöðu svo hún teljist bindandi. Ekki náðist bindandi niðurstaða um einn umsækjenda og gekk því málið til biskups Íslands til úrlausnar, líkt og starfsreglur kveða á um. Niðurstaða biskups var að skipa séra Óskar Inga Ingason, sóknarprest í Dalaprestakallið í embættið. Séra Óskar var síðan settur inn í embætti við messu í Ólafsvíkurkirkju þann 10. júní. Séra Óskar hefur þjónað farsælega í Dölum um árabíl og er hann boðinn velkominn til þjónustu á nýjum vettvangi í prófastsdæminu.

Dalaprestakall var síðan auglýst

til umsóknar í maí á síðasta ári. Fjórir umsækjendur voru um embættið. Það varð niðurstaða valnefndar að mæla með því að cand. theol. Anna Eiríksdóttir fengi embættið. Séra Anna var vígð í Dómkirkjunni í september 2012 og sett inn í embætti tveimur vikum síðar. Séra Anna hefur fengið góðar viðtökur í prestakalli sínu, enda hefur þjónusta hennar byrjað með miklum ágætum.

Og enn verða breytingar. Séra Guðjón Skarphéðinsson lætur nú af störfum sóknarprests í Staðarstaðarprestakalli, fyrir aldurs sakir, eftir sautján ára þjónustu. Þar hefur hann þjónað alla sína prestsskapartíð. Séra Guðjón hefur verið afar farsæll prestur í embætti sínu. Sóknarfólk kveður hann og frú Klöru eiginkonu hans með mikilli eftirsjá, og þá einnig við samstarfsmenn hans. Guðs blessun fylgi þeim góðu hjónum.

Prestakallið verður auglýst í sumar. Gert er ráð fyrir því að nýr prestur taki við embætti þann 1. desember næstkomandi. Sú kvöð fylgir að allt að helmingur þjónustunnar verði á prófastsdæmisvísu og verður sá þáttur útfærður og skipulagður í samráði við nýjan prest, og með aðkomu biskups.

Samráðsfundur presta í prófastsdæminu hafa verið all nokkrir, bæði innan starfssvæðanna, og sömuleiðis á prófastsdæmisvísu. Þannig áttu prestar prýðisgóðan fund með nýjum biskupi Íslands frú Agnesi Sigurðardóttur á Hvanneyri í september síðastliðnum.

Enn er hin Evangelísk – Lútherska kirkja þjóðkirkja á Íslandi. Hópar sem kunna vel að láta í sér heyra og kunna að ná eyrum fólks hafa gagnrýnt það mjög. Ýmislegt hefur verið á borð borið og misgáfulegt. Meira að segja hefur mannréttindahugtakið verið gengisfellt með staðhæfinum um að þjóðkirkju-

fyrirkomulagið brjóti í bága við mannréttindi.

Í atkvæðagreiðslu um drög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá síðastliðið haust, var spurt um vilja fólks gagnvart þjóðkirkjuákvæði. Niðurstaðan var einkar afgerandi og ánægjuleg. Þvert

á spár margra reyndist taugin römm. Það er ljóst að þjóðin vill áfram samleið kirkju og þjóðar og þakkar þjónustu og framlag kirkju til íslenkrar þjóðmenningar. Þessar lyktir eiga að vera kirkjufólki öllu hvatning til góðra verka. Guð láti gott á vita.

## Vestfjarðaprófastsdæmi

Sr. Magnús Erlingsson, prófastur



Magnús Erlingsson

Messuhald og safnaðarstarf er í föstum skorðum í vestfirskum sóknum. Breytingar eru ekki miklar milli ára. Þó má merkja að barnastarf kirkjunnar sé víða í sókn. Það er aukinn áhugi fyrir barnastarfi hjá safnaðarfólki. Samstarfið við skólana er líka með ágætum. Er ánægjulegt að sjá að skerðing sóknargjalda á undanförunum árum hefur ekki bitnað svo mjög á starfinu. En vissulega eiga sumir söfnuðir í erfiðleikum með að láta enda ná saman og stundum eru engir aurar til að greiða organistanum.

### Innsetningar og gjörningar

Þrjár innsetningar voru á síðasta ári. Sr. Magnúsi Erlingssyni var falin prófastsþjónusta við messu í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 15. júlí 2012. Sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir var sett inn í embætti sóknarprests og héraðsprests við messu í Þingeyrarkirkju að kveldi sunnudagsins 26. ágúst 2012. Sr. Ásta Ingibjörg Pétursdóttir var sett inn í embætti sóknarprests við messu í Hólskirkju í Bolungarvík sunnudaginn 16. september 2012. Síðastliðna tólf mánuði hafa sjö prestar verið þjónandi í Vestfjarðaprófastsdæmi. Enn sem fyrr eru konur í meirihluta þjónandi presta

því af þessum sjömenningum eru fjórar konur. Og fimmta konan bætist í hópinn innan skamms því nýlega komst valnefnd Patreksfjarðarprestakalls að þeirri niðurstöðu að leggja til við biskup Íslands að cand. theol. María Guðrún Gunnlaugsdóttir verði skipuð prestur í Patreksfjarðarprestakalli.

Um það leyti er aðalbláberin voru búin að ná fullum þroska barst bréf að sunnan úr aðalstöðvum kirkjunnar. Í bréfinu stóð að nú hefðu menn á æðstu stöðum komist að þeirri niðurstöðu að réttast væri að leggja niður Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakall og sameina það Patreksfjarðarprestakalli. Mætti með þessu ráðslagi spara hálf tveggja embætti sóknarprests. Var prófasti falið að boða til aukahéraðsfundar til að svara þessu bréfi. Heitir það að veita umsögn. Var aukahéraðsfundur haldinn á Patreksfirði og líkt og áður mótmæltu Vestfirðingar niðurskurði. Heitir það andmælaréttur. Sameiningartillagan var svo samþykkt á kirkjuþingi. Þannig varð til nýtt og stækkað Patreksfjarðarprestakall frá og með 1. janúar 2013. Sr. Leifur Ragnar Jónsson er sem fyrr sóknarprestur á Patreksfirði og þjónaði hann einn öllu svæðinu í vetur. Með vorinu var svo ákveðið að auglýsa hálf tveggja embætti prests



Sr. Elína Hrund,  
Laufey Fríða,  
Soffía Sóley,  
Elín Lóa og  
Steinþór Logi

og mun nýr prestur koma til starfa frá og með 1. júlí 2013 en skammt er til þess dags þá þetta er ritað.

Samkvæmt starfsreglum kirkjunnar skal halda héraðsfund að vori. Prófastur Vestfirðinga vill auðvitað fara að starfsreglum líkt og aðrir verkamenn í vingarði Drottins og því boðaði hann til héraðsfundar á Tálknafirði sunnudaginn 28. apríl 2013. Fresta varð þeim fundi vegna óveðurs, sem gekk yfir Vestfirði og lokaði helstu akvegum. Var fundinum frestað um viku og ákveðið að reyna þá að funda á ný. En allt fór á sömu leið því þá helgina gekk einnig óveður yfir Vestfirði þannig að heiðar urðu ófærar vegna ofankomu og skafrennings. Sú hugsun er farin að leita á huga prófasts að nær lagi væri að halda héraðsfundi á haustin. Í fyrsta lagi eru allar heiðar opnar á haustin. Í öðru lagi þá virðast bréf frá æðstu stöðum um skipulagsbreytingar helst berast að hausti til og þarf þá hvort eð er að halda aukahéraðsfund til að veita hina lögboðnu umsögn. Með því að færa héraðsfundina yfir á haustin mætti þannig slá tvær flugur í einu höggi og spara heimaþólki bæði snúninga

og útgjöld. Hér með er vakin athygli hugsandi manna á þessu hagræði.

### **Tíminn stendur í stað**

Hér í eina tíð var það lenska að fermingarbörnin gengu til prestsins. Dvöldu þau gjarnan á heimili prestsins í nokkra daga og nutu þar fræðslu og góðgerða. Enn er þessi háttur hafður á hér vestra. Þannig var sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir sóknarprestur á Reykhólum með nokkrar innilegur (andheiti orðsins útilega) á prestssetrinu á Reykhólum í vetur. Fjögur fermingarbörn voru í Reykhólaprestakalli. Að sögn sr. Elínu búa fermingarbörnin dreift í þessu víðfeðma prestakalli og því hefur henni fundist gott að fá þau til sín á prestssetrið til helgardvalar nokkrum sinnum yfir veturinn í staðinn fyrir að vera að hitta þau í sitt hvoru lagi. Henni til aðstoðar í þessum innilegum var Elín Lóa Kristjánsdóttir trúarbragðafræðingur. Stundum eru gömlu góðu aðferðirnar lang bestar.

Raunar fær maður það iðulega á tilfinninguna að tíminn standi í stað hér á Vestfjörðum. Þegar prófasturinn var að

skrifa þennan fréttapísl þá blasti við honum eftirfarandi messuauklýsing:

*Messa að Stað í Aðalvík laugardaginn 6. júlí kl. 14:00. Að messu lokinni verður kirkjugestum boðið í kaffi á prestssetrinu. Um kvöldið verður svo dansað og sungið í gamla skólanum og hefst fjörið kl. 20:00.*

Já, enn er messað og gift að Stað í

Aðalvík enda þótt byggðin hafi farið í eyði fyrir meira en hálfri öld síðan. Enn eru haldin böll í gömlum samkomuhúsum á Sæbólí, í Ögri og víðar. Menn snæða rabbaragraut, syngja öls við pela og dansa við undirleik harmóníku. Já, himneskt er að lifa!

Með kveðju að vestan.

## Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Dalla Þórðardóttir, prófastur



Dalla Þórðardóttir

Á vordögum ársins 2012 voru messur í prófastsdæminu auglýstar á sameiginlegu spjaldi, svo sem oft undanfarin ár.

Messur sumarsins voru á sjöunda tug og voru sunnudagar vel nýttir. Messað var morgna, kvölds og miðjan dag og var þess von að flest kirkjufólk gæti fundið tíma við hæfi. Sé auglýsingablöðum flett aðra árstíma er sama uppi á teningnum; prestar eru feikiduglegir við að kalla til messu. Í þessum tölum eru athafnir, sunnudagaskólar og annað starf ótalið. Við getum verið ánægð með það að tilefni eru næg fyrir fólk að sækja kirkjuna.

Það hefur færst í vöxt undanfarin ár að börn séu fermd ein, í stað þess, eins og hér var fyrr, að allur hópurinn væri fermdur saman og þá oflega um hvítasunnu. Í mörgum söfnuðum er það liðin tíð. Prestarnir hafa sinnt beiðnum fólks um að ferma börnin á ákveðnum degi, sem hentar hverri fjölskyldu fyrir sig. Ég álit þetta til bóta, en þó verður að setja þann fyrirvara á að þetta fyrirkomulag kann að verða of dýrt þeim sóknarnefndum, sem, greiða þurfa organista fyrir hverja messu.

En með þessu móti er unnt að hafa þennan gleðidag þegar vel stendur

á fyrir barnið og fjölskylduna og er það ekki lítils virði. Annað er það að prestinum gefst þá færi á að messa oftast og að fá fleiri til að hlýða á orðið. Það hlýtur að vera keppikefli okkar að fá að prédika sem oftast og fyrir þeim sem koma með öpunum huga.

### Héraðsfundur 2013 á Hólum.

Héraðsfundur var haldinn á Hólum í Hjaltadal sunnudaginn 7. apríl. Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup, prédikaði og sat fundinn í fyrsta sinn.

Dagskrá fundarins var með breyttu móti og í stað fastra liða var í framsöguerindum sr. Magnúsar Magnússonar og Hinriks Más Jónssonar fjallað um hlutverk prests og sóknarnefndarmanns. Héraðsfundarfólki var síðan skipt í umræðuhópa. Þá var ítarlega rætt um 41. mál Kirkjupings.

Fundurinn var allvel sóttur, en athygli vekur að héraðsfund hins sameinaða prófastsdæmis sækja nú jafn margir samtals og fyrr sóttu héraðsfund Húnavatnsprófastsdæmis og Skagafjarðarprófastsdæmis, hvorn um sig.

Annars er það um héraðsfundi að



segja að dagskrá þeirra er orðin alltof löng og eigi að sinna öllum atriðum, næst ekki að ræða mál til hlítar.

## Guðfræðidagar

Vert að verkja athygli á og þakka fyrir hina árlegu guðfræðidaga, sem Prestafélag Hólastiptis hins forna stendur fyrir. Jafnan er þar fram borið vandað efni sem er prestum til fræðslu og uppörvunar.

## Hugleiðing

Ég kom um daginn í heimsókn til fólks sem nýlega var flutt í höfuðstaðinn. Útsýni var dýrlegt, sem von var, en var það líka hér fyrir norðan, góður mórall á nýjum vinnustað, en hafði einnig verið það hér, félagslífið kannski jafngott og á gamla staðnum. „Og svo er mamma hér í næstu götu og stórfjölskyldan í næstu hverfum.“ Það lá að.

Þetta er kjarni málsins. Við Íslendingar viljum vera nálægt fjölskyldunni, hjón með börn helst hjá báðum fjölskyldum, eða annarri. Fólkið sem ég heimsótti var ekki bundið af atvinnu í ákveðnu héraði, en það eru prestar sem oftast. Við þurfum ekki að fjölyrða um það að sveigjanleika og fjölbreytni skortir í starfi prestsins.

Getum við ætlast til þess að prestur setji sér við vígsluna annað gildismat en flest annað fólk, sem sagt, að vera fjarri fjölskyldu og vinum á mörgum vegamótum lífsins? Ég held að tímarnir bjóði ekki upp á það lengur.

Það eru ekki allir sem eru gerðir til þess að vera án stórfjölskyldunnar um jól og áramót eða þegar frændur og frænkur eru skírð, fermd og taka stúdentspróf. Og athugum hér eitt: Prestarnir sjálfir finna líklega ekki eins fyrir og maki og börn. Presturinn er að

starfa að sínu hugðarefni og er unun að því að vera við altarið allar hátíðir og gifta og skíra á öllum mögulegum og ómögulegum tímum, en þetta er ekki líf sem makinn tók með í reikninginn, þegar gengið var í hjónaband.

En þessi hugleiðing um sveigjanleika minnir einnig á þörfina fyrir að endurnýjast og fá tækifæri til að reyna eitthvað nýtt. Með árunum finnum við mörg óneitanlega fyrir því að það er þessi sífellda endurtekning, sem þreytir. Hve gott væri ekki að eiga vól á menntun og því að breyta út af vananum?

Nú eru aðstæður ólíkar og því hentar ekki öllum sama lausn. Ein fjölskylda þarf mánaðarleg leyfi, önnur lengri í senn og færri. Að sumu leyti er orðið erfiðara að leysa mál á heimavelli vegna sameininga prestakalla, sem orðið hafa undanfarin ár. Hver prestur úti um landið þjónar nú að öðru jöfnu fleiri sóknum en fyrir og á erfiðara með að bæta verkum við sig.

Hér eru tvær hugmyndir, sem ég varpa fram til umræðu:

Tökum Húnavatns- og Skagafjarðar-prófastsdæmi sem dæmi. Þar eru átta prestar, tvær nokkuð afmarkaðar deildir með fjórum prestum hvor.

Í hvorri deild fyrir sig gæti einn prestur verið í fríi allt sumarið fjórða hvert ár. Fríið gæti hafist að loknum fermingum, t.d. eftir 17. júní og staðið út ágústmánuð. Hver prestur gæti fengið tveggja mánaða námsleyfi fjórða hvert ár. Með skipulagi er unnt að gera þetta mögulegt.

## Sumarið

Dagur er að kvöldi kominn, fallett að horfa til himins og til kirkjunnar. Eftir stígunum liðast þéttur hópur fólks. Þétt

er setið á bekkjum. Gott að láta sálminn liðast upp í kirkjubakið, blandast þökkum fyrir daginn. Á eftir er boðið til kaffis úti í blíðunni. Enn ein dýrmæt stund sem við eigum í kirkjunni. Enn ein stund sem við eigum að þakka kór og organista, sóknarnefnd.

Það er stórkostlegt að finna áhuga allra þeirra sem gera starfið mögulegt. Það er fólkið sem starfar í sóknarnefndunum og hefur metnað fyrir sína kirkju, umhverfi og starfið. Þetta fólk vill endilega láta messa á sinni kirkju, kemur sjálft til að slá og klippa tré, mála, þrifa kirkju. Mér verður hugsað til þeirra sem gefa kirkjunni tíma og vinnu, gefa fé til

að kaupa hljóðfæri, sálmaþækur, skróða og hvaðeina. Án þessara áhugasömu velgjörðarmanna gengur starf okkar ekki. Þetta fólk á ómældar þakkir skilið.

Í síðasta Feyki var spurt: „Hvað ætlar þú að gera í sumarfríinu?“

Fyrsti viðmælandinn, stúlka með slaufu í hári, svarar: „Kannski fara í sund og kannski ætlar mamma að baka köku.“

Þetta er dásamlegt líf. Sumarfríð mitt er búið að sinni. Fyrsti starfsdagur hafinn. En ég get gert þessar væntingar að mínum. Svona er nú gott að vera sveitaprestur. Alltaf eitthvað til að hlakka til.

## ***Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi***

**Sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur**



Jón Ármann  
Gíslason

Víst er að síðastliðið ár var heldur betur viðburðaríkt í kirkjunni okkar, raunar tímamótaár í kirkjusögu okkar. Tvær konur voru þá vígðar til biskupsþjónustu, Frú Agnes M. Sigurðardóttir sem biskup Íslands og sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir var vígð til embættis vígslubiskups á Hólum þann 12. ágúst sl. Sú stund var mjög hátíðleg. Fylgja þeim báðum bestu óskir um blessun Guðs, að störf þeirra megi verða kristni og kirkju til eflingar. Og sr. Solveigu Láru og sr. Gylfa er þökkud samvinna og samstarf á grundvelli prófastsdæmisins, jafnframt sem við horfum með gleði til áframhaldandi samstarfs, þegar sr. Solveigu hefur verið falið aukið hirðishlutverk.

Möðruvallaprestakall og Hríseyjarprestaköll voru sameinuð við starfslok sr. Solveigar Láru á Möðruvöllum, samkvæmt ákvörðun Kirkjupings fyr-

ir nokkrum árum. Í samræmi við þá ákvörðun tók sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir við þjónustu í Möðruvallaklausturssókn. Ekki voru allir sáttir við þá tilhögun að leggja Möðruvallaprestakall niður. Kirkjuping ákvað því á fundi sínum nú á dögnum að draga þessa sameiningu til baka, og tekur sú ákvörðun gildi þann 1. apríl næst komandi. Væntanlega verður Möðruvallaprestakall auglýst laust til umsóknar áður en langt um liður.

Sr. Sunna Dóra Möller var vígð til prestsþjónustu í Akureyrarsókn í september 2012, með áherslu á starf með börnum og ungmennum. Við þekkjum sr. Sunnu Dóru af góðu einu í hennar störfum og bjóðum hana formlega velkomna í hóp vígðra þjóna. sr. Solveig Lára vígði sr. Sunnu Dóru í Hóladómkirkju og var það hennar fyrsta prestsvígsla. Þá var Aðalheiður

Jóhannsdóttir djákni ráðin í hlutastarf hjá prófastsdæminu við heimsóknarþjónustuna, sem hún sinnir nú ásamt Ástu Garðarsdóttur. sr. Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur hefur verið í eins konar námsleyfi í vetur, það er að mestu laus við starfsskyldur. Hann þjónaði í Glerárkirkju í haust um eins mánaðar skeið er sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir var í námsleyfi. Þá hefur hann komið að skipulagningu fræðslukvöldanna hér í Glerárkirkju sem er samvinnuverkefni safnaðarins og prófastsdæmisins. Það er jafnan mikið lagt í þennan lið starfsins. Á næstu dögum mun Pétur Björgvin Þorsteinson hverfa frá starfi sínu hér í Glerárkirkju og halda til Þýskalands þar sem hann mun starfa sem æskulýðsfulltrúi í stóru prófastsdæmi. Við þökkum honum af alhug störfin góðu, ekki bara fyrir Lögmanshlíðarsókn, heldur ekki síður fyrir allt það góða sem hann hefur lagt af mörkum fyrir prófastsdæmið, sérstaklega á sviði æskulýðsmála. En þó er gott að vita að hver vegur að heiman, er vegurinn heim, eins og skáldið sagði! Þá var sr. Hildur Sigurðardóttir á Skinnastað ráðin í 20% prestsstarf á haustdögum í Þórshafnarprestakalli, með áherslu á barna- og æskulýðsstarf í samvinnu skóla og kirkju.

Starfið í prófastsdæminu er víðast hvar blómlegt. Stærstu söfnuðirnir eins og hér á Akureyri bjóða upp á mikið og glæsilegt safnaðarstarf fyrir alla aldurshópa. Það sjáum við líka í hinum smærri sóknum þó með öðrum hætti sé. Stundum heyrast þær raddir að kirkjan bjóði ekki upp á neitt í helgihaldinu nema sömu gömlu messuna. Raunar stendur klassíska messan vel fyrir sínu sem umgjörð helgihaldsins, ef málið er skoðað af raunsæi. En ef litið er yfir skýrslur sókna er ljóst að fjölbreytnin er

mikil: Í boði hafa verið æðruleysismessur, léttmessur, gospelspónustur, Dylan guðsþjónusta, Elvis gospel messa, Taizemessur, helgistundir fyrir ferðamenn og fjölskyldur, guðsþjónustur úti í náttúrunni, sólstöðumessa, páskanæturvökur, o.fl. Það fer þó ekki hjá því að fjárhagsstaða margra safnaða setur starfsmöguleikum þröngar skorður, vægast sagt. Menn hafa reynt að taka stöðunni með jákvæðum hætti og spara eins og hægt er, og farið varlega í framkvæmdir, en það er einfaldlega ekki hægt mikið lengur. Sóknargjöldin nú eru að krónutölu svipuð og á árinu 2006. Neysluvísitala hefur á þessum tíma hins vegar hækkað um það bil 61.5 %, sem þýðir að hver króna nú er talsvert meira en helmingi verðminni en á árinu 2006. Allir hljóta að sjá að þetta gengur ekki öllu lengur. Margir söfnuðir hafa ekki fé til þess að sinna nauðsynlegasta viðhaldi, hvað þá endurbótum og nýframkvæmdum. Vissulega kemur nokkur hækkun sóknargjalda til framkvæmda á þessu ári en betur má ef duga skal. Á Kirkjuþingi hefur raunar þeirri hugmynd verið hreyft að hvetja söfnuði til þess að kanna möguleika á öflun sjálfsaflfjár. Í þessu sambandi má benda á að Ólafsfjarðarkirkja var máluð að utan síðastliðið sumar í sjálfboðavinnu, þar sem sóknin leitaði til bæjarbúa og annarra velunnara kirkjunnar.

Einarsstaðakirkja fagnaði 150 ára vígsluafmæli sínu á árinu og var haldin hátíðarmessa þar þann 3. júní. Mjög ánægjuleg samvera og fjölsótt. Siglu-fjarðarkirkja fagnaði 80 ára vígsluafmæli sínu með hátíðarmessu og kaffisamsæti í byrjun september. Var þar líka mjög eftirminnileg samvera og góð. Á árinu voru líka 90 ár liðin frá vígslu Kaupangskirkju.

Kirkjuping hefur farið þess á leit að sérstök kynning verði á héraðsfundum 41. máli síðasta þings sem ber yfirskriftina „Tillaga til þingsályktunar um sameiningu prestakalla.“ Hún gengur út á, að við sameiningu prestakalla skuli þau lögð niður, nýtt prestakall stofnað og auglýst laust til umsóknar. Komið hefur fyrir að nokkurrar óánægju hafi gætt með það fyrirkomulag sem verið hefur við lýði að jafnaði við sameiningu tveggja prestakalla, það er að við starfslök annars prestsins taki hinn sóknarpresturinn þá við sameinuðu prestakalli án þess að allar sóknir nýja prestakallsins hafi fengið að velja sér prest. Þessari tillögu er ætlað að svara því kalli sóknarnefndarmanna að sérhver sókn komi að þeirri ákvörðun að velja prest, þegar embætti eru sameinuð. Á hinn bóginn er næsta víst að skoðanir presta kunna að vera mjög skiptar vægast sagt, þegar kemur að þessu máli enda getur það haft mikil áhrif á atvinnuöryggi og starfsumhverfi. Skynsamlegt virðist að rasa ekki um ráð fram, heldur að skoða málið vel frá öllum hliðum, þar með talið hinni lagalegu áður en að Kirkjuping tekur endanlega ákvörðun. Kirkjuping er farið að koma saman tvisvar á ári og er þar án efa um breytingu til góðs að ræða.

Skv. samþykkt héraðsfundar 2012 var ákveðið að gera átak í æskulýðsmálum og niðurstaðan var sú, að þær sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir og sr. Sunna Dóra

